**SÉRA SIGRÍÐUR OG FJÖLSKYLDA**

*Púsla, syngja og skrifa árbók*

Bílar Heimili Jólin koma

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS




**BJÖRG ÞÓRHALLSDÓTTIR**

*Jólin haldin heima á Íslandi*

Sérblað um jólahald

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU**










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. desember 2006 — 341. tölublað — 6. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 550 5000


## MIÐVIKUDAGUR



### Á ekkert skylt við þvinganir

Geir Guðmundsson segir Kompás hafa brugðið upp dökkri mynd af BDSM. **FÓLK 54**

### Ráðherra gerist þulur



Guðni Ágústsson tók ekki krónu fyrir að tala inn á heimildarmynd Frummanna. **FÓLK 54**

### Glansfægður ferill

Páll Baldvin Baldvinsson skrifar gagnrýni um ævisögu franska vísindamannsins Jean-Baptiste Charcot. **MENNING 36**

### Þór/KA áfram í efstu deild



Áfrýjunardómstóll ÍSÍ úrskurðaði að Berglindi Magnúsdóttur hefði verið ólöglega teflt fram í leik Þór/KA og ÍR og var því fyrrnefnda liðinu dæmdur sigur. **ÍÞRÓTTIR 46**

## VEÐRIÐ Í DAG




**VAXANDI VINDUR** Í dag verður vaxandi vindur af suðri og suðvestri á landinu. Víða hvassviðri eða stormur í kvöld. Rigning en úrkomulítið norðaustan og austan til. Hiti 8-13 stig.

### > Markaðurinn

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

**FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG**






**MANNSKAÐI Í HVALSNESFJÖRU** Skipverjar á flutningaskipinu Wilson Muuga voru fluttir í land með þyrlu Landhelgisgæslunnar eftir að skip þeirra strandaði í Hvalsnesfjöru í fyrrinótt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Skipverji á dönsku varðskipi drukknaði

**Mannskaði varð nálægt Sandgerði í gærmorgun þegar léttabáti danska varðskipsins Triton hvolfdi í björgunaraðgerð á strandstað erlends flutningaskips.**

**SJÓSLYS** Skipverji af danska varðskipinu Triton fórst í Hvalsnesfjöru nálægt Sandgerði snemma í gærmorgun.

Maðurinn var á léttabáti sem hvolfdi er hann var gerður út frá Triton til aðstoðar eftir að erlent flutningaskip strandaði í fjörunni. Þyrla Landhelgisgæslunnar bjargaði skipverjum flutningaskipsins síðar um daginn.

Flutningaskipið, sem heitir Wilson Muuga og er í eigu kýpversks útgerðarfélags Nesskipa, strandaði klukkan hálfimm í fyrrinótt. Skipið var að koma frá Grundartanga og voru lestir þess tómar.

Danska varðskipið Triton og björgunarskip frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg voru fyrst á vettvang. Skipherrann á Triton sendi átta af skipverjum sínum af stað til aðstoðar á gúmmíbáti en svo hörmulega tókst til að bátnum hvolfdi og Danirnir fóru í sjóinn. Eins og áður segir fórst einn þeirra en hinum var bjargað.

Síðdegis í gær tókst svo að bjarga skipverjum flutningaskipsins í land. Áhöfn TF-Sifjar, þyrlu Landhelgisgæslunnar, ferjaði þá í örugga höfn í þremur ferðum.

Flutningaskipið var enn á strandstað í gærkvöld. Óttast var að olía kynni að leka úr skipinu og ógna lífríkinu.

Starfsmenn Íslenskra aðalverktaka hófust handa í gær við að leggja veg út að Hvalsnesfjöru. Flytja átti þangað búnað til að tæma olíu úr skipinu.

**- mh** / **sjá síður 16 og 18**

Flugumferðarstjórar:

# Kynntu nýjar kröfur

**SAMGÖNGUR** Forsvarsmenn Flugstoða ohf. segja flugumferðarstjóra hafa kynnt til sögunnar nýjar launakröfur „á síðustu metrum“ samningaviðræðna og að deilan hafi strandað á henni.

Loftur Guðmundsson, formaður Félags íslenskra flugumferðarstjóra, staðfestir þetta og segir eðlilegt að í kjaraviðræðum komi fram nýjar kröfur. Eðlilegt sé að sækjast eftir nýjum samningum við nýjan atvinnurekanda, en eftir áramót verður flugumferðarstjórn sett í hendur nýs opinbers hlutafélags. Loftur segir flugumferðarstjóra samt sem áður einungis fara fram á breytta framkvæmd gildandi kjarasamninga. „Við förum ekki fram á breytingu á kjarasamningi, heldur breytingu á framkvæmd hans.“

Talsmenn Flugstoða segjast hins vegar alls ekki vera í kjarasamningum. Slíkir samningar séu ekki lausir og því standi ekki til að ganga að þessum kröfum. Ólafur Sveinsson, stjórnarformaður Flugstoða, telur flugumferðarstjóra fara fram á 33 til 35 prósenta launahækkun. „Það er bara ekki hægt að ganga að öllu sem þeir setja upp og verður ekki gert. Búið er að ganga frá lífeyrissjóðsréttindunum og svo kemur þetta upp fyrir örfáum dögum, einhver 33 til 35 prósenta launahækkun, en við höfum setið við samningaborðið síðan í september.“

Loftur segir umrædda hækkun „langt frá þeirri prósentu sem þeir eru að tala um,“ en vill ekki gefa upp hver raunveruleg prósentan sé. Að hans mati hefur deilan um lífeyrismál heldur ekki verið leyst.

**- kóþ** / **sjá síðu 6**







## SPURNING DAGSINS



*Hilmar, var skálað í Skálholti?*

„Já, það má segja að það hafi verið drukkin friðarskál."

Hilmar Örn Agnarsson hefur verið endurráðinn sem organisti í Skálholti. Talsverðar deilur höfðu risið vegna uppsagnar hans í september og höfðu íslenskir organistar og biskup Íslands meðal annars beitt sér fyrir lausn málsins.

Framboðslistar framsóknarmanna í Reykjavíkurkjördæmum valdir í gær:

# Jón og Jónína leiða í Reykjavík

**STJÓRNMÁL** Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins og iðnaðar- og viðskiptaráðherra, leiðir lista flokksins í Reykjavíkurkjördæmi norður í alþingiskosningum næsta vor.

Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra verður í efsta sæti lista Framsóknarflokksins í Reykjavíkurkjördæmi suður.

Næst á listunum tveimur eru tveir alþingismenn sem tóku sæti á þingi á yfirstandandi kjörtímabili eftir að tveir ráðherrar flokksins létu af þingmennsku. Sæunn Stefánsdóttir verður í 2. sæti listans í suðurkjördæminu og Guðjón Ólafur Jónsson verður næstur á eftir Jóni, formanni flokksins, í norðurkjördæminu.

Í síðustu kosningum til Alþingis, vorið 2003, fengu framsóknarmenn samtals þrjá þingmenn í Reykjavíkurkjördæmunum. Ásamt Jónínu Bjartmarz, sem náði kjöri sem leiðtogi lista flokksins í suðurkjördæminu, hlutu þingsæti þeir Halldór Ásgrímsson, þáverandi formaður flokksins, og Árni Magnússon. Halldór skipar heiðurssæti listans í norðurkjördæmi.

Listar framsóknarmanna í Reykjavík voru valdir á aukakjördæmisþingum í gær. - gar




**EFSTU MENN FRAMSÓKNAR** Sæunn Stefánsdóttir, Jónína Bjartmarz, Jón Sigurðsson og Guðjón Ólafur Jónsson skipa framvarðarsveit Framsóknarflokksins í Reykjavík í alþingiskosningum næsta vor. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Sextugur karlmaður:

# Dæmdur fyrir barnaklám

**DÓMSTÓLAR Tæplega sextugur karlmaður var í gær dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir vörslu barnakláms. Maðurinn var dæmdur í þriggja mánaða fangelsi, en refsingin skilorðsbundin til þriggja ára.**

**Maðurinn hafði í tölvu sinni 259 ljósmyndir, sem sýna börn á ýmsum aldri á kynferðislegan og klámfenginn hátt og eru margar myndanna mjög grófar. Telst brot hans því stórfellt. Þegar til þess er litið að ákærði hefur ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í þrjá mánuði.** - jss

# Lést í bílslysi

Maðurinn sem lést í bílslysi á Álftanesvegi aðfaranótt laugardagsins 16. desember hét Guðmundur Eiður Guðmundsson. Hann var til heimilis að Skólatúni 4 á Álftanesi. Guðmundur Eiður var fæddur 20. ágúst 1982. Hann var ókvæntur og barnlaus.



GUÐMUNDUR EIÐUR GUÐMUNDSSON

Jólaverslun í fullum gangi:

# Íslandsmet á Þorláksmessu

**VIÐSKIPTI** Ef að líkum lætur verður Þorláksmessan komandi langstærsti dagur íslenskrar smásölu frá upphafi. Að hana skuli bera upp á laugardag spilar þar stórt hlutverk. Pálmi Kristinsson, framkvæmdastjóri Smáralindar, segir að gera megi ráð fyrir að á Þorláksmessu muni neytendur eyða allt frá þremur til fjórum milljörðum króna á landsvísu. Til samanburðar mun sala síðastliðinn laugardag á landinu öllu hafa numið um 1,5 til 2 milljörðum króna.

Þótt ýmislegt bendi til þess að tekið sé að draga saman í einkaneyslu landsmanna virðist það ekki ná til jólagjafainnkaupa. Segir Pálmi allmargar verslanir í Smáralind nú þegar hafa aukið sölu sína um 40 til 60 prósent miðað við desember í fyrra. - hhs / sjá Markaðinn

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Þrjú innbrot tilkynnt**

Tilkynnt var um þrjú innbrot til lögreglunnar í Reykjavík í gærmorgun. Brotist hafði verið inn í tvo bíla og inn á flugeldasölu. Litlu sem engu var þó stolið.

# Löggjafinn braut gegn stjórnarskrá

**Guðjón St. Marteinsson héraðsdómari átti, samkvæmt ákvörðun kjaradóms, að fá greidd laun samkvæmt dómi Héraðsdóms Reykjavíkur. Dómurinn telur löggjafann hafa brotið gegn sjálfstæði dómstóla og þar með stjórnarskránni.**

**DÓMSMÁL** Guðjón St. Marteinsson héraðsdómari átti rétt á að fá greidd laun samkvæmt ákvörðun kjaradóms frá 19. desember á síðasta ári, samkvæmt dómi Héraðsdóms Reykjavíkur. Niðurstaða dómsins er sú að löggjafinn hafi brotið gegn sjálfstæði dómstóla, og þar með tilgreindum ákvæðum stjórnarskrárinnar, með lagasetningu 20. janúar á þessu ári, sem felldi úr gildi ákvörðun Kjaradóms um launahækkun til þjóðkjörinna fulltrúa, svo og dómara og héraðsdómara. Niðurstaða Héraðsdóms nær einungis til dómara vegna sérstakrar stöðu þeirra samkvæmt stjórnarskránni.

Umrædd ákvörðun kjaradóms 19. desember 2005 vakti mikil viðbrögð. Halldór Ásgrímsson, þáverandi forsætisráðherra, ritaði Kjaradómi bréf þar sem bent var á að ákvarðaðar launahækkanir stofnuðu nýgerðu samkomulagi um kjaramál í hættu. Kjaradómur svaraði að ákvörðunin skyldi standa. Hún var þá felld úr gildi með sérstakri lagasetningu.

Í niðurstöðu Héraðsdóms segir að ákvarðanir löggjafans hafi þurft að taka mið af því að með úrskurðinum hafði Kjaradómur ákveðið hækkun launa til handa sjálfstæðum handhöfum ríkisvalds, hæstaréttardómurum og héraðsdómurum, sem tók gildi 1. janúar 2006. Með því að fella úr gildi löglega og bindandi ákvörðun þar til bærs úrskurðaraðila um launahækkanir til dómara verði að telja að löggjafinn hafi gripið með sérgreindum hætti inn í lögbundið ferli til ákvörðunar um launakjör dómara.

„Verði á það fallist að löggjafinn hafi almenna heimild til sérgreindrar íhlutunar í löglega ákvörðun þar til bærs aðila um launakjör dómara verður vart talið að staða dómara sé nægilega trygg þannig að þeir teljist hlutlægt séð „óháðir" löggjafarvaldinu í merkingu 2. og 70. gr. stjórnarskrárinnar," segir í dómnum. „Í athugasemdum greinargerðar með frumvarpi er varð að stjórnarskipunarlögum er rakið að áskilnaður 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar um óháða dómstóla feli í sér að dómstólar eigi að vera sjálfstæðir og „ekki háðir öðrum þáttum ríkisvaldsins". Er skírskotað til þess að „kjör sem dómendum eru tryggð" séu einn af efnisþáttum í mati á hvort dómstólarnir teljist sjálfstæðir þannig að fullnægt sé kröfum stjórnarskrárinnar," segir enn fremur.

Guðjóni St. Marteinssyni voru því dæmdar 35.144 krónur auk dráttarvaxta en það var sú launahækkun, sem hann átti rétt á 1. febrúar samkvæmt úrskurði Kjaradóms.

Dómurinn var skipaður þremur setudómurum, þeim Þórði S. Gunnarssyni, Ragnhildi Helgadóttur og Róbert R. Spanó.

jss@frettabladid.is




**MEÐFERÐ LAUNAMÁLA DÓMARA** Niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur náði einungis til dómara vegna sérstakrar stöðu þeirra samkvæmt stjórnarskránni. Hún er sú að löggjafinn hafi brotið gegn sjálfstæði dómstóla, og þar með tilgreindum ákvæðum stjórnarskrárinnar.



**SADDAM Í RÉTTARSAL** Fylgist með sýningu myndbands. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Réttarhöldin yfir Saddam:

# Gaseitrun sýnd á myndbandi

**BAGDAD, AP** Saddam Hussein og aðrir í réttarsal í Bagdad, þar sem réttarhöld standa yfir vegna ákæra um þjóðarmorð, sáu í gær myndband sem tekið var þegar eiturgasi var dreift í þorpum í kúrdahéröðum Íraks á árunum 1987 og 1988.

Á myndbandinu sjást dáin börn liggjandi á akri og fólk í þorpunum sést flýja undan hvítum eiturskýjum.

„Þessi börn eru skemmdarverkamennirnir sem sakborningarnir tala um," sagði Munqith al-Faroon saksóknari og vísaði þar til raka verjenda í málinu um að Íraksstjórn hefði á þessum árum átt í baráttu við uppreisnarsveitir Kúrda. - gb

## VESTURBYGGÐ

**Óánægja með nýjan Baldur**

Bæjarráð Vesturbyggðar segir í ályktun til samgönguráðherra að ferja sem nýlega hafi verið keypt sem flóabáturinn Baldur henti alls ekki til vetrarsiglinga á Breiðafirði og hafnaraðstaðan henti nýja skipinu ekki. „Hvorki bæjarstjórn Vesturbyggðar né sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps var sýnd sú kurteisi að bera undir þær þessi ferjukaup. Það ætti að vera megintilgangur ferjunnar að vera til þjónustu fyrir íbúa sunnanverðra Vestfjarða, eða hvað?"

BÍLL DAGSINS
RENAULT MEGANE CLASSIC
Nýskr. 06.02 - Sjálfskiptur - Ekinn 76 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

Viðbrögð við dómi héraðsdóms um meðferð launamála dómara:

# ÞARF EKKI AÐ KOMA Á ÓVART

**DÓMSMÁL** „Þetta þarf ekki að koma á óvart. Það voru vissulega efasemdir uppi um að stætt væri á því að hrófla við ákvörðun Kjaradóms, að minnsta kosti hvað varðaði dómara, vegna þessa ákvæðis um algjört sjálfstæði þeirra," segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna. „Alþingi er þarna heilmikill vandi á höndum, því eftir sem áður setur Alþingi lög um dómstóla og þar á meðal einnig um hvernig kjaramálum dómara skuli háttað. Þessi kaleikur er því hjá löggjafanum með einum eða öðrum hætti. En það má vissulega færa fyrir því rök að þegar löggjafinn er einu sinni búinn að setja inn einhver ákvæði fyrir því hvernig fara skuli með kjaramál dómara þá sé undir öllum kringumstæðum óheimilt að hrófla við því."

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, segir þingmenn hennar hafa varað við þeirri aðferð á þingi að ógilda ákvörðun Kjaradóms með lagasetningu eftir að hann hafi tekið gildi. Betra hefði verið að setja ný lög um kjaradóm og fela honum að úrskurða að nýju í málinu.

Guðjón A. Kristinsson, formaður Frjálslynda flokksins, kvaðst ekki hafa lesið dóminn og því ekki geta tjáð sig um hann að sinni. - jss



# STJÓRNVÖLD FJALLA UM ÁFRÝJUN



JÓN SIGURÐSSON

**DÓMSMÁL** „Í sjálfu sér kemur niðurstaðan ekki mjög á óvart miðað við þær forsendur sem gefnar eru," segir Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokks, um nýgenginn dóm Héraðsdóms.

„Nú þurfa stjórnvöld að fjalla um hvort dómnum verður áfrýjað og því er ekki ástæða til að segja meira um málið á þessu stigi."

Fréttablaðinu tókst ekki að ná í Geir H. Haarde forsætisráðherra til að inna hann eftir viðbrögðum við dómi Héraðsdóms, þar sem hann svaraði ekki ítrekuðum skilaboðum blaðsins í gær. - jss


Síminn
Símajól 2006
ENNEMM / SIA / NM24750
Jólagjöfin í ár eru myndir af fyrstu jólunum ykkar saman sem þú getur sent beint úr farsímanum í Safnið
SAMSUNG X820
29.900 kr.
Verð aðeins
2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði.
Léttkaupsútborgun 5.900 kr.
Þynnsti sími í heimi með 2 MP myndavél og Bluetooth.
SONY ERICSSON J230i
9.900 kr.
Verð aðeins
600 kr. á mánuði í 12 mánuði.
Léttkaupsútborgun 2.700 kr.
Einfaldur í notkun með íslensku valmyndakerfi og er með FM stereó útvarpi.
2.000 kr.
auka jólaafsláttur fyrir þá sem eru í Betri leið eða versla á siminn.is
Þú finnur jólagjöfina í ár í næstu verslun Símans eða á vefversluninni á siminn.is

## GENGIÐ 19.12.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 68,73 | 69,05 |
| Sterlingspund | 134,90 | 135,56 |
| Evra | 90,45 | 90,95 |
| Dönsk króna | 12,133 | 12,203 |
| Norsk króna | 11,091 | 11,157 |
| Sænsk króna | 9,988 | 10,046 |
| Japanskt jen | 0,5821 | 0,5855 |
| SDR | 103,37 | 103,99 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
124,0078

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Staða Náttúrufræðistofnunar var rædd í ríkisstjórn í gærmorgun:

# Náttúrusafn ekki úti á land

**SAFNAMÁL** Lausn á húsnæðisvanda Náttúrufræðistofnunar liggur ekki fyrir en ólíklegt er að náttúrusafn verði reist úti á landi, að sögn Jónínu Bjartmarz umhverfisráðherra, sem fór yfir stöðu stofnunarinnar á ríkisstjórnarfundi í gærmorgun.

„Það var fyrst og fremst verið að fjalla um á hvern hátt aðbúnaði í þessum geymslum væri ábótavant og hverjar þarfirnar væru og út frá hvaða forsendum,“ sagði Jónína, sem vildi ekkert tjá sig nánar um staðsetningu náttúrusafns að öðru leyti en að óæskilegt væri að safnið og Náttúrufræðistofnun væru aðskilin.



JÓNÍNA BJARTMARZ



JÓN GUNNAR OTTÓSSON

Árið 1991 komust ríkið, Reykjavíkurborg og Háskóli Íslands að samkomulagi um að reisa náttúrusafn í Vatnsmýrinni en ekkert varð af þeim framkvæmdum, eins og Fréttablaðið greindi frá í gær. Spurð um ástæður þess sagðist Jónína ekki þekkja þá sögu. „En það er mjög langur tími sem þetta hefur verið í bráðabirgðahúsnæði og brýnt að við bætum úr aðstöðu þessara safna vegna þess að þarna eru munir sem liggja undir skemmdum.“

Jón Gunnar Ottósson, forstöðumaður Náttúrufræðistofnunar, sagði að gripið hefði verið til ráðstafana til að koma í veg fyrir fleiri slys. „Við erum að setja upp rakaskynjara á Hlemmi vegna þess að við erum hrædd um að lenda í þriðja vatnsslysinu. Við vonumst til að það komi varanleg og farsæl lausn úr þessari vinnu sem er núna í gangi.“ - sdg

Braust inn í raftækjaverslun:

# Níu mánuðir fyrir þjófnað

**DÓMSMÁL Karlmaður á fertugsaldri hefur í Héraðsdómi Reykjavíkur verið dæmdur í níu mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað. Maðurinn braust inn í verslunina Rafmætti í Fjarðargötu í Hafnarfirði í júní í sumar og stal flatskjá, símum og gjaldeyri.**

**Við ákvörðun refsingarinnar var litið til þess að maðurinn rauf skilorð auk þess sem hann hefur áður gerst sekur um auðgunarbrot.**

**Manninum var auk þess gert að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns að upphæð tæplega 100 þúsund krónur. - ifv**

Varnarmálaráðherra BNA:

# Gates varar við ósigri í Írak

**BANDARÍKIN, AP Robert Gates, sem tók við á mánudag sem nýr varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, varaði í fyrstu ræðu sinni við að ef Bandaríkjaher mistækist ætlunarverk sitt í Írak myndi það ásækja bandarísku þjóðina áratugum saman.**



ROBERT GATES

**„Eins og forsetinn hefur sagt höfum við einfaldlega ekki efni á mistökum í Mið-Austurlöndum. Ef okkur mistekst í Írak nú verður það ógæfa sem mun ásækja þjóð okkar, skaða trúverðugleika okkar og stefna Bandaríkjamönnum í hættu áratugum saman,“ sagði Gates, sem ætlar sér að fara til Íraks við fyrsta tækifæri til að ræða við bandaríska hermenn og meta stöðuna.** - smk

## TYRKLAND

### Rithöfundur sýknaður

Dómstóll í Istanbúl sýknaði í gær rithöfundinn Ipek Calislar af ákæru um að hafa gerst sekur um móðgun við minningu Kemals Atatürk, stofnanda tyrkneska lýðveldsisins. Refsivert er í Tyrklandi að móðga Atatürk, tyrkneska ríkið eða tyrkneskt þjóðerni.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Ók á konu og tilkynnti það

Karlmaður hafði samband við lögreglu í gær og tilkynnti að hann hefði ekið á konu í Skeifunni. Konan hafði neitað allri aðstoð en þó leyft manninum að keyra sig heim.

## LEIÐRÉTTING

Ranglega var hermt í fyrirsögn blaðsins í gær að Samtök verslunar og þjónustu hefðu óskað eftir skýringum frá samgönguráðherra um tilhögun öryggisgæslu á Keflavíkurflugvelli. Hið rétta er að óskað var skýringa hjá utanríkisráðherra eins og fram kom í sjálfri fréttinni.

# 830 milljóna kaup á þjónustu án útboða

**Á fyrstu tíu mánuðum ársins keypti Reykjavíkurborg þjónustu fyrir 830 milljónir án þess að leita tilboða. Borgarstjóri gagnrýnir háttalagið og segir hægt að spara háar fjárhæðir með útboðum. Dagur B. Eggertsson segir ástæðu til að fara yfir málin.**

**BORGARMÁL** Reykjavíkurborg keypti sérfræðiþjónustu af ýmsu tagi fyrir rúmar 830 milljónir króna á fyrstu tíu mánuðum ársins án þess að tilboða í viðkomandi verk væri leitað. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri segir óhætt að reikna með að fjárhæðin muni nema um milljarði króna þegar árið allt verði liðið. Hann telur að útboð og verðfyrirspurnir geti sparað borginni um tíu prósent kostnaðar, sem í þessu tilviki væru um 100 milljónir króna. Reglur borgarinnar kveða á um að spyrjast skuli fyrir um verð ef kostnaður þjónustuverks fari yfir sjö milljónir og efna skuli til útboðs ef fjárhæðin sé yfir fjórtán milljónum. Verðfyrirspurn er óformlegri leið en útboð en um hana gilda formlegar reglur.

„Meginreglan er sú að það á að bjóða allt út sem hægt er að bjóða út,“ segir Vilhjálmur og telur einsýnt að borgin geti sparað peninga með því að virða þá reglu. „Það vekur óneitanlega athygli að ekkert af þessu hefur farið í gegnum Innkaupaskrifstofu borgarinnar og það er ljóst í mínum huga að með útboði á stórum hluta þessara verkefna hefði mátt ná fram minni kostnaði og hagræðingu.“

Þorri umræddra verkefna snýr að þjónustu við Eignasjóð borgarinnar og verkkaupar eru fyrst og fremst verkfræðistofur og aðrir ráðgjafar á sviði framkvæmda. 25 fyrirtæki hafa veitt borginni þjónustu fyrir meira en sjö milljónir króna á þessum tíu mánuðum og fyrirtækið sem mest hefur fengið hefur gert samninga fyrir tæpar 70 milljónir króna. Ekki fást upplýsingar um hversu mörg verk búi



**VILHJÁLMUR OG DAGUR** Telja báðir að hlíta eigi þeirri meginreglu að bjóða út verk- og þjónustukaup Reykjavíkurborgar. Farið verður ofan í saumana á þeim verkum og samningum sem búa að baki samtals 830 milljóna króna þjónustukaupum á fyrstu tíu mánuðum ársins án útboða. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

að baki fjárhæðinni en Vilhjálmur segir að farið verði ofan í saumana á því.

Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar, kveðst sammála því að útboð eigi að vera meginreglan en stór verk, á borð við ráðgjöf vegna Sundabrautar, hafi tilhneigingu til að vaxa að umfangi eftir því sem þeim vindi fram. Kostnaður hafi því ekki alltaf verið fyrirséður. „Til að ná utan um þetta hafði ég frumkvæði að því á síðasta kjörtímabili að Reykjavíkurborg og Framkvæmdasýsla ríkisins færu sameiginlega í að setja skýrar reglur því það má ekki vakna grunur um að verið sé að draga taum eins umfram annars.“ Spurður hvort hann telji að farið hafi verið illa með peninga kveðst Dagur ekki treysta sér til að fullyrða um það á grundvelli heildartölunnar. „En það er fyllsta ástæða til að fara yfir þetta og mikilvægt að ríki og borg séu samferða því í mjög mörgum tilvikum erum við í samvinnu við Vegagerðina og ráðum ekki ein för.“ bjorn@frettabladid.is

> Meginreglan er sú að það á að bjóða allt út sem hægt er að bjóða út.
>
> VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON BORGARSTJÓRI

Sýslumaðurinn á Akranesi:

# Rannsókn á hlerunum lokið

**HLERANIR** Sýslumaðurinn á Akranesi hefur lokið við rannsókn á ætluðum hlerunum á síma þáverandi utanríkisráðherra, Jóns Baldvins Hannibalssonar, og Árna Páls Árnasonar starfsmanns í ráðuneyti hans.



JÓN BALDVIN HANNIBALSSON

Málið var sent ríkissaksóknara þann 11. desember síðastliðinn og og í tilkynningu segir að afskiptum sýslumannsins á Akranesi að málinu sé þar með lokið. Rannsóknin hófst 16. október og unnu tveir lögreglumenn að henni ásamt sýslumanninum. Einnig voru skýrslur teknar af vitnum í rannsóknardeild lögreglunnar í Kópavogi. Þær skýrslur voru teknar upp á myndbönd og send til sýslumannsembættisins á Akranesi. - þsj

Fimm ungmenni handtekin:

# Fölsuðu um 200 þúsund krónur

**LÖGREGLUMÁL Fimm nítján ára einstaklingar voru handteknir í síðustu viku, grunaðir um fölsun á nokkrum fimm þúsund króna seðlum. Lögreglunni í Reykjavík höfðu borist tilkynningar um örfáa falsaða seðla sem voru í umferð og við húsleit hjá fólkinu fundust um 200 þúsund krónur í fölsuðum seðlum auk búnaðar til fölsunarinnar.**

**Bensínafgreiðslumaður sem fékk falsaðan seðil í hendur gerði lögreglu viðvart og handtók hún tvo menn á staðnum. Þrír til viðbótar voru handteknir við húsleitina. Þung refsing getur legið við broti sem þessu.** - sh





Safaríkar upplýsingar í Xerox litum gera það að verkum að útkoman er lesandanum í fersku minni.



Xerox litaprentarar, fjölnota kerfi og stafrænar prentvélar.

XEROX®

Grensásvegur 10, Reykjavík
563 3000 // www.ejs.is

EJS


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HVASST OG VÆTUSAMT**

Það er mikill óróleiki í veðrinu næstu daga ef allt gengur eftir. Almennt má segja að það verði mikil hlýindi á landinu vel inn í jólahátíðina með myndarlegum rigningarskýjum víðast hvar, síst þó á Norðaustur- og Austurlandi. Það sem er öllu verra er hve vindasamt er í þessu næstu daga. Hvassviðri eða stormar munu geisa af til fram að jólum og jafnvel ofsaveður aðfara nótt Þorláksmessu.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Vaxandi sunnan átt. 15-20 m/s í kvöld. Rigning. Hiti nálægt 10 stigum.

um hádegi »



» á morgun



15-23 m/s, hvassast vestan til.

» föstudagur



8-13 m/s lengst af. Hvessir mjög um kvöldið og nóttina, fyrst suðvestan til.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 8°C hálfskýjað | London | 7°C heiðskírt | Alicante | 9°C rigning |
| Þórshöfn | 10°C hálfskýjað | París | 7°C heiðskírt | Mallorca | 15°C rigning |
| Osló | 2°C hálfskýjað | Frankfurt | 6°C hálfskýjað | Algarve | 13°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 5°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 2°C hálfskýjað | Krít | 17°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 8°C hálfskýjað | Berlín | 7°C skúrir | Las Palmas | 21°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Landsliðið aðstoðar þig við valið á jólakjötinu

## Besti hryggurinn

### að mati landsliðs matreiðslumeistara

Við fengum kokkalandsliðið til að taka út nýja hamborgarhrygg Hagkaupa. Dómar landsliðsins eru einróma - **þetta er besti hryggur sem þeir hafa smakkað!**

★★★★★

## Landslið matreiðslumeistara

verður í verslunum okkar í Smáralind og Kringlu og aðstoðar þig við val á jólakjötinu. Þeir veita auk þess ráðleggingar um hvaðeina sem tengist jólamatnum.

Smáralind og Kringlu
21. - 22. desember
kl. 15-18




**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

**KJÖRKASSINN**



*Myndir þú kjósa framboð eldri borgara?*

| | |
|---|---|
| Já | 49% |
| Nei | 51% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að fara fram lögreglurannsókn á málefnum Byrgisins?*

Segðu skoðun þína á visir.is VÍSIR

Lögregla leitar enn raðmorðingjans í Suffolk á Englandi:

# Annar karlmaður handtekinn

**BRETLAND, AP** Breska lögreglan handtók í gærmorgun 48 ára gamlan mann grunaðan um að tengjast morðunum á fimm vændiskonum í Suffolk í Bretlandi.

Jafnframt var yfirheyrslum haldið áfram yfir öðrum karlmanni, 37 ára, sem handtekinn var á mánudag.

Lögregla hefur ekki nafngreint mennina, en breskir fjölmiðlar fullyrða að sá sem handtekinn var fyrr í vikunni sé Tom Stephens, sem nýverið sagði blaðamanni Sunday Mirror að hann væri saklaus, en honum þætti þó líklegt að hann lægi undir grun því hann hefði þekkt allar konurnar og hefði ekki fjarvistarsannanir á þeim tímum þegar þær voru myrtar.



**ANNAR HANDTEKINN** Breska lögreglan handtók í gær annan mann grunaðan um aðild að morðum á fimm vændiskonum í Ipswich. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Maðurinn sem handtekinn var í gær býr í rauða hverfinu í Ipswich, þar sem konurnar unnu allar, og var hann handtekinn á heimili sínu.

Lík kvennanna fimm fundust öll í nágrenni Ipswich í byrjun þessa mánaðar og telur lögregla að um einn og sama morðingjann sé að ræða vegna þess hve svipuð málin eru. Konurnar voru á aldrinum 19 til 29 ára og fundust lík þeirra öll nakin, að frátöldum skartgripum. Tvær þeirra voru kyrktar, en banamein hinna liggja ekki fyrir.

Hvorugur mannanna hefur verið ákærður, en að sögn lögreglu koma fleiri menn til greina.

Um fimm hundruð lögreglumenn vinna nú að málinu. - smk

14 ára stúlka áreitt á msn:

# Lögregla hefur hafið rannsókn

**LÖGREGLUMÁL** Kynferðisafbrotadeild lögreglunnar í Reykjavík hefur hafið rannsókn á karlmanni sem beraði kynfæri sín í msn-samtali við fjórtán ára gamla stúlku að því er hann hélt. Þetta staðfesti Hörður Jóhannesson aðstoðaryfirlögregluþjónn við Fréttablaðið í gær.

Í tölvupósti sem gengur manna á milli eru sýndar skjásíður af samtali mannsins við móður stúlkunnar sem þóttist vera dóttir hennar. Þar tilkynnti móðirin ítrekað að hún væri 14 ára. Þrátt fyrir það beraði maðurinn kynfæri sín í vefmyndavélina og gaf kynferðislega tilburði í skyn. - þsj


Minningabrot Hjalta Þórarinssonar læknis

Brautryðjandi og læknir af Guðs náð

*Athyglisverðar frásagnir af einstökum læknisverkum*

*Spaugsemi og leiftrandi hagmælska*




Glefsur

*Dreifing: Sími 663 1224*


# Flug gæti raskast mikið eftir áramót

**Forsvarsmenn flugfélaganna hafa verulegar áhyggjur af flughorfum eftir áramót, en þá er liðinn uppsagnarfrestur sextíu flugumferðarstjóra. Talið er að röskunin geti haft keðjuverkandi áhrif á allt flug. Flugmálastjóri segir að eftir áramót verði augljóslega minni sveigjanleiki en að öryggi verði fyllilega tryggt.**

**SAMGÖNGUR** Enn vantar upp á að viðbragðsáætlun Flugmálastjórnar vegna deilu Flugstoða ohf. og Félags íslenskra flugumferðarstjóra (FÍF) sé tilbúin, þegar einungis ellefu dagar eru þar til fyrirsjáanlegt rask verður á flugi. Nái Flugstoðir ohf. ekki að semja við FÍF á næstu dögum, verða því verulegar truflanir á öllu flugi á Íslandi, frá og með áramótum. „Flug mun leggjast af að einhverju leyti, líklega að öllu leyti,“ segir Loftur Guðmundsson, formaður Félags íslenskra flugumferðarstjóra.

Hagsmunaaðilar í ferðaþjónustu hafa því verulegar áhyggjur af gangi mála. Jón Karl Ólafsson hjá Flugleiðum segir brýnt fyrir ferðaþjónustuna að úrlausn náist. „Þetta er stóralvarlegt mál og menn verða að fara að koma sér niður á jörðina. Flugmálastjórn hefur fullyrt að ekki komi til stöðvunar á flugi og við trúum því og treystum á að það gangi eftir.“ Matthías Imsland, framkvæmdastjóri Icelandic Express, telur að ætluð röskun á flugi muni hafa keðjuverkandi áhrif og talar í því samhengi um hugsanlega „katastrófu“ fyrir Íslendinga og ferðaþjónustuna í heild sinni. „Það verður að leysa þetta. Það yrðu tafir alls staðar og gífurlegur skaði, ef af yrði,“ sagði Matthías í gær.

Þorgeir Pálsson, flugmálastjóri og verðandi forstjóri Flugstoða, staðfestir aðspurður að viðbragðsáætlunin sé ekki með öllu tilbúin. „Það er ekki tímabært að fara út í það í smáatriðum, hvernig fyrirkomulagi þjónustunnar verður breytt, en það verður minni sveigjanleiki. Menn munu fljúga eftir föstum leiðum, frekar en að geta beðið um að velja sér flugleiðir og hagkvæmnustu flughæð. En það er auðvitað grundvallaratriði að fullu flugöryggi verður haldið uppi.“ Hvort erlendum flugumferðarstjórum verður boðið starf í stað hinna íslensku, segir flugmálastjóri að það verði auðvitað að fá flugumferðarstjóra til starfa til að auka þjónustustigið á nýjan leik, hvernig svo sem að því verði staðið.



**FLUGUMFERÐARSTJÓRAR AÐ STÖRFUM** Allt stefnir í að einungis 26 flugumferðarstjórar verði að störfum hjá Flugstoðum ohf. eftir áramót.

> Það verður að leysa þetta. Það yrðu tafir alls staðar og gífurlegur skaði, ef af yrði
>
> **MATTHÍAS IMSLAND,** FRAMKVÆMDASTJÓRI ICELAND EXPRESS

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra telur „engar líkur á að það komi til neyðarástands hér, fundin verður lausn á þessu“. Sturla segir að Íslendingar hafi miklum skyldum að gegna í alþjóðafluginu, sem snúi að yfirflugi á Norður-Atlantshafinu og að þær hafi forgang.

klemens@frettabladid.is


BOÐEIND.IS

í 19 ár - Þar sem verð og gæði fara saman

Alvöru fartölva á jólagjafaverði

ASUS A6VM-A



Almennt verð kr. 101.679,-

Staðgreiðsluverð

Kr. 94.900,-

Aðeins kr. 3.577,-

meðalgreiðsla í 36 mánuði hjá TM

Staðgreiðslulán fáanleg frá 3 til allt að 36 mánaða.

Fartölvutaska & USB mús fylgir frítt með ásamt hugbúnaðarpakka.

Allar fartölvur frá Boðeind koma með Microsoft XP Professional stýrikerfi

Allar fartölvur frá Boðeind eru Microsoft Vista tilbúnar.

**Skjár:** 15.4" WXGA (Glare type) **háskerpuskjár**
**Örgjörvi:** Intel Mobile Pentium 1.7GHz - 2MB cache
**Skjákort: Nvidia Geforce Go 7300 256MB**
**Vinnsluminni: 1 GB DDR2** / Mest 2GB
**Harður diskur: 100GB**
**Netkort:** LAN 10/100/1000
**Þráðlaust netkort:** 802.11a/b/g
**Geisladrif:** 8x Dual layer DVD/CD brennari
**Vefmyndavél: 1.3Mega Pixla m.hljóðnema**
**Stýrikerfi:** Windows XP **Professional**
**Rafhlaða:** 8 Cells - Allt að 3,5 klst. ending
**Abyrgð:** 2ja ára alþjóðleg ábyrgð

**Þú færð jólagjöfina á www.bodeind.is**

Boðeind ehf. - Mörkin 6 - 108 RVK - S: 588 2061

Opið alla virka daga frá kl. 10:00 - 18:00 - sala@bodeind.is

Boðeind býður upp á viðurkennda verkstæðisþjónustu - thjonusta@bodeind.is



FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000


Byrgið braut lög með vitneskju yfirvalda með því að afeitra vistmenn sína:

# Afeitrun í Byrginu er brot á lögum

**HEILBRIGÐISMÁL** Byrgið braut lög árum saman með því að afeitra vistmenn sína. Fyrir sjö árum, í desember 1999, sendi Landlæknisembættið frá sér skilaboð til Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar um að Byrgið hefði ekki leyfi fyrir því að stunda afeitrun þar sem að það væri ekki sjúkrastofnun.

Í skýrslu heilbrigðisráðherra frá því í mars 2005 er Byrgið hins vegar inni á töflu yfir þær stofnanir og félagasamtök sem bjóða upp á rými til afeitrunar. Því vissi heilbrigðisráðuneytið að afeitrun fór fram í Byrginu þótt félagið hefði ekki leyfi fyrir þannig starfsemi.

Grímur Atlason, bæjarstjóri og þroskaþjálfi, gerði fyrir nokkrum árum úttekt á meðferðarmálum á Íslandi. Hann segist telja að skortur sé á faglegu eftirliti með þeim stofnunum sem sinna þessari þjónustu. „Ég hef ekki komið beint að þessum málum í nokkurn tíma en hef fylgst vel með. Ég hef ekki séð neinar breytingar á meðferðarflórunni. Ég get ekki séð að það hafi komið nein stefnumótandi sýn frá stjórnvöldum eða öðrum á þessum tíma þótt það sé vissulega þörf á því.“ Grímur segist hafa lagt það til fyrir nokkrum árum að greiningarstöð yrði stofnuð en ekki fengið miklar undirtektir. „Það eru stofnanir hérna eins Vogur sem hafa mikla reynslu og ættu að geta unnið þetta mjög faglega.“ - þsj



**GUÐMUNDUR JÓNSSON** Einungis sjúkrastofnunum er heimilt að stunda afeitrun á vistmönnum. Slík starfsemi hefur þrátt fyrir það farið fram í Byrginu árum saman.

# Gerðu góðverk þegar þú kaupir jólagjöfina hjá okkur

Komdu með gamla símann þinn og:
Vodafone gefur 1.000 kr. til góðgerðamála fyrir hvern gamlan GSM síma.
Þú færð 1.000 kr. afslátt af nýjum síma.
Gamli síminn verður sendur til þróunarlanda eða endurunninn.
**Látum gott af okkur leiða um jólin**



## Sharp GX 17
**9.900 kr.**
live! símtæki



## Motorola PEBL
**19.900 kr.**
live! símtæki



## Nokia 6131
**26.900 kr.**
live! símtæki



## Nokia 6070
**13.900 kr.**
live! símtæki

Komdu við í verslun okkar eða hjá umboðsmanni, hringdu í 1414 eða smelltu þér á www.vodafone.is til að fá nánari upplýsingar.

**gríptu augnablikið og lifðu núna**

vodafone

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvaða banki er fyrsti íslenski bankinn sem heldur bókhald í evrum?*
2. *Hvaða frambjóðandi til Alþingis er farinn á sjóinn?*
3. *Hvaða litríka bandaríska körfuboltagoðsögn var nýlega orðuð við b-lið KR, betur þekkt sem Bumbuna?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 54

Borgarstjórn samþykkir að setja upp minnisvarða um kvenréttindafrömuð:

# Minnisvarði um Bríeti reistur

**BORGARMÁL** Minnisvarði um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur kvenréttindafrömuð verður reistur á horni Amtmannsstígs og Þingholtsstrætis í Reykjavík. Borgarstjórn samþykkti í gær tillögu þar um við afgreiðslu fjárhagsáætlunar næsta árs. Framlag Reykjavíkurborgar til verksins verður þrjár milljónir króna og mun ríkið leggja til samsvarandi fjárhæð. Ólöfu Nordal myndlistarmanni hefur verið falið að búa minnisvarðann til og er stefnt að vígslu 19. júní á næsta ári.

Bríet Bjarnhéðinsdóttir var helsti hvatamaður að stofnun Kvenréttindafélags Íslands árið 1907 og var ein fjögurra kvenna sem kjörnar voru í bæjarstjórn Reykjavíkur ári síðar. Hún var fyrsta konan sem tók til máls á fundum bæjarstjórnarinnar. Bríet fæddist 1856 og lést 1940.



**BRÍETAR MINNST** Minnisvarðinn verður í Þingholtunum í Reykjavík.

Borgarstjórn hefur jafnframt ákveðið að verja fimm milljónum til verndun minja um sjósókn frá Grímsstaðavör við Ægisíðu. Þaðan sóttu trillukarlar í Reykjavík sjóinn um áratugaskeið og reru einkum til grásleppu í seinni tíð. Þegar mest var voru sextán bátar gerðir út frá Grímsstaðavör en útgerðinni lauk 1998 þegar Björn Guðjónsson lagði árar í bát.

Í sumar afhjúpaði Vilhjálmur Vilhjálmsson borgarstjóri skilti sem af má lesa tilurð og sögu útgerðar frá Grímsstaðavör. **- bþs**

Veðurofsi á Akureyri:

# Vinnuskúr fauk á hliðina í roki

**LÖGREGLUMÁL Veðurofsi var á Akureyri í fyrrinótt. Að sögn lögreglu fuku þakplötur af húsum, auglýsingaskilti fóru á flakk og einn vinnuskúr lagðist á hliðina í rokinu. Þá fuku bílar saman á bílastæðum enda glerhált undir þeim.**

**Ofsaveðrið skall á rétt eftir miðnætti og stóð til klukkan hálf fimm. „Þá var bara eins og kippt væri úr sambandi. Það var bara komið logn,“ sagði varðstjóri. Lögregla og björgunarsveitir voru að störfum allan tímann. Tjón varð nokkuð og segir lögregla ljóst að sumir verði að laga jólaskrautið sitt eftir nóttina. - sh**


Allt það fína frá Kína

Gott úrval af lömpum, vösum og glæsilegri gjafavöru á frábæru verði



Opið mánudaga - sunnudaga 10 - 18

Gallery Kína

Ármúla 42 - sími 895 8966


# Átta milljónir í heimsóknir til aldraðra

**Nokkrar breytingar urðu á fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar við síðari umræðu í gær. Greiðslur til dagforeldra og einkarekinna leikskóla hækka.**

**BORGARMÁL** Síðari umræða um fjárhagsáætlun Reykjavíkur fyrir næsta ár fór fram á fundi borgarstjórnar í allan gærdag. Meirihlutinn gerði nokkrar breytingar á áætlun sinni milli umræðna en í þeim felast ekki aukin útgjöld. Helstu breytingar eru hækkun á niðurgreiðslum til dagforeldra um samtals 85,5 milljónir króna, hækkun niðurgreiðslu til sjálfstætt rekinna leikskóla, hækkun framlaga um 180 milljónir vegna frístundakorta og 20 milljóna króna framlag vegna alþjóðlegs íþróttamóts ungmenna sem haldið verður í Reykjavík næsta sumar.

Talsverðar tilfærslur voru gerðar á framlögum til Velferðarsviðs. Átján milljónum er ætlað að tryggja starfsemi Konukots til 1. maí, fimmtán milljónir fara í rekstur nýs heimilis fyrir heimilislausa, átta milljónir eru ætlaðar til skipulagðra heimsókna til eldri borgara og 26 milljónum er ætlað að mæta auknum niðurgreiðslum húsaleigu vegna fjölgunar félagslegra leiguíbúða. Þá er horfið frá fyrri áformum um hækkun gjaldskrár fyrir heimaþjónustu aldraðra og hækka framlög borgarinnar sem því nemur, um átta milljónir.

Kostnaður vegna húsaleigubóta lækkar um 79 milljónir frá upphaflegum áætlunum þar sem nýjar forsendur liggja fyrir og almenn fjárhagsaðstoð lækkar um 30 milljónir. Í staðinn eru framlög vegna átaksverkefna hækkuð um 20 milljónir en þeim er ætlað að auðvelda fólki sem fengið hefur fjárhagsaðstoð í langan tíma að komast aftur út á vinnumarkaðinn.

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir tæplega fjórtán milljarða króna afgangi af rekstri og annarri starfsemi borgarinnar og munar þar mestu um hagnað af sölu á hlut borgarinnar í Landsvirkjun. **bjorn@frettabladid.is**



**ÁÆTLUNIN LÖGÐ FRAM TIL SAMÞYKKTAR** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri mælti fyrir fjárhagsáætlun meirihlutans á borgarstjórnarfundi í gær. Þetta er fyrsta fjárhagsáætlun borgarinnar sem Sjálfstæðisflokkurinn stendur að síðan 1993. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Útvarp Boðun FM 105,5

Gefið kristilega jólagjöf! – Frábær nýr geisladiskur




3 stjörnur af 5

Gagnrýni í Morgunblaðinu; Sveinn Guðjónsson

„..vísast eiga margir eftir að sækja andlega næringu í þessa tónlist. Hún hæfir líka vel á þessum árstíma, því henni fylgir ákveðin hátíðarstemning, sem flestir kristnir menn sækja í þegar minnst er fæðingu frelsarans“

PÖNTUNARSÍMI 555 7676

Boðunarkirkjan

Útvarp Boðun fm.105.5 er kristileg útvarpsstöð þar sem mikið af blessunarríku efni er í boði allan sólarhringinn

*Guð blessi þig!*

Hlíðarsmára 9. 200 Kópavogur 3.hæð
www.bodunarkirkjan.is
Hlustið á útvarpið á netinu eða á fm.105.5.


Rannsókn Breta á láti Alexanders Litvinenko:

# Pólon 210 finnst í Svía

**SVÍÞJÓÐ, RÚSSLAND, AP** Of hátt magn af geislavirka efninu pólon 210 fannst í einum þeirra Svía sem mældir voru í tengslum við dauða fyrrverandi njósnara KGB, Alexander Litvinenko.

Breska lögreglan hafði haft samband við sænsk heilbrigðisyfirvöld vegna sjö Svía sem dvöldust á hótelinu sem Litvinenko kom á um það leyti sem hann veiktist, að því er fréttavefur Dagens Ny-heter greindi frá í gær. Fannst eitrið í þvagi eins þeirra. Þó er ekki um lífshættulegt magn að ræða, að sögn talsmanna heilbrigðisyfirvalda, og ekki þykir heldur fullsannað að hann hafi komist í snertingu við efnið á hótelinu í London.

Litvinenko lést úr eitruninni hinn 23. nóvember. Breska lögreglan rannsakar nú lát hans, en sjálfur kenndi hann rússneskum yfirvöldum um veikindi sín.

Rannsókn bresku lögreglunnar í Moskvu lauk í gær, þar sem hún fékk að skoða ýmiss konar skjöl. Bresku lögreglumennirnir fengu ekki að ræða sjálfir við vitni, en máttu fylgjast með rússneskum kollegum yfirheyra þau.

Pólon 210 getur valdið beinmergs-, lifrar- og nýrnaskaða í fólki og leitt til dauða ef um mikið magn er að ræða. **- smk**



**ALEXANDER LITVINENKO** Lést úr pólon 210-eitrun í nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




RISATILBOÐ Á RISATÆKJUM
55"
Aðeins tíu tæki.
HITACHI
55" plasmasjónvarp - 55PD5200
Verð áður 499.995 kr.
Jólatilboð 399.995 kr.
55"
HITACHI
55"plasmasjónvarp - 55PD9700
Verð áður 699.995 kr.
Jólatilboð 649.995 kr.
50"
PALLADINE
50" plasmasjónvarp - EPD5020
Verð áður 339.995 kr.
Jólatilboð 279.995 kr.
TAKMARKAÐ MAGN AF JÓLAPÖKKUM
JÓLAPAKKI 1
Verð áður 192.985 kr.
Jólatilboð 159.995 kr.
Palladine 32" LCD sjónvarp
Yamaha HTIB359 heimabíósett
Veggfesting fyrir sjónvarp
JÓLAPAKKI 2
Verð áður 449.985 kr.
Jólatilboð 379.995 kr.
Hitachi 42" plasmasjónvarp
Yamaha RXN600 heimabíómagnari
KEF KHT3005 heimabíósett
JÓLAPAKKI 3
Verð áður 929.985 kr.
Jólatilboð 749.995 kr.
Hitachi 55" plasmasjónvarp
Yamaha RX-V1700 heimabíómagnari
KEF KHT5005 heimabíósett
JÓLAPAKKI 4
Verð áður 274.990 kr.
Jólatilboð 199.995 kr.
Palladine 42" LCD sjónvarp
Yamaha HTIB359 heimabíósett
JÓLAPAKKI 5
Verð áður 309.985 kr.
Jólatilboð 229.995 kr.
Hitachi PJ-TX300 HD myndvarpi
Yamaha RXV559 heimabíómagnari
KEF KHT1005 heimabíósett
JÓLAPAKKI 6
Verð áður 387.985 kr.
Jólatilboð 319.995 kr.
Hitachi 37" LCD sjónvarp
Yamaha YSP900 heimabíó
Yamaha YSTFSW100 bassabox
HITACHI
32"
32" LCD sjónvarp - 32LD9700
Verð áður 259.995 kr.
Jólatilboð 239.995 kr.
HITACHI
37"
37" LCD sjónvarp - 37LD8600
Verð áður 279.995 kr.
Jólatilboð 259.995 kr.
Veggfesting fylgir
HITACHI
42"
42" plasmasjónvarp - 42PD8600
Verð áður 259.995 kr.
Jólatilboð 229.995 kr.
PALLADINE
37"
37" LCD sjónvarp - EPT3700M
Verð áður 179.995 kr.
Jólatilboð 149.995 kr.
Veggfesting fylgir
Opnunartími:
Þriðjudagur 19. des. 9-21
Miðvikudagur 20. des. 9-21
Fimmtudagur 21. des. 9-21
Föstudagur 22. des. 9-22
Þorláksmessa 23. des. 9-22
Aðfangadagur 24. des. 9-12
cubo
Glæsilegt útvarp með innbyggðum geislaspilara. Vekjaraklukka. Hægt að tengja Ipod og aðra Mp3 spilara við Cubo. 10 mismunandi litir. Verð aðeins 27.995 kr.
Hátækni
Ármúli 26 / Sími 522 3000 / www.hataekni.is
PIPAR • SÍA • 60935



**Í BETLEHEM** Þessi ungi drengur skoðaði sig um í Betlehem í gær, þar sem talið er að Jesús Kristur hafi fæðst.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Óskar Bergsson riftir nýlegum verktakasamningi sínum við Faxaflóahafnir:

# Meiri hagsmunir að skapa frið

**BORGARMÁL** Óskar Bergsson varaborgarfulltrúi hefur óskað eftir því að samningi sínum við Faxaflóahafnir verði rift.

Óskar samdi nýverið við Faxaflóahafnir um að annast ýmis verkefni er snúa að framkvæmdum fyrirtækisins við Mýrargötu og fólst í því meðal annars að gæta hagsmuna Faxaflóahafna gagnvart Reykjavíkurborg.

Ásamt því að vera varaborgarfulltrúi er Óskar formaður framkvæmdaráðs borgarinnar og varaformaður skipulagsráðs.

Úlfúð skapaðist um samninginn og hélt Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, því fram að í honum fælust hagsmunaárekstrar þar sem Óskar sæti beggja vegna borðsins.

Í yfirlýsingu kveðst Óskar ósammála því mati enda fari hagsmunir Reykjavíkurborgar og Faxaflóa saman.

„Ég met það þannig að það séu meiri hagsmunir að skapa frið í kringum verkefnið og mér fannst ekki þess virði að taka þennan slag fyrir þetta starf,“ sagði Óskar í samtali við Fréttablaðið.

Dagur B. Eggertsson segist ánægður með ákvörðun Óskars enda hættulegt fordæmi að kjörnir fulltrúar ráðist til að gæta hagsmuna annarra gagnvart borginni.



**ÓSKAR BERGSSON** Segir sig frá verkefninu fyrir Faxaflóahafnir.

Málalyktir hvetji sig til að halda áfram uppbyggilegu aðhaldi. - bþs

Karl ráðinn í stað konu:

# Háskólinn braut jafnréttislög

**JAFNRÉTTI Háskóli Íslands braut jafnréttislög þegar hann réð karlmann í stöðu sérfræðings við stærðfræðistofu Raunvísindastofnunar HÍ. Kærunefnd jafnréttismála úrskurðaði um þetta í fyrradag.**

**Dr. Freyja Hreinsdóttir, sem starfað hefur við stærðfræðistofu í fjögur ár, sótti einnig um. Bæði hún og karlinn voru metin hæf og var niðurstaða kærunefndarinnar sú að Háskólinn hefði ekki getað sýnt fram á að aðrar ástæður en kynferði lægju að baki ráðningu hans. Engin kona starfar við stærðfræðistofu, en Freyja er nú dósent við HR.** - sh

Forsætisráðherra Japans:

# Stjórnarskráin endurskoðuð

**JAPAN, AP** Shinzo Abe, forsætisráðherra Japans, tilkynnti í gær að hann hygðist sækjast eftir því á næsta ári að lögum yrði breytt þannig að unnt yrði að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um að breyta stjórnarskránni. Greidd yrðu atkvæði um endurskoðun ákvæðisins um bann við beitingu japansks hers utan Japans.



**SHINZO ABE**

Í ræðu við þinglok sagðist Abe stefna að því að fá stjórnarskránni breytt á kjörtímabili sínu. Japanska lýðræðisstjórnarskráin hefur aldrei verið endurskoðuð frá því að hún var sett, fyrir tilstilli bandarísku sigurvegaranna, árið 1947. - aa

## BANDARÍKIN

### Dana sleppt

Dönskum skipstjóra hefur verið sleppt úr haldi í Bandaríkjunum eftir nær fjögurra mánaða varðhald. Villy Larsen var handtekinn eftir að hann bannaði bandarísku landhelgisgæslunni að koma um borð í skip hans, sýndi ekki skilríki og blótaði Bandaríkjamönnum við yfirheyrslu. Kona hans sagði mann sinn hafa haft í frammi „danskan húmor“.

## DANMÖRK

### Áfram í gæsluvarðhaldi

Gæsluvarðhaldi yfir fimmenningunum sem sitja í einangrun í Óðinsvéum í Danmörku grunaðir um að hafa skipulagt stórfelld hryðjuverk sem fremja átti í Danmörku, var í gær framlengt fram í miðjan janúar. Þá munu þeir hafa setið í einangrun í fimm mánuði, en annars er einangrunarvist fanga í gæsluvarðhaldi yfirleitt ekki lengri en þrír mánuðir í Danmörku.



**SNORRI VIGNISSON** „Persónulega finnst mér ofsalega gaman að skemma og eyðileggja,“ segir einn reyndasti sérfræðingur landsins í niðurrifi húsa.
FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

# Hampiðjuhúsið rifið

**Snorri Vignisson og félagar í SR-verktökum eru að rífa Hampiðjuhúsið á horni Þverholts og Brautarholts til að rýma fyrir nýjum blokkaríbúðum. Snorri er gamalreyndur niðurrifsmaður sem hefur komið víða við á þeim vettvangi.**

**SKIPULAGSMÁL** „Ég ríf allar svona stórar byggingar sem þessir litlu karlar ráða ekki við,“ segir Snorri Vignisson hjá SR- verktökum sem í gær lét til skarar skríða við niðurrif Hampiðjuhússins.

Öll húsin á Hampiðjureitnum víkja til að koma þar fyrir nýjum íbúðarblokkum. Snorri og félagar eru þegar búnir að rífa gamla Heyrnleysingjaskólann á baklóðinni og hafa undanfarna tvo mánuði unnið við að tæma Hampiðjuhúsið og undirbúa það á annan hátt fyrir að hverfa af yfirborði jarðar.

„Nú ætlum við bara að fara að ryðja þessu húsi um koll,“ segir Snorri og bendir á Hampiðjuhúsið og risastóra beltagröfu sem skröltir á vettvang. „Þetta er náttúrlega merkilegt hús. Upp á síðkastið hefur verið hér fólk sem hvergi býr en sem betur fer koma nú nýjar íbúðir í staðinn.“



**HAMPIÐJUHÚSIÐ** Síðasta starfsemin í húsinu var rekstur Klink og bank-listasmiðjunnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

Snorri hefur mikla reynslu í niðurrifi húsa. SR-verktakar eigi meðal annars stærstu gröfu landsins sem sé nauðsynleg í slík verk. Hann segist meðal annars hafa rifið öll hús á Norðurbakkanum í Hafnarfirði, Lindargöturíkið svokallaða og hraðfrystihús Granda við hlið Ellingsen. Snorri er ánægður í starfi sínu.

„Persónulega finnst mér ofsalega gaman að skemma og eyðileggja. Það er meira gaman að brjóta hluti en að búa þá til,“ útskýrir Snorri áður en hann bætir við: „En ég hef líka gaman af upppbyggingarstarfsemi; að búa til fallega lóð. Það er auðvitað varanlegri ánægja.“

gar@frettabladid.is

SIEMENS
Porche II-hönnunin frá Siemens.
Úr hágæða burstuðu áli.
Hönnuður: F.A. Porsche.
Kaffivél, brauðrist og hraðsuðukanna.



ATARNA / STÍNA M. / FÍT
SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Fyrst voru það Orðin tóm og nú Glamm!!
Þetta er diskurinn sem allar hugsandi konur og allir hugsandi karlar vilja fá undir geislann.
Á þessum nýja og glæsilega geisladiski les Jón Norland 24 ljóð eftir sjálfan sig sem sonur hans, Sverrir Norland, hefur samið skemmtilega og kröftuga tónlist við. Sverrir leikur auk þess á kassa- og rafgítara, bassagítar og slagverk.




Geisladiskur handa öllum þeim sem unna íslenskri tungu og góðri tónlist.
Hér ræður engin hálfvelgja ríkjum!
Diskurinn fæst í öllum helstu bókaverslunum og plötubúðum.
Forlag misskilinna skálda
XSTREAM DESIGN SN 06 11 003




**799** kr/kg.

Hornafjarðarhumar 1 kg.

**allt í matinn á einum stað**

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 20. desember eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi



**KLÓNAÐIR HUNDAR** Tíkurnar Bona, Peace og Hope voru klónaðar í Seúl í Suður-Kóreu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tveir menn dæmdir fyrir kynferðisbrot og fíkniefnabrot:

# Höfðu samræði við 13 ára stúlku

**DÓMSMÁL** Tveir menn voru í gær dæmdir til refsingar í Héraðsdómi Suðurlands fyrir að hafa haft samræði við þrettán ára stúlkubarn. Jafnframt voru þeir dæmdir fyrir brot á fíkniefnalöggjöfinni.

Fyrra kynferðisbrotið átti sér stað á heimili annars mannsins, en þangað fór stúlkan sjálfviljug með honum og þau höfðu samræði. Lögreglan var að rannsaka meint fíkniefnabrot mannsins og hleraði því síma hans. Þar skiptust hann og félagi hans á upplýsingum um að báðir hefðu haft samræði við stúlkuna með nokkurra daga millibili. Einnig ræddu þeir umsvif með fíkniefni.

Fyrri maðurinn bar að hann hefði ekki vitað að hún væri aðeins þrettán ára. Hann var dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi, skilorðsbundið. Hinn maðurinn var dæmdur í átján mánaða fangelsi og til að greiða stúlkunni 300 þúsund krónur í miskabætur, auk málsvarnarlauna. Sá síðarnefndi á umtalsverðan brotaferi að baki, auk þess sem hann var á síðasta ári dæmdur í tólf mánaða skilorðsbundið fangelsi. Það skilorð braut hann nú og var sá dómur tekinn upp og refsing mannsins ákveðin í einu lagi. - jss



**SELFOSS** Héraðsdómur Suðurlands á Selfossi dæmdi mennina tvo til refsingar.

Hættuleg gatnamót:

# Dekk og felgur eyðilögðust

**LÖGREGLUMÁL** Fjögur umferðaróhöpp urðu á hættulegum gatnamótum Akranesvegar og Akrafjallsvegar á Akranesi í gærmorgun. Að sögn lögreglu höfðu verið gerð mistök við viðgerð á veginum sem ollu því að dekk sprungu á fjórum bílum og felgur eyðilögðust þegar þeim var ekið á misfellurnar. Enginn meiddist þó í óhöppunum.

Lögreglan lokaði hluta vegarins og hafði samband við Vegagerð. Varðstjóri lögreglunnar á Akranesi sagði ástandið hafa verið stórhættulegt en Vegagerðin hefði ætlað að gera neyðarúrbætur á veginum. - sh






**FÖGNUÐUR OG FORDÆMING** Aðstandendur alnæmissýktra barna halda á loft spjöldum þar sem dauðadóms er krafist yfir hjúkrunarkonunum, fyrir utan dómhúsið í Trípólí í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Dauðadómar fordæmdir

**Líbískur dómstóll dæmdi í gær búlgarskar hjúkrunarkonur og palestínskan lækni til dauða fyrir að hafa smitað 400 börn af HIV-veirunni. Ráðamenn í Evrópu fordæma yfirvöld og segja hin sakfelldu blóraböggla.**

**LÍBÍA, AP** Dómstóll í Trípólí í Líbíu sakfelldi í gær fimm búlgarskar hjúkrunarkonur og palestínskan lækni fyrir að hafa vísvitandi sýkt 400 börn af HIV-veirunni á líbísku sjúkrahúsi fyrir sjö árum, og kvað síðan upp dauðadóma yfir hinum sakfelldu. Aðstandendur hinna alnæmissýktu barna fögnuðu með hrópum í dómsal, en yfirvöld í Búlgaríu fordæmdu dóminn og sögðu líbísk yfirvöld vera að gera hjúkrunarfólkið að blóraböggli fyrir skort á hreinlæti á umræddu sjúkrahúsi.

„Guð er mikill!“ hrópaði Mohammed al-Aurabi, faðir eins hinna sýktu barna, um leið og dómarinn hafði lesið upp dómsorðið. „Lengi lifi líbískt réttlæti!“

Yfirvöld í Búlgaríu og talsmenn Evrópusambandsins fordæmdu dóminn umsvifalaust. „Að dæma saklaust fólk til dauða er tilraun til að hylma yfir með hinum raunverulega sökudólgum og orsök alnæmissmitsins [á sjúkrahúsinu] í Bengazi,“ sagði Georgi Pirinski, forseti Búlgaríuþings.

„[Jose Manuel] Barroso, forseti [framkvæmdastjórnar ESB], og framkvæmdastjórnin öll eru hneyksluð á þessum dómi,“ sagði Johannes Laitenberger, talsmaður framkvæmdastjórnarinnar í Brussel. Hann bætti við að ekki hefði að svo komnu máli verið ákveðið hvað sambandið hygðist taka til ráða, en hann „útilokaði ekkert“. Búlgaría fær fulla aðild að ESB nú um áramótin.

Aðalverjandi sakborninganna, Trayan Markovski frá Búlgaríu, tjáði búlgarska útvarpinu að sakborningarnir myndu áfrýja dómnum til hæstaréttar Líbýu. Abdel-Rahman Shalqam, utanríkisráðherra Líbýu, tjáði fréttamönnum að málinu yrði sjálfkrafa skotið til hæstaréttar.

Hin langvinnu réttarhöld yfir hjúkrunarfólkinu hafa sett strik í reikning Múammars Gaddafí Líbíuleiðtoga, sem hefur verið að reyna að bæta tengsl landsins við Evrópu- og Vesturlönd. Stjórnvöld í Evrópulöndum og Bandaríkjunum hafa skorað á líbísk yfirvöld að sleppa sakborningunum og gefið til kynna að dauðadómurinn muni hafa neikvæð áhrif á tengsl við landið.

> „Að dæma saklaust fólk til dauða er tilraun til að hylma yfir með hinum raunverulega sökudólgum og orsök alnæmismitsins í Bengazi“
>
> **GEORGI PIRINSKI**
> FORSETI BÚLGARÍUÞINGS

Shalqam sagði að þegar hæstiréttur hefði fjallað um málið myndi svonefnt dómsmálaráð fara yfir það, en það hefur vald til að hnekkja dómnum.

Sakborningarnir hafa verið í haldi í nærri sjö ár og höfðu þegar verið dæmdir einu sinni til dauða. Fallist var á að rétta í málinu upp á nýtt í kjölfar alþjóðlegra efasemda um að réttarhaldið hefði verið sanngjarnt. Verjendur sakborninganna sögðu í gær að í þetta sinn hefði heldur ekki verið hlustað á vísindalegan vitnisburð um að börnin hefðu smitast áður en hjúkrunarfólkið hóf störf á sjúkrahúsinu. audunn@frettabladid.is

HARÐIR PAKKAR FYRIR RATVÍSA

www.rs.is



VENTURE CX
Minnsta kortatækið frá Garmin. Litaskjárinn er ótrúlega skýr og staðsetning takka er hönnuð til að auðvelda notkun í annarri hendi.



GARMIN 292
Sleða- og jeppatækið í ár. Skýrari skjár og fleiri litir aðgreina hæðarlínur og vegi betur. Nýtt viðmót upplýsingaglugga, hægt að horfa eftir kortinu, ekki bara ofan á það o.m.fl.



ZÜMO 550
Sérhannað mótorhjólatæki með snertiskjá sem virkar vel þótt ökumaður sé í hönskum, vatnshelt og MP3 spilari. Bluetooth sendir tónlistina í hjálminn ásamt símasvörun og sést á skjánum hver hringir. Símaskránni er flett á skjánum og send SMS. Bílfesting fylgir.



NÜVI 660
Garmin Nüvi er leiðsögutæki með korti af allri Evrópu með stórum skjá en fer vel í vasa. Tækið er einnig með Bluetooth þannig að það nýtist sem handfrjáls búnaður við GSM í bílnum.

GARMIN | R. SIGMUNDSSON

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000 | www.garmin.is

Umboðsmenn | Akureyri: Haftækni · Blönduós: Krákur · Egilsstaðir: Bílanaust · Grundarfjörður: Mareind · Ísafjörður: Bensínstöðin · Reyðarfjörður: Veiðiflugan · Selfoss: Hársnyrtistofa Leifs · Vestmannaeyjar: Geisli · Reykjavík: Arctic Trucks, Bílanaust, Elko, Everest, Hlað, Intersport, Max raftæki, MotorMax, Stormur, Toyota aukahlutir, Útilíf, Vesturröst · Fríhöfnin



Gleðileg Sony jól
32"
BRAVIA
BESTA VERÐIÐ!
KDL32U2000
119.950,-
Staðgreitt
9.995,-
á mán. í 12 mán. með
Visa/Euro raðgreiðslum
SONY
Upplausn: 1366x768 HD ready • Contrast: 1200:1 • Birta cd/m2: 450
3D Comb Filter • BBE ViVa HD3D hljómtækni • SRS Trusurround
XT hljómtækni • Borðstandur fylgir
40" og 46"
BRAVIA
Besta sjónvarp í heimi!
WHAT HI-FI?
W2000 40"
449.950,-
Staðgreitt
37.495,-
á mán. í 12 mán. með
Visa/Euro raðgreiðslum
W2000 46"
599.950,-
Staðgreitt
49.995,-
á mán. í 12 mán. með
Visa/Euro raðgreiðslum
SONY
BRAVIA Engine með Live Color Creation • Upplausn: 1920x1080 Full HD 1080
3D Comb Filter • BBE ViVa HD3D hljóðtækni • SRS Trusurround XT hljómtæknii
Borstandur fylgir • Contrast: 1:1800 (Dynamiskur 1:8000) • Birta cd/m2: 450
32"
BRAVIA
Alpha 100
99.950,-
Staðgreitt
8.330,-
á mán. í 12 mán. með
Visa/Euro raðgreiðslum
SONY
Sony D-SLR myndavél • 10 megapixlar
Hristivörn á myndflögu
Innbyggt heimabíó og DVD spilari og rafdrifnum framhlið sem lokar tækinu þegar það ekki er í notkun!
ESPRIT 1
499.950,-
Staðgreitt
41.662,-
á mán. í 12 mán. með
Visa/Euro raðgreiðslum
SONY
HD-ready upplausn 1366 x 768
Innbyggður DVD/CD/SA-CD spilari
DivX og MP3 afspilun • 200W
S-Master magnari • Innbyggður
bassahátalari • Tengi fyrir tölvu
Skiptanleg framhlið margir litir í boði
Kauptu Sony hjá Sony!
Sony Center Kringlunni
WWW.SONYCENTER.IS SÍMI 588 7669
like.no.other


BÓNUS
Munið! VSK af jólakjötinu og gott betur til jóla!
-enn fleiri
Ali
Ekki bara 12.3% heldur:
30% afsláttur við kassann
HAMBORGARHRYGGUR m/beini
KÍLÓVERÐ NÚ:
1189 KR.
Merkt verð 1698KR.
Ekki bara 12.3% heldur:
25% afsláttur við kassann
HAMBORGARHRYGGUR beinlaus
KÍLÓVERÐ NÚ:
1539 KR.
Merkt verð 2198KR.
Danskur beinlaus HAMBORGARHRYGGUR
1498 KR.
KÍLÓVERÐ
Dansk Hamborgar hryggur
Opið til 20.00 í kvöld!
Svínabógur
498 KR.
KÍLÓVERÐ
Purusteik
598 KR.
KÍLÓVERÐ
Puru rifjasteik
Ferskt svínakjöt -er tilboð dagsins!
Gljái fyrir hamborgarhrygg
Gljái fyrir kartöflur
KARTÖFLUGLJÁI
298 KR.
550g
GLJÁI á hamborgarhrygg
298 KR.
350g
30% afsláttur við kassann
Ungnautahakk 8-12% fita
Á borðið
UNGNAUTAHAKK
UNGNAUTAHAKK
kílóverð nú:
979 KR.
Merkt verð 1398KR.
Siggi snákur
As seen on TV
MAGIC WIGGLERS
Töfrasnákurinn
259 KR.
-sló í gegn!
NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIKJÖT
Úrbeinað hangilæri
KÍLÓVERÐ NÚ:
2159 KR.
Merkt verð 2698KR.
Úrbeinaður frampartur
KÍLÓVERÐ NÚ:
1598 KR.
Merkt verð 1998KR.
Ekki bara 12.3% heldur:
20% afsláttur við kassann
Ekki bara 12.3% heldur:
30% afsláttur við kassann
Úrbeinað hangilæri
KÍLÓVERÐ NÚ:
1889 KR.
Merkt verð 2698KR.
Fjalla HANGIKJÖT
Úrbeinaður frampartur
KÍLÓVERÐ NÚ:
1398 KR.
Merkt verð 1998KR.



tilboð frá Bónus!
EKKERT BRUÐL
DRAUMA morgunverður og lokkandi kvöldverður!
ALI BEIKON
1203 kg KR.
Merkt verð 1719 KR.
30% afsláttur við kassann
6 VISTVÆN EGG
259 KR.
Bónus býður betur!
Allir bestu molarnir í einum kassa!
Fylltir og frábærir 650g
Konfekt
FYLLTIR MOLAR
1298 KR.
650g
20% sósufylling er í nýja Bónusísnum
Nýtt!
BÓNUS Vanilluís
EINN LÍTRI
259 KR.
XXL risapitsa
FRESCHETTA
XXL
800g
PIZZA SPECIALE
760/800g
498 KR.
pitsan
QUATTRO FORMAGGI
Sauce Filled
760g
Kryddsíld
Hvítlaukssíld
Sinnepssíld
Marineruð síld
BÓNUS
600g
259 KR.
Bónussíld
Reyktur og grafinn lax frá Norðanfiski
REYKTUR/GRAFINN LAX
kílóverð nú:
1198 KR.
Merkt verð 1599 KR.
Lax
Heilt KÍLÓ af konfekti
HEILT KÍLÓ!
998 KR.
BÓNUS konfekt
FRAMPARTUR MEÐ BEINI
KÍLÓVERÐ NÚ:
639 KR.
Merkt verð 799 KR.
Ekki bara 12.3% heldur:
20% afsláttur við kassann
NORÐLENSKT OFAREYKT HANGIKJÖT
KJARNAFÆÐI
BÓNUS GRAFLAXSÓSA
179 KR.
350 ml
Graflax sósa
norðanfiskur
GRAFINN LAX
Stórt útikerti
ÚTIKERTI
369 KR.
-stemningin...
LANGVINSÆLASTA hangikjötið í Bónus!
www.bonus.is
BÓNUS

## Tímaás atburða

**04.43** Lögreglan í Sandgerði fær tilkynningu þess efnis að Wilson Muuga hafi strandað þrjár sjómílur úti af Sandgerði, skammt frá bænum Hvalsnesi.

**05.07** Tilkynnt er um leka í skipinu. Skömmu síðar berst önnur tilkynning um að töluverður sjór sé í vélarrúmi. Skipstjórinn á Wilson Muuga biður í kjölfarið um dráttarbát en sendir ekki út neyðarkall vegna ástandsins. Danska varðskipið Triton og björgunarskip frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg koma fyrst skipa á vettvang.



**06.00 til 08.00** Átta skipverjar af varðskipinu Triton fara í áttina að Wilson Muuga á gúmmíbát. Gúmmíbátnum hvolfir um á leið sinni frá flutningaskipinu og skipverjarnir lenda allir í sjónum. Þyrlur Landhelgisgæslunnar eru í kjölfarið kallaðar út til að leita



mannanna og tekst fljótlega að bjarga sjö mönnum úr sjónum. Einn þeirra er í lífshættu vegna ofkælingar þegar honum er bjargað. Áttundi maðurinn finnst látinn skömmu síðar. Mennirnir sjö eru fluttir til aðhlynningar á Heilsugæslustöðina í Keflavík.



**09.55** Íslensku varðskipin Týr og Ægir koma á strandstað en þau þurftu að sigla úr Reykjavík og Vestmannaeyjum. Lögreglumaður og stýrimaður Landhelgisgæslunnar síga úr þyrlu Landhelgisgæslunnar niður í Wilson Muuga til þess að kanna aðstæður.



**12.45 til 14.00** Hluti áhafnar Wilson Muuga er fluttur í land um skömmu fyrir eitt og öll áhöfnin, samtals tólf manns, rúmlega klukkutíma síðar.

**13.00** Fulltrúar Siglingastofnunar og Umhverfisstofnunar, auk sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli, eru komnir á staðinn og fara yfir málin með þeim sem stýra aðgerðum á vettvangi. Skipið er stöðugt á strandstað en hefur snúist lítillega frá því það strandaði fyrr um morguninn.




**Á STRANDSTAÐ** Stýrimaður Landhelgisgæslunnar og lögreglumaður sigu um borð í Wilson Muuga skömmu fyrir hádegi í gær til að kanna ástandið um borð. Í kjölfarið var öll áhöfnin flutt til lands í þremur ferðum með þyrlu Landhelgisgæslunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hætta á umhverfisslysi af völdum olíuleka úr skipinu

**Flutningaskipið Wilson Muuga strandaði á Hvalsnesfjöru í Sandgerði eldsnemma í gærmorgun. Tólf skipverjum hafði verið bjargað í land skömmu fyrir klukkan þrjú. Hætta er á umhverfisslysi ef olía lekur í sjóinn. Skipið var á leið frá Grundartanga til Múrmansk í Rússlandi. Talið er að sjálfstýring hafi bilað.**

**SJÓSLYSIÐ** Flutningaskipið Wilson Muuga, skráð hjá kýpverska félaginu Unistar Shipping Company, sem er í eigu Nesskipa, strandaði 300 metra í Hvalsnesfjöru í Sandgerði á flóði í gærmorgun þegar sjálfstýring skipsins bilaði. Björgunarskipin Hannes Hafstein í Sandgerði og Oddur V. Gíslason í Grindavík voru þegar kölluð út auk björgunarsveitarmanna á Suðurnesjum.

Flutningaskipið strandaði upp úr klukkan hálffimm. Danska varðskipið Triton var fyrir utan og hélt þegar á strandstað. Varðskipið komst á staðinn og náði að setja út léttabát en ekki tókst betur til en svo að átta menn fóru í sjóinn. Einn fórst. Skömmu síðar voru björgunarsveitarmenn af höfuðborgarsvæðinu kallaðir út.

Um borð í Wilson Muuga voru ellefu rússneskir og pólskir sjómenn. Skipstjórinn er rússneskur. Skömmu eftir hádegi var TF-LÍF búin að koma tveimur fulltrúum lögreglunnar og Landhelgisgæslunnar út í skipið. Bið varð á því að ferja skipverjana í land og tók þyrlan þá ekki í land fyrr en um tvöleytið. Það var lína komin úr í skipinu í land.

Gunnar Stefánsson, sviðsstjóri björgunarsviðs hjá Landsbjörg, segir að leki hafi komið að skipinu og sjór streymt inn í vélarrúmin og lestarnar en skipverjar haft undan við að dæla úr því meðan þeir voru um borð. Óttast er að skipið brotni í fjörunni.

Wilson Muuga var á leið frá Grundartanga til Múrmansk í Rússlandi. Það hafði losað kvarts á Grundartanga og var ekki með neinn farm. Um borð voru þó 185 tonn af svartolíu og hráolíu neðst í skipinu. Björgunarmenn, eigendur og umhverfisyfirvöld í Sandgerði höfðu áhyggjur af því að olían færi í sjóinn en Hvalsnes er friðað fuglaverndarsvæði og skammt frá strandstað er stærsta æðarvarp á Suðurnesjum. Olían hefði því getað valdið óbætanlegu tjóni.




Stefnt er að því að flytja slöngur, olíubíla og annað búnað út í Hvalsnesfjöru til að dæla olíunni neðst upp úr skipinu og forða olíuleka. Íslenskir aðalverktakar byrjuðu síðdegis að leggja veg út í fjöruna til að auðvelda mönnum að tæma olíu úr skipinu.

Alls tóku rúmlega hundrað manns þátt í aðgerðum. Björgunaraðgerðum var lokið skömmu fyrir klukkan þrjú í gær. Björgunarsveitarmenn voru á vakt á staðnum í nótt. **ghs@frettabladid.is**

Gunnar Stefánsson blaðafulltrúi Landsbjargar:

## Óttast að skipið liðist í sundur

Flutningaskipið Wilson Muuga liggur með rifinn botn á hrauni og grjóti í Hvalsnesfjöru. Áhyggjur snerust um það í gær hvernig færi fyrir skipinu í vondu veðri og erfiðum aðstæðum á slysstað. Óttast var að skipið myndi leggjast á hliðina og liðast í sundur í briminu og þá færi hugsanlega olía í sjóinn.

Gunnar Stefánsson, sviðsstjóri björgunarsviðs Landsbjargar, sagði að björgunaraðgerðir hefðu gengið vel og reynt yrði að minnka líkur á umhverfismengun. Ef allt gengi vel í nótt yrði olíunni dælt í land í dag. Undirbúningur hófst síðdegis í gær. „Ég vona að dæmið með Vikartind sé ekki að endurtaka sig,“ sagði hann.

Wilson Muuga liggur í Hvalsnesfjöru um einn kílómetra suður af Hvalsneskirkju.

**- ghs**



**BLAÐAFULLTRÚI LANDSBJARGAR** „Ég vona að dæmið með Vikartind sé ekki að endurtaka sig,“ sagði Gunnar Stefánsson, blaðafulltrúi Landsbjargar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Á LEIÐ Í YFIRHEYRSLU** Skipverjarnir voru fluttir í félagsheimili Sigurvonar.

Skipverjarnir í Sandgerði:

## Biðu þess að vera yfirheyrðir

Tólf skipverjar á flutningaskipinu Wilson Muuga voru fluttir í land með TF-LÍF milli tvö og þrjú síðdegis í gær. Mennirnir voru strax teknir inn í bíl hjá björgunarsveitinni Sigurvon í Sandgerði og fluttir þaðan í félagsheimili sveitarinnar þar sem rannsóknarlögreglan ætlaði að yfirheyra þá. Létt var yfir mönnunum fyrir utan félagsheimilið síðdegis í gær og virtist strandið ekki hafa haft mikil áhrif á þá. Mönnunum var bannað að ræða við fjölmiðla. **- ghs**




Hangikjötshúsin í Nettó standa fyrir sínu

Fáðu alvöru hangikjöt hjá fagmönnum

# Gleðileg jól

Hangikjötshúsin eru í Nettó Mjódd og Nettó Akureyri

**allt í matinn á einum stað**

Birt með fyrirvara um prentvillur
www.netto.is

netto
Akureyri - Mjódd Reykjavík



**Á VETTVANGI** Guðmundur Ásgeirsson fylgdist með björgunaraðgerðum.

Stjórnarformaður Nesskipa:

## Tók á móti skipverjum á strandstað

Guðmundur Ásgeirsson, stjórnarformaður Nesskipa, var á strandstað flutningaskipsins Wilson Muuga í allan gærdag, fylgdist með björgunaraðgerðum og tók á móti skipverjum þegar þeir komu úr þyrlunni eftir hádegið. Mátti meðal annars sjá hann faðma yfirvélstjórann skömmu áður en hann steig upp í bíl björgunarsveitarinnar Sigurvonar.

Guðmundur var fáorður um strandið en hafði eftir skipstjóra að sjálfstýring skipsins hefði bilað, handstýring hefði ekki gengið nógu vel og skipið hefði steytt á skeri upp úr fjögur í gærmorgun.

Wilson Muuga hefur verið í eigu Nesskipa frá 1979. Það hét áður Selnes.

- ghs

Reynir Sveinsson, slökkviliðsstjóri í Sandgerði, um mengunarhættu á strandstað:

# Aðstæður til mengunarvarna afar slæmar

Reynir Sveinsson, slökkviliðsstjóri í Sandgerði, segir að ekki verði hægt að hreinsa olíuna ef hún fer í sjóinn á slysstað, eins og allt benti til að myndi gerast í gærkvöldi, þar sem svo mikið brim sé á þessum stað. Hann taldi að eins og hálfs metra gat hefði komið á skipið.

„Hráolía gufar fljótlega upp en það er verra með svartolíuna. Allar fjörur hér eru friðaðar og hér er merkilegt fuglalíf. Hér aðeins norðar er æðarvarp, stærsta æðarvarpið á suðvesturhorni landsins,“ sagði hann.

Reynir kom á strandstað í gær til að fylgjast með umhverfismálunum. Hann sagði strandið slæmt en nauðsynlegt væri að safna búnaði til að dæla olíunni frá borði. „Við verðum að vera tilbúnir ef eitthvað kemur upp á. Ef olía fer í sjóinn er það vandamál Sandgerðisbæjar,“ sagði hann.

Reynir taldi aðstæður afar slæmar til mengunarvarna, bæði var veður slæmt og spáin ekki góð í gærkvöld. Þá er „alltaf brim á þessum stað, það yrði að vera logn ef við ættum að koma girðingu kringum mengunarblett,“ sagði hann og taldi ekki líklegt að það myndi takast.

Reynir benti á að Wilson Muuga hefði „straujað yfir“ sker á stað þar sem er bæði grjót og grynningar og brimar langt út fyrir strandstaðinn. „Þetta lofar ekki góðu en auðvitað á maður aldrei að segja aldrei.“ - ghs



**BJÖRGUNARAÐGERÐIR** A annað hundrað björgunarmanna unnu hörðum höndum á vettvangi þegar mest var. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

# Utanborðsmótorar á bátnum gáfu sig

**Átta skipverjar af varðskipinu Triton fengu skipun frá skipstjóra sínum um að fara á gúmmíbáti í átt að Wilson Muuga til hjálpar. Utanborðsmótarar gáfu sig í vondu veðri og skyggni. Danski sjóherinn rannsakar hvað olli dauðaslysinu.**

Skipverjar á danska varðskipinu Triton tilkynntu skipstjóranum, Ulf Michael Bettelsen, að utanborðsmótarar á gúmmíbát þeirra hefðu gefið sig og þeir þyrftu á hjálp að halda hið fyrsta. Skömmu síðar missti Triton talstöðvarsamband við skipverjana á gúmmíbátnum.

Þetta staðfesti Klaus Randrup, yfirmaður upplýsingamála hjá danska sjóhernum, í samtali við Fréttablaðið í gær en einn skipverjanna átta, Jan Nordskov Larsen, lést eftir að gúmmíbátnum hvolfdi í miklum sjó skammt frá strandstað flutningaskipsins Wilson Muuga.

Skipverjar á Triton verða yfirheyrðir í dag af starfsmönnum deildar innan danska sjóhersins sem sér um að rannsaka dauðaslys sem verða í aðgerðum sjóhersins. „Tildrög slyssins og málsatvik öll verða rannsökuð af sérstakri deild innan sjóhersins. Menn frá sjóhernum eru væntanlegir til Íslands á morgun [í dag] og þeir munu yfirheyra skipverja á Triton um atburðarásina sem leiddi til þessa hörmulega slyss. Skipstjórinn [Ulf Michael Bettelsen] mat það svo að áhöfnin á Wilson Muuga væri í hættu vegna leka og tók ákvörðun um að senda skipverja á gúmmíbáti til hjálpar,“ sagði Klaus Randrup.

Ulf Michael, skipstjóri á Triton, gaf skipverjunum átta skipun um að halda í áttina að flutningaskipinu og reyna að bjarga áhöfn skipsins þar sem töluverður leki var farinn að gera vart við sig í vélarrúmi þess.

Skipverjunum tókst ekki að komast um borð í flutningaskipið sökum erfiðra aðstæðna.

Á leið sinni frá skipinu gáfu utanborðsmótorar bátsins sig og höfðu skipverjarnir þegar samband við stjórnhús Triton til þess að kalla eftir hjálp en skömmu síðar rofnaði talstöðvarsambandið milli Triton og bátsins.

Eftir að sambandið við gúmmíbátinn rofnaði standsettu skipverjar á Triton annan gúmmíbát en ekki tókst að finna hinn bátinn sökum slæms skyggnis og erfiðra aðstæðna. Var í kjölfarið beðið um aðstoð frá þyrlu Landhelgisgæslunnar.

Henni tókst að bjarga sjö af átta skipverjum en Jan Nordskov var eftir í sjónum meðvitundarlaus. Skömmu síðar tókst að ná honum úr sjónum en hann var þá látinn. magnush@frettabladid.is





**BJÖRGUNARAÐGERÐIR** Aðgerðir björgunarsveita, lögreglu og Landhelgisgæslunnar voru umfangsmiklar á slysstað í grennd við strandstaðinn, skammt frá bænum Hvalsnesi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslenskir aðalverktakir ruddu veg út í Hvalsnesfjöru í gær og var búist við að sú vinna myndi standa í nótt:

# Stefnt að því að dæla upp úr skipinu

Íslenskir aðalverktakar hófu vegagerð á slysstað seinnipartinn í gær og var búist við að sú vinna myndi standa í nótt. Stefnt er að því að koma búnaði til að dæla olíunni úr skipinu í fjöruna í dag og hefja dælingu upp úr skipinu.

Svartolían er þykk og erfið að dæla og eru um 125 tonn af henni, mun meira magn en af hráolíunni, sem er aðeins 25 tonn. Olían er neðst í skipinu. Þunnar slöngur þarf að nota við dælinguna því að olíunni verður dælt um langa leið beint úr skipinu í land ef allt fer að óskum.

Stefán Einarsson, fagstjóri hjá Umhverfisstofnun, og Gestur Guðjónsson, sérfræðingur hjá Olíudreifingu, komu á strandstað í gærmorgun til að fylgjast með björgunaraðgerðum frá sjónarmiði umhverfismála. „Við ætlum að bíða og sjá hvort skipið verður kyrrt á strandstað,“ sögðu þeir.

„Ef skipið leggst á hliðina getur hætta verið á ferð,“ sagði Gestur. „Það er ekkert hægt að gera nema undirbúa dælingu. Ef skipið hangir kyrrt í nótt verður hægt að reyna að dæla. Við erum að koma með slöngur, dælur, rafstöðvar og önnur tæki til að koma olíunni í land.“ - ghs





**VEGAGERÐ Á SLYSSTAÐ** Íslenskir aðalverktakar hófu vegagerð að slysstað í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sjö af átta björguðust:

## 25 ára skipverji týndi lífi

Danski skipverjinn sem fórst í björgunaraðgerðunum hét Jan Nordskow Larsen. Hann var 25 ára. Björgunarvesti hans rifnaði og vegna þess hve hann þyngdist þegar flotbúningur hans fylltist af vatni gátu félagar hans ekki bjargað lífi hans.



**JAN NORDSKOV LARSEN** Nord-

Sjö félögum hans af varðskipinu Triton var bjargað úr sjónum eftir að gúmbát þeirra hvolfdi. Einn var á tímabili í lífshættu vegna ofkælingar hann náði sér fljótt að sögn Sigurjóns Kristinssonar, yfirlæknis á Heilsugæslustöðinni í Keflavík. . - mh


BOSS
HUGO BOSS
SAND
strellson
eterna
gardeur®
HUGO
HUGO BOSS
CANALI
AJ ARMANI JEANS
FINUCCI
collezione
Benvenuto.
LLOYD
REDGREEN
BELLINI
collezione
bugatti
50 -70 %
AFSLÁTTUR AF
MERKJAVÖRU
Herra
lagerinn
outlet
Jólatilboð!
Ótrúleg verð!
Öll jakkaföt
17.980
VERÐ ÁÐUR 64.980 59.980 54.980 49.980 46.980 44.980 39.980
BELLINI
collezione
Leðurjakki
17.490
VERÐ ÁÐUR 34.980
BELLINI
collezione
Frakkar
14.990
VERÐ ÁÐUR 29.980
Breyttur
opnunartími til jóla:
14. til 21. des. opið 12 til 20
22. og 23. des. opið 12 til 22
Fullt af flottum fötum í jólapakkann!
SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN (VIÐ FAXAFEN)



Bestir í kjöti
NÓATÚN
Besti
hamborgarhryggurinn!*
Heitt með Heim
TILBOÐ!
Grillaður kjúklingur
1/1 KJÚKLINGUR
699
kr. stk.
Nóatúns
hamborgarhryggur
*Samkvæmt gæðakönnun sem birtist í DV 15. desember 2006
HÚSAVÍKUR KJÖT
Húsavíkur
hangikjöt
MALT
APPELSÍN
MALTEXTRAKT
Hátíðarblandan
Ris á l'amande
Sherry fromas
VISA
ICELANDAIR
Tvöfaldir Vildarpunktar
í desember

# Jólahefðir Nóatúns

NÓATÚN




Gerðu jólin auðveld og kræktu í uppskriftabækling í Nóatúni!

# Tilbúnir veisluréttir




NÓATÚN
Nýtt í Nóatúni

**Glæsilegar Nóatúns sérvörur sem unnar eru nákvæmlega eftir uppskriftum frá Meistarakokkum Nóatúns!**

*Nóatún býður upp á tilbúna sælkera- forrétti, sósur, meðlæti og eftirrétti sem spara þér undirbúning yfir hátíðarnar. Meistarakokkar Nóatúns hafa lagt nákvæma vinnu í að laða fram rétti sem eru eins og þeir komi beint úr eldhúsinu heima.*
*Verði þér að góðu!*

# Eigðu örugg jól með kjöti frá Nóatúni!



**10% afsláttur**

KALKÚNABRINGUR
M. DÖÐLUFYLLINGU, APRIKÓSUFYLLINGU EÐA ÁN FYLLINGAR
*Verð frá:* **2.238** kr. kg



KALKÚNN
FERSKUR
**1.098** kr. kg



LAMBALÆRI
ÚRBEINAÐ, FYLLT
**2.398** kr. kg



KENGÚRA
FILLET
**1.990** kr. kg



GRÍSAHRYGGUR
MEÐ PÖRU
**1.198** kr. kg

*Verði ykkur að góðu!*



**JÓLATRÉ VIÐ MOSKU** Risastórt jólatré hefur verið sett upp við þessa mosku í miðborg Beirút innan um tjöld mótmælenda, sem hafa í nærri þrjár vikur krafist þess að forsætisráðherra landsins segi af sér. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjölþjóðaviðræður í Peking um afvopnun á Kóreuskaga:

# Fjármáladeila rædd sérstaklega

**PEKING, AP** Fulltrúar bandarískra og norður-kóreskra stjórnvalda, sérhæfðir í fjármálum, hittust á lokuðum fundi í Peking í gær til að ræða aðgerðir Bandaríkjastjórnar til að einangra Norður-Kóreu frá hinu opinberu fjármálakerfi heimsins, en þær voru aðalásteytingarsteinninn sem Norður-Kóreumenn gáfu upp sem ástæðu fyrir því að þeir hættu fyrir þrettán mánuðum þátttöku í sex-velda-viðræðunum svonefndu um afvopnun á Kóreuskaga.

Fundurinn var haldinn í tengslum við fyrstu lotu sex-velda-viðræðnanna síðan Norður-Kóreumenn höfu að sniðganga þær í nóvember í fyrra. Í brennidepli viðræðnanna í gær var framkvæmd afvopnunarskuldbindinga sem fulltrúar Norður-Kóreustjórnar skrifuðu undir í fyrra.

Norður-Kóreumenn féllust á að snúa aftur að samningaborðinu eftir að þeir höfðu sprengt fyrstu tilrauna-kjarnorkusprengju sína þann 9. október síðastliðinn og Bandaríkjastjórn féllst á að ræða fjármáladeiluna sérstaklega. Bandaríkjamenn saka norður-kóresk stjórnvöld um peningaþvætti, skipulega fölsun 100 dala-seðla og ólöglega sölu á gereyðingarvopnatækni og hafa því beitt sér fyrir fjármálalegri einangrun kommúnistaríkisins. - aa



**KJARNORKUMÓTMÆLI** Mótmæli gegn kjarnorkuvígvæðingu Norður-Kóreu í Seúl í gær.

Skógrækt ríkisins:

# Fjárlög lækka um 12 milljónir

**SKÓGRÆKT Alþingi hefur nú samþykkt fjárlög fyrir árið 2007 en þar er gert ráð fyrir 232 milljóna króna fjárveitingu til Skógræktar ríkisins á næsta ári. Þetta jafngildir 12,2 milljóna króna lækkun að raungildi fjár í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár. Skógrækt ríkisins gerði tillögu um 24 milljóna króna hækkun á framlagi þar af 14 milljónir vegna Hekluskóga.**

**Í fjárlögum verður fellt niður 7 milljóna króna tímabundið framlag til Hekluskóga. Þá lækkar 4,7 milljóna króna stofnkostnaðarframlag um hálfa milljón króna.** - hs

**SVÍÞJÓÐ**

**Sænskur stríðsglæpamaður**

Svíi, sem starfaði sem málaliði í króatíska varaliðinu, var á mánudag dæmdur fyrir stríðsglæpi í Bosníustríðinu. Var Arklov fundinn sekur um að hafa misþyrmt föngum í stríðinu og gert að greiða ellefu fórnarlömbum skaðabætur.


wolfcraft®

Verkfæri fyrir smiði og aðra laghenta

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM

MÚRBÚÐIN

Byggingavöruverslunin í Árbænum

Klettháls 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is


Pósturinn ræður 450 starfsmenn í aukavinnu vegna anna í jólamánuðinum:

# Jólakortin skipta fjórum milljónum

**FLUTNINGAR** Pósturinn flytur um fjórar milljónir jólakorta fyrir þessi jól og er sá fjöldi svipaður á milli ára. Jólapakkarnir eru einnig ófáir og nálgast þeir nú 100 þúsund fyrir þessi jól.

Anna Katrín Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri markaðs- og sölusviðs Póstsins, segir fjölda jólakorta hafa haldist svipaðan undanfarin ár þrátt fyrir tæknibyltinguna.

„Til að takast á við fjölgun viðskiptavina í desember ráðum við til okkar 450 auka starfsmenn um allt land sem vinna í útburði, útkeyrslu, flokkun og afgreiðslu. Þá bætum við fjórum jólapósthúsum við í desember en þau eru staðsett í Kringlunni, Smáralind, Mjóddinni og á Glerártorgi á Akureyri.“

Í dag er síðasti skiladagur fyrir jólakort innanlands og í dag nær törnin einnig hámarki á pósthúsum landsins. Anna Katrín segir að Pósturinn beri út jólapóst fram á aðfangadag en til að vera öruggt ætti fólk að senda jólakortin í síðasta lagi í dag.

„Það er alltaf eitthvað um illa merktan póst og rétt að brýna fyrir fólki að merkja umslögin vel. Á síðunni okkar www.postur.is er einnig að finna póstfangagrunn þar sem hver og einn getur gert sinn eigin jólakortalista. Ef breytingar verða á heimilisfangi fólks á milli ára færast þær breytingar sjálfkrafa inn á listann sem getur verið mjög handhægt.“

Anna Katrín segir það vissan passa að hingað berist bréf merkt jólasveininum á Íslandi en þau eru send áfram á Mývatn þar sem þeim er svarað og svörin síðan send aftur til sendanda.



**ANNA KATRÍN HALLDÓRSDÓTTIR** Pósturinn flytur ógrynni jólakorta og jólagjafa fyrir jólin og pakkarnir nálgast nú 100 þúsund það sem af er desembermánuði.

Opið er á öllum pósthúsum landsins á Þorláksmessu og aðfangadag en opnunartíminn er misjafn eftir stöðum. Upplýsingar um opnunartíma Póstsins fram að jólum má finna á heimasíðu hans en er einnig auglýstur á hverjum stað. - hs




# ÁRITUN




**Ragnheiður Gröndal**
**Áritar í kvöld**
í Kringlunni klukkan 19:00 og
í Smáralind klukkan 21:00

Ragnheiður Gröndal hefur verið að fá frábæra dóma fyrir þessa plötu. Nældu þér í eintak.

Ragnheiður Gröndal
Þjóðlög
~~2.199~~
1.999




~~2.199~~
1.999

Jól og blíða
Baggalútur

CD+DVD




~~2.599~~
2.399

Love
The Beatles




~~2.199~~
1.999

Álfar og fjöll
Friðrik Karlsson og Þórunn Lár

NÝTT




1.499

Karíus og Baktus
Leikfélag Akureyrar
og 200.000 Nagbítar

DVD



2.299

Ice age 2
DVD

DVD




2.299

Cars
DVD

DVD




2.299

Over the Hedge
DVD

DVD




2.299

Rauðhetta
DVD

## ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI

30 ÁRA
SKÍFAN Í 30 ÁR

## „ORÐRÉTT“

### Áhrifagjörn börn

**„Barn sem Morgunblaðið spurði í gær hafði heyrt að „einhver frægur karl“ hefði gert þetta fyrst.“**

SKAPTI HALLGRÍMSSON HJÁ MORGUNBLAÐINU REYNIR AÐ KOMAST AÐ UPPRUNA ÞEIRRAR TÍSKU AÐ SLETTA HENDI, SEM GETUR SKEMMT LIÐAMÓT.

**Morgunblaðið, 19. desember**

### Minkarnir anda léttar

**„Nú kemur það fyrir að konur koma inn og ákveða frekar að kaupa sér nýja umgjörð fyrir jólin heldur en enn eina kápuna.“**

RÜDIGER ÞÓR SEIDENFADEN, EIGANDI GLERAUGNASÖLUNNAR, HUGSAR SÉR GOTT TIL GLÓÐARINNAR FYRIR JÓLIN.

**Miðbæjarblaðið, 2. tbl, desember**

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** BJARTMAR GUÐLAUGSSON LISTAMAÐUR

## Heldur jólin á hefðbundinn hátt

„Nú er ég kominn til Reykjavíkur þar sem ég mun halda jól með fjölskyldu minni en mín fasta búseta er austur á Eiðum þar sem ég held vinnustofu og heimili. Fyrir skömmu tók ég þátt í sýningunni „Dýrið í mér“ þar sem ég sýndi nokkur verka minna en nú er ég á fullu í tónlistinni og stefni að því að gefa út nýja plötu næsta sumar ásamt endurútgáfu á eldra efni.“



Bjartmar flutti austur fyrir þremur árum og unir sér vel í sveitinni. „Ég kann vel við mig í nágrenni við náttúruna og það má segja að þetta sé eins og að búa í póstkorti. Ég mun halda jól með fjölskyldu minni og við höldum jól á hefðbundinn hátt. Þetta er hátíð ljóssins og ég fagna því ávallt þegar dagarnir fara að lengjast að nýju.“

Bjartmar stressar sig ekki mikið á jólaundirbúningnum og segir hann konu sína sjá um að kaupa flestar jólagjafirnar þótt hann sé hafður með í ráðum. „Mitt hlutverk er hins vegar skatan sem er matreidd á Þorláksmessu og við það tækifæri koma gamlir félagar til mín. Þá tek ég að mér matreiðslu hangikjötsins en það höfum við sem viðbit á jóladag. Á aðfangadagskvöld erum við hins vegar með önd en það er siður sem við tókum með okkur frá Danmörku þegar við fluttum þaðan.“

Bjartmar vill að lokum koma á framfæri jólakveðju til þeirra sem hann nær ekki að hitta í þessari ferð og þakkar vinum og kunningjum samveru á liðnum árum.

## FUGLATEGUNDIR HEIMSINS:

### UM 130 ÚTDAUÐAR

Í dag eru á bilinu 8.800 til 10.200 fuglategundir í heiminum, eftir því hvaða flokkunarkerfi er notað. Um 130 hafa orðið útdauðar eftir að maðurinn kom til sögunnar. Meðal útdauðra fugla má nefna dódófuglinn sem varð útdauður um miðja 17. öld, íslenska geirfuglinn og farþegadúfuna, sem var um tíma fjölmennasta fuglategund í heimi en var veidd í hel í upphafi síðustu aldar.



## SJÓNARHÓLL

### KRÓNA EÐA EVRA



ARNDÍS BJÖRG SIGURGEIRSDÓTTIR
Verslunareigandi

### Vesen að skipta í gjaldeyri

„Já og nei til skiptis,“ segir Arndís Björg Sigurgeirsdóttir, eigandi bókabúðarinnar Iðu við Lækjargötu, um það að Ísland losi sig við krónuna og taki upp evruna í staðinn. „Ef við verðum ein eftir hér með krónuna er það já, og það er bölvað vesen í sambandi við öll þessi ferðalög að vera alltaf að skipta í gjaldeyri. En á hinn bóginn myndi það verða mikill kostnaður fyrir verslunarmenn að skipta yfir í nýjan gjaldmiðil.“

Þær fréttir bárust í gær að fjárfestingabankinn Straumur-Burðarás hefði ákveðið að gera upp í evrum í stað íslenskra króna frá og með áramótum. Segir forstjóri bankans það gert með langtímahagsmuni í huga, en önnur fyrirtæki, svo sem Össur, Bakkavör og Marel, gefa upp í erlendri mynt.

Arndís Björg er á svipaðri skoðun. „Til lengri tíma litið verður það gott fyrir landann að taka upp evruna.“

# Fágætir fuglar til sölu

**Þeim Dísu og Steina semur illa þar sem þau standa hvort ofan á sínu búrinu og láta goggana mætast. Dísa er kakadúfugl ættaður frá Ástralíu og kostar um 450.000 krónur. Steini er það sem kallað er „double yellow head“-páfagaukur frá Suður-Ameríku og kostar sýnu minna, um 350.000. Bæði eiga þau sameiginlegt að geta orðið um 80 ára gömul, fái þau gott heimili, og geta lært að tala.**

Dísa er nýkomin úr sóttkví og hefur verið fengin hingað til lands frá safnara í Hollandi. Steini er orðinn sex ára gamall og tilheyrði áður fötluðum strák sem neyddist til að láta hann frá sér þar sem foreldrarnir töldu sig ekki hafa nógan tíma fyrir bæði fugla og börn. Ólíklegt er að slíkir fuglar verði seldir hér á landi aftur í bráð, því báðir hafa nýlega komist á lista yfir dýr í útrýmingarhættu.

Gunnar Vilhelmsson, sem rekið hefur Dýraríkið við Grensás í 28 ár, segir verðið á stórum fuglum hafa hækkað í kjölfar fuglaflensufaraldursins. „Það var farið að halda að þeir væru eiturterroristar. En þeir eru fjórar vikur í sóttkví í heimalandinu og fjórar hér og eru því á allan hátt heilbrigðari en útifuglar.“ Nú er svo komið að íslenskir dýralæknar geta sinnt flestum dýrategundum, en fuglarnir, rétt og mennirnir, fara ekki varhuga af skammdegisþunglyndinu. „Myrkrið er þrúgandi fyrir þá. Þeir vilja hafa aldimmt á næturnar en það er nauðsynlegt að hafa ljósin á um daginn og setja þá út í glugga ef það er sólskin. Þeir geta líka fengið lungnabólgu af of miklum trekk.“



**ÁSTARFUGLAR** Þeir dafna best saman og því er best að kaupa tvo í einu. Hvor um sig kostar frá 12.000 krónum.
FRÉTTABLAÐIÐ/ RÓSA

Það er þó ekki nóg að hlúa að þeim líkamlega. „Þetta er lífstíðarskuldbinding, Fuglarnir þurfa mikinn félagsskap og hænast að einum eiganda. Ef böndin verða mjög sterk gerist það að fuglinn fellur frá skömmu á eftir eigandanum og getur ekki hugsað sér að lifa án hans.“

Gott er þó að hugsa sig um áður en lífsförunautur er valinn. „Yfirleitt er þetta sameiginleg ákvörðun hjóna. Ég man dæmi um mann sem hafði lengi langað í kakadúfugl og lét panta einn slíkan, en láðist að segja konunni frá. Hún lokaði dyrunum að sér og neyddi hann til að velja á milli sín og fuglsins. Við tókum aftur við fuglinum og tókst að finna honum annað heimili sjö mánuðum síðar,“ segir Gunnar. Það kemur oft fyrir að hann hafi sjálfur tekið að sér dýr sem hafa veikst og því ekki verið hægt að selja. Nú á hann þó einungis hund og kött, en hann dreymir um að eiga garðstofu með trjám, fuglum og fiskum.

Fyrir þá sem láta hugann skipta mestu er hægt að gefa ástinni sinni ástarfugla, en nafnið kemur til af því hvað þeir sitja þétt saman. Ekki er þó allt sem sýnist í ástarmálum þeirra.

„Stóru fuglarnir para sig fyrir lífstíð eins og svanir, en minni fuglarnir eru fjöllyndari. Séu karl og kona sett saman í búr er þó betra að annað sé eldra en hitt, því annars vita þeir ekkert hvað þeir eiga að gera. “ **valurg@frettabladid.is**



**KAKADÚFUGLINN DÍSA** Dýrasti fugl landsins.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**GUNNAR Í DÝRARÍKINU** Hefur rekið búðina í 28 ár, hér er hann með suður-afrískan grágauk sem kostar 295.000 krónur hjá Gunnari.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Veitingastaður IKEA
opnar kl. 9:00
verslun opnar kl. 10:00

MORGUNMATUR
mánudaga - laugardaga



195,-
2 rúnstykki, 1 egg, skinka, ostur, smjör, sulta og heitur drykkur

IKEA

IKEA Restaurant & Café

Þú átt allt gott skilið!

© Inter IKEA Systems B.V. 2006

# Varúðarmiðar á auglýsingar

Hópurinn Sól í Straumi undirbýr nú fremur óhefðbundnar auglýsingar til að mótmæla stækkun álversins í Straumsvík. Hópurinn er að undirbúa mótauglýsingar, þar sem auglýsingar álversins eru merktar eins og sígarettupakkar.

„Við erum þeirrar skoðunar að kynningarefni fyrirtækja eigi að vera merkt varúðarmiðum eins og tóbak og lyf. Við köllum þetta Lýðræðisembættið, því það er lýðræðislega ekki forsvaranlegt að fyrirtæki fái að vaða uppi með hvaða kjaftæði sem er,“ segir Pétur Óskarsson, talsmaður hópsins.

„Við viljum þvinga þá til að setja staðreyndir málsins á kynningarefnið, því skynsemi bæjarbúa er helsti andstæðingur stækkunarinnar og því viljum við að allt komi fram.“

En ætti það þá ekki í raun við um allar auglýsingar og kosningaáróður?

„Það er enginn rekstur sem er með svona víðtæk áhrif. Ef það stæði til að byggja hér hátæknidorp eða háskólasvæði myndi það ekki menga út frá sér.“

Fyrirhugað er að kjósa um málið snemma á næsta ári. „Þetta er í fyrsta sinn sem svona mál fer fyrir almenning, en það er ekkert mótframboð. Við erum annars vegar með fyrirtæki sem er með margar milljónir og hins vegar fólk sem á engan pening.“ Pétur segist þó ánægður með að kosið verði um það sérstaklega þar sem það var ekki gert að kosningamáli í bæjarstjórnarkosningum, en hann telur málið varða þjóðina alla.

- vg



**SÓL Í STRAUMI** Ein af væntanlegum auglýsingum þeirra gegn álverinu.



LATI BÆR™
Nýjar Vörur
Flíspeysa 3.999.-
Flísvesti 2.999.-
Flísbuxur 2.999.-
Línuskautar 7.999.-
Hárband 1.299.-
Húfa 1.499.-
Hjálmur 3.999.-
DVD 1.999.-
Gildir á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Glæsilegt úrval gjafava
# ... og nú í alls 12

**MERKIN OKKAR TRYGGJA GÆÐIN**



## Vinsælasta jólagjöfin í ár!

Ávaxta- og grænmetis-safapressan frá SOLIS.
Jólaverð kr.: 15.900.

*Hollustan beint í æð!*



**JAMIE OLIVER**
EÐAL POTTAR OG PÖNNUR
FRÁ JAIME OLIVER OG TEFAL
Jólaverð frá kr.: 5.600



Úrvals hnífar = Vönduð matargerð.
Mikið úrval.



Morphy Richards
Matvinnsluvél
GD48 950
Fjöldi fylgihluta t.d. fín og gróf rifjárn.
Þeytari.
700 wött.
Jólaverð kr.:
21.900



SOLIS
Hágæða
Espresso Pro
kaffivél.
Jólaverð kr.:
29.900



**AEG**
*„ALGJÖR HIMNASENDING.!"*

AEG UPPÞVOTTAVÉL
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
Orkunýtni: A / Þvottahæfni: A / Þurrkhæfni: A
Einstaklega hljóðlát – aðeins 41 Db
Kr. 89.000 Stál · Kr. 79.000 Hvít



SOLIS
PALAZZO
Margverðlaunuð espresso kaffivél.

Jólaverð kr.:
69.900



AEG AT260
Einfaldlega klassísk brauðrist sem endist lengi.

Jólaverð kr.:
5.990



Ryksugur
eins og þær gerast bestar!

Jólaverð frá kr.:
10.900



Afar traust mínútugrill frá TEFAL
*Ummmm ...*
Jólaverð frá kr.: 8.990.



Dásamlegar, nýbakaðar vöfflur – með hjálp TEFAL.

Jólaverð frá kr.: 3.990.

„FLAME" frá Emile Henry
Frönsk leirvara.
Eftir sótt um alla Evrópu.



## Á JÓLATILBOÐSVERÐI!



Lavamat 52820 · Lavatherm 57820

AEG ÞVOTTAVÉL (1200 sn/mín) OG ÞURRKARI
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
**JÓLATILBOÐ: 155.000 kr.**

## SAMSUNG kæli- og frystiskápar – fullkomna gott eldhús!



**NÝTT!** SILVER NANO

Ný tækni – lengir líftíma matvæla í kæiskápnum og eyðir bakteríum.

Lakkað stál - kámfrítt.
SAMSUNG RS21KCSM

- Kælir og frystir
- 176 x 91 x72 cm
- Tvö kælikerfi
- Klakavél og kalt vatn
- Sér kælihólf í skápnum til að afþýða eða hraðkæla.
- Kælir 334 ltr og frystir 186 ltr. – alls 520 ltr.
- Orkunotkun 528 kwh á ári.

**JÓLATILBOÐ KR. 199.900.-**

**ORMSSON · Lágmúla 8 og Síðumúla 9**
**Opnunartími í desember 2006:**

| | | |
|---|---|---|
| Laugardagur | 16. des. | Kl. 11-18 |
| Sunnudagur | 17. des. | Kl. 13-18 |
| Mánud. – fimmtud. | 18. –21.des. | Kl. 09-20 |
| Föstudagur | 22. des. | Kl. 09-22 |
| Þorláksmessa | 23. des. | Kl. 10-23 |
| Aðfangadagur | 24. des. | Kl. 10-12 |

**ORMSSON · Smáralind**
**Opnunartími í desember 2006:**

| | | |
|---|---|---|
| Laugardagur | 16. des. | Kl. 10-22 |
| Sunnudagur | 17. des. | Kl. 11-22 |
| Mánud. – föstud. | 18. –22.des. | Kl. 11-22 |
| Þorláksmessa | 23. des. | Kl. 10-23 |
| Aðfangadagur | 24. des. | Kl. 10-13 |

KVIKA BIRT MEÐ FYRIRVARA UM INNSLÁTTARVILLUR OG MYNDBRENGL.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Bráðavandi á Náttúrufræðistofnun:

## Menningarverðmæti í hættu

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Minnstu munaði að mikil menningarverðmæti í eigu Náttúrugripasafns Íslands yrðu fyrir vatnstjóni í vikunni sem leið. Meðal gripa sem við lá að skemmdust var síðasti geirfuglinn, sem með samstilltu átaki var keyptur hingað til lands fyrir metfé snemma á áttunda áratugnum. Þarna skall hurð nærri hælum og þakka má fyrir að ekki fór verr.

Heppnin var ekki eins hliðholl Náttúrufræðistofnun í sumar sem leið þegar um 2.000 sýnum og rannsóknargögnum í eigu safnsins var hent eftir að rafmagnstruflanir höfðu orðið í frystigeymslu þar sem gögnin voru varðveitt.

Ófarir Náttúrufræðistofnunar og Náttúrugripasafnsins hafa gefið tilefni til að minna á óhemjubágan húsakost sem stofnunin býr við í skrifstofuhúsnæði við Hlemm og safnkost og gögn sem eru í geymslum hér og þar.

Einnig hefur verið rifjað upp að árið 1991 gerðu ríkið, Reykjavíkurborg og Háskóli Íslands með sér samkomulag um að reisa Náttúruhús í Vatnsmýri, á lóð milli Öskju, húss raunvísindadeildar Háskóla Íslands, og Norræna hússins. Enn mun gert ráð fyrir Náttúruhúsi á þessari lóð samkvæmt skipulagi. Hús þetta átti að rísa á árunum 1994 til 1998 en dagaði uppi án þess að aðrar ákvarðanir um framtíðarhúsnæði stofnananna tveggja væru teknar.

*Þjóð sem hirðir ekki betur um menningarverðmæti sín getur vart staðið undir nafni sem menningarþjóð.*

Ríkisstjórnin ræddi í gær á fundi sínum, að frumkvæði Jónínu Bjartmarz umhverfisráðherra, um málefni Náttúrufræðistofnunar Íslands og tilefnið var ærið. Auk þess sem rætt var um bráðan vanda í geymslumálum safnsins voru helstu niðurstöður ríkisstjórnarinnar að ekki væri vilji til að skilja Náttúrugripasafnið og Náttúrufræðistofnun að og því ólíklegt að safninu yrði fundinn staður á landsbyggðinni. Að öðru leyti er þjóðin engu nær um framtíð Náttúrufræðistofnunar og Náttúrugripasafns.

Varðveisla gagna og safnkosts Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúrugripasafnsins er óviðunandi og til háborinnar skammar. Sömuleiðis allur annar aðbúnaður stofnananna, til dæmis aðstöðuleysi til sýninga á safnkosti sem þó er fyrir hendi. Á vegum Náttúrufræðistofnunar eru varðveittar um fimm milljónir náttúrugripa sem engan veginn nýtast sem skyldi, hvorki til rannsókna né á sýningum fyrir almenning og ferðamenn. Þjóð sem hirðir ekki betur um menningarverðmæti sín getur vart staðið undir nafni sem menningarþjóð.

Fréttir undanfarinna vikna og mánaða af skemmdum á gögnum og safnkosti sem við lá að skemmdist gefa einnig tilefni til að velta því upp hvort hugsanlega sé víðar pottur brotinn í varðveislu menningarverðmæta og rannsóknargagna íslenskra safna og stofnana.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚAR RITSTJÓRA:** Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Framboðslisti klár

Sjálfstæðismenn í Reykjavík hafa loksins komið sér saman um framboðslista fyrir alþingiskosningarnar næsta vor. Uppstillingarnefnd hefur fundað stíft undanfarnar vikur til að raða fólki í neðri sæti listans, sem verður staðfestur á fundi fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna á morgun. Efstu tólf sætin voru ákveðin í prófkjöri í lok október síðastliðins þar sem Dögg Pálsdóttir og Grazyna Okuniewska urðu síðastar. Erla Ósk Ásgeirsdóttir mun væntanlega skipa þrettánda eða fjórtánda sæti. Þá mun Björn Ársæll Pétursson hafa ætlað að skipa sæti við hlið Erlu en hætt við á síðustu stundu.



### Skagfirðingar kvarta

Margir stuðningsmenn Sjálfstæðisflokksins í Skagafirði eru ósáttir við framboðslista flokksins í Norðvesturkjördæmi. Segjast þeir ekki eiga neinn fulltrúa á listanum. Að vísu skipar Magnea Guðmundsdóttir, húsfreyja í Skagafirði, sjöunda sætið. Hún mun hins vegar vera nýflutt í fjörðinn og því ekki talin „heimamaður". Það er því af sem áður var þegar Skagfirðingar höfðu öflugan málsvara í Vilhjálmi Egilssyni, sem nú stýrir Samtökum atvinnulífsins.



### Jafnréttismálum ábótavant

„Þá má telja ljóst að jafnréttisáætlanir HÍ eru orðin tóm þegar kemur að ráðningum," segir Kristrún Heimisdóttir, lögfræðingur stærðfræðingsins Freyju Hreinsdóttur, sem fékk ekki stöðu sem auglýst var hjá stærðfræðistofu Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands. Karlmaður var ráðinn og vann Freyja málið fyrir kærunefnd jafnréttismála. Kristrún rifjar upp að Anna Ingólfsdóttir hafi unnið mál fyrir kærunefndinni í júní síðastliðnum vegna annarrar stöðuveitingar. Síðar var hún ráðin fyrsti íslenski prófessorinn í tölvunarfræði við Háskólann í Reykjavík.

bjorgvin@frettabladid.is

# Straumar samtímans



JÓN ORMUR HALLDÓRSSON

**Í DAG** | Heimsmálin

Ártalið 2006 mun ekki oft sjást í sögubókum framtíðarinnar. Á árinu mátti þó vel greina þá þungu strauma sem móta samtíð okkar og framtíð. Hverjir eru þeir? Af nógu er að taka því við lifum eitt mesta byltingarskeið mannkynsögunnar. Umfang breytinga í heiminum og hraði þeirra, eru án beinnar hliðstæðu í sögunni. Afleiðingar þeirra allra eru alþjóðlegir þótt áhrifin séu ólík í mismunandi samfélögum. Því er engum manni lengur mögulegt að skilja eigið samfélag án þess að leita samhengis í alþjóðlegum veruleika. Sívaxandi mótun hins staðbundna af hinu alþjóðlega og hins sérstaka af því almenna minnti á sig með þúsund og einum hætti á líðandi ári í atvinnulífi, efnahagsmálum, stjórnmálum og menningu. Vaxandi öryggisleysis þeirra sem sætta sig illa við þetta minnti líka oft á sig en slíkar tilfinningar birtust með ólíkasta hætti. Sums staðar sjá menn ógnina í útlendum hugmyndum um frelsi kvenna eða í kjánalegum skopmyndum birtum í landi sem þeir vita ekkert um. Annars staðar virðast öryggi manna og sjálfsmynd helst ógnað með nærveru skúringakvenna frá Taílandi og trésmiða frá Póllandi. Og víða óttast menn um vinnu sína og afkomu vegna þess að þeir eru lentir í samkeppni við fólk í Kína eða á Indlandi.

Annan meginstraum samtímans er líka að finna í uppgangi risasamfélaga Asíu sem eru heimkynni meirihluta mannkyns. Atvik og atburðir á líðandi ári minntu sífellt á þetta, oftast fyrirbæri af efnahagslegum toga en æ oftar pólitískir og menningarlegir atburðir. Samningar Indlands við Bandaríkin nú í vikunni voru gerðir á forsendum Indverja en ekki Bandaríkjamanna sem bökkuðu með sína stefnu, sem hefði þótt fráleitt fyrir skemmstu. Í síðasta mánuði tóku kínversk stjórnvöld á móti nær sextíu þjóðarleiðtogum frá Afríku og Asíu sem komu til að ræða samstarf við Kína. Stjórnmálaskýrandi orðaði það sem svo að Kína væri ekki aðeins staðið á fætur heldur gengið inn á mitt svið heimsins. Einn þekktasti sagnfræðingur Breta ræddi uppgang Asíu nýlega og á honum mátti skilja að hvorki heimsstyrjöldin síðari né uppgangur og hrun Sovétríkjanna hefðu verið stærstu sögur tuttugustu aldarinnnar, heldur væri mikilvægustu þróun liðinnar aldar að finna í uppgangi Asíu á kostnað vestræns forræðis.

*Af áhrifum þeirrar blöndu verða margar og oftast samhengislausar fréttir sagðar á næsta ári.*

Þriðja stóra straum samtímans er að finna í stórpólitík heimsins þar sem ný öfl gera vart við sig. Bandaríkin eru enn í stöðu ofurveldis en heimska og hroki síðustu ára hefur ekki aðeins kallað á síaukin átök í kringum bandaríska hagsmuni, heldur einnig flýtt fyrir breytingum á alþjóðakerfinu og styrkt stöðu ríkja og afla sem ekki eru alltaf samstiga Bandaríkjunum. Bandaríkin eru í þeirri óþægilegu stöðu að geta ekki dregið sín eigin landamæri, ef svo má segja, því ráðandi stórveldi þarf ekki aðeins að gæta hagsmuna sinna heldur þarf það að forðast tómarúm sem gefur öðrum tækifæri til að auka áhrif sín. Þess vegna skipta Bandaríkin sér oft af erfiðum málum sem þó er ekki hægt að flokka sem bein hagsmunamál ríkisins. Síðustu misseri Bush-stjórnarinnar verða Bandaríkjunum þung og þau munu færast enn fjær því að sýnast það sterka og ósigrandi stórveldi sem þau virtust vera fyrir fáum misserum.

Fjórða stóra straum samtímans er að finna í þróun til vaxandi ójöfnuðar, sumpart á milli samfélaga, en þó enn frekar innan þeirra. Ástæðurnar fyrir honum eru einkum tvær. Annars vegar hafa tæknilegar og pólitískar breytingar tengdar heimsvæðingunni stórkostlega aukið framboð á vinnuafli í heimshagkerfinu með því að breyta öllum rökum um staðsetningu framleiðslu og þjónustu. Milljarður manna í Asíu og víðar fengið nýja vinnu en þrýstingur hefur skapast á laun og öryggi fólks í vaxandi fjölda tiltölulega einfaldra starfa á Vesturlöndum. Hina ástæðuna er að finna í hraða breytinganna en hann er slíkur að þeir tiltölulega fáu sem ná að fóta sig vel í síbreytilegum veruleika uppskera ríkulega. Óánægja með vaxandi ójöfnuð og vaxandi öryggisleysi vegna mótunaráhrifa alls hins alþjóðlega er hættuleg blanda. Af áhrifum þeirrar blöndu verða margar og oftast samhengislausar fréttir sagðar á næsta ári. Fimmta stóra strauminn er svo að finna í afleiðingum af skammsýni manna í umhverfismálum. Af því máli verða vondar fréttir á næsta ári.

# Barátta fyrir alla námsmenn

**UMRÆÐAN**

Námslán



ÁSGEIR RUNÓLFSSON

Á mánudaginn birtist grein eftir Gunnar Birgisson, formann stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN), á síðum þessa blaðs. Þar svarar hann grein undirritaðs, sem birtist í Fréttablaðinu sl. föstudag. Í greininni segir Gunnar að framlög til LÍN hafi hækkað í ár og að höfundur þessarar greinar skirrist ekki við að fórna heildarhagsmunum námsmanna fyrir pólitíska sérhagsmuni. Höfundi finnst verulega að sér vegið enda hefur hann ætíð borið hagsmuni stúdenta fyrir brjósti og finnst bæjarstjórinn skjóta langt yfir markið með skrifum sínum, en þetta er svo sem ekki í fyrsta skiptið sem hann ásakar undirritaðan um að vera ekki að vinna að hagsmunum stúdenta. Undirritaður getur ekki annað en mótmælt orðum Gunnars harðlega og harmað að hann kjósi að taka þennan pól í hæðina.

Rétt er það sem Gunnar segir í grein sinni að heildarframlög til LÍN hækkuðu frá seinustu fjárlögum enda eru gildar ástæður fyrir því. Lánþegum hefur fjölgað vegna aukinnar aðsóknar í háskóla og í nýjum úthlutunarreglum sjóðsins voru þær breytingar gerðar að svokölluð grunnframfærsla námsmanns var hækkuð um 5,9%. Til samanburðar má hins vegar nefna að almennt verðlag hefur hækkað um 7% síðustu 12 mánuðina skv. Hagstofu Íslands. Hækkanir yfirvalda á framlögum til LÍN eiga sér því eðlilegar skýringar sem eru ekki þær að fjárhagur allra námsmanna hafi batnað. Almenn samstaða er meðal námsmanna um að margt megi betur fara hjá LÍN og að lánin mæti ekki framfærsluþörf stúdenta en það eru þær skoðanir sem undirritaður hefur reynt að endurspegla við litla hrifningu Gunnars.

Með umræddri grein undirritaðs sl. föstudag var verið að fylgja eftir fréttaumfjöllun um niðurskurð á framlögum LÍN. Í greininni var tekið fram af hverju niðurskurðurinn stafaði og í framhaldi bent á nokkrar af kröfum námsmannahreyfinganna er varða LÍN. Því er erfitt að sjá að höfundur hafi málað upp ósanngjarna mynd af málavöxtum og verið að gæta að pólitískum sérhagsmunum en ekki heildarhagsmunum námsmanna. Nú sem endranær er full ástæða til að minna á hverjar kröfur námsmannahreyfinganna eru enda er Gunnari tamt að láta þær sem vind um eyru þjóta.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Stúdentaráðs Háskóla Íslands.*



**UMHVERFISVÆNIR OG FURÐULEGIR BÍLAR**

Á bílasýningunni The Alternative Car and Transportation Expo í Santa Monica voru til sýnis afar misfallegir bílar.

BÍLAR 2



**FJÖLBREYTNI OG FEGURÐ**

Hyasintur, túlípanar og amarillis eru í öndvegi á jólum, ásamt greni og fleiri sígildum skreytijurtum.

JÓLIN KOMA 8



## ALLT HITT

**[BÍLAR FERÐIR JÓL]**

**Rúm** öld er liðin frá því að fyrsti bíllinn kom til Íslands. Af því tilefni kom út bókin Saga bílsins á Íslandi 1904 - 2004 eftir Sigurð Hreiðar Hreiðarsson. Bókin rekur upphaf bíla og bílaaldar á Íslandi. Bókin segir meðal annars frá þróun bílaumboða og útbreiðslu, sögu bílsins á Íslandi á skemmtilegan og lifandi hátt. Nær 400 myndir eru í bókinni, þar af um 300 sem ekki hafa áður birst opinberlega. Nánar: www.fib.is

**Það** er alls ekki jafn heilagt eins og fyrr að vera heima um jól með húsið fullt af fjölskyldu og gestum. Æ fleiri eru farnir að nota jólin til að komast í frí. Á þessum árstíma er stórkostlegt að vera í Suður-Ameríku eða Ástralíu þar sem er hásumar og jólin fara fram á ströndinni.

**Jólin** í ár mæla með góðgerðarstarfsemi. Með því að kaupa einn



auka krakkapakka í Kringlunni getur þú látið gott af þér leiða. Við jólatréð í Kringlunni er innpökkunarborð þar sem hægt er að pakka inn gjöfum. Síðan er skrifað á pakkan hvort gjöfin henti stelpu eða strák og fyrir hvaða aldur. Pakkarnir fara undir tréð, en verða síðan gefnir börnum fyrir jól sem búa við erfiðar aðstæður.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 20. desember, 354. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.21 | 13.25 | 15.30 |
| Akureyri | 11.37 | 13.10 | 14.43 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Sigríður og Eyjólfur að skoða árbókina, ásamt yngri dætrunum þeim Kristínu Helgu sem er alveg að verða sex ára og Agnesi Ingu sjö ára. Á myndina vantar Gunnþórunni 11 ára og Ólöfu 15 ára.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Púsla og skrifa árbók

***Þótt séra Sigríður Kristín Helgadóttir eigi annríkt í aðdraganda jóla eins og aðrir prestar þá gefast henni líka stundir til að sinna fjölskyldunni.***

Sr. Sigríður Kristín Helgadóttir er prestur í Fríkirkjunni og á Hrafnistu í Hafnarfirði. Spurð hvernig það fari saman að undirbúa jólin heima fyrir og í kirkjunni þá segir hún það samtvinnað. „Helgihaldið í kirkjunni er minn tilfinningalegi jólaundirbúningur. Hvað varðar heimilishaldið þá reynum við hjónin að gera ýmislegt með dætrum okkar fjórum eins og að föndra, baka smákökur, hlusta á tónlist og syngja jólalögin. Sömuleiðis vildu stelpurnar endilega að við keyptum nýtt púsl. Það er eitt af því sem við gerum, sitjum og púslum og kjöftum saman. Svo njótum við útiveru en erum ekki mikið fyrir að fara í bæinn. Þeim yngri finnst líka alveg skelfilegt að fara í búðir.“

Fjölskyldufaðirinn Eyjólfur Elíasson er að gefa út bók fyrir þessi jól, Matreiðslubók íslenska lýðveldisins. „Hann er svolítið að taka þátt í kapphlaupinu sem ég svo aftur predika gegn,“ segir sr. Sigríður og bætir við glettin að hún messi yfir honum heima.

En fleiri bækur verða til á heimilinu því að sögn Sigríðar býr fjölskyldan til árbók. „Þar segir hver og einn sína sögu. Hvað hann vill þakka fyrir þetta árið og hvað honum þótti skemmtilegt. Svo teiknum við myndir hvert af öðru og það koma skemmtilegar fígúrur út úr því!“ Hún segir helgihaldið að sjálfsögðu mikilvægt og að jólastemning fjölskyldunnar skapist við að fara í kirkjuna, kveikja á kertum, syngja lögin og rifja upp þessa yndislegu sögu um fæðingu frelsarans enn eina ferðina. „Sérstaklega er það okkur ánægja að fara á Hrafnistu á aðfangadag í guðsþjónustuna þar. Það er einstaklega hátíðleg stund.“

*gun@frettabladid.is*

**Þau hafa lengt sinn sólarhring!**

“Ekki eingöngu les ég hraðar. Ég les með ...margfalt meiri skilning.”
**Inger, 24 ára Sjúkraliði og nemi.**
“...held ég sé á góðri leið með að ná inntökuprófinu í læknadeild í vor.”
**Bergþóra Þorgeirsdóttir, 18 ára næstum því stúdent.**
“...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað ...”
**Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

**– Gjafabréf Hraðlestrarskólans –**
**Gjöf með æviábyrgð – nánari upplýsingar á www.h.is**
**TILBOÐ!! KB Námsmenn og Mastercard korthafar**
**Skráning á hraðlestrarnámskeið janúar er hafin**

HRAÐLESTRARSKÓLINN

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.




# Borðstofuhúsgögn

Afar vandað stækkanlegt borð fyrir 6-20 manns

Ljós eik, massív sápuþvegin eik, kirsuber, tekk og hnota



Borðstofustólar í miklu úrvali

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík

Sími 581-2275 ■ 568-5375

**Rúðuþurrkurnar** verða leiðinlegar í rigningu og slabbi. Þrífðu þær með tjöruhreinsi til að lengja endingu þeirra.

ALLT Á EINUM STAÐ
• SUMARDEKK • HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
• HEILSÁRSDEKK • RAFGEYMAÞJÓNUSTA
• OLÍS SMURSTÖÐ • BREMSUKLOSSAR
• BÓN OG ÞVOTTUR • PÚSTÞJÓNUSTA
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066













allt auglýsingasími 550 5880



Þessi rafmagnsbíll frá Myers Motors var einn af 100 bílum til sýnis á Alt Car Expo. NORDICPHOTO/GETTY IMAGES

# Umhverfisvænir og um leið furðulegir bílar

***The Alternative Car and Transportation Expo fór fram í Santa Monica í Bandaríkjunum 9. og 10. desember síðastliðinn. Þar voru sýndir afar misfallegir bílar.***

Sýningin er merkileg fyrir þær sakir að hún er tileinkuð umhverfisvænum orkugjöfum og bílvélum sem byggja á þeim. Rafmagnsbílar, metan- og etanólbílar, blendingsbílar (hybrid) og jafnvel dísilbílar fá að njóta sín.

Oftar en ekki eru þessir bílar litlir og hálf furðulegir í laginu. Sumir þeirra eru frá stórum bílaframleiðendum eins og Toyota og General Motors, á meðan aðrir eru frá öllu minni spámönnum. Meðal þeirra eru Plug In America, Quantum Technologies og Flex-Car. Enn aðrir bílar eru frá rannsóknarstofum og jafnvel háskólum en í þeirra meðförum er öllum hugmyndum okkar um hvað bíll er gjarna ýtt út á ystu nöf.

Sýningin er einnig vettvangur fyrir vísinda- og hugsjónamenn að ræða framtíð bílsins og hvert framleiðendur stefni. Eins og gefur að skilja eru umræðurnar líflegar enda margir gestanna harðir umhverfissinnar.



Umhverfisvænir bílar þurfa ekki að vera leiðinlegir í akstri og útliti. Electrum Spyder kemst frá 0 upp í 100 á innan við 5 sekúndum.



Þessi ofursláttuvél frá UCLA háskólanum eyðir 0,6 lítrum á hundraðið.



Ekki eru allir bílar jafn fallegir. Þessi er hins vegar afar sparneytinn og umhverfisvænn en skottpláss er ekki mikið.



Moonbeam eyðir aðeins 2,4 lítrum á hundraði. Hvernig skyldi hann vera í hálku?

Einn af þeim sem hélt erindi á sýningunni var James Woolsey. Hann talaði um mikilvægi annarra orkugjafa en olíu og þá sérstaklega blendingsbíla. Það sem er merkilegt við umhverfissinnann Woolsey er að hann var eitt sinn yfirmaður CIA og átti þar meðal annars þátt í að sprengja í Sýrlandi. Það þarf því engan að undra að helsta inntak í ræðu hans var hversu háðir Bandaríkjamenn eru olíu frá Persaflóasvæðinu.

Svo virðist reyndar sem flestir umhverfissinnar í Bandaríkjunum fari þessa leið. Þeir hræða landa sína með hryllingssögum um hversu háðir Bandaríkjamenn eru hryðjuverkamönnum í Mið-Austurlöndum um olíu og þess vegna ættu þeir að nota aðra orkugjafa í staðinn. Hverjar sem aðferðirnar eru þá virðast þær skila árangri því sala á stórum bensínsvelgjum hefur hrunið í Bandaríkjunum og áhugi á sparneytnari bílum stóraukist.

*tryggvi@frettabladid.is*

# Jólagjafir fyrir bílagúrúinn

***Allir eiga sín áhugamál og sumir fara lengra með þau en aðrir.***

Bíladellukallar eru þekktir fyrir ástríðu sína og góðar bílagjafir eru örugg leið til að gleðja þá um jólin.




Fyrir áhugamenn í yngri kantinum er þetta tæknilególíkan af Ferrari Enzo skemmtileg gjöf. Líkanið er í hlutföllunum 1:10 og fæst í Leikbæ.




Top Gear á DVD - það besta úr seríu eitt og tvö. Þetta eru bestu bílaþættirnir í sjónvarpinu í dag og geta allir, hvort sem um ræðir gallharða bílaáhugamenn eða mömmur þeirra, haft gaman af. Hraðskreiðir bílar, fyndnir kynnar, og fullt af hjólhýsum sem er rústað. Fæst á Amazon.com.



Bílamódel fást í öllum stærðum og gerðum. Þessi bjöllustafli er frá Maisto en vörur þeirra fást í Tómstundahúsinu.




Einhverra hluta vegna hafa sumir bílaframleiðendur markaðssett ilmvötn. Lamorghini er einn þeirra en það er spurning hvernig herrailmvatn frá sportbílafyrirtæki ilmar.



Ferrari-peysa fyrir harða Ferrari-menn. Peysan er flott en hún kostar um 15.000 krónur ef pantað er gegnum Ferraribúðina í London. Ekki ódýrasta gjöfin en kannski það næsta sem hægt er að komast því að eiga Ferrari.



Ný lög um gagnagrunna og tækniupplýsingar bílaframleiðenda ganga í gildi um áramót að hluta og að fullu 2009.

# ESB þrýstir á bílaframleiðendur

***Hingað til hafa bílaframleiðendur haldið viðgerðargagnagrunnum fyrir sjálfa sig. Evrópusambandið vill breytingar.***

Gagnagrunnarnir, og aðrar tækniupplýsingar sem framleiðendur ráða yfir, eru nauðsynlegir verkstæðum sem vilja gera við nýja bíla. Án þeirra er ekki hægt að tengjast tölvum bílanna og komast að því hvað amar að.

Á vef Félags íslenskra bílaframleiðenda er greint frá því að Evrópusambandið hafi samþykkt lagabreytingar sem gerir framleiðendum skylt að reiða þessar upplýsingar af hendi, ellegar verði nýjar bílategundir þeirra ekki viðurkenndar innan bandalagsins.

Evrópusambandið hefur þegar höfðað mál á hendur Toyota, Fiat, GM og Daimler-Chrysler fyrir að liggja á nauðsynlegum upplýsingum en fyrirtækin segja að hagnaður af sölu nýrra bíla sé enginn, hann liggi allur í viðhaldi og viðgerðarþjónustu. Með þessu sé verið að skekkja samkeppnisstöðu þeirra með óþolandi hætti.

*- tg*



## Hraðamet innandyra

ENGUM NEMA BRETUM DETTUR Í HUG AÐ KEPPA UM HRAÐAMET INNANDYRA.

Eðlilega voru það vitleysingarnir í breska bílaþættinum Top Gear sem höfðu þessa keppni. Þeir komu ökumanni sínum Stig upp í 130 km hraða á Formúlu 1 bíl frá Toyota. Þeir hættu sér ekki hraðar á hálu gólfinu í ráðstefnusalnum þar sem ævintýrið fór fram.

Það gerðu hins vegar aðrir vitleysingar hjá bílablöðunum Autocar og Autosport. Ekki var um stórkostlega bætingu að ræða en þeir komu bíl sínum á 132 kílómetra hraða. Metið var sett á sérstökum kappakstursbíl frá Toyota.

Einnig var keppt á götubílum og höfðu Autocar og Autosport aftur betur. Þeir komust á 124 km hraða á Ariel Atom, sem er mun líkari kappakstursbíl en sportbíl, á meðan Top Gear komst á 113 km hraða á Chevrolet Lacetti. *- tg*

## Tíunda kynslóð Corolla

NÝ KYNSLÓÐ TOYOTA COROLLA SEDAN, SÚ TÍUNDA, VAR FRUMSÝND Á BÍLASÝNINGUNNI Í HELSINKI FYRR Í MÁNUÐINUM.

Toyota Corolla hefur lengi verið einn vinsælasti bíllinn á Íslandi og eru eflaust einhverjir sem bíða hans með eftirvæntingu.

Toshi Ezaki, yfirhönnuður tíundu kynslóðar Corolla, segir að hann vonist til þess að nýja Corollan gefi ökumönnum meiri „spennu og ánægju“.



Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar



Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR
Jeep
CHRYSLER
DODGE
BÍLJÖFUR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

Jeppadekkin frá
MICKEY THOMPSON®
PERFORMANCE M/T TIRES & WHEELS



Radíal-dekk
• Gróft snjómynstur
• Sterkar 3ja laga hliðar
• 6 laga sóli, sérlega sterkur
• Nákvæm framleiðsla
• Langur endingartími
Sidebiters® til varnar og bætir grip
• Standast mjög vel mál.
• Leggjast einstaklega vel við úrhleypingu.
• Mjög hljóðlát.
38x15,5R15 MTZ
Vinsælustu 38“ dekkin á markaðnum í dag
Fjallasport
4x4 specialist
Viðarhöfða 6 - Sími 577 4444


Ný útvarpsstöð
Kaninn Fm 89,0
KANINN LEIKUR EINGÖNGU ÍSLENSKA MÚSÍK
★ Íslensk músík alltaf!

Slakaðu á, jólin eiga ekki að snúast um stress. Kauptu færri jólagjafir, sestu í góðan stól og hættu að hugsa um það sem þú heldur að samfélagið ætlist til af þér.











# Úrval af frumlegum efnum

***Repro Depot sérhæfir sig í að endurframleiða gömul textílmunstur.***

Það fólk sem hefur unun af saumaskap kannast flest við það að finnast skortur á fínum, flottum eða frumlegum efnum í borginni. Það ætti því að vera einstaklega skemmtilegt fyrir þetta sama fólk að kíkja á vefsíðuna www.reprodepot.com, en þar er á ferðinni vefverslun sem sérhæfir sig í að endurgera textílmynstur frá síðustu öld. Á vefsíðunni er ótrúlegt magn af alls konar efnum sem auðvelt er að kaupa og verð er mjög viðráðanlegt.

Til að einfalda skoðun síðunnar hafa verið settir upp margs konar flokkar. Til dæmis er hægt að skoða eftir áratugum, kúrekum, kúrekastelpum, marimekko, doppum, asískum þemum, strákum, stelpum, börnum og áfram mætti telja. Á vefsíðunni er einnig hægt að kaupa púðaver, fatnað, margs konar gjafir og sérlega skemmtilegar tölur, bætur og hnappa. Svo ef það stendur til að hressa upp á heimilið, til dæmis með því að endurnýja gardínur, rúmteppi, borðdúka, púðaver eða annað, þá er úrvalið á www.reprodepot.com eitthvað sem alls ekki er hægt að kvarta undan. Sjón er sögu ríkari.

*- mhg*










Það er bara gaman að villast í svona frumskógi inni í herbergi.

# Ljón og blóm uppi um alla veggi

***Ef þig dreymir um að útbúa skemmtilegt og öðruvísi barnaherbergi á auðveldan hátt er tilvalið að skoða veggskreytingarnar frá danska hönnunarfyrirtækinu Signmyroom.***

Skreytingarnar koma í öllum stærðum og gerðum og eru í raun límmiðar sem límdir eru á slétta veggi eða hurðir.

Skreytingarnar skilja ekki eftir sig límrestir þegar þær eru teknar af. Skreytingarnar hafa verið í sölu í gegnum netið síðan í sumar og njóta mikilla vinsælda í Evrópu. Það er hægt að fá nánast allt sem hugurinn girnist á vegginn. Heilu geimstöðvarnar, veröld fulla af risaeðlum, ævintýralegan blómagarð eða lífið á hafsbotni.

Til að fá sem mest út úr skreytingunum eru síðan margir sem mála herbergin í einhverjum þemalitum sem passa skreytingunum. Til dæmis grænt fyrir frumskóginn og blátt fyrir hafið. Síðan er alltaf hægt að breyta um veggskreytingar með lítilli fyrirhöfn þegar barnið vex og skiptir um áhugamál. Það er aðeins hægt að nálgast skreytingarnar á netsíðu hönnuðanna Marlene Tang og Carina Kristensen hjá Signmyroom, en þær fást ekki í venjulegum verslunum.

Skreytingarnar eru frá tíu sentimetrum til tveggja metra á hæð og verðið fer eftir stærð. Það er bæði hægt að kaupa pakka og eina og eina skreytingu sér. Sem dæmi er pakki með sjávarlífi með 96 merkjum af mismunandi stærðum á kr. 429 danskar sem er um kr. 5.200 íslenskar. En einnig er hægt að kaupa eitt og eitt merki. Allar nánari upplýsingar um hönnuði og skreytingar ásamt verði er á netsíðunni. www.signmyroom.dk

*- rh*



Tígulegt ljón sem er gaman að hafa heima.



Merkin má festa á hurðir og veggi og skilja ekki eftir sig límrestir.



Gaman í ævintýralandi neðansjávar

MYNDIR/SIGNMYROOM.DK







**Símtal** í góðan vin eða ættingja getur verið mun skemmtilegra svo ekki sé talað um persónulegra en jólakort.









# Vorum að fá laufabrauð í pósti að heiman

***Söngkonan Hera Hjartardóttir hefur búið á Nýja-Sjálandi í 13 ár og á þeim tíma hefur hún haldið nokkur jól á Íslandi og nokkur ytra. Nú verður hún ytra.***

Tölvutæknin kom að góðum notum við gerð viðtalsins við Heru. Hún fékk sendar til sín nokkrar spurningar yfir hnöttinn og svaraði þeim skilmerkilega. Fyrsta spurning var einfaldlega:

-Hvernig er jólahaldið þarna á Nýja-Sjálandi?

„Hér hefst hátíðin að morgni 25. desember í hásumarhita. Við borðum yfirleitt úti í garði og byrjum morguninn á köldu kampavíni með jarðarberjum í.“

-Það er aldeilis. Eru ávextir á trjánum í kringum þig?

„Já alls konar. Hér í garðinum erum við með kirsuberjatré sem er akkúrat með fullþroskuð kirsuber á jólunum. Einnig eru hér limetré, kaffir-limetré, sítrónutré, plómutré og eplatré. Svo erum við nýbúin að setja niður stóran grænmetisgarð og erum með bláber, trönuber, jarðarber, tómata, gúrkur, chilli, spínat, radísur, salat, brokkolí, gult courgette, rauðkál, rauðrófur, gulrætur og kartöflur. Annars staðar í garðinum settum við svo niður kryddjurtagarð.“

-En eruð þið með grenitré inni sem jólatré?

„Já, eitt lítið í potti. Við setjum það síðan út í garð þangað til um næstu jól.“

-Haldið þið í íslenska jólasiði?

„Já, við sjóðum rauðkál eins og við gerðum heima. Við förum í skötupartí á Þorláksmessu og jólaboð á aðfangadag. Þar hittum við nokkra aðra Íslendinga sem búa hér. Svo koma íslensku jólasveinarnir stundum í heimsókn.“

-Fáið þið einhvern íslenskan mat að heiman?



Hera byrjar jólin úti í garði hinn 25. desember. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Við vorum að fá laufabrauð í póstinum! Það er í fyrsta skipti. Annars höfum við fengið sent nammi og harðfisk.“

-En ferðu á strönd á jólunum?

„Já, á „boxingday“ - sem er 26. desember er hefðin sú að fara á strönd sem heitir Tumbledown bay. Þar hittumst við 50-60 manns með jólamatarafganga og höldum „pikknikk“. Síðan köfum við eftir paua-skeljum og fiskum og grillum veiðina á ströndinni. Síðasta „boxingday“ var ég á Íslandi en þá rakst mamma mín á hóp af höfrungum þegar hún var ein að synda.“

Hvað er að gerast hjá þér í söngnum á næstunni?

„Ég er með tónleika í kvöld, (17. desember) og útitónleika þann 23. í bænum. Svo eru margar sumarhátíðir í janúar og febrúar og mikið að gera. Hinn 18. janúar byrjar hér World Buskers festival en þá koma götulistamenn alls staðar að úr heiminum og eru hér í tíu daga með ótrúlegustu atriði úti um allan bæ. Auk þess er ég á leiðinni til Austin í Texas í mars að spila á SXSW (South by Southwest) music festival. Það er ein stærsta tónlistarhátíð í heiminum.“

-Til hamingju með það. En hvenær er von á þér hingað heim?

„Það er aldrei að vita, en ég held ég verði tvenn jól í röð hérna megin.“

*gun@frettabladid.is*

Síðasta setning Fermats og Um sársauka annarra




Rakin saga lögmáls í stærðfræði, um að til væri dásamleg sönnun þess. Í söguna fléttast ástir og örlög, en líka stórkostleg för mannsandans um ævintýraheima stærðfræðinnar. Rakin er glíma stærðfræðinga við lausn gátunnar. Metsölubók – lofuð í senn fyrir að vera grípandi reyfari og góð fræði.

Áhorfandi að hörmungum og sársauka annarra – í öruggri fjarlægð heima í stofu. Tættir líkamar, logandi bílhræ, glerbrot og blóð, aftökur í beinni, fjöldagrafir, pyntingar, húsarústir og varnarlaust fólk grátandi. Hvað skilja svona myndir eftir? Samúð? Andúð? Hefndarhug? Hvetur reynslan til umhugsunar eða deyfir hún okkur og slævir?

Hið íslenska bókmenntafélag
Skeifunni 3b • Sími 588 9060 • Netfang: hib@islandia.is • Heimasíða: www.hib.is

# Að færeyskum sið

***Færeyingar eru þekktir fyrir skerpukjötið sitt sem þykir mjög sérstakt þar sem það er vindþurrkað. Skerpukjöt er þó auðveldlega hægt að gera í ofni og verður það þá mjög gott og alveg tilvalið á jólahlaðborðið eða sem snakk á áramótum.***



Í Færeyjum eru lambalærin hengd út og látin þorna í vindinum þegar búið er til skerpukjöt, það er þó ekki eina leiðin..

**Skerpukjöt**

1 lambalæri
Salt og sykurblanda
1½ msk. fínt salt
½ msk. sykur

**Pækill**

½ dl sykur og 1½ dl gróft salt á móti hverjum lítra af vatni. Líklegt er að þurfi að minnsta kosti sex lítra til þess að fljóti vel yfir lærið. Pækillinn er soðinn og látinn kólna alveg áður en kjötið er sett í hann.

Best er að láta lærið þiðna í ísskáp í þrjá til fjóra sólarhringa ef tími er til. Eftir að lærið er orðið þítt er það nuddað með salti og sykurblöndu og látið standa í sólarhring í viðbót í ísskáp. Þegar því er lokið er lærið skolað og lagt í pækil í tvo til þrjá sólarhringa í ísskáp. Lærið er síðan sett í hundrað gráðu heitan ofn og látið vera þar í tíu til fjórtán tíma eftir stærð þess. Að lokum er lærið látið kólna og borið fram kalt. *- eö*



# Hjálparsíminn opinn um jólin

***Hjá hjálparsímanum 1717 eru sjálfboðaliðar til staðar fyrir náungann.***

Jólin eru ekki hátíð gleði og friðar hjá öllum landsmönnum. Sumir búa við einsemd, vanlíðan eða líður á einhvern hátt illa á þessum viðkvæma árstíma. Hjá Hjálparsímanum starfa, auk starfsmanna, margir sjálfboðaliðar sem gefa vinnu sína og vilja vera til staðar fyrir náungann. Það er sérstök stemning að starfa sem sjálfboðaliði um hátíðardagana.

Í fyrra bárust tæplega 200 hringingar á þessum tíma, flest voru þau vegna einmanaleika, erfiðra samskipta í fjölskyldum eða neyslu áfengis og vímuefna. Margir eiga um sárt að binda vegna veikinda, fátæktar, sorgar, skilnaðar og fleira.

Einnig er hægt að fá upplýsingar hjá 1717 um hvar hægt sé að komast í jólamat og fleira gagnlegt.

Hjá Hjálparsíma Rauða krossins er fólk tilbúið að hlusta og það er opið allan sólarhringinn. Ókeypis er að hringja í 1717 úr öllum símum.



Ókeypis er að hringja í hjálparsímann úr öllum símum.

## Jólatréð sett upp á réttan hátt

VANDA SKAL TIL EF JÓLATRÉÐ Á AÐ VERA FALLEGT ÖLL JÓLIN



Áður en tréð er sett upp er ýmislegt sem þarf að gera. Hafirðu aðstöðu til er gott að skola af trénu með köldu vatni og leyfa því svo að þorna í einn dag. Þetta er þó ekki nauðsynlegt.
Það er hins vegar nauðsynlegt að snyrta sárið neðst á jólatrésstofninum. Sagið af stofninum og gætið þess að saga örlítið á ská en ekki þvert á hann. Þetta hámarkar vatnsupptöku trésins og tryggir að það haldist lengur fallegt. Þetta er að sjálfsögðu best að gera utandyra eða inni í bílskúr og þar er einnig best að koma trénu í jólatrésfótinn. Ekki láta stofninn nema við botn því sárið þarf að vera umlukið vatni.
Ekki skera netið utan af trénu strax. Það er mun auðveldara, svo ekki sé minnst á snyrtilegra, að koma trénu inn í hús innpökkuðu. Komdu því fyrir á réttum stað í íbúðinni og klipptu svo utan af því.
Alltaf þarf að vera nægt vatn á jólatrénu. Sniðugt er að fela flösku með vatni bak við tréð því þá er auðveldara að bæta á þegar maður man eftir því. Þá er vatnið líka hæfilega heitt.
Svo er bara að skreyta eftir geðþótta og halda gleðileg jól.

## Jólagjafalisti nörds á þrítugsaldri



1. Nýja Superman dvd-diska safnið, sem inniheldur meðal annars útgáfu leikstjórans Richards Donner af Superman II sem hefur ekki áður fengið almenna dreifingu.

2. DVD-brennara meðal annars til að brenna Superman-safnið hér að ofan og lána vinum sínum. Ekki vill maður að safnið dýrmæta rispist.




3. Eragon-öldungurinn er kominn! Þótt bækurnar um drekavininn Eragon séu kannski ekki frumlegar má alveg hafa gaman af þeim.

4. Nintendo Wii. Líkleg til að slá í gegn hjá eldri nördum þar sem hægt er að spila alla gömlu leikina í henni, Zeldu, Mario Bros, o.fl.



5. Smáskífusafn U2. Alveg pottþétt lagasafn frá einni bestu hljómsveit sem uppi hefur verið.

6. Bindi. Sumum nördum finnst gaman að vera fínir í tauinu. Alveg satt. Fallegt bindi er víst til að vekja lukku.



7. Alfred Hitchcock-kvikmynda safnið. Myndir frá meistaranum eru tær snilld og ekki verra að eiga þær allar.



8. Kaloríukvótinn er góð lesning eftir jól og áramót sem nördinn hefur að mestu varið í inniveru og hreyfingarleysi.





Hjá okkur færðu fallegustu bumbufötin fyrir jólin

Fallegar gjafavörur fyrir verðandi mæður og litlu krílin.

tvö líf

Holtasmári 1• sími 571 8500 • www.tvolif.is
Opið 11-18 alla virka daga og 11-16 á laugardögum



4thfloorhotel

Laugarvegur 101 • 4thfloorhotel.is

4th floor

Vetrartilboð
1. nóvember - 1. maí



| | |
|---|---|
| 1 manns herbergi | kr. 5.900 |
| 2ja manna herbergi | kr. 7.900 |
| Hópar 10+ | kr. 5.000 á mann |
| Helgarferð | kr. 14.000 2 nætur í hjónaherbergi |

4th floor hotel
Laugarvegur 101
Reykjavík
Sími 511 3030
Fax 511 3033
4thfloorhotel.is

Útvegum miða á leiksýningar og jólahlaðborð



Fjölskyldu spilið

Nýtt 2006 útgáfa

Trivial Pursuit™

GENUS-ÚTGÁFA

-hið sígilda spurningaspil um almenna þekkingu með 2400 nýjum spurningum

STÓRA TRIVIAL ÁSKORUNIN

Taktu þátt og þú gætir unnið nýtt Trivial Pursuit™ Genus í spennandi leik á www.leikco.is

Vinningshafar verða dregnir út á Bylgjunni.
Nánari upplýsingar um vinningshafa eru veittar á www.leikco.is

Vinsælasta fróðleiksspilið í heiminum

2400
nýjar spurningar






allt matur

Alla föstudaga



Þegar jólahelgin nálgast huga margir að látnum.


Gyllt og glæsilegt.


Veglegur jólakrans.

# Fjölbreytni og fegurð

***Hyasintur, túlípanar og amarillis eru í öndvegi á jólum, ásamt greni og fleiri sígildum skreytijurtum að sögn Moniku Kowalewska í Blómastofunni á Eiðistorgi.***


Michael Chiodo og Monika Kowalewska, eigendur Blómastofunnar á Eiðistorgi, ásamt Mörtu Sigurðardóttur blómaskreyti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Blómastofan á Eiðistorgi er rótgróin verslun sem þekkt er fyrir vandaða vöru. Monika sem tók við stjórninni í byrjun þessa mánaðar kveðst leggja mikið upp úr að halda því góða orðspori sem búðin hafi og bjóða upp á fjölbreytni. Hún hefur sjálf starfað í blómabúð í sínu heimalandi en þegar kemur að gerð skreytinga setur hún enn meira traust á blómaskreytana tvo sem vinna hjá henni, Agnesi og Mörtu. Agnes er pólsk og lærði í Frakklandi og að sögn Moniku kemur hún með ýmsar áherslur að utan. Auk blómanna eru kerti, jólaskraut og gjafavörur til í úrvali í Blómastofunni og þar er líka hægt að setjast niður og fá sér kaffisopa.

Monika hefur búið á Íslandi í sjö ár, hún talar góða íslensku og kveðst alltaf vera að læra, enda fáist hún líka við þýðingar hjá Alþjóðahúsinu. Eiginmaðurinn Michael er hálf-ítalskur og er yfirþjónn á veitingastaðnum Ítalíu. Saman standa þau þó vörð um verslunina sína ásamt fagfólkinu sem þar vinnur. „Við leggjum áherslu á að veita viðskiptavinunum sem besta þjónustu þannig að þeir vilji koma aftur og aftur,“ segir Monika.

*- gun*


Hvítt er alltaf hátíðlegt.


Rautt og grænt er ávallt viðeigandi um jólin.


HÖNNUNARHÚSIÐ 2004/11



Sígræna jólatréð
— eðaltré ár eftir ár

Sígrænt eðaltré í hæsta gæðaflokki frá skátunum prýðir nú þúsundir íslenskra heimila.

- 10 ára ábyrgð
- 12 stærðir, 90 - 500 cm
- Stálfótur fylgir
- Ekkert barr að ryksuga
- Truflar ekki stofublómin
- Eldtraust
- Þarf ekki að vökva
- Íslenskar leiðbeiningar
- Traustur söluaðili
- Skynsamleg fjárfesting

550 9800
www.skatar.is

Sölustaður:
Skátamiðstöðin Hraunbæ 123



Bandalag íslenskra skáta


## jólasálmur }

ÞÁ NÝFÆDDUR JESÚS

Þá nýfæddur Jesús í jötunni lá
á jólunum fyrstu, var dýrðlegt að sjá.
Þá sveimuðu englar frá himninum hans,
því hann var nú fæddur í líkingu manns.

Þeir sungu „hallelúja“ með hátíðarbrag:
„Nú hlotnast guðsbörnum friður í dag.“
Og fagnandi hirðarnir fengu að sjá
hvar frelsarinn okkar í jötunni lá.

Ég bið þig, ó, Drottinn, að dvelja mér hjá,
að dýrðina þína ég fái að sjá.
Ó, blessaðu,
Jesús, öll börnin
þín hér,
að búa þau fái
á himnum
hjá þér.

-Björgvin Jörgenson

# Að pakka pakka

***Nú pakkar fólk sem mest það má inn jólagjöfum. Þeir sem aðeins hafa þumalputta nýta sér þjónustu verslana en aðrir leggja mikið í verkið.***


Falleg slaufa lífgar upp á gjöfina.

Sumir eru lagnari en aðrir við að pakka inn gjöfum. Þótt sérverslanir bjóði upp á slíka þjónustu þá er enn persónulegra að pakka inn sjálfur og leggja þá svolítið af eigin alúð í handverkið. Þá er endurvinnsla ekki bannorð í gjafapökkun og ekkert að því að geyma fallegan jólapappír utanaf gjöfum sem þú færð ein jólin og nýta hann á þeim næstu. Þá er fallegt að binda slaufu til að lífga upp á pakkann. Aðalatriðið er að láta litina á pappírnum og slaufunni tóna saman. Sumir eru svo forsjálir að ákveða milli jóla og nýárs hvaða liti eigi að nota næstu jól, geyma þá gamlan pappír og kaupa nýjan á útsölunum og geyma til næsta árs.

# Bréf frá Sveinka í skóinn

***Jólasveinarnir halda úti vefsíðu þar sem meðal annars má panta bréf frá jólasveinum.***

Jólasveinarnir á hálendi Íslands hafa lært að færa sér tæknina í nyt. Núna má til dæmis panta bréf frá jólasveinunum sem eru tilvalin í skóinn, lesa bloggfærslur jólasveina úr fjöllunum og finna margs konar fróðleik á sérstakri vefsíðu sem haldið er úti af jólasveinunum (með aðstoð manna).

Á síðunni er til dæmis fjallað um þann sið að setja upp jólatré, jólakötturinn fær sína úttekt og sagt er frá þjóðtrú sem tengist norðurljósunum.

Vefsíðan er á slóðinni sveinki.is en þar er líka að finna hlekki á ýmsar aðrar vefsíður sem tengjast jólum. Til dæmis jólum og jólahaldi í Danmörku og á Englandi.

Það eru þau Steingrímur Ólafsson og Marín Guðrún Hrafnsdóttir sem halda utan um síðuna fyrir jólasveinana, en vegna góðra viðbragða hafa þau einnig sett síðuna upp á ensku og dönsku.


Stekkjarstaur, Pottaskefill og félagar senda börnum bréf í skóinn.

## Óskalisti

HESTAKONA Á ÞRÍTUGSALDRI

Nudd og alls konar dekur. Kominn tími á það.


Dúnmjúk náttföt úr Nickerbox. Muckboot reiðskór, svo yndislega hlýir og þægilegir.

Einhver falleg föt sem ég þyrfti samt að vera með í að máta.


Nýtt veski, það gamla var að gefa sig.

Fallegt hnífaparasett svo maður geti boðið í mat án þess að skammast sín.


Hnakkurinn Benni's harmony, ef einhver hefur ekkert að gera við peningana sína.

Annað sem nýtist í hestamennsku, eins og tauma, höfuðleður og kamba.


Falleg handklæðasett, mikið er ég leið á þessum úr sér gengnu handklæðum með Mínu mús mynstri.

Hlý ullarfrotté-nærföt svo ekki verði kalt á baki.

Falleg rúmföt fyrir tvöfalda sæng. Að sama skapi rúmteppi fyrir stórt rúm.






Ný útvarpsstöð
Kaninn Fm 89,0
Íslensk músík alltaf!



NÝTT
Fáðu fæturnar mjúkar og fínar á aðeins 2 vikum með nýja
Flexitol
**Útsölustaðir:** Fótaaðgerðastofurnar og Snyrtistofurnar Eygló, Paradís, Líf, Jóna og Aníta Vestmannaeyjum. Spar Þín Verslun Kópavogi, Fjarðarkaup Hafnarfirði og Lipurtá.

**Augnháralitur og augnbrúnalitur**
**Tana® Cosmetics**
**NÝTT!!**
**Plokkari með ljósi**


SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

Smáréttadiskur
Tilboðsverð: 5.490 kr.

Villeroy & Boch
Kringlunni / Sími: 5331919

Samasem

**Allt efni til innpökkunar fyrir verslanir og fyrirtæki.**
**Mikið úrval af körfum og glervösum.**
samasem@samasem.is
Samasem, Grensásvegi 22 S: 530 3500



Jólaskór á þann litla á heimilinu. Du Pareil Au Même. Verð 3.590 kr.


Bleikir með böndum. Zara barnadeild. Verð 2.995 kr.

# *Spariskór á gersemarnar*

***Jólin eru að koma og er það skemmtilegasti tími ársins fyrir börnin. Fullt af pökkum, nóg af góðum mat og síðan eru það að sjálfsögðu sparifötin og spariskórnir.***

Það er alltaf spennandi að fá nýjar flíkur. Ekki skemmir fyrir þegar um ræðir ægifögur jólaföt. Stemningin að standa klukkan sex á aðfangadag í glænýjum og glansandi spariskóm annaðhvort á leið út í kirkju með mömmu og pabba eða að setjast til borðs og snæða ilmandi jólasteikina.

Nú fyrir jól eru barnabúðirnar fullar af sparifötum fyrir litlu gersemarnar og er punkturinn yfir i-ið auðvitað fínir spariskór. Litið var við í nokkrum verslunum og sjaldan hefur úrvalið af fallegum barnaskóm verið jafn mikið. *-óhó-*


Sætir og litríkir skór úr Du Pareil Au Même. Verð 3.590 kr.


Jólaprinsessan á eftir að fíla sig í þessum. Zara barnadeild. Verð 2.995 kr.


Góðir á litla gaurinn á heimilinu. Du Pareil Au Même. Verð 3.590 kr.


Rauðir í anda jólanna. Du Pareil Au Même. Verð 3.590 kr.


Bleikir og dömulegir. Exit Kringlunni. Verð 790 kr.


Fyrir tveggja ára gutta. Exit Kringlunni 2.590 kr.


Silfurbarnaskór fyrir aðaldömuna. Exit Kringlunni. Verð 790 kr.


Endalaust krúttlegir skór. Du Pareil Au Même. Verð 3.590


Fyrir litla töffara. Zara barnadeild. Verð 2.495. kr.

# MARKAÐURINN

**Sögurnar... tölurnar... fólkið...**

Miðvikudagur 20. desember 2006 – 49. tölublað – 2. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 – vísir


**CCP**

Slær félögum í Kauphöllinni við

3



**Stýrivextir Seðlabankans**

Sér fyrir endann á hækkunarferlinu

10-11

**Askar Capital**

Finna sér markaðssyllur



18

## Geta áttfaldað CLO-útgáfuna

Nýleg skuldabréfaútgáfa Straums-Burðaráss Fjárfestingabanka upp á 200 milljónir evra er með stækkunarmöguleika upp í 1,6 milljarða evra, eða sem nemur 144 milljörðum íslenskra króna.

Gengið var frá útgáfunni, sem er til fimm ára, í lok síðasta mánaðar, en hún er í gegn um svokallaðan CLO lánaramma (*collateralized loan obligations*) og eyrnamerkt ákveðnum fjárfestingum sem auka munu vaxtatekjur bankans.

Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir, framkvæmdastjóri fjárstýringar Straums-Burðaráss, segir útgáfu af þessum toga hjálpa til á þeirri leið félagsins að breytast úr fjárfestingarfélagi yfir í fjárfestingabanka sem byggi á annars konar tekjustoðum.

**Sjá síðu 8 /** - óká

## Sífellt dýrara að byggja

Vísitala byggingarkostnaðar, reiknuð eftir verðlagi um miðjan desember, er 356,3 stig og hækkar um 0,31 prósent frá því í nóvember. Síðastliðna tólf mánuði hefur vísitalan hækkað um 12,5 prósent. Árið 2006 var vísitala byggingarkostnaðar að meðaltali um 8,6 prósentum hærri en árið 2005.

Byggingarvísitalan mælir breytingar á kostnaði við byggingu húss skilgreint á mjög nákvæman hátt, allt frá kostnaði á skrúfum og boltum til vinnunnar sem fer í húsið.

Guðrún Ragnheiður Jónsdóttir, sérfræðingur á vísitöludeild Hagstofu Íslands, segir mikla hækkun vísitölunnar á árinu koma til vegna þess að bæði laun og efniskostnaður hafi hækkað mikið. Hækkunin í desember kemur fyrst og fremst til vegna efnisliða sem hafa hækkað um 0,7 prósent milli mánaða. Munar þar mest um hækkun á pípulagningaefni upp á 2,7 prósent. **- hhs**

## FRÉTTIR VIKUNNAR

**Minni hagvöxtur** | Á þriðja ársfjórðungi mældist hagvöxtur 0,8 prósent og hefur ekki verið minni síðan í árslok. Á þriðja ársfjórðungi í fyrra var hagvöxturinn 10,0 prósent.

**CCP útskrifað** | CCP verður útskrifað úr samtökum sprotafyrirtækja eftir að velta félagsins fór yfir einn milljarð króna á þessu ári. Sprotafyrirtæki eru skilgreind svo ef velta þeirra er undir einum milljarði króna.

**Icelandair skráð** | Icelandair Group Holding hf. var skráð í Kauphöll Íslands á fimmtudag, fyrst íslenskra félaga eftir að hún varð hluti af OMX-kauphöllunum. Heildarhlutafé félagsins er 1.000.000.000.



**Úr Straumi** | Straumur-Burðarás, Samvinnutryggingar og aðrir fjárfestar kaupa 22,6 prósenta hlut í Straumi-Burðarási af FL Group fyrir 42 milljarða króna. FL Group fær í staðinn peninga og hlutabréf í Finnair.

**Stefnunni haldið** | Björgólfur Thor Björgólfsson telur að kaup Straums og fleiri fjárfesta á bréfum FL Group í Straumi breyti ekki miklu í því sem snýr að starfsemi Straums.

**Nýr banki** | Fjárfestingarbankinn Askar Capital hefur starfsemi um næstu áramót. Milestone er kjölfestufjárfestir í bankanum og Tryggvi Þór Herbertsson verður forstjóri.

**Minni velta** | Kreditkortavelta í nóvember var tæplega 21 milljarður króna og jókst hún um 3,5 prósent milli mánaða. Það gefur vísbendingu um að enn hægi á vexti einkaneyslu.

# Íslandsmet í smásölu slegið á Þorláksmessu

**Þrátt fyrir að einkaneysla fari minnkandi gætir ekki samdráttar í jólagjafainnkaupum. Kaupmenn Smáralindar hafa slegið hvert sölumetið á fætur öðru undanfarna daga.**

**Hólmfríður Helga Sigurðardóttir**
skrifar

Viðbúið er að Þorláksmessa verði langstærsti dagur í íslenskri smásölu frá því að land byggðist. Kemur það fyrst og fremst til af tvennu. Í fyrsta lagi því að umsvifin í þjóðfélaginu hafa aukist. Í öðru lagi vegna þess að Þorláksmessu ber upp á laugardag. Pálmi Kristinsson, framkvæmdastjóri Smáralindar, segir að gera megi ráð fyrir að þann dag muni neytendur eyða allt frá þremur til fjórum milljörðum króna á landsvísu. Til samanburðar mun sala síðastliðinn laugardag á landinu öllu hafa numið um 1,5 til tveimur milljörðum króna.

Þunginn í jólaversluninni virðist hafa farið nokkuð seinna af stað en í fyrra. Meðal annars vegna þess að bæði Kringlan og Smáralind fóru viku seinna af stað með að hafa opið til tíu á kvöldin í ár heldur en í fyrra. Síðasta laugardag nam söluaukning í Smáralind um 30 til 35 prósentum miðað við í fyrra. Þann daginn lögðu rúmlega þrjátíu þúsund gestir leið sína í verslunarmiðstöðina. Þar á bæ er gert ráð fyrir að velta jólasölunnar verði um fimmtán prósentum meiri í ár en í fyrra, án þess að tillit sé tekið til fjölgunar verslana.

Nýbirtar tölur Hagstofunnar um landsframleiðslu á þriðja ársfjórðungi sýndu að einkaneysla jókst um tvö prósent að raunvirði frá sama fjórðungi í fyrra sem er minnsti vöxtur í fjögur ár. Ýmsar aðrar vísbendingar hafa jafnframt komið fram sem benda til þess að einkaneysla sé að dragast saman, svo sem minni aukning smásölu á fjórða ársfjórðungi og minni kortavelta í nóvember. Pálmi segir að sé samdráttar farið að gæta í einkaneyslunni verði þess alls ekki vart í jólasölunni ár. „Fjölmargar verslanir hjá okkur hafa slegið met, jafnvel dag eftir dag. Stærri verslanirnar ná aldrei jafnmikilli aukningu og þær smærri, sem dregur niður heildaraukninguna, en þorri verslana hjá okkur er að ná 20 til 30 prósenta aukningu. Ég hef jafnvel heyrt í mörgum kaupmönnum sem eru með 40 til 60 prósenta söluaukningu það sem af er desember.“

# Börnin græða á bönkum fyrir jólin

Flestir bankar og sparisjóðir veita mótframlag eða gefa gjafir við stofnun framtíðarreikninga fyrir börn og ungmenni nú fyrir jólin. Framlag í peningum liggur á bilinu 2.000 til 2.500 krónur.

Framtíðarreikningar eru verðtryggðir innlánsreikningar sem eru almennt bundnir til átján ára aldurs reikningseigandans.

SPRON veitir tvö þúsund króna framlag við stofnun nýs framtíðarreiknings sem er óháð framlagi þess sem stofnar reikninginn. Þannig getur nýr eigandi fengið tvö þúsund krónur inn á bók án þess að nokkurt mótframlag komi til.

Kaupþing veitir 2.500 króna mótframlag við stofnun nýs framtíðarreiknings gegn því skilyrði að lagðar séu inn fimm þúsund krónur. Eigandi reikningsins fær því fimmtíu prósenta ávöxtun í einu vetfangi miðað við lágmarksinnlögn.

Sparisjóðirnir leggja fram tvö þúsund krónur á móti fimm þúsund krónum þess sem leggur. Þetta er óháð því hvort um nýjan eða eldri reikningseiganda sé að ræða. Reikningseigandinn fær því fjórutíu prósenta ávöxtun.

Hjá Glitni fengust þær upplýsingar að við stofnun framtíðarreiknings fengi reikningseigandi Latabæjardót. Fimm þúsund króna mótframlag fæst ef lagðar eru inn eitt þúsund krónur á mánuði í hálft ár.

Landsbankinn er eini viðskiptabankinn sem býður ekki mótframlag eða gjöf við stofnun framtíðarreiknings um þessi jólin. **- eþa**



**BÖRN VIÐ LEIK** Eigendur framtíðarreikninga fá frá flestum bönkum og sparisjóðum álitlega ávöxtun við stofnun bókanna.
MARKAÐURINN/VILHELM


120 1886 2006

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK 13,1%*

GBP 5,2%*

USD 6,3%*

EUR 4,2%*

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. nóvember - 1. desember 2006.

GOTT FÓLK McCANN

## GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| 365 | 9% | -18% |
| Actavis | -2% | 31% |
| Alfesca | 0% | 25% |
| Atlantic Petroleum | -1% | 26% |
| Atorka Group | 1% | 3% |
| Bakkavör | -2% | 21% |
| FL Group | 2% | 28% |
| Glitnir | -1% | 35% |
| Hf. Eimskipafélagið | -1% | -32% |
| KB banki | 0% | 13% |
| Landsbankinn | 1% | 7% |
| Marel | 1% | 19% |
| Mosaic Fashions | -1% | -14% |
| Straumur | 1% | 11% |
| Össur | 1% | 0% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn*

# Sölutregða á skóm í Bretlandi

Markaðsaðstæður í smásölu halda áfram að vera erfiðar í Bretlandi. Mitt í jólaösinni dróst verslun saman um tvö prósent um síðustu helgi samanborið við sömu helgi árið áður.

Smásalar í fatnaði, skóm og afþreyingarvörum á borð við tónlist og kvikmyndir hafa orðið illa fyrir barðinu á aðstæðum en söluaukning hefur aftur á móti orðið á matvörum og skartgripum.

„Neytendur vita að þeir geta beðið af því að smásalar verða að eiga viðskipti. Þar af leiðandi bíða þeir rólegir þar til smásalar lækka verðið niður í það sem er neytendum að skapi,“ segir Tim Denilson, hjá rannsóknarfyrirtækinu SPSL, í samtali við Independent.

Sumar verslanakeðjur við bresku verslunargöturnar hafa orðið að veita allt að helmingsafslátt af vörum fyrir jólin.

Að sögn sérfræðinga er klárt mál að annaðhvort muni verslanir standa uppi sem sigurvegarar eða tapa miklu á jólasölunni.



**SÖLUTREGÐA** Skór, fatnaður og afþreyingarvörur eru seld með miklum afslætti fyrir jólin í Bretlandi.

Marks & Spencer er dæmi um fyrirtæki sem hefur tekist að halda framlegð hárri við þær aðstæður er nú ríkja.

Kvenfatakeðjan Whistles, sem er eitt af merkjum Mosaic Fashions, hefur hins vegar orðið að bjóða upp á allt að helmingsafslátt af uppsettu verði. Mosaic hefur öfluga skórvörulínu eftir kaupin á Rubicon Retail og ættu núverandi aðstæður að koma sér illa fyrir félagið.

Könnun ráðgjafafyrirtækisins Ernst og Young leiddi það í ljós að meðalafsláttur á verslunargötunum er fimm prósentum meiri í ár en í fyrra. **- eþa**

# Singer lánar í herframleiðslu

Singer & Friedlander, sem er í eigu Kaupþings, og Barclays hafa fjármagnað 6,5 milljarðs skuldsetta yfirtöku á verkfræðifyrirtækinu WFEL sem framleiðir brýr til að nota í hernaði. Kaupendur eru fjárfestingasjóðurinn Dunedin Capital Partners, sem tekur meirihluta, og stjórnendur WFEL.

Meðal viðskiptavina félagsins eru breski og bandaríski herinn. WFEL framleiðir álbrýr sem eru notaðar í stað þeirra brúa sem hörfandi andstæðingar hafa sprengt í loft upp. - eþa

# Svíarnir skoða hækkanir í Ticket

## Starfsmenn í MZ Travel keyptu í Ticket

Gengi hlutabréfa í sænsku ferðaskrifstofukeðjunni Ticket, sem er að þrjátíu prósent hluta í eigu Fons, hækkaði um fimmtung í verði á föstudaginn án sýnilegra ástæðna.



**FRÁ STOKKHÓLMI** Kauphöllin í Stokkhólmi kannar hvað var á seyði þegar hlutabréf í Ticket hækkuðu um 20 prósent á föstudaginn.

Á vefsíðu Dagens Industri kemur fram að Kauphöllin í Stokkhólmi muni kanna hvort upplýsingar hafi lekið út frá fyrirtækinu sem skýri gengishækkanir föstudagins.

Stjórnendur Ticket brugðust við hækkunum með því að upplýsa markaðinn um að félagið væri að ganga frá kaupum á Kilroy Travels, ferðaskrifstofukeðju sem er með starfsemi í fimm löndum. Ef af kaupunum verður er um aðra yfirtöku Ticket að ræða á skömmum tíma, en fyrirtækið keypti samkeppnisaðilann MZ Travel í nóvember. Forsvarsmenn Ticket höfðu lýst því yfir að fleiri ónafngreind fyrirtæki væru í sigtinu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðins er ekki talið ólíklegt að hækkanir föstudagsins skýrist af því að þeir starfsmenn MZ Travel, sem áttu hlutabréf í félaginu, fengu greitt fyrir hluti sína á föstudaginn. Munu margir þeirra hafa nýtt þá fjármuni til að fjárfesta í Ticket. **- eþa**

# isec breytist í First North

Hinn 3. janúar næstkomandi mun isec, hliðarmarkaður Kauphallarinnar á Íslandi, sameinast First North, sem er hliðarmarkaður OMX. Markaðurinn veitir smáum fyrirtækjum í vexti aðgang að norrænum og alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Eftir inngöngu íslenskra félaga í First North mun markaðurinn bjóða upp á skráningu og viðskipti með hlutabréf í íslenskum, sænskum, og dönskum krónum og evrum. Félögin verða svo hluti af heildarvísitölu First North sem einnig verður birt í íslenskum krónum.

Haft er eftir Þórði Friðjónssyni, forstjóra Kauphallar Íslands, í tilkynningu að First North muni veita smáum íslenskum fyrirtækjum í vexti aðgang að stærsta veltusjóði Evrópu sem og aukinn sýnileika meðal fjárfesta. „First Norht er næststærsti hliðarmarkaður Evrópu ef gengið er út frá fjölda fyrirtækja. Við teljum að First North veiti fyrirtækjum sem íhuga að fara á markað mikla möguleika.“

Fleiri breytinga er að vænta á íslenskum hlutabréfamarkaði sem koma í kjölfar þess að OMX-kauphallirnar tóku Kauphöll Íslands yfir í október á þessu ári. Frá og með 2. apríl 2007 verða þannig fyrirtækin 25, sem skráð eru í Nordic Exchange á Íslandi, hluti af samnorrænni kynningu sænskra, finnskra og danskra fyrirtækja á skrá og norrænum vísitölum OMX. Að auki munu þau lúta samræmdum norrænum skráningarskilyrðum. **- hhs**

# Tímaspursmál hvaða banki yrði fyrstur

## Glitnir segir ekki tímabært að færa bókhald bankans í evrur. Hinir bankarnir gefa ekki upp næstu skref. Ráðherra segir ástæðulaust að gera of mikið úr ákvörðun Straums-Burðaráss.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

Ekki virðast í bráð uppi ráðagerðir hjá stóru viðskiptabönkunum að færa bókhald sitt yfir í evrur líkt og Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki hefur upplýst um að hann ætli að gera um áramót. Málið hefur þó verið rætt og er til stöðugrar endurskoðunar bæði í Landsbankanum og Glitni. Kaupþing kýs hins vegar að tjá sig ekki um málið.



Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis banka, gerir ráð fyrir að Straumur-Burðarás meti stöðuna svo að breytingin auðveldi bankanum aðgang að fjárfestum eða þetta styðji við þeirra framtíðaráform. „Hjá Glitni höfum við farið þá leið til að minnka áhættuna af sveiflum í krónunni að gefa út bæði eiginfjárígildi og víkjandi lán í erlendum myntum, aðallega evrum og dollar,“ segir hann og bendir á að meirihluti rekstrarkostnaðar Glitnis sé hér á landi og ekki tímabært að færa uppgjörið í aðra mynt. „En samhliða aukinn alþjóðavæðingu hljóta svona mál alltaf að vera til skoðunar.“

Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans, segir gott eitt að segja um ákvörðun Straums-Burðaráss. „Eins og fram kom hjá þeim stefnir félagið fyrst og fremst að þátttöku í erlendum verkefnum og erlendar eignir eru sterkur þáttur í starfsemi þeirra,“ segir hann og bætir við að ávallt verði áleitið eftir því sem tiltekin erlend mynt vegi þyngst í starfsemi fyrirtækis að gera félagið upp í henni. Hann bendir á að samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilareglum sé við tiltekin skilyrði ekki bara heimilt heldur rétt að taka upp reikningsskil í þeirri mynt sem telst vera starfsemismynt viðkomandi fyrirtækis. Þar sé fyrst og fremst horft til samsetningar tekna og gjalda. „Þá hygg ég að þetta hafi verið nú verið rætt í stjórnum flestra fyrirtækja,“ segir Halldór, en kveður enga nýja umræðu um málið í Landsbankanum. Þá segist hann ekki geta tjáð sig um það hvort uppgjör í evrum sé vænleg leið fyrir Landsbankann, enda bankinn bundinn tilkynningaskyldu varðandi slíkar ákvarðanir.

Sömuleiðis segir Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings banka, að þar á bæ kjósi menn að tjá sig ekki um vænleika þess að færa uppgjör fyrirtækisins yfir í evrur.

„Stærstu fjármálafyrirtæki landsins hafa meirihluta sinna tekna í erlendri mynt og þess vegna mjög eðlilegt að þau skoði þessa möguleika,“ segir Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja. „Kannski má segja að tímaspursmál hafi verið hver yrði fyrstur til að stíga þetta skref.“ Guðjón segir ákvörðunina hins vegar liggja hjá bönkunum og vandi um að spá hvort fleiri fylgi í kjölfarið. Hann segir mestu skipta að starfsumhverfi fjármálafyrirtækja hér sé með þeim hætti að fyrirtækin kjósi að hafa höfuðstöðvar sínar hér og greiði hér skatta og skyldur, minna máli skipti í hvaða mynt þau geri upp. „Þetta er bara þróun sem er að eiga sér stað.“

Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, segir Straum-Burðarás fara leið sem honum er heimil og allmörg stór og meðalstór fyrirtæki í milliríkjaviðskiptum hafi þegar gert. Hann varar hins vegar við því að of víðtækjar séu dregnar af ákvörðun bankans enda „Hér er um fjárfestingabanka að ræða og áhrif þessarar ákvörðunar ráðast af því hver verði viðbrögð helstu viðskiptaaðila bankans. Ef það eru fyrirtæki sem sjálf gera upp í evru breytir þetta augljóslega litlu eða engu. Ástæðulaust er að gera of mikið úr áhrifum þessa því þetta er fjárfestingabanki sem gegnir sértæku hlutverki á markaði og þar af leiðandi ekki sambærilegur við önnur fyrirtæki sem gegna almennara og víðtækara hlutverki.“

LÍTUR VEL ÚT
SANTA FE

BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLABLAÐAMANNA
BÍLL ÁRSINS 2007

**Bíll ársins 2007 í flokki jeppa og jepplinga**

Hyundai kynnir nýja kynslóð **stærri sportjeppa**, sem færir þér það besta úr mörgum heimum. Stílhreinn fólksbíll í lúxusflokki, rúmgóður fjölskyldu- og frístundabíll eða ferðafrelsi dugmikils jeppa. Þitt er valið.

**Verð frá kr. 3.460.000**
Hlaðinn staðalbúnaði
Upplifðu bíl ársins 2006
Komdu í reynsluakstur



Bíll á mynd: Santa Fe GLS lux, 2,2 dísel - 7 manna.

Með bílinn handa þér

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Himinn og haf / SÍA




# Gullvottuð þjónusta

Avaya, framleiðandi Avaya-símkerfa, valdi á dögunum Nýherja „viðskiptafélaga ársins í Vestur-Evrópu", þar sem tvö af stærstu innleiðingarverkefnum fyrir Avaya í þessum heimshluta voru unnin af Nýherja. Áður hafði Avaya gert Nýherja að „Gold Partner" vegna yfirgripsmikillar þekkingar og góðrar þjónustu.

Nýherji er með forystu í innleiðingu og rekstri samskipta- og fjarskiptalausna hér á landi og hafa sérfræðingar fyrirtækisins unnið að fjölmörgum spennandi verkefnum á þessu sviði sem hafa gert samskipti viðskiptavina markvissari og hagkvæmari.

AVAYA

Gold Enterprise
BusinessPartner

NÝHERJI

Nýherji hf. | Borgartúni 37 | 105 Reykjavík | Sími 569 7700 | www.nyherji.is

# Líflegur markaður

Síðasta vika á skuldabréfamarkaði var mjög lífleg enda voru nokkrar mikilvægar hagtölur birtar.

Greiningardeild Kaupþings segir að framan af vikunni hafi krafa á bæði verðtryggðum og óverðtryggðum bréfum lækkað í kjölfar lágra hagvaxtar- og verðbólgutalna. Sennilegt sé að tölurnar hafi dregið úr skammtíma verðbólguvæntingum og þar af leiðandi leitt til lægri vaxtavæntinga. Á föstudag varð hins vegar viðsnúningur þegar verðtryggða krafan hækkaði aftur. Þá urðu einnig hækkanir á hluta óverðtryggða markaðarins, að sögn deildarinnar. - jab



**KAUPÞING** Greiningardeild Kaupþings segir skuldabréfamarkaðinn hafa verið líflegan í síðustu viku.
Markaðurinn/Stefán

# Óbreyttir vextir

Seðlabanki Japans hefur ákveðið að halda stýrivöxtum óbreyttum í 0,25 prósentum. Bankinn hækkaði stýrivexti síðast um 25 punkta í júlí í sumar og lét af núllvaxtastefnu sinni, sem hafði verið viðvarandi síðastliðin fimm ár.

Ákvörðunin kom greiningaraðilum ekki á óvart enda hafa þeir talið efnahagslífið vart ráða við hærri stýrivexti.

Toshihiko Fukui, bankastjóri japanska seðlabankans, segir einkaneyslu hafa aukist minna en væntingar stóðu til auk þess sem vöxtur hagkerfisins hafi verið undir spám. Því hafi verið tekin ákvörðun um að halda vöxtunum óbreyttum. - jab



**TOSHIHIKO FUKUI** Bankastjóri seðlabanka Japans segir einkaneyslu hafa aukist minna en gert hafi verið ráð fyrir og því hafi verið ákveðið að halda stýrivöxtum óbreyttum að sinni.
MYND/AFP

# Fær nafnið Eik Bank

Föroya Sparikassi, stærsti banki Færeyja sem verður skráður í Kauphöll Íslands á næsta ári, hefur tekið upp nafnið Eik Bank í ljósi aukinna umsvifa bankans á erlendum vettvangi. Eik er talið heppilegra fyrir alþjóðlega útrás færeyska bankans.

Nafnið er komið frá danska fjárfestingarbankanum Eik Bank sem bankinn eignast árið 2001.

Færeyski bankinn hóf að kaupa stofnfjárhluti í SPRON árið 2004 og er nú stærsti stofnfjáreigandinn með tæplega tíu prósenta hlut. - eþa

# Verð á fiski í methæðum

**Kílóverð á fiski fór í methæðir á helstu fiskmörkuðum landsins í síðustu viku þrátt fyrir ágætt framboð á fiski. Tæplega tvö tonn af fiski seldust á markaðnum og var meðalverðið 181,93 á kíló. Til samanburðar stóð meðalverðið í 169,37 krónum á kíló vikuna á undan.**

**Fiskverð hefur verið í hærri kantinum á árinu sem hefur skilað sér í því að söluverðmæti á fiskimörkuðum landsins hefur ekki verið undir einum milljarði á mánuði það sem af er árs. Það hefur ekki gerst síðan fiskmarkaðir tóku til starfa hérlendis, samkvæmt upplýsingum frá Reiknistofu fiskmarkaða hf. (áður Íslandsmarkaði).**

**Í síðustu viku var mest í boði af ýsu líkt og fyrri vikur. 843 tonn voru í boði samanborið við 818 vikuna á undan og fengust 158,96 krónur að meðaltali fyrir kílóið af slægðri ýsu. Það er tæplega 7,4 krónum minna en fengust fyrir ýsuna vikuna á undan.**

**Þá var næstmest í boði af þorski líkt og áður eða 719 tonn, sem er umtalsverð aukning á milli vikna. Um 256,80 króna meðalverð fékkst fyrir kílóið af slægðum þorski en það er tæplega 7,7 króna hækkun frá því vikuna á undan.**

**Aðrar tegundir seldust minna en skarkoli og steinbítur höfðu sætaskipti við ufsa sem þriðja og fjórða mest selda fisktegundin frá vikunni á undan.** - jab



**ÞORSKUR** Söluverðmæti á fiskmörkuðum hefur ekki verið undir einum milljarði á mánuði það sem af er ári. Slíkt hefur ekki gerst frá því fiskmarkaðir tóku til starfa.
MARKAÐURINN/VILHELM

# Promens í hópi stærstu iðnfyrirtækja landsins

## Polimoon, sem Promens er að kaupa í Noregi, er þrisvar til fjórum sinnum stærra en Promens. Fyrirtækið hefur verið í örum vexti og verður rekið óbreytt um sinn.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

Gert er ráð fyrir að Promens hf. ljúki kaupum á norska fyrirtækinu Polimoon fyrir áramót. Þegar tilboðsfrestur rann út föstudaginn 15. desember höfðu 99,85 prósent hluthafa samþykkt tilboð Promens. Ragnhildur Geirsdóttir, forstjóri Promens, segir verðið óhjákvæmilega hafa hækkað við það að samkeppni hafi verið um kaupin, en sé þó vel innan þeirra marka sem fyrirtækið hafi sett sér í upphafi.

Verðið sem Promens greiðir fyrir hvern hlut í Polimoon er 35 norskar krónur, sem samsvarar tæplega 1,4 milljörðum norskra króna, eða 166 milljónum evra. Miðað við greitt verð er heildarvirði Polimoon 298 milljónir evra, eða sem svarar rúmlega 27 milljörðum íslenskra króna.

Ragnhildur segir að kaupin hafi gengið hratt og snurðulaust fyrir sig. „Núna erum við bara að klára að kaupa hlutabréfin," segir hún en kaupin eru fjármögnuð með eigin fé og breytanlegum lánum sem eru sölutryggð af Atorku, móðurfélagi Promens og Landsbanka Íslands, auk lánsfjármögnunar frá DnB NOR. Áætluð ársvelta Polimoon á þessu ári eftir að tekið hefur verið tillit til fullra áhrifa af fyrirtækjakaupum nemur um 570 milljónum evra.

Ragnhildur segir kaupin miklu breyta fyrir Promens, enda sé Polimoon þrisvar til fjórum sinnum stærra félag í veltu. „Við ætlum til að byrja með að reka Polimoon óbreytt, en þar innandyra er mjög öflugt stjórnendateymi og þeir hafa verið að vaxa talsvert með því að kaupa smærri fyrirtæki og laga rekstur þeirra. Við sjáum fyrir okkur að halda því áfram, en breytingin fyrir okkur er náttúrulega heilmikil. Við förum úr einhverri 150 milljóna evra veltu í 700 milljónir."

Eftir kaupin verður Promens meðal stærstu iðnfyrirtækja hér og rekur 60 verksmiðjur um allan heim og er með um 5.400 starfsmenn. Ragnhildur segir hins vegar að kaupin kalli ekki á sérstakar breytingar annars staðar innan fyrirtækisins. „En við sjáum auðvitað tækifæri í að nýta það sem vel er gert í Polimoon og öfugt."

Polimoon var skráð í Kauphöllinni í Ósló í apríl 2005 en fyrirtækið sérhæfir sig í framleiðslu á umbúðum þar með talið neytenda-, efna-, lyfja- og matvælaumbúðum. Auk þess framleiðir félagið plastíhluti fyrir bíla- og rafeindaiðnað. Helstu framleiðsluaðferðir sem fyrirtækið notar eru sprautusteypa, blástursmótun og vakúmmótun. Meðal viðskiptavina Polimoon eru svo fyrirtæki á borð við Johnson & Johnson, L'Oreal, Pfizer, GE, Shell, Volvo og ABB.




**RAGNHILDUR GEIRSDÓTTIR** Ragnhildur er forstjóri Promens, sem er í eigu fjárfestingafélagsins Atorku Group hf., en Atorka er skráð í Kauphöll Íslands.
MARKAÐURINN/GVA

SJÓÐUR 10
ÚRVAL INNLENDRA HLUTABRÉFA

24,7%

Nafnávöxtun síðustu 12 mánuði m.v. 30.11.2006*

BESTA ÁVÖXTUN SAMBÆRILEGRA SJÓÐA SÍÐUSTU 12 MÁNUÐI**

Markmið sjóðsins er að ná hærri ávöxtun en úrvalsvísitala Kauphallar Íslands.

KOSTIR VERÐBRÉFASJÓÐA GLITNIS:

- Mikil áhættudreifing og góð ávöxtun
- Eignastýring í höndum sérfræðinga
- Ávallt innleysanlegir

Þú getur fjárfest í áskrift eða keypt fyrir staka upphæð. Farðu á **www.glitnir.is** og kláraðu málið.

Sjóður 10 er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Glitnir Sjóðir hf. Útboðslýsingu og útdrátt úr útboðslýsingum má nálgast í útibúum Glitnis eða á **www.glitnir.is/sjodir.**

* Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð

** Sjá ávöxtun innlendra hlutabréfasjóða á www.sjodir.is




# CCP slær félögum í Kauphöll við

Netleikjaframleiðandinn CCP hagnaðist um 370 milljónir króna á fyrstu níu mánuðum ársins, að sögn Hilmars Veigars Péturssonar, framkvæmdastjóra félagsins. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var um eitt hundrað milljónum króna meiri en niðurstaða.

Þetta er meiri hagnaður en mörg kauphallarfélög sýndu á sama tíma og er þar hægt að nefna 365 (áður Dagsbrún), Hf. Eimskipafélagið (Avion Group), Icelandic Group, Marel og Nýherja.

CCP velti um 1.300 milljónum króna á tímabilinu. Hilmar segir að það sé í vaninn í þessum bransa að hagnaður sé hátt hlutfall af veltu. - eþa

**NÍU MÁNAÐA UPPGJÖR NOKKURRA FYRIRTÆKJA ***

| | |
|---|---|
| Össur | 387 |
| CCP | 370 |
| Icelandic | 288 |
| Nýherji | 238 |
| Marel | 58 |
| Flaga | -98 |
| Dagsbrún | -4.678 |
| Hf. Eimskipafélag Íslands | -4.889 |

* Í milljónum króna

ROLEX




OYSTER PERPETUAL
DATEJUST

WWW.ROLEX.COM

*Franch Michelsen*

ÚRSMÍÐAMEISTARI

LAUGAVEGI 15 • SÍMI 511 1900
WWW.SVISS.IS

# Sektað fyrir tilboð

Samkeppnisyfirvöld í Kína hafa sektað kínversku ferðaskrifstofuna Jinan Spring Holiday Travel Agency um jafnvirði tæpra 1,4 milljónir króna fyrir brot á samkeppnisreglum. Ferðaskrifstofan seldi um 400 flugmiða í innanlandsflugi fyrir allt niður í 1 júan eða tæpar 9 krónur í byrjun mánaðar.

Meðalverð fyrir sambærilega flugleið og ferðaskrifstofan bauð nemur aðra leiðina um 910 júönum eða 8.000 íslenskar krónur. Að sögn kínversku ríkisfréttastofunnar Xinhua kveða samkeppnislög á um að ekki megi selja farmiða undir ákveðnu lágmarksverði og megi afsláttur hvers miða ekki vera nema 45 prósent af auglýstu verði. - jab


**ÁKÍNVERSKUMFLUGVELLI** Ferðaskrifstofan Jinan Spring Holiday Travel á nokkrar þotur frá Airbus sem hún nýtir til farþegaflutninga í innanlandsflugi. MARKAÐURINN/AFP

# Nýr tónn hjá Gibson

Bandaríski gítarframleiðandinn Gibson keypti um miðja síðustu viku fyrirtækið Dongbei Piano, sem er stærsti framleiðandi á píanóum í Kína og var í eigu ríkisins. Með kaupunum er horft til þess að stækka markaðshlutdeild Gibson þar í landi en draga jafnframt úr framleiðslukostnaði.

Ekki hefur verið tilgreint hversu hátt kaupverð Gibson greiðir fyrir kínverska píanóframleiðandann að öðru leyti en því að það nemur nokkuð hundruð milljónum júana.

Kínamarkaður er ekki nýr af nálinni fyrir Gibson, sem í nokkur ár hefur framleitt ódýrari gerðir rafmagnsgítara undir merkjum Epiphone suðurhluta landsins. Þá er Gibson enginn nýgræðingur á sviði píanóa því fyrirtækið framleiðir hin heimsþekktu Baldwin-píanó.

Rafmagnsgítararnir frá Gibson hafa verið á meðal þekktustu hljóðfæra í heimi. Fyrsti gítar fyrirtækisins, sem þróaður var í samvinnu við djassgítarleikarann Les Paul, leit dagsins ljós árið 1935. Á meðal frægra tónlistarmanna sem hafa notað gítar af þessari gerð eru þeir Jimmy Page, gítarleikari rokkhljómsveitarinnar Led Zeppelin, John Lennon og Edge, gítarleikari U2. - jab


**JIMMY PAGE MEÐ GIBSON** Bandaríska fyrirtækið Gibson hefur keypt kínverska píanóverksmiðju.

# Chrysler dregur úr framleiðslu bíla

Tom LaSorda, forstjóri bandaríska bílaframleiðandans Chrysler, sagði í síðustu viku, að fyrirtækið ætlaði að draga úr framleiðslu á nýjum bílum í átta verksmiðjum sínum vestanhafs í þessum mánuði og byrjun næsta árs til að minnka birgðir af óseldum bílum. Dregið verður úr framleiðslunni með því að gefa starfsmönnum í verksmiðjunum lengra jólafrí en fyrri ár.

Sala á nýjum bílum hefur dregist talsvert saman í Bandaríkjunum á árinu, sér í lagi vegna snarpra verðhækkana á eldsneyti sem varð til þess að fólk skipti stærri bílum út fyrir minni og sparneytnari.

Chrysler, líkt og aðrir bílaframleiðendur vestanhafs, kom ekki vel undan árinu en þekktustu bílar fyrirtækisins eru jeppar og aðrir stórir bensínsvelgir. Salan dróst saman um 26 prósent á þriðja ársfjórðungi með þeim afleiðingum að fyrirtækið tapaði 1,5 milljörðum bandaríkjadala eða 103,4 milljörðum íslenskra króna.

Í ofanálag greindi bandaríska dagblaðið The Detroit News frá því að svo geti farið að Chrysler hætti tímabundið framleiðslu á einhverjum tegundum bíla í janúar á næsta ári til að minnka birgðir af óseldum bílum. Talsmaður Chrysler neitar hins vegar að staðfesta fréttir þessa efnis. - jab


**TOM LASORDA** Forstjóri Chrysler segir fyrirtækið ætla að draga úr framleiðslu á bílum til að minnka birgðir af nýjum óseldum bílum. MARKAÐURINN/AFP

# Sættir náðust um kínverska júaninn

Henry Paulson, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, og Ben Bernanke, seðlabankastjóri landsins, náðu fyrir hönd bandarískra stjórnvalda samkomulagi við kínverska ráðamenn undir lok síðustu viku þess efnis að stjórnvöld í Kína slaki á lággengisstefnu kínverska júansins. Stjórnvöld í Bandaríkjunum vilja sjá minni gengismun landanna á milli til að draga úr innflutningi á vörum frá Kína.

Greiningaraðilar segja hins vegar ekkert fast í hendi og benda á, að þótt Kínverjar hafi gengist við samkomulaginu þá geti svo farið að gengið hækki lítið.

Þá er sömuleiðis horft til þess að minnka viðskiptahallann við landið, sem stefnir í methæðir. Hallinn í ár stefnir í að nema 229 milljörðum bandaríkjadala eða 15.917 milljörðum íslenskra króna. Verði það endanleg niðurstaða hafa vöruskipti við Kína aldrei verið neikvæðari.

Stjórnvöldum í Kína hefur lengi verið legið á hálsi fyrir að halda gengi júansins lágu með handafli til að efla útflutning á kínverskri framleiðslu. Það er hins vegar þyrnir í augum bandarískra stjórnvalda, sem hafa horft á síaukin viðskiptahalla gagnvart Kína ár frá ári og minni sölu á innlendum varningi. Þetta var fyrsti fundur bandarísku sendinefndarinnar en stefnt er á fleiri fundi í framtíðinni. - jab


**SÁTTAHÖND?** Henry Paulson, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, og Hu Jintao, forseti Kína, takast í hendur að fundi loknum. MARKAÐURINN/AFP

# Spánverjar tryggja sig

## Spánverjar hafa samþykkt að auka greiðslur til EADS vegna þróunar á A380-risaþotunni.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Stjórnvöld á Spáni samþykktu undir lok síðustu viku að setja aukið fé í þróun á A380 risaþotu Airbus, eins stærsta dótturfélags evrópsku samstæðunnar EADS. Greiðslur Spánverja á árinu nema 56,97 milljónum evra eða rúmlega 5,1 milljarði íslenskra króna.

Spánverjar eiga mikið undir gengi EADS, sem hefur farið sígandi á árinu vegna ítrekaðra tafa og vandræða í framleiðslu á risaþotunni, sem er tveimur árum á eftir áætlun. Flugfélög á Spáni halda í vonina, að greiðslur stjórnvalda verði til þess að þau verði með þeim fyrstu til að fá risaþoturnar, sem eru á tveimur hæðum og stærstu farþegaflugvélar í heimi, á næsta ári. Þá er sömuleiðis horft til þess að framleiðsla á nokkrum hlutum í risaþotuna, sem gerðir eru á Spáni, verði ekki fluttir úr landi í hagræðingarskyni.

EADS er að stærstum hluta í eigu nokkurra stærstu ríkja í Evrópu auk þess sem nokkur stórfyrirtæki eiga hlut í félaginu. Ríkin hafa hvert um sig deilt kostnaði við þróun risaþotunnar á milli sín. Spænska ríkið átti upphaflega að greiða fimm prósent af heildarkostnaði við farþegaþotuna. Kostnaðurinn hefur hins vegar tvöfaldast frá því þróun vélarinnar hófst fyrir sex árum og nema í heildina 376 milljónum evra eða 33,8 milljörðum íslenskra króna. Heildarkostnaður við þróun vélarinnar á tímabilinu nemur hins vegar heilum 12 milljörðum evra eða tæplega 1.100 milljörðum íslenskra króna.

Viðskiptaráðherra Spánar segir að ríkið muni ekki greiða meira en sem þessu nemur og bætti við, að greiðslurnar sem samþykktar voru fyrir helgi hafi verið það sem upp á vantaði í greiðslu ríkisins fyrir þremur árum.


**KÓNGAFÓLK Í RISAÞOTU** Juan Carlos, konungur Spánar, og Soffía drottning settust í flugstjórnarklefa A380-risaþotunnar frá Airbus þegar þau heimsóttu verksmiðjur flugvélasmiðjunnar í Frakklandi í sumar. MARKAÐURINN/AFP

# Íranar skipta yfir í evrur

Deilur stjórnvalda í Íran og Bandaríkjunum fengu á sig aðra mynd í byrjun vikunnar þegar stjórnvöld í Íran fyrirskipuðu seðlabanka landsins að framvegis myndu öll milliríkjaviðskipti landanna verða í evrum í stað bandaríkjadala.

Gholam Hossein Elham, talsmaður ríkisstjórnarinnar, segir að gripið hafi verið til aðgerðanna til að einfalda alla fjármálaumsýslu stjórnvalda á erlendum vettvangi auk þess sem með þessu séu tengslin við bandaríkjadal rofin.

Eftir breytinguna verða erlendir aðilar að greiða með evrum fyrir íranskan útflutning, þar á meðal olíu en Íranar eru fjórða stærsta olíuframleiðsluríki í heimi.

Fjölmiðlar segja Írana hafa gripið til þessa ráðs vegna yfirvofandi efnahagsþvingana Sameinuðu þjóðanna gegn Írönum vegna kjarnorkuáætlunar stjórnvalda. Þá munu aðgerðirnar vera gerðar að tilstuðlan fjármálastofnana í Íran, en forsvarsmenn banka þar í landi segja erfiðara nú en áður að taka dali út af reikningum í evrópskum bönkum. Segja þeir, að það sé vegna þrýstings frá Bandaríkjamönnum, sem vilja koma í veg fyrir fjármagnsflutninga til og frá löndum múslíma. - jab


**TALSMAÐUR MEÐ FORSETANUM** Gholam Hossein Elham ásamt Mahmoud Ahmadinejad, forseta Írans. MARKAÐURINN/AFP




Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?
ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI á www.mentis.is
Microsoft CERTIFIED Partner
Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is
mentis HUGBÚNAÐUR




# SKÖTUVEISLA

## · Skötu- og jólahlaðborð ·
## Þorláksmessa – 23. desember

Frá hádegi á Þorláksmessu og fram eftir degi bjóða matreiðslumeistarar Perlunnar upp á sannkallaða skötuveislu sem enginn ætti að láta framhjá sér fara. Jólahlaðborðið er einnig opið á meðan.

---

### Gjafabréf
*Allt árið um kring!*

Gjafabréf Perlunnar má nota hvenær sem hentar. Skemmtileg gjöf sem gleður sælkerana.
**Gefðu einstaka kvöldstund í Perlunni í jólagjöf.**

---

### Jólahlaðborð
*Milli jóla og nýárs*

Eitt vinsælasta jólahlaðborð á landinu heldur áfram milli jóla og nýárs. Fyrir mat er gestum boðið að bragða á sérvöldum eðalvínum.
**Verð: 6.250 kr.**

---

### Allt í steik
*Janúar & febrúar*

Hin árlega steikarveisla Perlunnar „Allt í steik“ hefst strax eftir áramót. Ekki er seinna vænna en að panta borðið þitt strax.
**Fjögurra rétta veisla frá aðeins 3.990 kr.**

Perlan · Öskjuhlíð · Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207 · perlan@perlan.is

# Minnsti bankinn er samt með stærsta fjármögnunarliðið

Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki er fyrirtæki í örum vexti. Ekki er hlaupið að því að breyta fjárfestingarsjóði í banka, en eins og **Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir**, framkvæmdastjóri fjárstýringar bankans, útskýrði fyrir *Óla Kristjáni Ármannssyni*. Bankastarfsemi byggist á trausti, sem yngri fyrirtæki eiga náttúrlega eftir að vinna sér inn. Straumur-Burðarás lætur það þó ekki aftra sér.

Straumur-Burðarás var fjárfestingarfélag en er nú fjárfestingabanki. Að slíkri umbreytingu er ekki hlaupið, en meðal annars þarf Straumur að fjölga tekjustofnum sínum. Í lok síðasta mánaðar tók bankinn meðal annars stórt skref í þá átt með útgáfu 200 milljóna evra (yfir 18 milljarða króna) skuldabréfs í gegnum svokallaðan CLO lánaramma (*collateralized loan obligations*) á alþjóðlegum lánamarkaði. Útgáfan er með stækkunarmöguleika upp í 1,6 milljarða evra (eða yfir 144 milljarða íslenskra króna). Skuldabréfið er til fimm ára og er ætlað að styrkja þátttöku bankans á alþjóðlegum sambankalánamarkaði um leið því er ætlað að auka enn frekar á hlutdeild vaxtaberandi eigna bankans.

### TEKJUSAMSETNINGU GJÖRBREYTT

„Straumur er auðvitað mjög ungur banki og það sem fyrst og fremst greinir okkur frá hinum er hversu litla sögu við eigum," segir Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir, framkvæmdastjóri fjárstýringar Straums-Burðaráss Fjárfestingabanka. Hún segir ungan aldur bankans bæði vera kost og ókost þegar kemur að fjármögnun hans, því lánveitendur horfi vitanlega fyrst og fremst til gengis og sögu fjármálastofnana áður en tekin er ákvörðun um hvort eigi að lána þeim.

„Hjá okkur skiptir mestu að við erum að færa félagið frá því að vera fjárfestingafélag yfir í það að vera banki." Svanhildur bendir á að árið 2005 hafi Straumur varla verið með nokkrar vaxtatekjur og mjög litlar þóknunartekjur, en þessir þættir vega mun þyngra í innkomu hinna bankanna. „Tekjurnar voru meira og minna hagnaður af hlutabréfaeign, sem við sem starfsmenn komum lítið að. Við þurfum hins vegar að sannfæra menn um þá framtíðarsýn okkar að ætla árið 2008 að vera komin í þá tekjusamsetningu að við verðum með helming tekna okkar af gengishagnaði af hlutabréfum og fjórðung og fjórðung af hinum stólpunum, vaxtatekjum og þjónustugjöldum. Nú þegar erum við komin fram úr áætlunum okkar hvað varðar tekjur úr öðrum einingum. Á þetta horfa menn þegar kemur að fjármögnun og er þegar farið að telja, því þeir sjá mjög hraðan viðsnúning í viðskiptamódeli okkar og eru því mun áhugasamari um að koma inn."

Óvíða finnast á Norðurlöndum bankar sem verið er að byggja upp frá grunni líkt og Straum-Burðarás, hvað þá að þeir séu á jafnskömmum tíma orðnir jafnþekkt nafn í viðskiptaheiminum. „Fólk er farið að taka eftir bankanum og þekkir hann, til dæmis í Danmörku og á alþjóðlegum fjármögnunarmörkuðum og hann er þriggja ára gamall," segir Svanhildur og bætir við að miklu skipti hversu hratt umskiptin frá fjárfestingarfélagi yfir í banka geti átt sér stað. „Þegar tekið er fjárfestingarfélag þar sem hlutfall hlutabréfaeignar er mun hærra en í bönkunum og sett á það bankaleyfi er spurningin hversu hratt er hægt að ná þeirri gírun sem hinir bankarnir eru með, það er að segja að nota eigið fé bankans og það tekst ekki nema með því að draga að fjármagn. Ég held ég fari rétt með að gírun okkar sé þreföld meðan hún er svona tólfföld hjá Kaupþingi banka. Og við náum ekki að gíra tólffalt nema að einhver sé tilbúinn að lána okkur. Til þess að fá hærri lánshæfiseinkunn þarf að byggja upp eignir sem gefa hærri vaxtatekjur og til að búa til vaxtatekjur þarf fjármögnun." CLO skuldabréfaútgáfan er svo aftur tæki sem hjálpar bankanum að auka hlutdeild vaxtatekna hjá sér þar sem hún



**FRAMKVÆMDASTJÓRI FJÁRSTÝRINGAR STRAUMS-BURÐARÁSS FJÁRFESTINGABANKA** Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir kom til starfa hjá Straumi-Burðarási Fjárfestingabanka fyrir rúmu ári, en hafði þá um þriggja ára skeið unnið hjá Kaupþingi banka. Þar áður var Svanhildur hjá Fjárfestingabanka atvinnulífsins og Íslandsbanka. MARKAÐURINN/GVA

er að segja má frístandandi fjármögnunartæki á ákveðnar eignir meðan áhætta bankans hefur ekki áhrif á fjármögnunarkostnaðinn. „Í þeirri einingu náum við að lækka mjög fjármögnunarkostnaðinn og getum á móti fjárfest í lánum sem gefa okkur góðar vaxtatekjur. Segja má að með þessu sé rofinn þessi vítahringur því áhættuprófíllinn sem er á Straumi hefur ekki áhrif á fjármögnunina, en tekjur og annað af henni kemur inn á rekstrar- og efnahagsreikning bankans."

### EINKUNNIN SKIPTIR HÖFUÐMÁLI

Fyrir um það bil ári, þegar Svanhildur kom til starfa hjá Straumi-Burðarási, var bankinn að mestu fjármagnaður á íslenskum markaði. „Það var þá fjármögnun frá hinum bönkunum og svo almenn skuldabréfaútgáfa til lífeyrissjóða og annarra sjóða. Á þriðja ársfjórðungi í fyrra nam innlend fjármögnun 84 prósentum, en stendur núna í um 40 prósentum," segir Svanhildur og kveður Straum-Burðarás orðinn óháðan íslensku bönkunum. „Við viljum halda áfram á þeirri braut að auka þátttöku erlendra aðila í fjármögnun okkar."

Stærsta skref bankans inn á erlenda markaðinn segir Svanhildur hafa verið 200 milljóna evra lán sem gengið var frá í desember í fyrra, en að auki hafi bankinn verið með skuldabréfaútgáfu í Bandaríkjunum fyrir utan minni samninga sem saman kunni þó að vega þyngra í fjármögnuninni en þeir stærri. „Svo komum við að þessari CLO útgáfu í síðasta mánuði," segir hún og þakkar árangur bankans við að auka tekjuskömpun í öðrum þáttum en af hlutabréfum ekki síst því að í nýju mati matsfyrirtækisins Fitch Ratings er því gefið undir fótinn að brátt gæti komið að því að uppfæra lánshæfismat bankans og gefa honum hærri einkunn. Einkunnin skiptir fjármálafyrirtæki miklu máli því hún ræður miklu um á hvaða kjörum þau ná að fjármagna sig. „Uppfærsla í einkunn og svona hratt myndi skipta okkur alveg gífurlegu máli í fjármögnunni," segir Svanhildur og bætir við að þarna megi merkja afraksturinn af þeirri áherslu sem bankinn hafi lagt á fjármögnunarhliðina í starfseminni.

„Við erum örugglega með fjölmennasta fjármögnunarliðið þótt við séum minnsti bankinn, sem ræðst náttúrlega af því að við erum með þá einingu sem erfiðast er að fjármagna. Við erum með veikasta lánshæfismatið og hvernig getum við þá byggt upp það traust sem til þarf hjá okkar fjárfestum? Við gerum það með því að mæta til þeirra ársfjórðungslega, í hvert sinn sem tölur hafa komið út og setjum í forgang þá sem hafa sett peninga í starfsemina. Um leið og eitthvað nýtt gerist, tilkynning kemur í Kauphöllina, hvort sem það er jákvætt eða neikvætt, þá tölum við við fólk, útskýrum málin og að hverju er verið að stefna." Þarna segist Svana telja að Straumur-Burðarás sé kominn skrefi á undan hinum bönkunum í að byggja upp það sem kallast *credit investor relations* eða lánardrottnatengsl á alþjóðlegum mörkuðum. „Þetta er það sem drífur okkur áfram og gerir að verkum að í okkar hóp er komin þessi fjölbreytni og alþjóðlegu fjárfestar."

### ÁHERSLA Á FÓLK OG TRAUST

Svanhildur segir núna verða byggt á þeirri miklu vinnu sem þegar hafi verið lagt í við að byggja upp tengsl við fjárfesta. Hún segir búið að vinna lista með yfir 300 fjárfestum sem margir hverjir séu komnir til liðs við bankann í smærri og stærri stíl. „Hugsanlega á svo um helminginn eftir að koma inn. Þeir hafa sýnt því áhuga og farið lengra með það, en eru að bíða eftir heilsárstölunum frá okkur fyrir 2006. Því ef horft er raunhæft á þessa mynd þá á sameinað félag Straums og Burðaráss ekki einu sinni tölur fyrir heilt ár. En í þessu skiptir það töluverðu máli." Svanhildur segir að hjá bankanum sjái þau því fram á, að því gefnu að árangurinn verði jafngóður áfram, að næsta ár verði mjög gott. Hún telur að á næsta ári komi Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki til með að sjá afrakstur erfiðis síns og taki að uppskera eftir gott ár. „Núna vilja menn bara fara að sjá tölurnar fyrir 2006 og við erum búin að tryggja okkur stóra fjármögnun 1 janúar sem við erum að vinna í að bæta við. Svo ætlum við aftur inn á Bandaríkjamarkað þar sem við höfum unnið mikið undanfarið um leið og við nýtum til fulls önnur tækifæri."

Markmið Straums-Burðaráss hvað varðar lánshæfiseinkunn er að hún færist úr því að vera BBB- í að vera BBB+. „Það er þá tveimur punktum fyrir ofan það sem nú er, en fer alveg eftir því hvernig okkur gengur og hversu langan tíma tekur að ná þessu marki. Ef þetta heldur svona áfram ættum við alveg að geta gert þetta á næstu fimm árum." Einhverjum kann að þykja þarna langur tími, en hann er í raun örskammur þegar kemur að þróun fjármálafyrirtækja. „Ég held að íslensku bankarnir hafi örugglega hækkað sitt lánshæfismat einna hraðast, einfaldlega vegna þeirra miklu breytinga sem hér hafa átt sér stað. En annars staðar gerast hlutirnir ekki svona hratt. Ég held að matið hafi varla breyst hjá öðrum bönkum á Norðurlöndum." Mikið umrót hér segir Svanhildur að hafi líka kallað á aukna athygli á alþjóðamörkuðum og það ekki alla jákvæða, líkt og sýndi sig í byrjun þessa árs með afar neikvæðum skrifum erlendra greiningardeilda um íslenskt efnahagslíf og vangaveltum um stöðu bankanna. „En þar höfum við bara verk að vinna og okkar er að vinna vel úr þeirri athygli sem við fáum. Í dag eru menn alltaf tilbúnir að hitta okkur, hreinlega til að forvitnast um hvað sé að gerast og það höfum við í raun getað nýtt okkur á þessu ári. Bransinn snýst um fólk og traust og það hefur okkur tekist að byggja upp í slíkum heimsóknum."


Fagnaðu með okkur
Celebrations
Celebrations
The Sparkling Selection



# Nú sér fyrir endann á hækkunarferli

Klukkan níu í fyrramálið birtir Seðlabanki Íslands á vef sínum ákvörðun um stýrivexti á aukavaxtaákvörðunardegi. Tv
stjórnin grein fyrir ákvörðun sinni. Sérfræðingar spá því að nú ljúki stýrivaxtahækkanaferli Seðlabankans sem staðið h
stýrivextir staðið í 5,3 prósentum um nokkurt skeið. Þeir eru nú 14 prósent. *Óli Kristján Ármannsson* fer yfir ferlið. Sérfr
um hafi fatast flugið fyrir ári, en náð því svo aftur.

Hvort sem Seðlabanki Íslands hækkar stýrivexti lítillega á aukavaxtaákvörðunardegi sínum á morgun eða heldur þeim óbreyttum ber sérfræðingum saman um að eftir áramót verði örugglega lokið ferli stýrivaxtahækkana bankans sem hófst í maí 2004 og að bankinn taki í framhaldinu að lækka vexti. Greiningardeild Landsbanka Íslands hefur spáð því að lækkunarferli stýrivaxtanna hefjist strax í marslok.

Eftir að tólf mánaða verðbólga náði hámarki í 8,6 prósentum undir lok sumars hafa síðustu mælingar sýnt að hún er undan að láta og reyndist í síðustu mælingu vera sjö prósent, sem engu að síður er hátt yfir 2,5 prósenta markmiði Seðlabankans. Mikil óvissa er samt um stöðuna því misvísandi merki eru í hagkerfinu og sérstakar aðstæður sem kunna að kynda undir, svo sem sú einfalda staðreynd að alþingiskosningar eru í nánd og stjórnmálamenn því ef til vill viljugri til að setja peninga í framkvæmdir þegar sérfræðingum efnahagsmála ber flestum saman um að heillavænlegra hefði verið að halda áfram að tipla á bremsunni.



**BIRGIR ÍSLEIFUR GUNNARSSON** Birgir Ísleifur hvarf í fyrra úr stóli seðlabankastjóra og við tók Davíð Oddsson sem verið hafði forsætisráðherra. MARKAÐURINN/VILHELM

**BANKINN KOM Á ÓVART**

Ef til vill er lýsandi fyrir stöðu Seðlabankans að sérfræðingar hafi sérstaklega orð á hlut stjórnmálamanna sem áhættuþáttar í efnahagsumhverfinu því bankinn hefur ítrekað í þeirri efnhagssveiflu sem nú sér fyrir endann á kallað eftir auknu aðhaldi og aðstoð hins opinbera við að fást við verðbólguna, en hefur í raun staðið þá vakt einn. Þannig hafa á þessu tímabili orðið háværari raddir sem efast um getu Seðlabankans til þess að hafa teljandi áhrif á verðbólgu með tækjum sínum, enda séu stýrivextir ónákvæmt tæki sem lengi sé að bíta. Bankinn hefur hins vegar þurft að fást við hluti sem jafnvel mætti kalla mistök í hagstjórn landsins, svo sem ákvörðun stjórnvalda um að gera róttækar breytingar á húsnæðisstefnu sinni í byrjun uppsveiflunnar í efnahagslífinu árið 2003. „Skynsamlegra hefði verið að geyma þær til loka hagsveiflunnar," sagði Davíð Oddsson þá seðlabankastjóri á fundi Viðskiptaráðs um hagstjórnarvandann í byrjun desember í fyrra. Þá kom fram á síðasta vaxtaákvörðunardegi að í Seðlabankanum furðuðu menn sig nokkuð á orðum stjórnvalda um að nóg væri komið af aðhaldsaðgerðum og hægt að taka til við framkvæmdir á ný. Þá sagði Davíð Oddsson að stutt hlé á opinberum framkvæmdum hefði lítil ef nokkur áhrif haft, kannski einhver sálfræðileg.

Hlutverk bankans samkvæmt lögum er hins vegar að beita þeim tækjum sem hann hefur til að stýra verðbólgu að markmiði bankans. Þetta hefur bankinn gert í gegnum ferlið þótt skilaboð hans hafi ekki á öllum stundum þótt nægilega skýr. Væntingar um verðbólgu spila nefnilega stóra rullu í því hvað á endanum úr verður og skiptir þá öllu máli trúverðugleiki Seðlabankans og að fólk trúi því að hann ráði við að sveigja þróunina aftur á hagfellda braut. Í því ferli sem nú er að ljúka telja sérfræðingar helst hafa fallið á trúverðugleikann um það leyti sem Davíð Oddsson fyrrverandi forsætisráðherra tók við formennsku bankastjórnar Seðlabankans af Birgi Ísleifi Gunnarssyni. Seðlabankinn hækkaði stýrivexti um 25 punkta í desember í fyrra þegar greiningardeildir bankanna höfðu spáð 75 punkta hækkun. Hækkunin þar á undan, í september 2005 þegar Birgir Ísleifur var við störf, var 75 punktar. Sérfræðingar efnahagsmála hafa margir hverjir haft á orði að þarna hafi bankanum fatast flugið og í raun gert mistök í peningamálastjórninni og því þurft að taka harðar á í næstu skrefum til að vinna trúverðugleika á ný. Þegar Davíð var fyrir ári síðan spurður hvort hann teldi hækkunina nægja og ekki hætt við að bankinn glataði trúverðugleika sínum taldi hann svo ekki vera, stýrivaxtahækkunin þar á undan hefði haft sín áhrif í fyrsta sinn frá því bankinn tók að hækka vexti sína vorið 2004. Eftir hækkunina í fyrrahaust hækkuðu bankar nefnilega vexti sína. Seðlabankinn kom þarna hins vegar bönkunum og öðrum sérfræðingum á óvart með ákvörðun sinni og tók vægar á stöðunni en búist hafði verið við.

**Allir viðskiptavinir sem versla fyrir 50.000 kr eða meira fá að gjöf 5.000 kr gjafabréf í verslun okkar**

verðlistinn við Laugalæk • sími 553 3755

[ SÉRBLAÐ UM JÓLAUNDIRBÚNING – MIÐVIKUDAGUR 20. DESEMBER 2006 ]

# Jólahald





# Skreytum borð með greinum grænum

Gott er að huga að jólaborðinu í öllum jólaundirbúningnum. Enginn vill þurfa að nota grænar baunir sem skraut á hátíðarborðinu sem skyndireddingu.

Margir hafa gaman af því að gera jólin enn hátíðlegri með því að skreyta allt hátt og lágt. Þó það geti vaxið í augum að búa til skreytingar á jólaborðið þarf framkvæmdin ekki að taka langan tíma. Með því að nota það sem til er á heimilinu má henda upp stórglæsilegum borðskreytingum á örskotsstund. Börnin geta tekið þátt í föndrinu og í raun séð um alla framkvæmdina. Vonandi geta lesendur sótt hugmyndir í myndirnar og í kjölfarið rótað í skápunum eftir mögulegu jólaskrauti og látið svo hugmyndaauðgina taka öll völd. *- jóa*



Ekki er erfitt að búa til fallega borðskreytingu úr því sem til er á heimilinu. Eplum, hnetum, kanilstöngum, greni og öðru má raða á fallegan disk og jafnvel strá smá flórsykri yfir til að ná fram hátíðleikanum. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



Þessi fallega skreyting er einföld í framkvæmd. Notið epli, mandarínur, appelsínur, hnetur eða annað jólalegt. Skerið gat í ávextina sem stinga má kerti ofan í. Passið bara að kertin séu vel fest.



Ekki þarf mikla fyrirhöfn við að skreyta borðið fyrir jólamorgunverðinn. Með því að hafa skreytingarnar í skálum má auðveldlega færa þær til og ganga frá þeim þar til gripið er í þær næsta dag.



Þessi borðskreyting er ákaflega skemmtileg. Finnið lítinn hólk til að raða jólalegu dóti í og tyllið á disk. Farið þó varlega í að nota kerti nálægt brennanlegum hlutum, ekki viljum við að jólaborðið fuðri upp.



Gera má skemmtilegar skreytingar á sjálfa diskana. Með því að nota meðfærilegt net má búa til keilu og tylla jólaskrauti ofan á. Þessi skreyting ætti að heilla ungu kynslóðina.

## Borðhald



Margir leggja sig fram við að gera jólin sem hátíðlegust. Stórsniðug hugmynd er að pakka inn litlum gjöfum og setja á hvern matardisk. Þessar gjafir þurfa ekki að vera dýrar, geta jafnvel verið fallegt ljóð eða ljósmynd eða eitthvað smálegt eins og lyklakippa eða snafsglas. Litlu pakkarnir eru þannig bæði skreyting á borðinu ásamt því að gleðja matargestina. Umfram allt þá veitir einn lítill pakki börnunum hugarró að minnsta kosti klukkutíma lengur.




Ný útvarpsstöð Kaninn FM 89,0 Íslensk músík alltaf!

Canon



# Myndaðu jólin með Canon

Þú getur verið viss um að Canon myndavél henti þér hvort sem þú tekur myndir af fjölskyldunni, vinum, náttúrunni eða hvers kyns stundum sem skipta þig máli.

## Veldu Canon gæði

Hágæða Canon linsur í Ixus, PowerShot og EOS myndavélum tryggja að þú færð bestu myndirnar. Áralöng þekking og reynsla ásamt framsýnni tækni Canon tryggir myndgæðin og mundu að það er ekki nóg að velja myndavél eingöngu út frá pixlum. Linsan, örgjörvinn, skjárinn, notendavænar stillingar, þjónusta og fleiri mikilvægir þættir skipta máli við val á myndavél og Canon er þar í fremstu röð.

## Skemmtilegt og ódýrt

Með Canon SHELPHY ljósmyndaprentaranum getur þú svo notið þeirra mynda sem þú tekur. Á afar einfaldan hátt er hægt að prenta út fallegar myndir á aðeins nokkrum sekúndum - þegar þér hentar. Það er ódýrara en þú heldur að prenta út myndirnar þínar, eða aðeins um 34 kr. á mynd miðað við 108 mynda pakka.

**Verð á Canon myndavélum er frá 19.900 kr.**

**Verð á Canon ljósmyndaprenturum er frá 14.900 kr.**



**Nýherji er umboðsaðili Canon á Íslandi.**

Viðurkenndir söluaðilar um land allt:

Beco, Elko, Fríhöfnin, Hans Petersen, Hrannarbúðin, Kaupfélag Skagfirðinga, Martölvan, Max, Myndval, Nýherji, Oddi skrifstofuvörur, Pedromyndir, Penninn, Pixlar, Ráðbarður, Tengill, TRS, Tunnan, Tölvulistinn, Tölvun, Tölvuþjónusta Vesturlands

www.nyherji.is/canon



**Leturhumar,** ***Nephrops norvegicus*****,** er veiddur í köldum sjó umhverfis Vestmannaeyjar og víðar undan suðurströnd Íslands. Hann er bragðmikið sjávarfang, gæðavara fyrir neytendur sem gera miklar kröfur um góða meðhöndlun hráefnis og nærgætni við auðlindir sjávar. Humar frá Vestmannaeyjum er úrvalsvara sem við erum stolt af.



# Ljúffengur og litríkur

Nú getur þú boðið til humarveislu með lítilli fyrirhöfn. Lokkandi og ljúffengir humarhalar bíða þín í hentugum neytendaumbúðum, fyrir hvers kyns matseld. Á umbúðunum finnurðu uppskriftir sem hjálpa þér að töfra fram spennandi rétti úr þessu einstaka hráefni.




## Fjórir gæðaflokkar eru í boði:

- **Fyrsta flokks humarhalar**
- **Góðir humarhalar**
- **Humarhalar, valin skelbrot**
- **Smáhumar í súpur og smárétti**

***Prófaðu að elda …*** *ristaða humarhala,*






*humarfyllta nautalund, humar-tagliatelle eða humarsúpu með estragoni.* ***Sannkallaður sælkeramatur fyrir alla!***



JÓLAPAKKARNIR 2006
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
Jólapakkinn á Kanarí!
Bahia Meloneras eða Barbacan Sol m.v. 2 í viku. Brottfarir 9. jan-20. feb.
Verð kr. 49.900.-
Kvennaferð til Kenýa!
16 daga lúxusferð með eiginlega öllu. Matur, safari, dekur og margt fleira innifalið. 8.-23. feb.
Verð kr. 398.430.-
Frábært verð til Kanarí!
Las Camelias, 29.900 m.v. 2 í viku. Amazonas, 34.900 m.v. 2 í viku. Brottfarir 9. jan-20. feb.
Verð frá kr . 29.900.-
Skíðasól!
Skíðapakkar til Madonna á Ítalíu og Wagrain og Flachau í Austurríki í janúar.
Verð frá kr. 69.680.-
Tenerife - Jólapakki 1!
Íbúðagisting á Parque del Sol og Parque Santiago. 39.900 m.v. 2 í viku. Brottfarir 11. jan-8. feb.
Verð kr. 39.900.-
Tenerife - Jólapakki 2!
Hótelgisting á Guayarmina Princess eða Gran Tacande. 59.900 m.v. 2 í viku. Brottfarir 11. jan-8. feb.
Verð kr. 59.900.-
GEFÐU SÓL Í JÓLAGJÖF!
MasterCard
VISA
Verð er á mann m.v. tvo í herbergi eða íbúð. Verð miðast við að bókað sé á netinu.
Innifalið: Flug, gisting, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.
Nánari upplýsingar í síma 585 4000 eða á www.urvalutsyn.is
ÚRVAL·ÚTSÝN

# Kemur heim um hver jól

Björg Þórhallsdóttir söngkona ferðast hver jól frá London til fjölskyldunnar á Akureyri. Fjölskyldan er fastheldin á ýmsar hefðir eins og laufabrauðsgerð.



Björg hefur verið önnum kafin við að fylgja eftir útgáfu disksins Himnarnir opnast - jólaperlur, þar sem hún syngur vinsæl jólalög með dyggri aðstoð annarra listamanna. Í baksýn sést mynd af föður Bjargar, séra Þórhalli Höskuldssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS

„Ég held fast í þá hefð að halda upp á jólin hjá móður minni, Þóru Steinunni Gísladóttur, þótt ég hafi búið í London í heil tíu ár eða frá því að ég fór út í nám,“ segir Björg, sem lagði stund á óperu- og ljóðasöng við Royal Northern College of Music í Manchester og síðan hjá dr. Iris Dell'Acqua í London.

Móðir Bjargar býr á fallegu prestssetri á Akureyri, en maður hennar gegndi þar prestakalli í ein þrettán ár áður en hann féll frá árið 1995. Húsfreyjan heldur nú ein heimili en um hver jól safnast stórfjölskyldan saman hjá henni til að halda þau hátíðleg, Björg, systkini hennar þrjú, makar og systkinabörn.

„Við reynum að halda fast í ákveðnar hefðir,“ heldur Björg áfram. „Höfum til að mynda skýrar reglur um hvernig jólaundirbúningurinn skuli vera. Laufabrauðsgerðin er ein sú allra mikilvægasta, en stórfölskyldan hittist yfirleitt við hana. Við leggjum töluvert upp úr útskurðinum, sérstakri gerð stjarna sem amma kenndi okkur að handskera og segja má að séu orðnar að einkennismerki laufabrauðsins okkar.

Á aðventunni er einnig fastur liður að gera heimagerðar jólaskreytingar og smákökur. Allir eiga sína uppáhalds tegund, til að mynda sörur, og er nýrri tegund líka bætt við um hver jól. Fjölskyldan bíður síðan eftirvæntingarfull eftir jólagrautnum hennar mömmu með heimalöguðu karamellusósunni. Sýður hún alltaf tvo-þrjá potta á Þorláksmessu til að eiga bæði á aðfangadagskvöld og í jólaboðinu fyrir stórfjölskylduna á jóladag. Upphefst þá barátta um að fá möndluna, sem sett er út í, þar sem vegleg verðlaun eru í boði.“

Björg segist hlakka til að geta átt rólegar stundir í faðmi fjölskyldunnar þegar önnum ljúki. „Jólaundirbúningurinn fyrir þessi jól var óvenju annasamur, þar sem ég sendi nýverið frá mér diskinn Himnarnir opnast - jólaperlur. Við fjölskyldan ætlum því að að einblína á rólegheit, fara í messu eins og við höfum fyrir venju og njóta samverunnar.“

JÓLAGRAUTUR OG KARAMELLUSÓSA MÓÐUR BJARGAR:

*Hrísgrjón eru lögð í vatnsbleyti í sex til átta tíma. Vatn rétt látið fljóta yfir grjónin. Síðan er grautur soðinn á venjulegan hátt með rúsínum, bragðbættur með salti og sykri eftir smekk.*

*Soðið með léttmjólk á lágum hita. Mjólkinni bætt smám saman út í og hrært vel í af og til.*

*Grauturinn er soðinn þar til hann tekur í sig lit af rúsínum og hrísgrjónin orðin sprungin og mjúk. Getur tekið allt að tvo til þrjá tíma.*

*Grauturinn er síðan kældur, hrærður vel upp. Þeyttum rjóma og möndlum þvínæst bætt út í. Settur í kæli í að minnsta kosti tvær klukkustundir og borinn fram með kaldri karamellusósu.*

KARAMELLUSÓSA

125 g sykur
2½ dl vatn
1¼ dl þeyttur rjómi

*Sykurinn bræddur á pönnu þar til hann verður ljósbrúnn. Sjóðandi vatni bætt út í. Látið sjóða vel saman en passið að það brenni ekki. Kælt í skál. Rjóma bætt út í og hrært vel.*

roald@frettabladid.is

LAUFABRAUÐIÐ HENNAR ÖMMU

*Hérna er gömul uppskrift að laufabrauði frá ömmu Bjargar, Björgu Steindórsdóttur, sem hefur verið notuð í fjölskyldunni frá því að hún var ung.*

1,5 kg hveiti
150 g smjörlíki
3 tsk. ger
3 msk. sykur
1 tsk. salt (rúmlega)
3 pelar mjólk (7,5 dl mjólk)



*Mjólk og smjörlíki er hitað saman að suðu. Hnoðað saman við þurrefnin. Þegar deigið er mátulega hnoðað er það rúllað upp í pylsu og vafið inn í viskastykki. Skorið í litla bita sem eru flattir út. Best er að kakan sé svo þunn að það sjáist í borðið í gegnum hana. Skorið út og kakan „pikkuð“. Snöggsteikt á báðum hliðum upp úr djúpsteikingarfeiti. Mikilvægt að láta fituna renna vel af kökunni eftir steikingu, slétta vel úr henni og þerra með eldhúspappír.*



Falleg þurrskreyting sem keypt var í Harrods í London.



Skápurinn er eftir Grétu Björnsson, en hún var þekkt listakona og má sjá verk hennar í mörgum eldri kirkjum víða um land. Hún málaði aðeins tvo skápa af þessu tagi en með mismunandi litum.



Batíkmynd, alsett trúarlegum táknum eftir Katrínu Ágústsdóttur myndlistarkonu.



Hérna eru mæðgurnar, Björg og Þóra, samankomnar við laufabrauðsgerð í eldhúsinu, sem töluverðar endurbætur hafa verið gerðar á.



Fjölskyldan flutti til Akureyrar árið 1982 en bjó áður á Möðruvöllum í Hörgárdal. Hefur húsinu verið haldið vel við og töluverðar endurbætur gerðar á því.



Búið er að skreyta húsið hátt og lágt og ljóst að hver smáhlutur á sinn þátt í að setja skemmtilega jólalegan svip á heimilið.

# HARÐUR PAKKI!




PORSCHE DESIGN
MULTIHAMMER
P'7911

**HINN FULLKOMNI BORHAMAR.**
AFRAKSTUR SAMSTARFS PORSCHE DESIGN OG METABO. FRAMÚRSKARANDI HÖNNUÐ HÁTÆKNIVÉL.

WWW.PORSCHE-DESIGN.COM



## 18V RAFHLÖÐUVÉLASETT

TILBOÐSVERÐ 69.720 KR.

BSZ 18 Impuls Li-Power rafhlöðuskrúfvél 62 Nm, MLA 18 halogenljós, ASE 18 Li-Power sverðsög og KSAP 18 Li-Power hjólsög.
**Kemur í tösku.**



## BZ 12 SP SKRÚFVÉL

TILBOÐSVERÐ 14.531 KR.

Stiglaus rofi: 0-400/0-1.450 sn./mín., hámarkshersla 35 Nm, sjálfherðandi patróna.
**Kemur í tösku.**



## HJÓLSÖG KS 54

TILBOÐSVERÐ 16.660 KR.

1010 wött, 160 mm blað, skurðardýpt 0-54 mm.



## POWERMAXX PRO SETT

TILBOÐSVERÐ 9.369 KR.

Skrúfvél, sjálfherðandi patróna og vinkildrif.
**Kemur í tösku.**



## RAFMAGNSHEFILL 600 W

TILBOÐSVERÐ 2.990 KR.



## KHE 24 SP BROT- OG BORHAMAR

TILBOÐSVERÐ 18.900 KR.

SDS-Plus skiptipatróna, höggþungi 0-2,0 J, Stiglaus rofi: 0-1.000 sn./mín, borar 24 mm í stein. Bora- og fleygasett fylgir.
**Kemur í tösku.**



## VERKFÆRATÖSKUR

VERÐ FRÁ 990 KR.

Mikið úrval.



## HÖGGBORVÉL SBE 705

TILBOÐSVERÐ 16.547 KR.

13 mm sjálfherðandi patróna, 705 wött, stiglaus rofi: 0-1.000/0-3.000 sn./mín.
**Kemur í tösku.**



## TOPPLYKLASETT

VERÐ FRÁ 1.890 KR.

Mikið úrval.




**ÚRVAL JÓLAGJAFA FYRIR FRAMKVÆMDA- OG FAGFÓLK.**

Vörurnar fást í verslunum MEST að Malarhöfða 10 og Bæjarflöt 4, Reykjavík, Bæjarhrauni 8, Hafnarfirði, Hrísmýri 8, Selfossi og að Leiruvogi 2, Reyðarfirði.

**Sendum í póstkröfu um allt land.**

# MEST VERÐUR MEIRA

mest
– allt til bygginga

MEST / Malarhöfða 10, Bæjarflöt 4, Reykjavík / Bæjarhrauni 8, Hringhellu 2, Kaplahrauni 2-4, , Fornubúðum 5, Hafnarfirði / Hrísmýri 5, Selfossi / Leiruvogi 2, Reyðarfirði / Sími 4 400 400 / www.mest.is

# MAX
## LágMAXverð



**4.999kr.**

**Kenwood FS360**
- 900w gufusuðu- og hrísgrjónapottur
- 1.2 lítra hrísgrjónaskál
- Slekkur sjálkrafa á sér ef vatn vantar
- 2.5l, 2.7l og 3.5l körfur fylgja
- Hægt að raða tvemur eða þremur körfum til að gufusjóða saman

almennt verð ~~6.999~~



**24.999kr.**

**Ariete DM131621**
- Fullkomin 1100w Espresso kaffivél
- Með 300g kaffikvörn
- 2 lítra vatnstankur
- Stilla má fínleika mölunar
- 15 Bar

almennt verð ~~34.999~~

### PC



**2.299kr.**
Sims 2 Pets PC Upp-byggingar-leikur
almennt verð ~~3.299~~



**3.599kr.**
almennt verð ~~4.499~~
Football Manager 07 - PC



**3.999kr.**
almennt verð ~~4.999~~
Battlefield 2142 - PC

### PS2



**3.999kr.**
Monster House PS2 leikur
almennt verð ~~5.499~~



**6.989kr.**
almennt verð ~~9.999~~
Guitra Hero II - PS2 - **Gitar fylgir**



**3.999kr.**
almennt verð ~~5.499~~
Sopranos - PS2

### PSP



**3.499kr.**
Lego Star Wars II PSP leikur
almennt verð ~~4.999~~



**3.999kr.**
almennt verð ~~5.499~~
Monster House - PS2



**3.999kr.**
almennt verð ~~4.499~~
Monster House - PS2

## DVD SERÍUR
## LágMAXverð

### DVD

BROT AF ÚRVALINU



**2.999kr.**
almennt verð ~~3.499~~
Punk'd - Sería 2 DVD



**3.999kr.**
almennt verð ~~4.999~~
The Simpsons Sería 8 - DVD



**2.999kr.**
almennt verð ~~3.999~~
Grey's Anatomy Sería 2 - DVD

BROT AF ÚRVALINU



**2.999kr.**
almennt verð ~~3.999~~
Helstu atburðir 20. aldar - DVD

# OPNUM kl. 10



10stk

# 99.999 kr.

**Sony KDL32U2000E**
- 32" BRAVIA LCD sjónvarp
- HDMI tengi
- PIP - Myndfrystimöguleiki
- IVirtual Dolby Surround hljóðkerfi
- HD Ready
- 3D Comb Filter
- PC tengi fyrir tölvu
- BBE ViVa HD3D hljóðtækni

32 tommur

almennt verð ~~129.999~~



# 19.999 kr.

**SanDisk e260**
- 4GB Sansa e250 MP3 spilari
- 1.8" LCD litaskjár
- Spilar MP3 og WMA
- Sýnir ljósmyndir og kvikmyndir
- 20 tíma hleðslurafhlaða
- MicroSD kortalesari
- Innbyggður diktafónn

almennt verð ~~26.999~~

4GB



# 9.999 kr.

**Canon MP170 FJÖLNOTATÆKI**
- Glæsileg ljósmyndagæði í prentun ásamt skönnun og ljósritun
- Prentar allt að 22 síður svarthvítt og 17 síður í lit A4
- Frábær prentgæði í 4800 x 1200 punkta upplausn
- Skanner upplausn er 1200 x 2400 dpi / 48/24 bit / 19200 x 19200 dpi stafrænt
- USB 2.0 Hi-Speed
- Fjölritunarhraði er 22 síður svarthvítu en 17 síður í lit

almennt verð ~~11.999~~



# 24.999 kr.

**Canon IXUS900**
- Stafræn myndavél með 2.5" skjá
- 6.0 Megapixel myndflaga
- 3x aðdráttur á linsu - 4.0x stafrænn
- DIGIC II og ISAPS
- 16 tökustillingar og My Colors
- 30 rammar á sek. í kvikmyndatöku

almennt verð ~~34.999~~

OPNUM kl. 10

OPIÐ TIL kl. 22

OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA

Við erum beint á móti IKEA

MAX RAFTÆKI

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200



Gluggaútstillingin í Islandia er virkilega jólaleg.



Litlir jólasveinar skreyta glugga Allt í blóma.



Skemmtilegt kertadagatal er í glugga Spaksmannsspjara. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Jól í búðarglugga

**Jólaútstillingar í búðargluggum hafa löngum verið með fyrstu merkjum þess að jólin séu að koma.**

Oft eru útstillingarnar komnar upp á undan öðrum jólaskreytingum og margir eiga minningar frá því að þeir voru litlir um einhverja útstillingu sem sett var upp í sama búðarglugga ár eftir ár og varð þannig nokkurs konar boðberi jólanna.

Á Laugaveginum eru útstillingarnar löngu komnar upp og margar þeirra mjög fallegar. Skemmtilegt getur verið í allri jólaösinni að gefa sér tíma til þess að skoða útstillingarnar almennilega og þar sem nú eru aðeins nokkrir dagar til jóla er allt í lagi að leyfa jólaskapinu að ná tökum á sér. *- eö*



Íslenskir jólasveinar og selir prýða gluggann í versluninni Álafoss.



Í Oni hrærir Grýla í pottinum sínum.



Í Spúútnik má sjá þetta jólalega hreindýr í glugganum.


SIMPLICITY REYKJAVÍK
DEMANT SKARTGRIPIR



HERMANN JÓNSSON
VIÐ INGÓLFSTORG
S. 551 3014

BJÓÐUM UPP Á VISA LÁN -
12 MÁNAÐA VAXTARLAUSAR GREIÐSLUR.

# .. 2 frábærar frá Músik ehf ..

## BARDUKHA - THE CONCEPT OF BALZAMER MUSIC




Fyrsti geisladiskur hinnar léttleikandi hljómsveitar Bardukha hefur litið dagsins ljós eftir fjögurra ára litríkan feril.

Bardukha leikur balzamer-tónlist sem á rætur sínar að rekja til austur-evrópskrar og arabískrar þjóðlagahefðar.

Bardukha eru:

Ástvaldur Traustason harmonikkuleikari,
Birgir Bragason kontrabassaleikari,
Hjörleifur Valsson fiðluleikari og
Steingrímur Guðmundsson darboukhaleikari.

## HALLI REYNIS - FJÖGURRA MANNA FAR

Halli Reynis sendir hér frá sér sinn 7. geisladisk sem ber heitið **Fjögurra manna far.**

Grípandi melódíur og vönduð textagerð gera þennan grip með því besta sem Halli hefur sent frá sér. Í slagtogi með Halla er hópur af frábærum hljóðfæraleikurum. Tónlistin var hljóðrituð "live" í hljóðveri sem gerir útgáfuna skemmtilega og lifandi.




Inniheldur m.a. lagið *Draumalandið mitt.*

## .. Fáanlegar í verslunum um land allt ..

Músik ehf

# Prófar sig áfram í eldhúsinu

Ástríður Edda Geirsdóttir býr til sérstakt salat um jólin með sykurpúðum.


Ástríður Edda Geirsdóttir býr til sérstakt salat á aðfangadag. Fréttablaðið/Örlygur Hnefill

Ástríður Edda segir jólin skipa sérstakan sess í lífi sínu. „Mér þykir oft merking jólanna gleymast í allri jólaösinni. Fólk á að vera duglegt að taka utan um börnin sín á jólunum, sem og á öðrum tímum ársins. Þá eru jólin tími minninga. Gott er að rifja upp gamla siði og venjur á jólunum og miðla þeim áfram til barna sinna.“

Ástríður á son sem nú er tveggja ára gamall. „Það er gaman að sjá hvernig hann skynjar jólin. Ljósin vekja athygli hans og svo hittir hann jólasveininn á leikskólanum sem er vissulega mikil upplifun.“

Ástríður segist hafa mjög gaman af matargerð og þá sérstaklega þegar um einhverja óvenjulega rétti er að ræða. Hún ætlar að bjóða föður sínum í mat um jólin og verða þrír ættliðir við matarborðið það kvöld. Meðal þess sem verður á boðstólum er sérstakt jólasalat sem henni þykir gefa máltíðinni skemmtilegan keim.

„Það sem er sérstakt við þetta salat er að í því eru sykurpúðar. Það dettur fáum í hug að setja sykurpúða í salat. Fólki dettur ekki í hug að það séu sykurpúðarnir sem kitla bragðlaukana svona skemmtilega. Ég hef gaman af því að gera tilraunir í eldhúsinu og er ekki hrædd við að prófa eitthvað nýtt og er útkoman ótrúlega góð.“

SALAT MEÐ SYKURPÚÐUM

*Uppskriftin er fyrir 4 til 6*

Lítil dós af apríkósum
Lítil dós af ferskjum
Sykurpúðar
3 til 4 eggjahvítur
Klípa af smjöri
1/4 lítri af rjóma

*Eggjahvíturnar eru stífþeyttar í vatnsbaði úr safanum af apríkósunum og ferskjunum ásamt smjörinu. Sett í skál ásamt hinum hráefnunum og geymdar í kæli yfir nótt. Rétt áður en borið er fram er rjómi þeyttur og honum blandað varlega saman við.*

„Ég fékk uppskriftina frá Dagbjörtu vinkonu minni en hún notar salatið alltaf með kalkúninum á áramótunum. Eitt árið prófaði ég að bæta vínberjum í salatið og það fannst mér gefa því enn meiri fyllingu. Í ár ætla ég hins vegar að prófa að hafa epli í salatinu og það verður gaman að sjá hvernig það kemur út.“ - öhö




## Jólakakó



Hefðbundið kakó er alltaf gott en um jólin er leyfilegt að krydda það aðeins til og bragðbæta til að fá réttu hátíðarstemninguna.

HEFÐBUNDIÐ KAKÓ

4 msk. sykur
2 msk. kakó
örlítið vatn
mjólk
örlítið salt
smjörklípa í lokin (ekki nauðsynlegt)

*Bræðið sykur og kakó í potti með örlitlu af vatni og salti. Bætið mjólkinni út í og smjörinu og látið sjóða. Farið þó gætilega því mjólkin getur verið fljót að sjóða upp úr.*



KAKÓIÐ KRYDDAÐ

Gott er að nota púðursykur að hálfu í staðinn fyrir hvítan sykur. Einnig má setja örlítið myntute í kakóið sem gefur því góðan keim. Kakó með vanillusykri er sérlega gott. Þeir sem eiga erfitt með að láta kakó koma í staðinn fyrir kaffi geta sett kaffi að einum þriðja út í kakóið. Sykurpúðar eru hrikalega góðir í kakó. Þeir sem vilja konunglegt kakó bæta að sjálfsögðu út í það appelsínulíkjör eða koníaki.

Að lokum má ekki gleyma þeytta rjómanum, en hann er algjörlega ómissandi í kakóið. Veljið svo sérlega heimilislega og jólalega bolla til að bera kakóið fram í og verið helst í ullarsokkum og náttfötum meðan sötrað er. *- jóa*





Jólagjafir í 90 ár
Einn með öllu sem þarf!
Trommusett Frá 39.900kr
Premier TAMA YAMAHA
Bassa og gítarmagnarar frá Fender. Frá 9.900kr
Kassagítarpakki frá Fender. Frá 15.900kr
Hljómborð frá Yamaha Frá 26.900kr
Taktmælar og stillitæki Frá 2.750kr
Skemmtileg og broskandi ásláttar-leikföng frá Remo!
Ótúrlegt úrval effecta. Brian May og Jimi Hendrix
Alvöru hljóðversháta-larar frá YAMAHA. Frá 35.900kr
Hljóðritaðu jólaplötuna með Pro Tools
MBox upptökutæki með ProTools. Frá 29.900kr
Hljóðnemar frá 4.450kr
Fender gítarpakkar Gítar, magnari o.fl. Frá 26.900kr
digidesign Fender Ibanez Premier YAMAHA TAMA
Mikið úrval af töskum, kennslubókum, tónlistarforritum, statífum og öðrum aukahlutum!
Öll bekktustu merkin á einum stað!
HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ
Laugavegi 176 (gamla Sjónvarpshúsið) 105 Reykjavík www.hljodfaerahusid.is Sími 591 5340



# Sterkt sinnep með hangikjötinu

Óttarr Proppé tónlistarmaður segir jólahátíðina sína byrja á hádegi á aðfangadag.

„Ég held að jólaundirbúningurinn hjá mér sé frekar hefðbundinn. Hjá minni ætt tíðkast reyndar að borða sterkt sinnep með hangikjöti, sem er gert reglulega yfir hátíðarnar,“ segir Óttarr Proppé tónlistarmaður. Óttar segir jafnframt að fjölskylda hans reyni ætíð að hafa rjúpur á boðstólum á aðfangadag, það er að segja ef nægilegt magn næst. Að sögn Óttars hittist stórfjölskylda hans alltaf á jólunum og borðar saman.

„Aðdragandi jólanna einkennist af stanslausri vinnu,“ segir Óttarr sem starfar innan bókabransans. „Klukkan 12 á aðfangadag byrjar svo hátíðin hjá mér.“ Óttar segist ekki skreyta mikið heima hjá sér heldur auðgar hann jólaandann út frá tónlist og matarilmi. Hann segir ekkert eitt frekar en annað koma honum í jólaskap. „Það er kannski helst þegar maður byrjar að heyra gömlu klassísku jólasálmana í útvarpinu á aðfangdag.“ Óttar segir engan sérstakan sálm vera í uppáhaldi heldur hrífst hann af hinu klassíska formi og finnst ekki mikið til nýrra laga koma. „Mér finnst allt of mikið af vondum jólalögum þarna úti.“ Ef tími gefst til ætlar Óttarr sér að semja sitt eigið jólalag. „Við í hljómsveitinni stefnum að því að gefa út jólaplötu, Dr. Jól, það bara náðist ekki í ár en við náum því vonandi á næsta ári.“ *- sha*

## Stundin stytt



Í annríki jólaundirbúningsins gleymast oft börnin sem skoppa um af óþreyju eftir stóru stundinni á aðfangadagskvöld. Til að stytta börnunum stundir fram að hinni vinsælu pakkastund má ýmislegt gera.

Hægt er að fara með börnin í stutta jólasundferð. Opið er í nokkrum sundlaugum á aðfangadag til rúmlega 12 á hádegi. Börnin ættu að hafa meira gaman af því að busla í sundi heldur en að sitja límd við sjónvarpsskjáinn allan daginn.

Ýmiss konar útivera er bráðsniðug á aðfangadag. Hvort sem það er göngutúr, skautaferð eða bíltúr um jólaskreyttan bæinn. Börnin fá þá eitthvað að gera og sá sem er heima við að einbeita sér að eldamennskunni fær betri frið.



Einnig má bregða á leik með skemmtilegum ratleik. Veðrið getur ráðið hvort leikurinn fer fram innan eða utan dyra en ratleikurinn getur til dæmis gengið út á það að finna möndlugjöfina, eða að sá sem vinnur fær að opna einn pakka fyrir kvöldmatinn.



Margir hafa þann sið að borða möndlugraut í hádeginu á aðfangadag. Þannig getur möndlugjöfin slegið á eftirvæntingu barnanna fram að stóru stundinni, ásamt því að þau fá heitan graut í magann í staðinn fyrir að maula konfekt allan daginn. Þá er sniðugt að hafa eitthvað handa öllum í möndlupakkanum, sérstaklega þegar ung börn eru á heimilinu. *- jóa*




JÓLAGJAFIR
SEM HREYFA VIÐ ÞÉR
KVENHJÓL
GIANT Rock
VERÐ KR.
27.500
FJALLAHJÓL
SCOTT
GIANT BICYCLES
Mikið úrval af fjallahjólum í öllum stærðum og gerðum.
ÞRÍHJÓL
Án skúffu. Bleikt eða rautt
VERÐ KR.
6.200
Með skúffu.
VERÐ KR.
5.900
BARNAHJÓL
GIANT Taffy
VERÐ KR.
18.900
LÍNUSKAUTAR
VERÐ FRÁ KR.
8.900
ROCES, stækkanlegir, stærðir 25-29, 30-35 og 36-40.
SKAUTAR
ROCES, stækkanlegir, stærðir 25-29, 30-35 og 36-40.
VERÐ FRÁ KR.
8.500
BORÐTENNIS
Borð með neti
VERÐ FRÁ KR.
29.900
Spaðar frá 1.400 kr.
DART
Dartpílur, spjöld og skápar.
PÍLUR FRÁ KR.
950
KETTLER
HLAUPABAND
Hraði 0,8 - 16 km/klst.
Halli 1 - 12% mótor.
6 forrit með púlsmæli.
Band 48 x 130 sm.
Hámarksþyngd 120 kg.
TILBOÐ KR.
124.100
BILLIARD BORÐ
6 fet / 182 sm.
TILBOÐ
27.161
GOLF Fullorðins
GOLFSETT FRÁ
25.900
GOLF Barna
BARNASETT FRÁ
9.000
Poki fylgir.
KETTLER FJÖLÞJÁLFI
VERÐ FRÁ KR.
39.015
Frábærar æfingar fyrir þrek, fætur og handleggi.
KETTLER ÞREKHJÓL
VERÐ FRÁ KR.
29.900
SNJÓBRETTI
NITRO
Bretti, fatnaður, græjur og gleraugu.
DYNASTAR
LANGE
SCOTT
SKÍÐAGRÆJUR & SKÍÐAFATNAÐUR
MARKIÐ
Taktu mark á sérfræðingum
5% staðgreiðsluafsláttur
Markið • Ármúla 40 • 108 Reykjavík • Sími 553-5320 • Opnunartími verslunar: Mán. - fös. 10.00-18.00 Laugardaga 11.00-15.00
PIPAR • SÍA



Daim
JÓLAÍSKRANS
Vanilluís með
Daim-súkkulaðihjúp
og -kúlum.
Gleðileg jól
Ekta rjómaís með
vanillu, hnetusúkkulaði
og Tíramísú.
Jólaís
Jólaís
emmessis



# i stýrivaxta

**eimur tímum um síðar gerir banka-efur frá vordögum 2004. Þá höfðu róðir segja sumir hverjir að bankan-**

Þótt Seðlabankanum kunni að hafa fatast aðeins flugið fyrir ári telja sérfræðingar samt að honum hafi tekist að sýna á ný fram á að hann ætli sér að standa undir hlutverki sínu og hafi unnið trú markaðarins á ný. Þar kann líka að hafa hjálpað til að á þessu ári voru gerðar breytingar á skipulagi ákvarðanatöku bankans hvað stýrivexti varðar. Formlegum vaxtaákvörðunardögum var fjölgað úr fjórum í sex og jafnframt áréttað að bankinn kynni að grípa til viðeigandi ráðstafana þar fyrir utan ef þurfa þætti. Á morgun er til dæmis annar aukavaxtaákvörðunardagurinn á þessu ári.

**HÆKKA STÝRIVEXTIR?**

Til marks um óvissu í efnahagsmálum er að greiningardeildir stóru viðskiptabankanna eru ekki á einu máli um hvaða leið Seðlabankinn kemur til með að fara í stýrivaxtaákvörðun sinni á morgun. Landsbankinn telur líklegast að stýrivextir verði óbreyttir, Glitnir er á sama máli en vill þó ekki útiloka 25 punkta hækkun, en greiningardeild Kaupþings segir ekki þær breytingar hafa átt sér stað í þróun efnahagsmála að réttlæti að Seðlabankinn bregði út af yfirlýstri stefnu og spáir 25 til 50 punkta hækkun stýrivaxtanna.

Landsbankinn segir ýmis merki um viðsnúning í efnahagslífinu, minni þenslu og þar með minnkandi verðbólguþrýsting. Þannig hafi dregið úr vexti útlána og húsnæðisverð hætt að hækka, auk þess sem undanfarnar verðbólgumælingar hafi verið lágar. Þá sýni tölur um hagvöxt, einkaneyslu og fjárfestingar á þriðja ársfjórðungi mun minni vöxt en áður. Á móti bendir bankinn svo á að veiking krónunnar 5,6 prósent frá síðustu spá Seðlabankans auki að öðru óbreyttu verðbólguþrýsting og að kosningaloforð séu í algleymingi.

Greiningardeild Kaupþings bendir á að oft hafi verið rætt um hve skjótt íslenskt hagkerfi sé í förum á milli uppsveiflu og niðursveiflu. „Og nýjustu tölur um hagvöxt á þriðja ársfjórðungi frá Hagstofu Íslands virðast bera þess vitni. Landsframleiðsla Íslands óx aðeins 0,8 prósent og að mati Greiningardeildar verður heildarhagvöxtur á þessu ári um þrjú prósent. Þetta er mun minna en fyrri spár gerðu ráð fyrir,“ bendir Kaupþing á í nýrri greiningu og rifjar upp að þar á bæ hafði verði spáð um 4,7 prósenta hagvexti í ár, fjármálaráðuneytið hafi spáð 4,2 prósenta vexti og Seðlabankinn 4,0 prósenta vexti. „Svo virðist sem hagsveiflan hafi nú þegar náð hámarki og farið sé að draga saman í efnahagslífinu, en hagvöxtur hefur ekki mælst minni í þrjú ár. Nýjustu verðbólgutölur fyrir desember benda einnig til þess að verulega hafi dregið úr verðbólguþrýstingi,“ segir bankinn og telur að í þjóðhagsreikningnum séu farin að sjást áhrif hárra vaxta, mettunar í einkaneyslu og loka stóriðjuframkvæmda. „Hins vegar er vert að hafa í huga að þessar tölur sýna ekki nýja stefnu í þjóðarútgjöldum þar sem ljóst er að hagsveiflan náði hámarki á fyrri hluta þessa árs. Allir spáaðilar hafa til að mynda gert ráð fyrir því að einkaneysla dragist saman á næsta ári. Spurningin er aðeins hve hratt aðlögunin gengur eftir.“ Greiningardeildin telur aðhaldið sem er í stýrivöxtum nú nægilegt til þess að verðbólga verði komin að markmiði Seðlabankans á næst ári, en í Peningamálum Seðlabankans sem út komu í nóvember er hins vegar gert ráð fyrir að verðbólga verði enn yfir mörkum árið 2008 og talað um að frekara vaxtaaðhalds sé líklega þörf. „Samt sem áður brást Seðlabankinn ekki við með vaxtahækkun þá,“ segir greiningardeildin og vísar til þess að í staðinn hafi Seðlabankinn ákveðið aukavaxtaákvörðunarfundinn á morgun „með því fororði að þær nýju upplýsingar sem myndu koma fram í millitíðinni mynduðu öruggari flöt“ fyrir stýrivaxtaákvörðun bankans. Kaupþing segir raunina vera þá að upplýsingar hafi vísað í báðar áttir. Tölur um viðskiptahalla bendi í átt að auknu ójafnvægi og ný fjárlög hljóti að leiða til verri verðbólguhorfa um leið og áhrif matarskattslækkunarinnar í mars fjari út. Í öfuga átt bendi svo síðasta verðbólgumæling og og hagvaxtartölur.

**SVIGRÚM TIL LÆKKANA Á NÆSTA ÁRI**

Greiningardeild Kaupþings telur því að verulega óvissa hafi myndast um ákvörðun Seðlabankans sem nú hafi fengið röksemdir til að halda stýrivöxtum óbreyttum eða hækka. „Raunar er töluverð óvissa um efnahagsþróun ársins 2007. Ljóst er að kaupmáttur launafólks mun hækka verulega á fyrri hluta næsta árs vegna umtalsverðra skattalækkana, launahækkana og lækkunar verðbólgu. Spurningin snýst í raun um það hvað íslenskur almenningur mun gera við þennan aukna kaupmátt. Ef honum er öllum varið í neyslu er nægilegt fóður fyrir áframhaldandi þenslu og viðskiptahalla,“ segir greiningardeildin og bendir á að einkaneysla hér sé um 65 prósent af landsframleiðslu og sé jafnframt sú breytilegasta eða óstöðugasta af öllum löndum OECD. „Tekið saman fær Greiningardeild ekki séð að spá Seðlabankans frá síðustu Peningamálum hafa hnikast mikið til og telur því meiri líkur en ella að bankinn hækki vexti og þá má búast við að hækkun á bilinu 25 til 50 punktar verði fyrir valinu. Ennfremur er ljóst að hvort sem Seðlabankinn bætir einni stýrivaxtahækkun við eður ei virðist allt benda til þess að bankinn muni viðhalda mjög sterku peningalegu aðhaldi á næsta ári til þess að halda mögulegum þenslueldum í skefjum.“

Greiningardeild Glitnis segir hins vegar mestar líkur á óbreyttum stýrivöxtum þótt einnig komi til greina 25 punkta hækkun. „Við teljum hið fyrrnefnda þó líklegra, það er að bankinn haldi vöxtum sínum óbreyttum. Í byrjun nóvember sagði bankinn að verðbólguhorfur hefðu batnað verulega en áfram væri þörf á ströngu aðhaldi. Greining bankans benti til þess að enn væri ástæða til að auka aðhaldið í peningamálum en það var þó ekki gert. Ákveðið var að fresta vaxtahækkun um sinn og var bætt við vaxtaákvörðunardegi,“ segir bankinn og bendir á að vaxtaákvörðunin á morgun verði byggð á sömu greiningu og birt var í byrjun nóvember og þeim viðbótarupplýsingum sem nú séu tiltækar. „Vaxtahaukarnir í Seðlabankanum mæla ef til vill áfram með frekari vaxtahækkun en við teljum líklegast að bankastjórnin kjósi að halda vöxtum óbreyttum. Líklegt er að þeir vísi til þess að hagvöxtur dregst verulega saman um þessar mundir og verðbólgan hjaðnar. Ekki er heldur hægt að horfa framhjá því að verðbólguvæntingar hafa dregist umtalsvert saman þótt það sé afleiðing einskiptis handstýrðra aðgerða,“ segir bankinn og vísar þar til fyrirhugaðra matarskattslækkana í mars komandi. Þá segir Glitnir mikla spennu á vinnumarkaði og launaskrið sýna áfram mikla undirliggjandi spennu í hagkerfinu og því muni Seðlabankinn fara með gát og því sé enn bið í vaxtalækkun þótt hún kunni að koma til á fyrri hluta ársins. „Verðbólgan mun stefna hratt að verðbólgumarkmiði bankans. Kemur þar til viðbótar við hina almennu efnahagsþróun handaflsaðgerðir ríkisstjórnarinnar til að lækka matvöruverð. Segja má að það skapi ákveðið svigrúm fyrir Seðlabankann til að lækka vexti sína. Óumdeilt er að lækkun matarskatts er þensluhvetjandi aðgerð, en bein áhrif á mælda verðbólgu eru hins vegar að öllum líkindum meiri en óbein áhrif hennar á mælda verbólgu vegna aukinnar þenslu.“

**„Skynsamlegra hefði verið að geyma þær til loka hagsveiflunnar.“**



**VAXTAÁKVÖRÐUNARDAGUR Í SEÐLABANKANUM** Davíð Oddsson seðlabankastjóri í púlti kynnir vaxtaákvörðun en til hliðar sitja Eiríkur Guðnason og Ingimundur Friðriksson seðlabankastjórar og Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur bankans. MARKAÐURINN/GVA

**VERÐBÓLGA OG STÝRIVEXTIR FRÁ ÞVÍ Í APRÍL 2004 TIL DAGSINS Í DAG**



MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Straumur–Burðarás mun gera upp reikningana í evrum:

# *Evruskrefin stigin hægt en örugglega*

**Hafliði Helgason**

Það er skynsamleg ákvörðun stjórnar Straums-Burðaráss að færa bókhald sitt og birta uppgjör í evrum. Ákvörðunin er í samræmi við stefnu bankans um vöxt á erlendum mörkuðum og því rökrétt skref á þeirri leið að byggja upp evrópskt fjármálafyrirtæki.

Eignir og tekjur fjárfestingarfélaga og fjármálafyrirtækja eru í vaxandi mæli erlendar og því tímaspursmál hvenær fleiri slík fyrirtæki velja að gera upp í mynt sem alþjóðlegir fjárfestar eru sæmilega læsir á.

Þegar hafa nokkur framleiðslufyrirtæki valið þessa leið og líklegt að næsta skref þeirra fyrirtækja verði að skrá hlutabréf sín í evrum. Kaup kauphallarinnar OMX á Kauphöll Íslands opnar íslenskum félögum greiðari leið að alþjóðlegum fjárfestum. Slíkir fjárfestar setja fyrir sig skráningu í íslenskum krónum. Ástæðan er einföld. Við áhættu af hlutabréfum bætist áhætta af gjaldmiðlinum. Þrátt fyrir að tekjur fyrirtækjanna séu að stærstum hluta í erlendri mynt, fylgir hlutabréfaverðið ekki gengishreyfingum að fullu og því bætist gengisáhætta við almenna áhættu til skamms tíma litið.

**Það verður því að telja líklegt að evran haldi áfram innreið sína í íslenskt atvinnulíf ... Þannig læðist evran inn í hagkerfið hægt og bítandi og fyrst til þeirra sem hafa aðstöðu til að koma sér út úr krónuhagkerfinu. Þessi þróun er ekki góð og takmarkar möguleika til hagstjórnar, þar sem í raun myndast tvö hagkerfi hlið við hlið.**

Fjárfestar í hlutabréfum eru almennt ekki í gjaldeyrisviðskiptum og krónan virkar því á þá sem óþægindi og áhætta sem þeir kæra sig ekki um. Það eru fleiri fiskar í sjónum og því er samkeppnisstaða íslensku fyrirtækjanna um fjármagn skert að þessu leyti.

Það verður því að telja líklegt að evran haldi áfram innreið sinni í íslenskt atvinnulíf. Þegar eru nokkur fyrirtæki farin að semja um laun æðstu stjórnenda í evrum. Þeir sem þiggja laun í evrum hafa litla ástæðu til að vera með skuldir sínar í krónum á háum vöxtum og taka því væntanlega sín lán og skuldbindingar í sömu mynt og þeir fá laun.

Þannig læðist evran inn í hagkerfið hægt og bítandi og fyrst til þeirra sem hafa aðstöðu til að koma sér út úr krónuhagkerfinu. Þessi þróun er ekki góð og takmarkar möguleika til hagstjórnar, þar sem í raun myndast tvö hagkerfi hlið við hlið.

Margt bendir til þess að vaxtahækkunarferli núverandi hagsveiflu sé lokið, eða ljúki í það minnsta með næstu vaxtaákvörðun á morgun. Hætt er við að næsta ár geti reynst mörgum býsna þungt í skauti þegar saman fer lág verðbólga og mjög háir stýrivextir. Það mun reyna á Seðlabankann í lækkunarferlinu og vonandi að það takist að lenda hagkerfinu með sem minnstu tjóni. Í framhaldinu er umræðan um framtíðarskipan gengismála sú mikilvægasta og stjórnmálamenn þurfa að þora að ræða um hvert stefna beri. Það er alltaf betra að taka upplýsta ákvörðun um eigin framtíð. Hinn kosturinn er nefninlega að sitja uppi með veruleika sem maður átti engan þátt í að móta og veit ekki hvort maður vildi.

eggert@markadurinn.is | haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markaðurinn.is | olikr@markadurinn.is

# Web 2,0 fyrir markaðsstjóra?

ORÐ Í BELG

**Guðmundur Arnar Guðmundsson**
markaðsstjóri



Nýjasta tískuorðið í auglýsingaheiminum er Web 2,0. Þrátt fyrir geysilega mikla umræðu um þetta fyrirbæri er það síður en svo ofmetið. Mikill misskilningur virðist samt vera í gangi um hvað Web 2,0 í raun er. Ekki er um nýja útgáfu af netinu að ræða heldur nýjar aðferðir til þess að birta efni og eiga samskipti á netinu. Þó nafnið Web 2,0 verði hér notað til þess að skýra þessar nýju aðferðir má því deila um réttmæti þess að nota það.

Hvaða aðferðir eru þetta? Aðferðirnar eru þær sömu og vefir á borð við Amazon.com, Myspace.com og eBay nota til að láta viðskiptavini sína byggja vefina með því að deila efni og skoðunum. Þessir eiginleikar eru kjarninn í árangri þeirra. Sem dæmi má nefna umsagnir á bókum á Amazon sem aðrir netverjar nota til þess að taka kaupákvörðun, Myspace-samfélagið sem byggir algjörlega á myndum, texta og öðru efni sem notendur setja inn og að lokum uppboðsvefurinn eBay sem byggir einnig á þessum aðferðum. Í meginatriðum er því um nýjar aðferðir fyrir fólk að ræða, til að eiga samskipti við annað fólk í máli, myndum, hljóði og texta.

Markaðsstjórar ættu að kynna sér þessar nýju aðferðir ofan í kjölinn því valdajafnvægið er að breytast. Neytendur hafa nú völdin, ekki fyrirtæki. Neytendur geta með tilkomu netsins komist yfir meira magn upplýsinga en nokkru sinni áður og skipst á skoðunum á einfaldari hátt en áður. Ennfremur deila neytendur skoðunum sínum á vörum og þjónustu á bloggum sem fanga athygli fjölda fólks og skapa þannig umtal sem erfitt getur verið að stýra. Fyrirtæki verða því að passa sig á að uppfylla loforð sín gagnvart viðskiptavinum. Annars eiga þeir á hættu að lenda í slæmu umtali sem ferðast manna á milli hraðar en áður, með tilkomu netsins. Valdajafnvægið núna er því viðskiptavininum í hag því þeir hafa ekki aðeins aðgang að gríðarlega miklum upplýsingum heldur einnig öðrum neytendum sem þeir geta deilt góðri eða slæmri reynslu með.

Hvar eru þá tækifærin? Fyrirtæki sem bjóða viðskiptavinum sínum að eiga samskipti við sig með þessum nýju leiðum ná tengslum við viðskiptavini sína á mun persónulegri grunni en áður. Með því að bjóða þeim að spjalla við vörumerkið, senda inn hugmyndir og setja inn athugasemdir, hvort sem þær eru góðar eða slæmar, geta fyrirtæki lært geysilega mikið. Mörg fyrirtæki hræðast að opna fyrir slíka umræðuþræði á síðum sínum vegna þess hve berskjölduð fyrirtækin verða fyrir slæmu umtali. Það ber vissulega að hafa augun opin fyrir slíku en með því að opna þessa leið á heimasíðum fyrirtækja fá viðskiptavinir tækifæri til að tjá sig beint við þau. Þeir viðskiptavinir sem hafa ekki kost á því að tala við fyrirtæki á þennan hátt sleppa því ekkert að dreifa slæmri reynslu á netinu. Þeir gera það þá bara á bloggi eða á vinatengslavefjunum sínum eins og Myspace eða Minnsirkus.is og láta þar hundruði eða í mörgum tilfellum þúsundir „vina“ sinna á netinu vita. Hvort er betra að slíkt umtal fari af stað og að fyrirtækið frétti það löngu síðar eða að fá það á opnum vettvangi á síðu fyrirtækisins þar sem hægt er að svara fyrir atburðinn og leysa og læra af honum strax? Svarið liggur í augum uppi en kosturinn er þó aðallega sá, líkt og Apple og fleiri fyrirtæki hafa komist að, að ánægðir viðskiptavinir verða umboðsmenn fyrirtækjanna á slíkum vettvangi. Ánægðir viðskiptavinir fara því að svara óánægjuröddum, leiðrétta misskilning hjá núverandi eða tilvonandi viðskiptavinum og verða þannig í raun „sölumenn“ fyrir fyrirtækið.

Svo má heldur ekki gleyma því að slíkar samskiptaleiðir opna einnig möguleika fyrir ánægða viðskiptavini að lýsa aðdáun sinni og koma hugmyndum sínum á framfæri. Apple, Boeing, Nike og fleiri fyrirtæki hafa öll nýtt sér þessa þörf neytenda til þess að láta til sín taka á netinu. Með því að tileinka sér aðferðirnar fá fyrirtækin gríðarlega mikið magn af ábendingum og hugmyndum sem gera þeim kleift að bjóða ennþá betri vörur en annars. Ennfremur má ætla að viðskiptavinur sem kemur ábendingu eða hugmynd áleiðis sem fyrirtæki færir í nyt upplifi sig sem hluta af fyrirtækinu og verði þannig umbreytt í tryggann umboðsmann þess. Starwood hótelin hafa fært sér þessa þróun í nyt og hafa nú starfsmann á fullum launum við að svara bloggum og tala við viðskiptavini sína. Með þessu hefur hótelkeðjan lært geysilega mikið og gert margar umbætur sem hækkað hafa þjónustustig þess.

Ungt fólk eyðir sífellt meiri tíma á vefjum eins og Myspace en þar talar það við vini sína, bloggar, geymir myndirnar sínar o.s.frv. Með því að vera með heimasíðu á þeim vettvangi þar sem fólk vill vera verður fólk mun móttækilegra fyrir þeim skilaboðum sem fyrirtækið vill senda út. Á Myspace getur þú orðið vinur hljómsveita, vörumerkja og stjarna og eiga margir fleiri hundruð þúsund vini. Þegar vörumerki sendir út skilaboð á vini sína á slíkum vettvangi upplifa notendur skilaboðin á mun persónulegri hátt en með hefðbundum tölvupósti. Þar sem valdajafnvægið hefur breyst er mikil pressa að vörumerki tali við viðskiptavini sína sem jafningja og á persónulegan hátt, hlusti og bregðist skjótt við. Nú eru völdin nefnilega hjá neytendunum. Apple hefur nýtt sér þetta á gríðarlega árangursríkan hátt með því að búa til sinn vettvang á Myspace þar sem fólk getur tekið þátt í samfélaginu þeirra og átt þannig samskipti við vörumerkið. Sem meðlimur í samfélaginu getur það talað við vörumerkið, skipst á hugmyndum og tekið þátt í leikjum svo eitthvað sé nefnt.

Að lokum hafa þessar nýju samskiptaleiðir gert „viral“ eða umtalsherferðir auðveldari en nokkru sinni fyrr. Það hefur þó engu breytt að auglýsingarnar eða skilaboðin verða að vera skemmtileg, athyglisverð eða boða eitthvað nýtt svo fólk sendi þau sín á milli, bloggi um þau eða setji á Myspace síðuna sína. Það hefur ekki breyst, hins vegar er nú orðið svo auðvelt að dreifa myndböndum, hljóði og texta á netinu að slíkar umtalsherferðir springa út hraðar en nokkru sinni fyrr. Dæmi um gríðarlega vellukkaða slíka herferð er stutt myndbrot sem viðskiptavinur flugfélagsins Emirates tók í nýjum fyrsta farrýmissætum hjá félaginu. Þessi svokallaði viðskiptavinurinn var auðvitað á launum hjá fyrirtækinu en myndatakan var gerð með GSM síma sem gerði myndbrotið trúverðugt. Myndbrotið fór um netið sem eldur um sinu með hjálp Youtube og er skólabókadæmi um virkilega vel heppnaða „viral“ markaðssetningu.

Web 2,0 hefur því að geyma aðferðir sem fyrirtæki hreinlega verða að reyna tileinka sér því ef þitt fyrirtæki gerir það ekki, en samskeppnin gerir það, er komið ákveðið forskot á þig. Aftur ber að árétta mikilvægi þess að standa við þjónustuloforð sín og vera ósvikin þegar opnað er á svona samskipti. Á sama tíma má ekki gleyma að þrátt fyrir að fyrirtæki tileinki sér þetta ekki geta þau lent illa í því eins og Dell-tölvuframleiðandinn. Bloggfærsla frá óánægðum viðskiptavini sem var kölluð Dell Hell varð til þess að fyrirtækið tileinkaði sér Web 2,0 af fullum krafti.

KÍKTU Á CAPACENT.IS

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar www.capacent.is.



capacent RÁÐNINGAR

Borgartún 27 Sími 540 1000

UM VÍÐA VERÖLD

## *Höfðað til nýrra viðskiptavina*

**Forbes** | Bandaríska tímaritið Forbes fjallar um tilraunir bandarísku lágvöruverslanakeðjunnar Wal-Mart til að höfða til nýrra viðskiptavina í Bandaríkjunum í nýjasta tölublaði sínu. Fyrirtækið réð Julie Roehm, fyrrum markaðsstjóra bílaframleiðandans DaimlerChrysler, til starfa í upphafi árs með það fyrir augum að bæta ímynda verslanakeðjunnar. Roehmer virðist hafa meiri ánægju af því að njóta lífsins en auglýsa lágvöruverslanakeðjuna því oft sást til hennar í stjörnufansi, í flottum bílum og matarboðum auk þess sem hún mun hafa sængað hjá aðstoðarmanni sínum. Þetta þótti ekki hollt fyrir ímynd Wal-Mart og var Roehmer látin taka poka sinn fyrir skömmu. Forbes segir það mistök hjá verslanakeðjunni að höfða til nýs viðskiptahóps. Nær væri að gera núverandi viðskiptavinum sem horfi til þess að kaupa vörur á sem lægsta verði hærra undir höfði, að mati tímaritsins.

## *Betri borg*

**Economist** | Það eru fleiri en Wal-Mart sem huga að breytingum. Breska tímaritið Economist segir Michael Bloomberg, borgarstjóra í New York í Bandaríkjunum, hafa hug á að bæta borgina. Slíkt þykir löngu tímabært. Tímaritið bendir á að skipuleggjendur New York-borgar hafi verið nokkuð framsýnir þegar þeir teiknuðu hana upp fyrir rúmri öld enda hafi þeir reiknað með milljón íbúum í borginni. Spá þeirra rættist fyrir rúmri hálfri öld og gott betur. En lítið hefur gerst í skipulagsmálunum síðan þá. Economist bendir hins vegar á að þótt Bloomberg beri hag borgarinnar fyrir brjósti séu líkur á að sýn hans verði seint að veruleika. Líkur eru á að hann segi af sér eftir tvö ár og fari í forsetaframboð. Fari svo megi búast við, að ný borgarstjórn geri lítið annað en hjakka í sama fari og fyrrverandi borgarstjórar með þeim afleiðingum að ný og betri New York líti seint dagsins ljós.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Jón Skaftason, Óli Kristján Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Anna Elínborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

STARFSMANNASTJÓRNUN

## Er starfsmannavelta góð eða slæm?

Margir hafa upplifað að vinna á stöðum þar sem starfsfólk bókstaflega kemur og fer og kannast við að starfsmannavelta getur verið fyrirtækjum erfið. Einfaldasta leið til að reikna starfsmannaveltu er að finna fjölda starfsmanna sem hætta störfum, deila með meðalfjölda starfsmanna á ári og margfalda með eitt hundrað. Þannig væri fyrirtæki sem missir 20 starfsmenn á ári af 50 með 40% starfsmannaveltu.

Erfitt getur þó verið að segja til um æskilega starfsmannaveltu, því starfsemi og vettvangur fyrirtækja er mjög ólíkur. Engu að síður er mikil velta erfið, slítandi og kostnaðarsöm en engin velta getur líka verið dýr því þá er líklegt að starfsmenn séu flestir komnir í góðar stöður með góð laun og launakostnaður sé mjög hár. Æskilegt er að einhver starfsmannavelta sé í fyrirtækjum því hún stuðlar að því að fyrirtæki nái í nýjar hugmyndir, getu og viðhorf sem kemur í veg fyrir stöðnun.

Kostnaður við starfsmannaveltu felst m.a. í kostnaði við ráðningu, auglýsingar, viðtöl, undirbúning, próf, biðlaun og þjálfun nýs starfsmanns. Þá er ótalinn kostnaður sem felst í minni afköstum og minni framleiðni fyrir hverja viku sem staðan er laus, truflun á þjónustu við viðskiptavini og óljósum áhrifum á aðra starfsmenn í fyrirtækinu. Margir sérfræðingar telja að með því að minnka starfsmannaveltu sé hægt að auka hagnað og verðgildi fyrirtækja svo um munar. Stjórnendur þurfa því að vera sífellt á verði og skoða nýja möguleika í umhverfinu. Stjórnandi símaþjónustufyrirtækis í Bandaríkjunum greip t.d. til þess ráðs að koma fyrir færanlegum úthringiverum í nágrenni háskóla og náði þannig að ráða fjölda stúdenta í hlutastörf sem þurftu ekki á bíl að halda til að komast í vinnu. Þannig náði fyrirtækið að halda niðri starfsmannaveltu að miklu leyti.

Talið er að það kosti fyrirtæki á milli 30 til 200 prósent af launum starfsmanns að ráða nýjan í hans stað. Kostnaður getur því verið mikill og ef tekið er dæmi af fyrirtæki þar sem starfsmenn eru með 3,5 milljónir í laun á ári og kostnaður við að ráða nýjan starfsmann sé 150% af árslaunum hans, eru það 5,25 milljónir í kostnað fyrir hvern starfsmann sem fer. Ef tekið er dæmi af 100 manna fyrirtæki með 10% starfsmannaveltu gæti það verið allt að 52,5 milljónir í kostnað á ári.



Sif Sigfúsdóttir, MA í mannauðsstjórnun.

SPÁKAUPMAÐURINN

## Fjármagna nágrannana

Ég er búinn að kaupa jólagjafirnar fyrir gróðann af 365 og svo bakaði ég smákökur á sunnudaginn. Hef ekki klikkað á því svo árum skiptir, enda tekur maður því alltaf fremur rólega í desember og lætur aurana vinna fyrir sig.

Desember og jólin eru tími sem maður á að nota til hugleiðinga. Ekki bara um inntak og tilgang lífsins, heldur til þess að velta fyrir sér hvað næsta ár beri í skauti sér.

Næsta ár verður fjörugt hjá þeim stóru. Bankarnir verða á fullri ferð, en á innanlandsmarkaði verður leiðinlegra. Nokkur gjaldþrot og almenn svartsýni gæti farið að birtast í spilunum þegar líða tekur á árið. Ég ætla að vera með fullt af peningum á skammtímavöxtum Seðlabankans framan af ári. 14 prósent stýrivextir og nánast engin verðbólga eru ekki slæm kjör. Maður fær varla betri vexti annars staðar. Til hvers líka að vera að fjármagna uppbyggingu fyrirtækja landsins þegar maður fær betri kjör og minni óvissu með því göfuga hlutverki að fjármagna yfirdráttinn hjá nágrönnunum.

Jæja, maður er nú það mikill „player“ í sér að maður lætur nú sennilega ekki allt á peningamarkaðsreikninginn. Maður verður að vera með. Þá er náttúrlega að velja hvaða félög eiga eftir að gera spennandi hluti á árinu.

Bankarnir eru fyrsta val. Kaupþing fer örugglega á fullt á næsta ári. FL er með gríðarlega fjárfestingagetu og ekki spurning að það verður mikið að gerast í kringum þá á næstunni. Glitnir tekur örugglega nokkar stóra díla með þann hluthafahóp sem þeir eru komnir með og auk þess sem forvitnilegt verður að fylgjast með uppbyggingu langtímamarkmiða í syllubisnessnum þeirra. Lansinn er farinn að njóta tengsla við verðbréfasjoppurnar sínar og svo gengur honum ótrúlega vel að ná til sín breskum sparifjáreigendum.

Svo er það Straumur. Ég held að Straumur verði spennandi þegar líða tekur á árið. Ég held að innan bankans sé verið að vinna spennandi plan sem á eftir að líta dagsins ljós þegar líða tekur á seinnihluta næsta árs. Það er friður í Straumi núna og lendingin var eins góð og hugsast gat eftir átökin í sumar. FL og Björgi sáttir við niðurstöðuna og allir í stuði. Björgi er klárlega með „gameplan“ fyrir Straum. Hann er alltaf með „game-plan“ og ég held að það verði talsverðra tíðinda að vænta á árinu og breytingar verði á strúktúrnum hjá bankanum og hröð uppbygging á Norðurlöndum.

Þetta er mín áramótaspá og þó ég sé ekki skyggn, þá er ég heldur ekki glámskyggn. Hverjir giftast, skilja eða eignast börn er ekki í mínum kaffibolla og ég læt völvu Vikunnar um það.

**Spákaupmaðurinn á horninu**



moya Vefumsjónarkerfi
Moya hefur fengið einróma lof fyrir einfaldleika og virkni
Innsetning efnis á heimasíðuna hefur aldrei verið auðveldari
Upplýsingar á www.stefna.is eða í síma 464 8700

# Bloggið í hámarki á næsta ári?

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Bloggvæðingin nær að líkindum hámarki á næsta ári, að mati bandaríska markaðs- og ráðgjafarfyrirtækisins Gartner, sem birti spá sína um þróun í tölvu- og tæknimálum á nýju ári.

Skýrsluhöfundar Gartner telja líkur á að virkum bloggurum taki að fækka nokkuð snemma á næsta ári. Bloggarar eru hins vegar fjarri því að deyja út því reiknað er með að þeir verði um 100 milljón talsins um allan heim um mitt ár 2007.

Skilgreiningin á því hvað sé virkur bloggari er nokkuð víð. Samkvæmt stofnuninni Technorati er sá bloggari virkur, sem setur inn færslu á vefsvæði sitt einu sinni á þriggja mánaða fresti. Stofnunin segir virka bloggara vera 57 milljónir talsins en það er rúmlega hundraðföld aukning á þremur árum.

Daryl Plummer, forstjóri Gartner, segir í samtali við bandaríska dagblaðið USA Today, að ástæðan fyrir samdrættinum sé sú að þeir sem hafi hug á að skrifa færslur á netið geri það nú þegar og þannig sé markaðurinn orðinn mettur. Þá taldi hann líkur á að þeir sem skrifi bloggfærslur á hverjum degi muni halda því áfram á næsta ári en þeir sem hafi dundað sér við það einstaka sinnum muni heltast úr lestinni.



**BLOGGVEFUR** Markaðs- og ráðgjafarfyrirtæki spáir því að fjöldi bloggara nái hámarki á fyrri hluta næsta árs en þeim fækki upp frá því.

# Fljúgandi fjarstýringar frá Nintendo

Japanski leikjatölvuframleiðandinn Nintendo ætlar að innkalla 3,2 milljónir óla í fjarstýringu nýjustu tölvu fyrirtækisins, Nintendo Wii, sem kom á markað um miðjan síðasta mánuð.

Nokkrir af nýjum tölvuleikjum frá Nintendo krefjast þess að notendur sveifli fjarstýringunni líkt og sverði eða tennisspaða í tilheyrandi leikjum. Ólar nokkurra fjarstýringa munu hafa slitnað í hamaganginum með þeim afleiðingum að þær þeyttust út í bláinn og lentu á nálægum hlutum og viðtækjum.


**NINTENDO WII LEIKJATÖLVA** Öryggisólar í fjarstýringu leikjatölvunnar hafa slitnað með þeim afleiðingum að þær skutust úr höndum notenda og lentu á nálægum hlutum.

Engar fréttir fara af slitnum öryggisólum og tjóni af þeirra völdum hérlendis, samkvæmt upplýsingum frá Ormsson, umboðsaðila Nintendo hér á landi.

Þetta eru ekki einu vandamál fyrirtækisins því gallar hafa komið upp í straumbreyti DS og DS Lite handleikjatölvum Nintendo. Þrátt fyrir að nokkrir straumbreytar hafi ofhitnað með þeim afleiðingum að eldur kom upp í þeim hefur fyrirtækið ákveðið að skipta út 200.000 straumbreytum fyrir tölvurnar.

Reiknað er með að innkallanirnar muni kosta Nintendo allt að 200 milljónir króna en mestur hluti kostnaðarins liggur í innköllun á straumbreytum. Ekki er reiknað með að þetta hafi teljandi áhrif á afkomu fyrirtækisins. **- jab**


**HÖFUÐSTÖÐVAR GOOGLE** Google ætlar að vinna úr upplýsingum frá NASA sem hafa safnast á tunglinu og Mars. Upplýsingarnar verða birtar á netinu. Markaðurinn/GettyImages

# Google skoðar geiminn

Bandaríska geimvísindastofnunin (NASA) og netleitarfyrirtækið Google hafa tekið höndum saman til að vinna úr upplýsingum sem safnast hafa í könnunarleiðöngrum NASA til tunglsins og Mars. Upplýsingarnar verða birtar á netinu.

Pete Worden, einn af yfirmönnum NASA, sagði á símafundi með fjölmiðlum vestanhafs í gær, að stofnunin horfi til þess að nýta geysiöflugan tölvukost netleitarrisans til að vinna úr miklu magni upplýsinga um hvaðeina sem tengist geiminum. Þá ýjaði hann að því, að samvinna NASA og Google gæti náð yfir til fleiri sviða. „Starfssvið okkar er geimurinn og þar öflum við mikilla gagna,“ sagði hann. **- jab**

# Gjald komið á þjónustu Skype

Netsímafyrirtækið Skype ætlar að krefja notendur í Bandaríkjunum og Kanada um gjald fyrir innanlandssímtöl í far- og jarðlínusíma. Þjónustan hefur verið gjaldfrjáls frá miðju ári og mun eftirleiðis kosta rúmar 2.000 krónur á ári frá og með áramótum. Engin takmörk eru á notkuninni.

Þeir sem nota Skype til að hringja í aðra Skype-notendur þurfa ekkert gjald að greiða.

Að sögn forsvarsmanna Skype munu þeir sem kaupa þjónustuna fyrir áramótin fá helmings afslátt.

Fyrirtækið mun vera að skoða hvort Skype-notendur í fleiri löndum verði látnir greiða fyrir þjónustuna. **- jab**


**SKYPE-SÍMI** Skype ætlar að rukka notendur í Bandaríkjunum og Kanada um áskriftargjald frá og með næstu áramótum.

# Önnuðust perúskt útboð

Dótturfélag Glitnis í Noregi, Glitnir Securities, hafði umsjón með tæplega sjö milljarða hlutafjárútboði perúska fyrirtæksins Copeinca, eins helsta fiskimjölsog lýsisframleiðanda Perú. Boðnar voru út 15,5 milljónir hluta á genginu 40 norskar krónur á hlut og norskir og alþjóðlegir fjárfestar skráðu sig fyrir öllum hlutunum. Eftir útboðið fullnægir Copeinca kröfum um skráningu í Kauphöllinni í Osló en Glitnir Securities mun annast skráninguna. **- hhs**

Stofnfjárútboð SpKef

Sparisjóðurinn í Keflavík býður nú út nýtt stofnfé að nafnverði kr. 479.300.000. Farið er með útboðið skv. reglum um almennt útboð verðbréfa, en stofnfjáreigendur sem skráðir eru við upphaf útboðsins eiga forgangsrétt til áskriftar í samræmi við hlutfallslega eign sína, sbr. lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og samþykktir sjóðsins.

Útboðstímabilið er 21.-27. desember 2006 og fellur áskrift í eindaga 31.desember 2006. Verð hverrar krónu nafnverðs í útboðinu er kr. 1,96857449 og er heildarverðmæti útboðsins því kr. 943.537.758.

Heildarnafnverð stofnfjár fyrir hækkunina er kr. 620.700.000 og verður eftir hækkunina kr. 1.100.000.000, að því gefnu að allt seljist.

Umsjónaraðili útboðsins er Sparisjóðurinn í Keflavík og má nálgast lýsingu og önnur gögn sem tengjast útboðinu á heimasíðu Sparisjóðsins www.spkef.is og í afgreiðslum hans frá og með 21. desember 2006.

*Sparisjóðsstjórn*

SpKef
Sparisjóðurinn í Keflavík

MARKAÐURINN




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



Humarhúsið
HUMARHÚSIÐ RESTAURANT
Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is


JÓL 2006
GK REYKJAVÍK
OPNUNARTÍMAR GK REYKJAVÍK LAUGAVEGI 66
Mán. til fim. 11:00–18:00, fös. 11:00–18:30.
Frá fim. 14. des. til 22. des. 11:00–22:00, 23. des. 11:00–23:00, 24. des. 9:00–12:00.

# MEST flytur í Fornubúðir

Byggingavörufyrirtækið MEST hefur flutt höfuðstöðvar sínar úr Malarhöfða í Reykjavík að Fornubúðum í Hafnarfirði. Þar hefur Alfesca, sem áður bar nafnið SÍF, haft aðsetur um árabil. Húsnæðið, sem á sínum tíma var hannað og byggt utan um saltfisksvinnslu SÍF, var orðið óhentugt fyrir Alfesca. Það hins vegar fellur vel að starfsemi MEST að sögn Þórðar Birgis Bogasonar, forstjóra félagsins. Í Hafnarfirðinum mun fyrirtækið hafa fimm þúsund fermetra vöruhús með fullkomnu birgða- og afgreiðslukerfi. Einnig er það mikill kostur að rúmgóð hafnaraðstaða er við húsið þar sem hægt er að losa og lesta skip með vörum félagsins. Það eru oftar en ekki plássfrekir vöruflokkar á borð við járn og timbur sem er hentugt að geta tekið beint inn til afgreiðslu. „Það kemur sér vel fyrir okkur að húsnæðið skyldi losna. Við höfðum tryggt okkur landsvæði við höfnina og ætluðum að byggja upp miðlager. Það hefði tekið um tvö ár svo það má segja að með þessu styttum við okkur leið,“ segir Þórður.



ÞÓRÐUR BIRGIR BOGASON, FORSTJÓRI MEST

Sölustarfsemi MEST verður ekki að Fornubúðum en mun þjóna útsölustöðum fyrirtækisins og stórum viðskiptavinum sem kaupa beint af lager. MEST er að auki að byggja upp verslanir og sölustaði um allt land. Á næstu mánuðum er markmiðið að opna sölustaði í 3.600 fermetra húsnæði í Norðlingaholti, sem verður aðalsetrið fyrir byggingarvörur, á Malarhöfða í Reykjavík, þar sem véla- og tækjasala verður, auk útsölustaða á Selfossi, í Hveragerði, á Akureyri, Reyðarfirði og í Hafnarfirði.

MEST hefur yfir helmings markaðshlutdeild í múr- og steypuvörum á markaði fyrir iðnaðarmenn og stefnir að því að ná svipaðri hlutdeild í öðrum vörum. „Okkur hefur verið vel tekið því okkar innri ferlar, tengsl við viðskiptavini, vöruframboð og markaðssetning miðast við þarfir iðnaðarmanna en ekki einstaklinga. Að því leytinu til erum við aðeins öðruvísi en aðrir á byggingavörumarkaði, þótt við að sjálfsögðu þjónum hverjum sem til okkar kemur.“

Hjá MEST starfa 275 manns og er áætluð velta næsta árs 8 milljarðar króna. - hhs



**NÝJAR HÖFUÐSTÖÐVAR** MEST er flutt í gömlu höfuðstöðvar Alfesca að Fornubúðum í Hafnarfirði.

# Erlendir fjárfestar felldu taílensk bréf

Gengi hlutabréfa féll um heil 11,76 prósent eða 85,89 punkta í kauphöllinni í Bankok í Taílandi í gærmorgun þegar erlendir fjárfestar losuðu sig við mikið af taílenskri hlutabréfaeign sinni. Ástæðan var tilkynning frá seðlabanka landsins um að hann hygðist grípa til aðgerða til að sporna gegn því að spákaupmenn geti haft áhrif á gengi gjaldmiðils landsins.

Gengið taílenska bahtsins hefur hækkað jafnt og þétt síðustu misserin og hefur ekki verið hærra gagnvart bandaríkjadal í níu ár. Það hefur komið illa við útflutningsfyrirtæki landsins og horfir bankinn til þess að með aðgerðunum takist að lækka gengið og efla útflutning. Þetta mun vera í þriðja sinn sem bankinn gerir tilraunir til að stemma stigu við háu gengi bahtsins.

Gengi hlutabréfa í fjármála- og olíufyrirtækjum lækkaði mest og hefur hlutabréfavísitala landsins ekki verið lægri í tvö ár. Þá hefur gengi hlutabréfavísitölunnar ekki lækkað jafn mikið á einum viðskiptadegi í 31 ár, að sögn breska ríkisútvarpsins.

Aðgerðirnar felast meðal annars í því að þegar hlutabréfakaup erlendra fjárfesta fara yfir 20.000 dali eða jafnvirði 1,4 milljóna króna, eru þeir skikkaðir til að halda hlutabréfunum í að minnsta kosti ár.

Nitaya Pibulratanagit, aðstoðarbankastjóri taílenska seðlabankans, segir bankann eiga enn eftir að ræða aðgerðirnar við helstu banka og fjármálastofnanir og sagði ótta erlendra fjárfesta ástæðulausan.

Ekki liggur fyrir hvort hrunið í Taílandi hafi áhrif út fyrir landsteina en efnahagslægð fór yfir Asíu í kjölfar svipaðs ástands fyrir áratug. - jab



**FYLGST MEÐ GENGINU** Gengi hlutabréfa hrundi í kauphöllinni í Taílandi í gær. Ekki er ljóst hvort það hafi áhrif á hlutabréfamarkaði í öðrum Asíulöndum. MARKAÐURINN/AP

# Vandræði við Wembley

**Mikil vandræði virðast hrjá þá sem komið hafa að byggingu Wembley-leikvangsins í Lundúnum í Bretlandi. Ástralska verktakafyrirtækið Multiplex er í miklum vandræðum vegna tafa á afhendingu leikvangsins en hluthafar fyrirtækisins hafa höfðað mál á hendur því vegna óeðlilegs dráttar á verklokum við leikvanginn. Þá tók forstjóri Wembley poka sinn í síðustu viku en hann skipulagði endurbyggingu leikvangsins.**

**Upphaflega stóð til að afhenda leikvanginn á síðasta ári en nú stefnir allt í að hann verði ekki reiðubúinn til afhendingar fyrir leiki í ensku bikarkeppninni á næsta ári en líkur þykja að gestir geti sótt hann heim eftir tvö ár.**



**UNNIÐ VIÐ WEMBLEY** Afhending á nýjum Wembley-leikvangi hefur farið langt fram yfir áætlun. MARKAÐURINN/AFP

**Kostnaður hefur farið úr öllu valdi og hleypur nú á 700 milljónum punda eða ríflega 93,6 milljörðum íslenskra króna.**

**Hluthafar verktakafyrirtækisins segja, að stjórnendur Multiplex hafi haft grun um í hvað stefndi fyrir allt að þremur árum en leynt hluthafa því.**

**Þegar greint var frá því að afhending leikvangsins færi fram yfir afhendingardag og taprekstri hjá Multiplex um mitt síðasta ár féll gengi bréfa í fyrirtækinu. Sér vart fyrir endann á halla fyrirtækisins. Krefjast hluthafarnir, jafnt stórir fjárfestar sem smáir, allt að 100 milljóna ástralska dala eða jafnvirði 5,3 milljarða króna í skaðabætur vegna málsins.** - jab




# TM Software styrkir Ljósið



**FRÁ UNDIRRITUN** Ágúst Einarsson, framkvæmdastjóri hjá TM Software, Erna Magnúsdóttir, yfirumsjónarmaður starfsemi Ljóssins og Davíð Arnar Þórsson, þjónustustjóri hjá TM Software.

**Hugbúnaðarfyrirtækið TM Software hefur ákveðið að styrkja Ljósið, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir þá sem greinst hafa með krabbamein og aðstandendur þeirra. Stuðningurinn felst í að veita Ljósinu afnot af sjúkraskrárkerfinu Sögu, sem Ljósið fær aðgang að í gegnum iCura-kerfisveitu.**

**Í tilkynningu frá TM Software segir að umsjónarmenn Ljóssins geti skráð námskeið, fræðslutíma og sjúkrasögu allra sem sækja miðstöðina í sjúkraskrárkerfið Sögu. Með iCura-kerfisveitu fær Ljósið aðgang að Sögu yfir Netið og þarf því ekki að setja upp aukavélbúnað til að keyra sjúkrakerfið. iCura-kerfisveitan fylgir ströngustu öryggiskröfum og tryggir það öruggan rekstur, afritunartöku, eftirlit og viðhald, að því er segir í tilkynningunni.**

**Erna Magnúsdóttir, yfirumsjónarmaður Ljóssins, segir þetta ómetanlegt og hafa mikla hagræðingu í för með sér. Kostur sé að geta fengið kerfi eins og Sögu í gegnum kerfisveitu og þannig nýtt áfram þann tölvukost sem fyrir var í miðstöðinni en kerfisveitan gerir notendum kleift að tengjast sjúkraskránni utan starfsstöðvar Ljóssins og tryggir það sveigjanleika í skráningu og eftirliti, að því segir í tilkynningunni.**

**- jab**

# Forstjóraskipti hjá TM

Friðrik Sigurðsson, forstjóri TM Software, hefur ákveðið að láta af störfum 1. janúar. Við starfi hans tekur Ágúst Einarsson sem hefur verið framkvæmdastjóri TM Software-Infrastructure Management frá árinu 2003.

Friðrik stofnaði TM Software undir nafni TölvuMynda fyrir tuttugu árum og hefur alla tíð síðan verið forstjóri félagsins. Í fréttatilkynningu frá félaginu segir að ákvörðun Friðriks hafi verið tekin að vel athuguðu máli og honum hafi þótt tími til kominn að snúa sér að öðrum störfum.

TM er í dag eitt af stærstu fyrirtækjum landsins í upplýsingatækni með starfsemi í ellefu löndum með rúmlega 1.800 viðskiptavini um heim allan. Ársvelta félagsins nemur á fimmta milljarð króna og kemur um helmingur teknanna erlendis frá.

**- hhs**




**FRIÐRIK SIGURÐSSON, FRÁFARANDI FORSTJÓRI TM SOFTWARE** Ágúst Einarsson, framkvæmdastjóri hjá TM Software, tekur við forstjórastólnum í janúar.



**TEKIÐ VIÐ STYRKNUM** Helga Kristjánsdóttir, stjórnarmaður Einstakra barna, og Auður Björk Guðmundsdóttir, forstöðumaður sölu-og markaðssviðs VÍS.

# VÍS styrkir Einstök börn

Í stað þess að senda jólakort tóku stjórnendur VÍS þá ákvörðun að styrkja Einstök börn um andvirði þeirra fjárhæðar sem varið hefur verið til slíks. Verður styrknum varið í stuðning við börn og barnafjölskyldur sem vegna sérstakra aðstæðna þurfa á stuðningi að halda.

Einstök börn er stuðningsfélag barna með sjaldgæfa alvarlega sjúkdóma. Félagið var stofnað árið 1997 af foreldrum 13 barna en í dag eru í félaginu 125 fjölskyldur barna með sjaldgæfa alvarlega sjúkdóma. Þeir sjúkdómar, sem börnin í félaginu þjást af, eru allir langvinnir og hafa varanleg áhrif á börnin og fjölskyldur þeirra. Þar sem um sjaldgæfa sjúkdóma er að ræða hafa margir þeirra lítið verið rannsakaðir og í fæstum tilfellum er til eiginleg meðferð við þeim.

# Vodafone með stærstu búð hér

Í Skútuvogi í Reykjavík hefur verið opnuð stærsta Vodafoneverslun í heimi, um 400 fermetrar að stærð. Í tilkynningu Vodafone á Íslandi kemur fram að vöruúrvalið í búðinni sé einstakt og hún sé ein af fyrstu Vodafoneverslununum í heimi sem byggja á byltingarkenndri hönnun sem færa á viðskiptavinum nýja sýn á vöru- og þjónustuframboð fyrirtækisins.

Á heimsvísu er Vodafone með 190 milljónir viðskiptavina og starfsemi í 27 löndum, samstarfsfyrirtæki eru í rúmlega 30 löndum. Vodafone-fyrirtæki reka um eitt þúsund verslanir um heim allan.


RENAULT

ATVINNUBÍLAR
FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

Hagkvæmari rekstareining
Ný sending komin!




Bíll á mynd: Kangoo 6 dyra með álfelgum, þokuljósum og hliðarglugga.

án VSK.
Kr. 19.996
á mánuði og bíllinn er þinn í lok samningsins*

**Renault Kangoo**
Verð frá kr. 1.620.000
**Verð frá kr. 1.301.205 án vsk**
Fjármögnunarleiga kr. 24.896
**Fjármögnunarleiga kr. 19.996** án vsk.

Kangoo Express – 6 dyra – 75 hestöfl – beinskiptur.
Kr.1.301.205 kr. án VSK.
Við greiðum að sjálfsögðu út gamla atvinnubílinn.

* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendri myntkörfu með 20% útborgun með og án/vsk.

www.renault.is
B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is



**TRYGGVI ÞÓR HERBERTSSON, FORSTJÓRI NÝJA FJÁRFESTINGARBANKANS ASKA CAPITAL** Hann telur það heldur verða talið nýjum banka til tekna að koma frá Íslandi þótt í einhverjum tilfellum kunni sá ólgusjór sem verið hefur kringum íslenskt fjármálalíf að vinna á móti honum. „Ef samningar eru góðir skiptir þjóðerni ekki máli. Menn hafa ekki efni á að mismuna í viðskiptum.“

# Finna markaðssyllur hér heima og heiman

**Tryggvi Þór Herbertsson**, sem gegnt hefur starfi forstöðumanns Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands undanfarin fimmtán ár, hefur söðlað um og tekið að sér að stýra hinum nýstofnaða fjárfestingarbanka Askar Capital. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* spjallaði við Tryggva um breytta tíma og framtíðaráform nýja bankans.

„Ég var búinn að vera lengi hjá Hagfræðistofnun og því tilbúinn að takast á við önnur verkefni. Ég hef undanfarið fengið tilboð sem ég hef neitað en hugmyndin um þennan nýja fjárfestingarbanka var hins vegar svo spennandi að ég gat ekki annað en slegið til. Ekki síst finnst mér áhugavert að vinna með Karli Wernerssyni, manni sem hefur rifið sig upp í það að vera með efnaðari mönnum landsins. Það bendir til þess að hann hafi eitthvað sem varið er í að vinna með,“ segir Tryggvi Þór Herbertsson, fyrrverandi forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, sem nýverið tók við stöðu forstjóra fjárfestingarbankans Aska Capital.

### ÞRJÚ FÉLÖG RENNA SAMAN Í EITT

Karl Wernersson er aðaleigandi Milestone sem er kjölfestufjárfestir í Askar Capital. Bankinn verður til með því móti að fjármálaráðgjafarfélagið Ráðgjöf og efnahagsspár og fjárfestingarfélagið Aquila Venture Partners (AVP) munu renna inn í Sjóvá fjármögnun um áramótin. Sjóvá fjármögnun hefur þegar bankaleyfi en við samrunann verður nafni þess breytt í Aska Capital. Þá verður bæði sótt um leyfi til Fjármálaeftirlitsins fyrir samrunanum og aukin leyfi til frekari bankastarfsemi. Þangað til mun bankinn starfa innan þeirra marka sem Fjármálaeftirlitið setur honum. „Við áætlum að þessi leyfi fáist á fyrri hluta næsta árs og upp frá því geti bankinn starfað eftir þeirri stefnu sem lagt er upp með,“ segir Tryggvi. Sameinuð hafa félögin þrjú ellefu milljarða króna eigið fé. Stjórnendur félagsins stefna að því að vera komnir með eignir fyrir 200 milljarða í stýringu fyrir lok fyrsta starfsárs. Nú þegar er AVP með fasteignir í eignastjórnun fyrir í kringum sjötíu milljarða.

### SKRIFSTOFUR Í FIMM LÖNDUM

Fyrstu mánuðina mun starfsemi Aska Capital fyrst og fremst fara fram á Íslandi, auk þeirra alþjóðlegu fjárfestingarverkefna sem Aquila Venture Partners hefur þegar á sinni könnu. Strax í janúar verður skrifstofa þó opnuð í Lúxemborg en eftir að öll tilskilin leyfi hafa fengist munu London, Búkarest og Hong Kong fylgja í kjölfarið.

Bankinn mun starfa á vettvangi fyrirtækja og stórviðskipta en ekki sinna einstaklingsviðskiptum. „Við munum þróa og selja fjármálavörur, til dæmis afleiður og fjármálagjörninga, sem eru byggðar á undirliggjandi eignum. Þessar vörur verða svo seldar áfram í heildsölu inn í bankakerfið, til stofnanafjárfesta og fagfjárfesta. Þar að auki verðum við með eigin viðskipti þar sem við munum taka stöður í fasteignum, hlutabréfum og öðru.“

Tryggvi segir stefnuna ljóst og leynt tekna út fyrir landsteinana en tekur fram að einnig séu næg tækifæri hér á landi. „Við ætlum að nýta okkur þær markaðssyllur sem eru til staðar, bæði hér heima og erlendis.“ Hann telur frekar verða talið bankanum til tekna að vera frá Íslandi, þótt í einhverjum tilfellum kunni sá ólgusjór sem verið hefur kringum íslenskt fjármálalíf að vinna á móti honum. „Ég held að þetta muni ekki verða okkur þrándur í götu. Ef samningar eru góðir skiptir þjóðerni ekki máli. Menn hafa ekki efni á að mismuna í viðskiptum,“ segir Tryggvi.

### SKORTUR Á GÓÐUM MANNSKAP Á ÍSLANDI

Háskóli Íslands hefur fengið að finna fyrir því að undanförnu að sótt er í þann mannauð sem er innan veggja skólans. Auk Tryggva hafa til að mynda þau Ágúst Einarsson og Svafa Grönfeldt, sem hafa kennt við góðan orðstír í viðskipta- og hagfræðideild svo árum skiptir, horfið frá og tekið við rektorsstöðum, hjá Viðskiptaháskólanum á Bifröst og Háskólanum í Reykjavík. „Það vantar orðið svo mikið af góðu fólki í störf á Íslandi að það er alls staðar leitað. Það er fullt af hæfileikafólki innan háskólanna en menn hafa kannski veigrað sér við því að sækja fólk þangað hingað til. Eina fyrirstaðan fyrir góðum hugmyndum í dag er góður mannskapur. Peningar, hugmyndir og tækifæri er ekkert mál að ná í. Það er annað mál með mannskapinn.“

Þessu vandamáli verður sjálfsagt ekki fyrir að fara hjá stjórnendum Aska, þar sem nýi bankinn hefur vakið forvitni og sjálfsagt margir sem hafa áhuga á að vinna þar. Um þessar mundir stendur einmitt yfir vinna við ráðningar og er áætlað að um áramótin verði um 40 til 45 manns starfandi hjá félaginu. Um 30 þeirra koma úr fyrirtækjunum þremur sem þegar eru starfrækt og aðrir tíu til fimmtán sem bætast í hópinn.

**„Það vantar orðið svo mikið af góðu fólki í störf á Íslandi að það er alls staðar leitað. Það er fullt af hæfileikafólki innan háskólanna en menn hafa kannski veigrað sér við því að sækja fólk þangað hingað til. Eina fyrirstaðan fyrir góðum hugmyndum í dag er góður mannskapur. Peningar, hugmyndir og tækifæri er ekkert mál að ná í. Það er annað mál með mannskapinn.**


Shine
RAYMOND WEIL
GENEVE
www.raymond-weil.com
HERMANN JÓNSSON [ HJ ] VIÐ INGÓLFSTORG
551 3014
hjwatch@simnet.is
Bjóðum allt að 12 mánaða vaxtalausar greiðslur þegar greitt er með greiðslukorti.

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**1** milljarður króna sem velta CCP fór yfir á árinu og verður því útskrifað úr samtökum sprotafyrirtækja.

**1.000** milljónir króna. Heildarhlutafé Icelandair Group Holding sem skráð var á fimmtudag.

**0,8** prósenta hagvöxtur á þriðja ársfjórðungi miðað við tíu prósent á þriðja ársfjórðungi í fyrra.

## BANKAHÓLFIÐ



### Barist um Porschinn

Desember er eins og allir vita stærsti mánuðurinn í verslun og stendur og fellur rekstur margra verslana á þessum tíma. Kaupmenn gera ýmislegt til að hvetja starfsmenn sína til dáða. Sagan segir að Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, hafi sett upp keppni milli verslunarstjóra Hagkaupa í Kringlunni og Smáralind fyrir jólin í fyrra. Hún var á þá leið að sem sá myndi selja meira í desember fengi afnot af Porscejeppanum hans í nokkra daga. Færðust menn allir í aukana; nú skyldi sko selja. Lengi vel leit út fyrir að sá sem fór fyrir Smáralindarbúðinni hreppti gripinn góða en á Þorláksmessu skreið Kringlubúðin fram úr.

### Neðanjarðarsport

Ein vinsælasta íþróttagreinin sem nýríkir íslenskir athafnamenn stunda af miklum krafti er vínsöfnun og heyrast sögur af því að vel efnaðir einstaklingar leggi mikið upp úr því að útbúa vínkjallara þegar verið er að hreinsa út úr einbýlishúsunum.

Forstjóri eins fjármálafyrirtækis ku eiga 700 flöskur af eðalvíni sem metið er á yfir tíu milljónir eða tíu kúlur.

Ólíkt bílasöfnuninni þá er þetta sport stundað neðanjarðar þannig að sauðsvartur almúginn verður einskis var.

### Uppgangur innan klæða

Danir eru sterk verslunarþjóð og eiga langa sögu sem slík, enda þótt við teljum okkur auðvitað þeim fremri á öllum sviðum nema í fótbolta.

Dönsk vörumerki seljast víða um heim, án þess að fólk almennt geri sér grein fyrir að þau séu þaðan sprottin. Þannig eru undirfatamerking Change, Femilet og Fleur, dönsk og þessi fyrirtæki gleðjast um þessar mundir þar sem afkoman hefur tvöfaldast frá fyrra ári. Alþjóðleg dönsk fyrirtæki fengu skell eftir teikningar Jyllandsposten og voru sniðgengin víða í Mið-Austurlöndum. Þessir framleiðendur finna greinilega lítið fyrir slíku og spurning hvort ekki sé líka óhætt að klæðast dönskum undirfötum sem ekki er beinlínis flaggað á opinberum vettvangi á þeim slóðum.







## Á jóladöfinni

### 20.desember

Camerarctica leikur kammertónlist eftir Mozart og fleiri við kertaljós í Hafnarfjarðarkirkju í kvöld og hefjast tónleikarnir kl. 21.00.



## Takk fyrir pakkann

JÓLAGJAFAPÖKKUN ER Á VIÐ BESTU FÖNDURSTUND.

Það getur verið alveg jafn gaman að pakka inn gjöfum eins og að taka utan af þeim. Jólagjafapappír er til í öllum regnbogans litum og með fallegum borðum og litlu skrauti er hægt að gera alla pakkana að sannkölluðu listaverki. Hér eru nokkur ráð.



Veldu einhvern ákveðinn heildarsvip fyrir pakkana og keyptu pappír og borða í þeim stíl.

Pakkaðu gjöfunum í pappír jafnóðum og þú kaupir þær og merktu með post-it miða. Feldu svo pakkann og leggðu lokahöndina á síðustu stundu með borðum, skrauti og merkimiða.



Ef pakkinn er risastór og passar ekki í neinn pappír má nota hugmyndaflugið. Notaðu dagblaðapappír eða allskonar mismunandi leifar af jólapappír svo pakkinn verði eins og bútateppi.

Skreyttu og skreyttu, meira er alltaf meira þegar jólagjafir eru annars vegar.

Gerðu lokainnpökkunina að skemmtilegri fjölskyldustund þar sem einn klippir borða og annar sér um að alltaf sé til nóg af límbandi. Fyrirtaks föndurtími.

BBC WORLD SERVICE

## Jólagjafalisti verðandi fegurðardrottningar

Allir eiga sínar óskir og drauma. Fegurðardísir halda líka jól og þetta er það sem þær gæti langað í:



Heimsfriður. Hann er númer eitt, tvö og þrjú. Hættið þessu, Palestínumenn og Ísraelar, skamm Sri Lanka-búar og ó-ó Darfúr-fólk.





Gjafakort frá Icelandair. Engin er fegurðardrottning meðal fegurðardrottninga nema hafa ferðast og séð heiminn. Costa del Sol til dæmis.

Kóróna. Það skiptir ekki máli að vinna, bara að vera með. Alveg eins og Alþingi, en þangað ætla ég einhvern tímann. Eða í sjónvarp. Það eru svo margir möguleikar.





Hjúkkubúningur. Hann er nauðsynlegur því ég ætla að verða hjúkrunarfræðingur.

III. sería America's Next Top Model. Í mínum augum er þetta ekki raunveruleikasjónvarp heldur kennslumyndband. Takk, Tyra, fyrir að þora.

## jólasálmur }

ÞAÐ ALDIN ÚT ER SPRUNGIÐ

Það aldin út er sprungið
og ilmar sólu mót,
sem fyrr var fagurt sungið
af fríðri Jesse rót.
Og blómstrið það á þrótt
að veita vor og yndi
um vetrar miðja nótt.

Þýskur höf. ók.
16. öld – M.
Jochumson
þýddi.






# Skötuveislan

er byrjuð hjá okkur. Komdu og skoðaðu fiskborðið okkar fullt af ilmandi tindabykkju og skötubörðum, hnoðmör, hamsatólg og þrumara með.

Fiskisaga

*Ævintýralegar fiskbúðir*

*fiskisaga.is*

*Hamraborg 14a • Skipholti 70 • Höfðabakka 1 • Vegamótum (Nesvegi 100) Sundlaugavegi 12 • Háaleitisbraut 58-60*

# TOPPBÍLAR


RENAULT MEGANE CLASSIC RT S/D, árgerð 1999, ekinn 87 þ.km, Bensín, Sjálfskiptur, verð 750.000. Rnr. 995247


DAEWOO LEGANZA S/D EXECUTIVE, árgerð 2000, ekinn 119 þ.km, Bensín, Sjálfskiptur, verð 710.000. Rnr. 995615


FORD FOCUS S/D AMBIENTE HIGH SERIES, árgerð 1999, ekinn 91 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 700.000. Rnr. 995415


RENAULT LAGUNA NEVADA STW, árgerð 1999, ekinn 117 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 690.000. Rnr. 240424


MAZDA B-LÍNAN 2200 CAB PLUS, árgerð 1997, ekinn 110 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 690.000. Rnr. 995515


CITROEN BERLINGO SENDIBÍLL, árgerð 2001, ekinn 88 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 690.000. Rnr. 210306


TOYOTA HILUX DOUBLE CAB D/C DX, árgerð 1991, ekinn 345 þ.km, Dísel, 5 gírar, verð 680.000. Rnr. 201376


SUBARU LEGACY WAGON GL 4WD, árgerð 1997, ekinn 166 þ.km, Bensín, Sjálfskiptur, verð 650.000. Rnr. 995493


SSANGYONG MUSSO 601, árgerð 1998, ekinn 163 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 650.000. Rnr. 995491


RENAULT MEGANÉ S/D COUPE, árgerð 1999, ekinn 84 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 650.000. Rnr. 995583


MMC CARISMA GLXI H/B, árgerð 1999, ekinn 97 þ.km, Bensín, Sjálfskiptur, verð 650.000. Rnr. 995201


HYUNDAI SONATA S/D GLSI, árgerð 1999, ekinn 107 þ.km, Bensín, Sjálfskiptur, verð 650.000. Rnr. 995618


TOYOTA YARIS SOL, árgerð 2000, ekinn 109 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 630.000. Rnr. 240300


SUZUKI BALENO S/D GLXI, árgerð 2000, ekinn 116 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 630.000. Rnr. 995435


TOYOTA RAV4, árgerð 1997, ekinn 170 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 620.000. Rnr. 995139


PEUGEOT 306 BREAK STW, árgerð 2001, ekinn 70 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 620.000. Rnr. 995424


KIA SPORTAGE WAGON, árgerð 2000, ekinn 93 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 600.000. Rnr. 240215


TOYOTA CARINA E, árgerð 1997, ekinn 171 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 590.000. Rnr. 995288


SUZUKI VITARA JLX-SE JLX, árgerð 1998, ekinn 105 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 590.000. Rnr. 995525


NISSAN TERRANO II SGX SE/SGX, árgerð 1996, ekinn 188 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 590.000. Rnr. 995224


NISSAN PATROL, árgerð 1993, ekinn 300 þ.km, Dísel, 5 gírar, verð 590.000. Rnr. 201617


NISSAN MICRA H/B GX, árgerð 2001, ekinn 83 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 590.000. Rnr. 995559


NISSAN ALMERA H/B GX, árgerð 2000, ekinn 99 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 590.000. Rnr. 995558


MERCURY MYSTIQUE, árgerð 2000, ekinn 79 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 590.000. Rnr. 995200


HYUNDAI ELANTRA WAGON / STW, árgerð 2000, ekinn 78 þ.km, Bensín, Sjálfskiptur, verð 590.000. Rnr. 230167


VOLVO 850 S/D GL LPT, árgerð 1995, ekinn 164 þ.km, Bensín, Sjálfskiptur, verð 580.000. Rnr. 995506


RENAULT MEGANE BERLINE RT H/B, árgerð 1999, ekinn 113 þ.km, Bensín, Sjálfskiptur, verð 580.000. Rnr. 995244


SUZUKI BALENO W/G GLXI 4WD, árgerð 1998, ekinn 109 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 570.000. Rnr. 995495


TOYOTA YARIS TERRA, árgerð 2001, ekinn 114 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 550.000. Rnr. 115942


TOYOTA COROLLA WAGON TOURING TERRA 4WD, árgerð 1998, ekinn 159 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 550.000. Rnr. 995567


TOYOTA COROLLA WAGON TOURING TERRA 4WD, árgerð 1998, ekinn 154 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 550.000. Rnr. 995132


TOYOTA CARINA E S/D XLI, árgerð 1997, ekinn 108 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 550.000. Rnr. 995285


RENAULT CLIO RN H/B, árgerð 2001, ekinn 83 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 550.000. Rnr. 240388


PEUGEOT 206 XR PRÉSENCE, árgerð 1999, ekinn 79 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 550.000. Rnr. 995231


NISSAN VANETTE CARGO, árgerð 1999, ekinn 95 þ.km, Bensín, 5 gírar, verð 550.000. Rnr. 240409


FORD MONDEO GHIA, árgerð 1997, ekinn 155 þ.km, Bensín, Sjálfskiptur, verð 550.000. Rnr. 240468


TM BÍLALÁN

TOPPBÍLAR
bílasala

Kletthálsi 2 – 110 Reykjavík Sími 587 2000
Opið virka daga 10-18 • Lokað lau. í des. • Sun. lokað • www.toppbilar.is



## Mótorhjól

**Icebike.is auglýsir**
Hjólamenn og aðrir áhuga og fjölskyldumeðlimir jólagjöfin gæti leynst hjá okkur. Eigum að eiga flest allt fyrir hjólafólkið. Stór sem smá. S. 421 5452, Iðavellir 10. Reykjanesbæ.

## Fjórhjól

Jólagjöfin í ár. Sumoto 250 árg. '06 til sölu, notað í aðeins 1 klst., 5 gíra og afturábak, afturhjóladrif. Verð 200 þús. stgr. S. 895 9626.

## Hjólhýsi



**Jólagjafir fyrir húsbíla og hjólhýsa eigendur.**
Cramer gasgrill,hjólagrindur,Truma-Ultraheat borðbúnaður, pottar og pönnur. omfl. Skoðaðu úrvalið hjá okkur. Hobbyhúsið Dugguvogi 12 S. 517 7040 www.hobbyhusid.is

## Vinnuvélar



Úrval notaðra innfluttra lyftara til sölu. PON Pétur O. Nikulásson ehf s. 552 0110.

**www.snjokedjur.is**
Mikið úrval fyrir vinnuvélar og vörubíla. www.snjokedjur.is Skm ehf. Uppl. í s. 517 8400.

## Lyftarar




**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. S. 893 3573.






Lyftarar, brettatjakkar, skæralyftur, lyftuborð, trillur, vagnar, hjólabúnaður og ýmis léttitæki. Vandaðar vörur, góð verð, öflug viðgerða og varahlutaþjónusta. Léttitækni ehf, Stórhöfða 27, s. 567 6955. Allar upplýsingar á www.lettitaekni.is

## Hjólbarðar

Lítið notuð nagladekk 185/65-14". Uppl. í s. 693 7516

## Varahlutir




**Bílapartasalan Ás**
Skútahraun 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, MMC, Nissan, Toyota. Notaðir varahlutir í flestar gerðir bíla, Kaupum bíla til niðurrifs.

**Hedd Dráttabílaþjónusta & Bílapartar.**
Bílapartasala sem sérhæfir sig í Musso, Bens, VW, Skoda, Audi, Mmc, Freelander og fl. Opið mán.-föst. 9-18. Iðndalur 10. 190 Vogum. S 557 7551.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Bílapartar ehf S.587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9:00 -18:00. www.bilapartar.is bilapartar@bilapartar.is

**Partar s. 565 3323**
Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á.m. Ford, Opel, Daewoo. Kaupum bíla

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Partasalan Sími 557 7740.**
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

**Rafstilling ehf. Dugguvogi 23**
**Startarar. Alternatorar. Nýir hlutir, skipti hlutir, viðgerðir áratuga reynsla. Hröð þjónusta, mikið úrval.**
**Sími 581 4991, GSM 663 4942.**

Partar VTS . Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18. Lau. 10-15. Sími 421 8090.

**Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560**
Subaru, Nissan, MMC, Toyota, Ford, Hyundai, Suzuki, Daihatsu, Opel, VW, Peugeot, Reno, Skoda o.fl. Dalshraun 20. Sendum frítt á flutning.

Á varahluti í 2ja dyra Sunny árg. '93, Legacy '93. Accent '95. 2. stk. dekk 175 R14 á 3 þ. S. 896 8568.

## Viðgerðir




**KEYPT & SELT**

## Til sölu




Besta lausn fyrir þröng rými. Addco ehf. S. 586 9010 eða addco@addco.is




Til sölu 12 volta, 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði, með eða án rafgeymis og hleðslutækis. Smásala. Vélaverkstæði JS. Vesturhrauni 3. Garðbæ. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502.






**Fyrirtæki og stofnanir**
**Stubbastrumpar. Viltu losna við sígarettustubba og tyggjóklessur? Einnig til minni stubbar til að festa á vegg. Framleiðandi www.skrapp.is**
**Pöntunarsímar 661 3799 & 892 3750.**



Flottir dömuskór í stærðum 42-44. Ásta skósali Súðarvogi 7. Opið þriðjud. miðvikud. og fimmtud. 13-18. Ný heimasíða, www.storirskor.is



Til sölu LÖWE sjónvarp 32" með skáp. Uppl. í síma 861 4401 eða gul@itn.is

Til sölu Baldwin píanó+bekkur í góðu standi, verð 90 þús. Uppl. í síma 568 4959 & 895 2186.

**Þvottavélar**
Til sölu nokkrar yfirfarnar þvottavélar. Tökum bilaðar upp í. Einnig varahlutir í þvottavélar. S. 847 5545.

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10 þ., þvottavél á 10 þ., þurrkari á 10 þ. og uppþvottavél á 10 þ. 14" sjónvarp á 5 þ. 20" sjónvarp á 5 þ. S. 896 8568.

## Óskast keypt

Óska eftir helluborði (Keramik) og bakaraofni (vegg). S. 896 1524.

## Heimilistæki

Ítalskur ískápur Snardi d54 cm, h84 cm, b59. Stállitur kr. 20.000. 22" United sjónvarp kr. 2000. Dökkbrún kommóða kr 3000. Stækkanlegt barnarúm brúnt kr. 5000. Upplýsingar í síma 898 9381.

## Hljóðfæri



Úrval af harmonikum í ýmsum stærðum og gerðum, auk fylgihluta,ólar.pokar, harmonikunótur, harmoniku geisladiskar. Mjög hagstæð verð EG-tónar. Sími Akureyri 4627374 & 6601648, sími Reykjavík 5683670 & 824 7610. Harmonikukensla fyrir byrjendur.

## Hljómtæki

Alpine bassa box í bíl kr 15.000. Kef psw 2000 sub-bassi kr 10.000. United 22" sjónvarp gefins. Upplýsingar í síma 898 9381.

## Tölvur




Nýjar tölvur í hverri viku, góð verð. BMS-Tölvulausnir, Suðurlandsbraut 8, Sími 565 7080

**Ódýrar tölvuviðgerðir.**
Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. Magnús s. 695 2095.

Til sölu Toshiba Sattelite A100-761 glæný ennþá í kassanum! Kostar 143 þús. Tilboð 110 þús. Uppl. í s. 659 0566.

## Vélar og verkfæri



CMT handfræsitennur Sagarblöð, borar ofl. Ásborg verkfæri + vélar Smiðjuvegi 11. Sími 564 1212.

## Til bygginga




## Verslun



Vorum að taka upp nýja sendingu, glæsilegur fatnaður í öllum stærðum. Hjartanlega velkomin. Emilía, Suðurlandsbraut 52 (bláu húsunum Fákafeni)

opið 11-22 fram að jólum.




**40 - 80 % verðlækkun á öllum vörum.**
Friendtex Síðumúla 13, S. 568 2870. Opið 10:00 - 18:00 virka daga laugardag 10:00 -16:00.

## TIL SÖLU




## TIL SÖLU












MÁLMTÆKNI
ÁL • STÁL • PLAST

# Atvinna í boði

**Vegna aukinna verkefna óskar Málmtækni HF eftir duglegum og traustum aðila í fullt starf**

Í starfinu felst vinna við afgreiðslu og lagerstörf

Nánari upplýsingar um starfið veitir Örn Sigurbjörnsson í síma 580-4500

Einnig er hægt að senda umsóknir með tölvupósti á mt@mt.is

## ÚTBOÐ

# ÚTBOÐ

Orkuveita Reykjavíkur

Síminn

**F.h. Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar, mannvirkjaskrifstofu, Orkuveitu Reykjavíkur og Símans.**

***Hallar atvinnusvæði - 1.áfangi, gatnagerð og lagnir***

Vakin er athygli á því að verktaki á að útvega efni (plast eða stein) í fráveitulagnir.

Útboðsgögn verða seld á kr. 5.000 í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur, frá og með föstudeginum 22. desember 2006.

Opnun tilboða kl. 10:00 föstudaginn 12. janúar 2007, í Ráðhúsi Reykjavíkur.

10887

**Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod**

Reykjavíkurborg
Þjónustu- og rekstrarsvið

Tjáðu þig!

Ný útlit í viku hverri!
Búðu til eigið útlit eða veldu tilbúið!



Viltu sýn'eikkað?
Ný útlit · Myndaalbúm · Símablogg

BlogCentral.is
Stærsta bloggsamfélagið á Íslandi



Meistarinn er fyrir alla fjölskylduna!



# MEISTARINN




## Meistaraspilið er komið í verslanir

Meistarinn er spil sem byggt er á samnefndum spurningaþætti Stöðvar 2. Spilið býður upp á fjölbreyttar spurningar þar sem keppendur geta sýnt snilli sína ásamt því að kalla fram hámarksspennu milli þeirra.

Hver verður meistarinn heima hjá þér?

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

GOTT FÓLK McCANN

## VISSIR ÞÚ ...

... að köngulær af tegundinni Phoneutria nigriventer eru með stærstu eiturkirtla af köngulóm? Hvor eiturkirtill er 10,2 mm langur og 2,7 mm í þvermál. Í hvorum fyrir sig rúmast 1,35 mg af eitri sem nægir til að drepa 225 mýs. Þess má geta að Phoneutria nigriventer er stærsta köngulóartegund Suður-Ameríku og að öllum líkindum sú árásargjarnasta.

... að breski götunarmeistarinn Charlie Wilson hefur gert flestar gatanir í einni lotu? Wilson festi 1.015 títaníumlokka í líkama hins breska Kam Ma án nokkurrar deyfingar. Tók það sjö klukkustundir og 55 mínútur og var framkvæmt á Sunderland Body Art-stofunni, í Sunderland, Tyne & Wear, á Bretlandi fjórða mars 2006.

... að í leirdúfuskotfimi fæst eitt stig fyrir hvert skipti sem skytta hæfir skotmark þannig að að minnsta kosti einhver hluti þess er augljóslega laskaður?

... að Bandaríkjamaðurinn Jason A. Earle, frá Princeton í New Jersey, er yngsti verðbréfasali sem yfirvöld hafa samþykkt? Var hann einungis sautján ára og 206 daga gamall þegar hann stóðst verðbréfamiðlarapróf sem Fjármálaeftirlit Bandaríkjanna hélt 25. október 1993.

... að elsta erfðaskrá í heimi er frá árinu 2061 f.Kr.? Erfðaskráin er frá Nekúre, syni Khafre faraós, og er rituð á veggi grafar hans. Í erfðaskránni ánafnar hann konu sinni og þremur börnum fjórtán þorp, tvo búgarða og aðrar eignir.

... að 30. apríl árið 2005 rúlluðu sjálfboðaliðar í Roll for Relief-fjáröfluninni upp stærstu vorrúllu sem sögur fara af? Var það gert við Cornell-háskóla í Íþöku í New York-fylki í Bandaríkjunum, og var vorrúllan 435,36 m löng.

... að 31 mark er mesti markafjöldi í innanhússfótboltaleik á HM? Það gerðist þegar Brasilía sigraði Gvatemala 29-2, 23. nóvember árið 2000.

... að Plasma Display-skjárinn frá Panasonic er stærsti plasmaskjár í heimi? Hann er rúmlega 2,6 m breiður og í honum er 1.080 p, sem er stytting á enska orðinu progressive, háskerpuupplausn, betur þekkt sem HD. Frumgerð þessa risaskjás var til sýnis á Alþjóðlegu raftækjasýningunni 2006, sem var haldin í Las Vegas í Nevada í Bandaríkjunum frá fimmta til áttunda janúar árið 2006.

... að flugmóðurskipið USS American (GV 66) er stærsta skip sem hefur verið sökkt viljandi af eigendum sínum? Það var 319,2 m langt og vó 75.800 brúttótonn. Því var sökkt úti fyrir ströndum Virginíuríkis í Bandaríkjunum fjórtánda maí árið 2005.

... að Bandaríkjamaðurinn Al Unser er elsti sigurvegari Indianapolis 500-kappakstursins? Unser var 47 ára og 360 daga gamall þegar hann vann 71. keppnina 24. maí árið 1987.

... að Bandaríkjamaðurinn Troy Ruttman er hins vegar yngsti sigurvegari sömu kappaksturskeppni? Hann var 22 ára og 80 daga gamall þegar hann vann 36. keppnina 30. maí árið 1952.

... að konungsantílópan, það er að segja Neotragus pygmaeus, er smæsta antílópa í heimi? Antílópan, sem er að finna í Vestur-Afríku, er aðeins 21-30 cm yfir herðakambinn og vegur 3,0-3,6 kg, sem er svipað og evrópski hérinn, það er Lepus europaeus, vegur.

... að elstu heimildir um banatilræði greina frá því þegar reynt var að myrða Amenemhat I, faraóa af tólftu konungsættinni í Egyptalandi, um 2000 f.Kr?

# HVUNNDAGURINN

## *Í beinni síðdegis*



Ásgeir Ólafsson, markaðs- og kynningarstjóri Voice 987.

„Ég vakna oftast nær um kl. 5.30 og þá fer ég í ræktina. Renni þaðan í bakarí, les blöðin og fæ mér morgunmat.“ Þannig byrjar Ásgeir Ólafsson hjá útvarpsstöðinni Voice 987 lýsingu á virkum degi í lífi sínu. Hann kveðst mæta á skrifstofuna um níuleytið og sinna markaðs- og kynningarstörfum til klukkan fjögur en þá fer hann í útsendingu alla virka daga og er til klukkan sjö. Voice 987 hefur aðeins verið í loftinu í sex mánuði en nær eyrum um 20.000 hlustenda á Akureyri og nærsveitum. Ásgeir rekur fyrirtækið ásamt Árna Má Valmundarsyni og segir það taka „meiri tíma en minni“ að koma svona fyrirtæki á koppinn. Þegar haft er orð á löngum vinnudegi segir hann:

„Ég fer heim eftir vinnuna og reyni að hvílast vel fyrir næsta dag með því að hlusta á tónlist og stundum kíki ég eitthvað út. Upp úr miðnætti fer ég svo yfirleitt að sofa.“

Þegar minnst er á frítíma kveðst Ásgeir reyna að sinna vetrarsporti eins vel og hann geti, líkt og sönnum Akureyringi sæmir. „Svo kíki ég suður reglulega og hitti strákinn minn, Óliver, ef hann kemur ekki norður til mín.“

ÁSGEIR ÓLAFSSON




## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.428 **-0,04%** **Fjöldi viðskipta:** 326 **Velta:** 7.034 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Eimskipafélagið** | +2,60% | **Flaga** | -1,74% |
| **Bakkavör** | +0,97% | **Icelandic Group** | -1,27% |
| **Mare** | +0,64% | **Tryggingamiðstöðin** | -0,79% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 4,91 +0,00% ... Actavis 65,00 -0,31% ... Alfesca 5,10 +0,00% ... Atlantic Petroleum 542,00 -0,55% ... Atorka 6,58 -0,60% ... Bakkavör 62,30 +0,97% ... Eimskipafélagið 31,60 +2,60% ... FL Group 24,30 -0,41% ... Glitnir 23,30 +0,00% ... Kaupþing 841,00 -0,36% ... Landsbankinn 27,10 +0,00% ... Marel 78,50 +0,64% ... Mosaic Fashions 16,10 -0,62% ... Straumur-Burðarás 17,70 +0,57% ... Össur 114,00 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Áhugi á gagnamiðstöð

Eitt stærsta fjarskipta- og upplýsingatæknifyrirtæki heims, BT Group, fyrrum British Telecom, hefur áhuga á að byggja hundrað þúsund fermetra gagnamiðstöð á Íslandi. Hefur félagið falið Data Íslandia að gera hagkvæmnisathugun á því að reka slíka gagnamiðstöð hér og er stefnt að því að niðurstöðurnar liggi fyrir innan nokkurra vikna.

Sol Squire, framkvæmdastjóri Data Íslandia, segist bjartsýnn á að BT Group velji Ísland. Ef af verður gætu allt að því tvö hundruð ný störf skapast, auk þess sem ný þjónustu- og stoðfyrirtæki verði til. Áhrifin myndu að hans sögn ekki einungis ná til höfuðborgarsvæðisins. „Þegar gagnamiðstöð af þessari stærðargráðu er byggð þarf alltaf varagagnamiðstöð í ákveðinni fjarlægð frá hinni. Sú miðstöð yrði byggð á landsbyggðinni.“ Ákvörðun um hvar á landinu það yrði hefur ekki verið tekin.



SOL SQUIRE

Squire segir að auk stöðugs atvinnuumhverfis og mikillar reynslu í vistun rafrænna gagna, sé hreinleiki íslensku orkunnar það sem helst dragi BT Group að Íslandi. „Krafan um nýtingu hreinnar orku og mikil gagnavistunarþörf fer sívaxandi í Evrópu. Það opnar mikla möguleika fyrir Ísland.“

Data Íslandia leiðir verkefnið og mun veita BT Group alhliða þjónustu við langtímagagnavistsun og stýringu rafrænna gagna. Verkefnið er unnið í samvinnu við Farice og íslensk orku- og gagnavistunarfyrirtæki. **- hhs**






**HUGBÚNAÐUR FRÁ MICROSOFT** Microsoft og franska fyrirtækið MPO Group hafa sammælst um að síðarnefnda fyrirtækið hafi stundað ólöglega fjölföldunarstarfsemi.

## Sátt í fölsunarmáli Microsoft

Bandaríski hugbúnaðarrisinn Microsoft tilkynnti í gær að sátt hefði náðst við fjölföldunarfyrirtækið MPO Group vegna ólöglegrar fjölföldunar á hugbúnaði Microsoft. Rannsókn málsins hefur staðið yfir í nokkur ár.

Sáttin felst meðal annars í því að MPO Group, sem hefur höfuðstöðvar í Frakklandi en með starfsemi á Írlandi og í Taílandi, gengst við því að fjölfalda tugi þúsunda ólöglegra útgáfa af Microsoft Exchange og SQL Server hugbúnaðardiskum samkvæmt fölsuðum leyfissamningi og greiðir Microsoft margar milljónir Bandaríkjadala vegna málsins. **- jab**

## Góðæri hjá Morgan Stanley

Morgan Stanley, annað stærsta verðbréfafyrirtæki heims, skilaði 26 prósenta meiri hagnaði á fjórða ársfjórðungi reikningsársins, sem lauk í lok nóvember, samanborið við sama tíma í fyrra.

Hagnaður fjórðungsins nam yfir 120 milljörðum króna.

Auknar tekjur af hlutabréfa- og skuldabréfaumsýslu og þóknunartekjur frá fjárfestingabankastarfsemi vegna fyrirtækjasamruna og nýskráninga skýra meiri hagnað.

Hlutabréf í Morgan Stanley hækkuðu um þrjú prósent eftir tíðindin og hefur gengi félagsins hækkað um 46 prósent það sem af er ári. **- eþa**

## Deilt á skýrslukostnað Stork

Stork í Hollandi hefur upplýst að 16,5 milljónir evra hafi kostað að gera fyrr á árinu skýrslu þar sem vegnir voru og metnir kostir fyrirtækisins gagnvart yfirtöku og brotthvarfi af markaði. Upphæðin jafngildir tæplega 1,5 milljörðum króna.

Fyrirtækið hélt stefnu sinni og hefur síðan lent í deilu við stærstu hluthafa sína, bandarísku fjárfestingasjóðina Centaurus og Paulson.

Hollenska viðskiptaritið NRC Handelsblad fjallaði á mánudag um kostnaðinn við skýrslugerðina, en hann er talinn óheyrilegur. Hingað til hefur lengi hvílt yfir sundurliðun, en leiddar að því líkur að stór hluti kostnaðarins hafi verið til bankamanna ráðgjafar „við að verja“ félagið. **- óká**



SÖNGKONAN PATTI SMITH ER SEXTUG Í DAG

*Allir líta á Guð sem mann, þið getið ekki gert að því. Jólasveinninn var maður og þess vegna hlýtur Guð að vera maður.“*

**Patti Smith, sem hélt tónleika á Íslandi á árinu, fæddist þennan dag árið 1946.**



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 20. DESEMBER 1957

## *Elvis kvaddur í herinn*

Þennan dag árið 1957 var kóngurinn sjálfur, Elvis Presley, kvaddur í bandaríska herinn. Hinn 22 ára Presley var staddur á heimili sínu Graceland, sem hann hafði nýlega keypt í Tennessee, þegar hann fékk herkvaðninguna.

Á þessum tíma hafði Presley slegið rækilega í gegn með lögum á borð við Love Me Tender, Heartbreak Hotel, Hound Dog, Blue Suede Shoes og Don´t Be Cruel og var ein skærasta dægurlagastjarna heimsins.

Aðdáendur Elvis sendu þúsundir bréfa til hersins þar sem þeir óskuðu þess að hann fengi að sleppa við herskylduna. Elvis hlustaði ekki þær raddir og í mars 1958, eftir að hann hafði lokið að leika í myndinni King Creole, sigldi hann til Friedberg í Þýskalandi þar sem bandaríski herinn var með bækistöðvar.

Fyrstu átján mánuðina sinnti hann herskyldu sinni af mikilli samviskusemi ásamt hinum hermönnunum. Eftir það fékk hann vini sína og fjölskyldu í heimsókn og dvöldu þau hjá honum þangað til tíma hans hjá hernum lauk sex mánuðum síðar. Eftir að hafa sinnt herskyldunni á daginn fór Elvis heim til sín og hélt hvert partíið á fætur öðru. Í einu þeirra var Elvis kynntur fyrir hinni fjórtán ára Pricillu Beaulieu sem hann átti eftir að kvænast nokkrum árum síðar.



**Í HERNUM** Kóngurinn sjálfur, Elvis Presley, var kvaddur í herinn þennan dag fyrir 49 árum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

### MERKISATBURÐIR

**1930** Ríkisútvarpið tekur til starfa með formlegum hætti. Útvarpið var eingöngu á kvöldin, um þrjá tíma í senn.

**1930** Landspítalinn er tekinn í notkun án allrar viðhafnar. Í spítalanum voru 120 sjúkrarúm.

**1973** Forsætisráðherra Spánar, Luis Carrero Blanco, er myrtur í sprengjuárás.

**1974** Snjóflóð í Neskaupstað. Tólf manns fórust og stórtjón urðu á húsum og öðrum mannvirkjum.

**1975** Kröflueldar hefjast með eldgosi í Leirhnjúki. Gosið stóð fram í febrúar 1976.

**1995** Elísabet Englandsdrottning hvetur Díönu prinsessu og Karl Bretaprins til að sækja um skilnað.



†

*Elsku hjartans mamma okkar,*

**Marlaug Einarsdóttir**
Hjallabraut 43, Hafnarfirði,

lést á St. Jósefsspítala sunnudaginn 17. desember. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 22. desember kl. 13.00.

Fyrir hönd aðstandenda,

**Sigríður Þórsdóttir og Rósa Guðný Þórsdóttir**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Þórunn Ágústsdóttir**

lést á dvalarheimilinu Hlíð mánudagsmorguninn 18. desember. Jarðarförin auglýst síðar.

**Hulda Eggertsdóttir** **Ingólfur Jónsson**
**Guðrún Eggertsdóttir** **Klemenz Gunnlaugsson**
**Dýrleif Eggertsdóttir**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**



†

*Elskuleg systir mín, mágkona, frænka okkar og vinkona,*

**Jóhanna Margrét Árnadóttir**
Blesugróf 29,

lést á heimili sínu laugardaginn 16. desember. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 21. desember kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Styrktarfélag vangefinna.

**Helgi H. Árnason** **Bryndís Þorsteinsdóttir**
**systkinabörn**
**og heimilisfólkið Blesugróf 29.**



†

*Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og jarðarför sonar míns, vinar, bróður, mágs og frænda,*

**Ásgeirs Hilmars Jónssonar**
Bræðraborgarstíg 32, Reykjavík.

Björgunarsveitum, lögreglu og öllum þeim sem tóku þátt í leitinni í Hvalfirði færum við okkar bestu þakkir.

**Þorbjörg Eiríksdóttir**
**Bára Bryndís Sigmarsdóttir**
**Jón Guðmundsson** **Guðný Ragnarsdóttir**
**Jóna Halldórsdóttir** **Svanur Pálsson**
**Guðgeir Björnsson**
**Ragnhildur Þórólfsdóttir**
**og systkinabörn.**



**SUNNA BORG** Leikkonan söðlaði um og fór í nám í hómópatíu fyrir nokkrum árum, sem hún starfar við í dag. Hún útilokar þó ekki að hún snúi aftur á svið. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

SUNNA BORG: FAGNAR SEXTUGSAFMÆLI SÍNU Í DAG

# Hver tugur hefur sinn sjarma

Leikkonan Sunna Borg er sextug í dag. Hún er búsett á Akureyri, en er nú stödd í höfuðborginni. „Ég og fjölskyldan förum til blómaeyjunnar Tenerife á fimmtudag, við ætlum að prófa að vera þar yfir jólin,“ sagði Sunna, sem hafði ekki hugsað sér að halda upp á sextugsafmælið. „En fyrst við förum út 21. desember og ekki í dag spurði dóttir mín hvort ég myndi nú ekki vilja hitta vini mína. Öll mín fjölskylda og mikið af vinum er nefnilega í Reykjavík,“ sagði Sunna, sem mun því blása til veislu í dag. Hún verður á leiklistarslóðum á afmælisdeginum, því veisluhöldin fara fram í Iðnó, þar sem Sunna tók sín fyrstu skref í leiklistinni. „Við komum með sýningu þangað frá Akureyri, og hún varð eiginlega til þess að ég ákvað að leggja þetta fyrir mig,“ sagði hún.

Sunna er þó ekki á því að hún standi á tímamótum. „Mér finnst miklu nær að ég sé fjörutíu og sex ára, en ekki fædd 1946. Mér finnst bara alveg ótrúlegt að ég sé að verða sextug,“ sagði hún hlæjandi. „Aftur á móti finnst mér að hver tugur hafi sinn sjarma. Manni fannst maður orðinn eldgamall þegar maður varð þrítugur, en svo finnst mér ég bara yngjast með árunum,“ bætti hún við. „Ég hef líka alltaf haft nóg fyrir stafni. Það gefur lífinu gildi,“ sagði hún.

Sunna hefur verið óhrædd við að breyta til í gegnum tíðina. Hún sagði það aldrei hafa hvarflað að sér að verða leikkona, þó að föðurfjölskylda hennar hafi mikið verið viðriðin leiklist. Amma Sunnu, Stefanía Guðmundsdóttir var til dæmis fyrsti formaður Leikfélags Reykjavíkur. Flutningurinn til Akureyrar átti heldur ekki að verða endanlegur. „Ég flutti til Akureyrar 1979 og ætlaði að vera þar í eitt ár,“ sagði Sunna, en henni líkar mjög vel fyrir norðan. „Bærinn er í uppsveiflu. Menningarhús verður vígt 2008, það er kvenbæjarstjóri og ýmislegt gott að gerast, svo ekki sé minnst á blómstrandi leikfélagið,“ sagði hún.

Eftir fjöldamörg ár á sviði söðlaði Sunna alfarið um fyrir fjórum árum og lagði stund á nám í hómópatíu, sem hún vinnur við í dag. „Hómópatían er alltaf að verða vinsælli,“ sagði Sunna. „Þetta er mjög gefandi starf og það er mikið að gera hjá mér,“ bætti hún við. Sunna hefur þó ekki yfirgefið leiklistina alfarið. „Ég held mér við með því að halda námskeið í leiklist og leikstýra hjá áhugafélögum,“ sagði Sunna, sem útilokar ekki að hún snúi aftur á svið. „Maður veit aldrei hvað næsti dagur ber í skauti sér,“ sagði hún. „Fólki fannst ég nú vera að gera vitleysu lífs míns þegar ég hætti í leiklistinni, en það kemur alltaf eitthvað annað í staðinn, þannig er þetta líf bara.“

**sunna@frettabladid.is**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér til hliðar má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma **550 5000**.



Rúnar Geirmundsson Sigurður Rúnarsson Elís Rúnarsson
**Þegar andlát ber að**
**Alhliða útfararþjónusta í 16 ár**
**Símar: 567 9110 & 893 8638**
www.utfarir.is • utfarir@utfarir.is
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990


# Stúdentar segja góðar fréttir

Stúdentar við Háskólann í Reykjavík gáfu nýlega út Háskólablaðið en ritstjórn blaðsins lagði upp með það að flytja einungis jákvæðar fréttir. „Heimurinn er ekki að farast og lífsskilyrði mannkynsins í heild eru að batna,“ segir Gunnar Egill Egilsson, einn ritstjóra Háskólablaðsins.

„Við birtum meðal annars viðtal við Björn Lomborg þar sem hann fullyrðir að kostnaður við Kyoto-bókunina í eitt ár sé samsvarandi upphæð og það kosti að tryggja öllum jarðarbúum varanlegan aðgang að drykkjarvatni,“ segir Gunnar og bendir á að lítið hafi verið fjallað um forgangsröðun vandamála í íslenskum fjölmiðlum. „Það er tímabært að umræða skapist um hvernig við getum gert hlutina sem best með takmarkað fjármagn til að leysa vandamálin.“

Meðal annars efnis í blaðinu er umfjöllun um jákvæð áhrif innflytjenda á íslenska menningu og efnahagslíf, grein Hildar Sverrisdóttur um jákvæða þróun í meðferð kynferðisbrotamála. Þá eru dregin saman nokkur sératkvæði Jóns Steinars Gunnlaugssonar í Hæstarétti og ræddir möguleikar láglaunafólks og þeirra sem eiga að baki stutta skólagöngu til þess að auka tækifæri sín.




**SEGJA FRÉTTIR BROSANDI** Stúdentarnir sneru upp á gömlu hugmyndina um blaðasala sem hrópa dómsdagsfyrirsagnir á götum úti og góluðu jákvæðu fréttirnar sínar í Kringlunni þegar þeir vöktu athygli á blaðinu.

mazda

Jólatilboð Brimborgar

# Jólapakkinn í ár

**Jólatilboð 2.375.000 kr.***
**Vetrardekk fylgja með, verðmæti 80.000 kr.**
Verð án jólatilboðs 2.525.000 kr.




Núna er jólastuð í Mazda sýningarsalnum Bíldshöfða 8. Mazda6 Touring 2,0i 4 dyra sjálfskiptur aðeins 2.375.000 kr.*

# Jólapakki á 375.000 og tvær milljónir kr.



**Jólatilboð 2.375.000 kr.***
**Vetrardekk fylgja með, verðmæti 80.000 kr.**
Verð án jólatilboðs 2.525.000 kr.

## Taktu besta jólatilboðinu á Mazda6 fyrir 22.des.

Söluráðgjafar Mazda á Íslandi eru í jólaskapi þessa dagana og jólasamningarnir fljúga á milli jólabarna.

## Besta jólatilboðið: Samtals 230.000 kr. í afslátt

Sumir gefa sjónvarp með nýjum bílum. Við gefum þér hinsvegar beinan jólaafslátt: Kr. 150.000. Þú getur þá valið hvað þú gerir við sparnaðinn.

Veljir þú Mazda6 fyrir 22.des. n.k. færðu að auki vetrardekk á stálfelgum og hjólkoppa að verðmæti 80.000 kr. - komin undir bílinn og sumardekkin á álfelgum í skottið.

**Samtals 230.000 kr. í jólaafslátt veljir þú Mazda6 fyrir 22. des. n.k**

# Við erum Mazda

Komdu í Brimborg

Aflaðu þér frekari upplýsinga
www.mazdabrimborg.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.mazdabrimborg.is

*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd: sóllúga. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.




# STUÐ MILLI STRÍÐA Músastigi í hellinum

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** KEMST Í HÁTÍÐARSKAP



Ég er búinn að vera á örvæntingarfullum flótta undan jólunum en hef gefist upp á hlaupunum. Þessi undanbrögð eru vitaskuld vonlaus og ég hef upplifað mig eins og sturlaðan vænisjúkling sem leitar skjóls í geggjuðum hugarheimi og sér óvini í hverju horni.

Jólin eru alls staðar og fjöldinn er svo gersamlega gagntekinn af fyrirbærinu að eina leiðin til þess að sleppa væri að loka sig af í helli sínum með vodkakassa, drekka sig rænulausan og fara ekki út úr húsi fyrr en eftir viku.

Slíkan lúxus getur maður ekki veitt sér á þessum síðustu og verstu tímum þannig að ég reyndi í staðinn að brynja mig gegn áreitinu með hroka og geðillsku. Þær varnir brustu þegar ég stóð í kílómetra langri biðröð við kassann í Nóatúni og fann tilbúna kjúklinginn minn nálgast frostmark á meðan ég beið glorsoltinn fyrir aftan fólk með öskrandi börn og fullar innkaupakörfur af jólagóssi.

Það var um tvennt að ræða í stöðunni. Sturlast, rústa búðina og leggja sig síðan sjálfur inn á geðdeild eða stíga inn í óttann, meðtaka jólin og vera með. Tók seinni kostinn. If you can´t beat them, join them. Stakk kjúklingnum inn í hillu hjá salernishreinsivörum, sótti mér innkaupakörfu og keypti mér hamingju, eins og allir hinir: Piparkökur, ilmkerti, laufabrauð, reykt svín, mandarínur, malt og appelsín. Síðan bar ég jólin í formi efnislegra gæða inn í hellinn þar sem hjarta mitt býr eitt með sjálfu sér, flækti gardínu-stangirnar í marglitum jólaljósaseríum og óf músastiga úr bleikum og bláum kreppappír umvafinn hlýrri birtu kertaljósa og aftansöng Bing Crosby.

Það er freistandi og auðvelt að vera fúll á móti á aðventunni en það er svo miklu, miklu betra að taka frelsaranum opnum örmum, kaupa sér glingur og vera eins og hinir. Mikið er ég hamingjusamur eftir að ég fann ró í hjarta mínu úti í búð. Vildi bara að alla daga væru jól.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# STÆRSTI BÓNUSPOTTUR Á ÁRINU

**BÓNUS-VINNINGUR 22 MILLJÓNIR**

# 80 milljónir

**50 + 30**

1. vinningur

ENNEMM / SIA / NM25213

## Nældu þér í alvöru bónus fyrir jólin!

**Potturinn** stefnir í 50 milljónir. Ofurpotturinn stefnir í 30 milljónir og bónusvinningurinn í 22 milljónir.

DRAUMAFERÐ FJÖLSKYLDUNNAR

VÍKINGA LOTTÓ

Alltaf á miðvikudögum!

lotto.is

Vertu með fyrir kl. 17.

! **kl. 11.00**
*Rúna (Sigrún Guðjónsdóttir) sýnir í Hafnarborg. Á sýningunni Ofið úr þögninni sýnir Rúna verk unnin á pappír með akryl, olíukrít, pastel og bleki; einnig eru þar myndir unnar á steinleir. Sýningin stendur til 30. desember.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Bóksala eykst í Danmörku*

Danskir bóksalar segja met verða slegin í sölu bóka þessi jólin þar í landi. Metið var árið í fyrra. Að sögn Ritzau eru það skáldsögur Jan Guillou, Madame Terror; Vi, de druknede eftir Carsten Jensen og Tankados Code eftir Dan Brown sem eru vinsælastar. Þá er nefnd til saga Knuds Romer, Den, som blinker, er bange for døden.
Bóksalar segja almenning þreyttan á sjónvarpsáhorfi og fólk vilji sökkva sér í heim sögunnar. Segja bóksalar söluna aukast um 3 til 4 prósent milli ára, en hjá netverslunin Saxo hefur sala aukist um 50 til 60 prósent milli ára. Það er dótturfyrirtæki Bjarts, Ferdinant, sem gefur Dan Brown út í Danmörku og skiptir salan þar tugum þúsunda eintaka.
Vi, de druknede er fyrsta skáldsaga Carstens Jensen en ferðasögur hans úr heimsreisu fyrir fáum árum nutu mikilla vinælda og hafa komið víða út í þýðingum. Þetta er stór skáldsaga, nær 700 síður, og segir frá fjórum kynslóðum farmanna frá Marstal á nítjándu öld og fjölskyldum þeirra.



**JAN GUILLOU** Sænski spennusagnahöfundurinn situr efstur á dönskum sölulistum.



### > Dustaðu rykið af...

jólamynd **Franks Capra It's a Wonderful Life** frá 1946. Mælt er með því að fólk njóti myndarinnar í upprunalegu litleysi sínu.



**Í GÓÐUM BLÚS** Félagarnir Magnús Eiríksson og Pálmi Gunnarsson eru félagar í Blúskompaníinu.

# Ekta Akureyrarblús

Norðanmenn fá notið ljúfrar tónlistar á morgun en þá verða blústónleikar í Ketilhúsinu. Blúskompaníið var stofnað af Magnúsi Eiríkssyni, einum fremsta blúsmanni landsins, fyrir rúmum þremur áratugum og hefur starfað með hléum síðan þá og notið mikilla vinsælda. Yngsti liðsmaður þeirra, söngkonan Hrund Ósk Árnadóttir, hefur vakið mikla hrifningu með glæsilegri frammistöðu sinni og er skemmst að minnast söngsigurs hennar á tónlistarhátíðinni AIM Festival á Akureyri fyrr á árinu. Auk Magnúsar og Hrundar Óskar er Blúskompaníið skipað þeim Pálma Gunnarssyni, söngvara og bassaleikara, Agnari Má Magnússyni, hammond- og píanóleikara, og Gunnlaugi Briem trommuleikara.
Hljómsveitin Park Projekt er skipuð þeim Pálma, Agnari Má, Kristjáni Edelstein og Gunnlaugi Briem. Sveitin hefur vakið athygli fyrir skemmtilega og ferska músík en hún hefur leikið á mörgum tónleikum innan lands sem utan.
Tónleikarnir hefjast kl. 21 annað kvöld.

# Gjöf Jóns Sigurðssonar

**Úthlutað var úr styrktarsjóðnum Gjöf Jóns Sigurðssonar á dögunum en sjóður sá styrkir fræði- og vísindamenn til útgáfu.**



**JÓN VIÐAR JÓNSSON LEIKHÚSFRÆÐINGUR** Vinnur að rannsókn á leikverkum Halldórs Laxness og áhrifavöldum í leikhúsafskiptum hans. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Sjóðurinn Gjöf Jóns Sigurðssonar var stofnaður samkvæmt erfðaskrá Ingibjargar Einarsdóttur, ekkju Jóns Sigurðssonar forseta. Sjóðurinn veitti um skeið allmörgum fræði- og vísindamönnum viðurkenningu fyrir vel samin rit og styrkti útgáfu þeirra og merkra heimildarrita. Síðar varð sjóðurinn sakir verðbólgu lítils megnugur. Hinn 29. apríl 1974 ákvað Alþingi að efla hann með árlegu framlagi og er nú veitt til hans á fjárlögum jafngildi árslauna prófessors við Háskóla Íslands. Í reglum frá 1881 er kveðið á um að fé úr sjóðnum megi veita „1. til verðlauna fyrir vel samin vísindaleg rit, 2. til að styrkja útgáfur slíkra rita annars kostar og 3. til þess að styrkja útgáfur merkilegra heimildarrita.“ Enn fremur segir: „Öll skulu rit þessi lúta að sögu Íslands, bókmenntum þess, lögum, stjórn eða framförum.“ Á árinu 1974 var bætt við ákvæði þess efnis „að þegar sérstök ástæða þyki til, megi verja fé til viðurkenningar á viðfangsefnum og störfum höfunda, sem hafa vísindarit í smíðum.“
Styrkir eru auglýstir og hefur þeim undanfarin ár verið úthlutað á tveggja ára fresti. Lokið er úthlutun úr sjóðnum Gjöf Jóns Sigurðssonar, að þessu sinni voru veittar 16 viðurkenningar, samtals 7.000.000 kr. Skiptast þær milli útgefinna rita og verka í vinnslu: Birgir Hermannsson fékk 500 þúsund vegna verksins Understanding Nationalism; Björn Hróarsson 700 þúsund vegna ritsins Hraunhellar á Íslandi; Guðjón Friðriksson og Guðmundur Magnússon 500 þúsund hvor fyrir ævisögu Hannesar Hafstein og Thorsararanna; Jón Hjaltason það sama fyrir Sögu Akureyrar; Jón Þ. Þór 700 þúsund vegna rita sinna: Nýsköpunaröld. Saga sjávarútvegs á Íslandi, III. bindi og Saga Bolungarvíkur; Sigurður Gylfi Magnússon 500 þúsund vegna Fortíðardrauma og Sjálfssagna; Stefán Snævarr 200 þúsund vegna Ástarspektar; Steinunn Kristjánsdóttir og Sverrir Jakobsson 500 þúsund hvort vegna The Awakening of Christianity og Veröldin og við; Trausti Valsson 300 þúsund vegna How the World will change – with Global Warming; Viðar Hreinsson: 400 þúsund fyrir Gæfuleit og Þorvaldur Gylfason 300 þúsund fyrir Tvo heima.
Þrír höfundar voru styrktir til skrifa á nýjum verkum: Eysteinn Þorvaldsson vinnur að verki um íslenska kvæðagerð í Vesturheimi, Jón Viðar Jónsson er að vinna verk um leikritun og leikhúsafskipti Halldórs Laxness og áhrif erlendra skálda á verk hans. Þá er Þorleifur Hauksson að vinna við Sverris-sögu.
Verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar er kosin af Alþingi. Í henni eiga nú sæti Jón G. Friðjónsson, Ólafía Ingólfsdóttir og Ragnheiður Sigurjónsdóttir. **- pbb**


**ÞJÓNUSTA Á ÞORLÁKSMESSU OG AÐFANGADAG**



Á Þorláksmessu og aðfangadag, milli kl. 9:00 og 15:00 verða starfsmenn Kirkjugarðanna á vettvangi og taka á móti ykkur og leiðbeina að leiðum.

KIRKJUGARÐAR REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMA

Fossvogskirkja verður opin á aðfangadag frá kl. 10:00 til 15:00

*Gleðilega jólahátíð*
**Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma**
**www.kirkjugardar.is**


# Bókelskur íkorni í langhlaupi

Netverslun með því óvenjulega nafni Haraldur íkorni var formlega opnuð í nóvembermánuði. Stofnandi og umsjónarmaður vefjarins, Ösp Viggósdóttir, er í óða önn að uppfæra gagnagrunninn en markmið hennar er að setja þar inn allar þær bækur sem eru í prentun á Íslandi.
Hún kveðst hafa fengið hugmyndina fyrir nokkrum árum en fyrirmyndin er vefurinn Amazon, stærsti bóksöluvefur heims. Ösp er menntaður bókasafnsfræðingur en hefur einnig komið að útgáfumálum, í fyrra gaf hún til dæmis út skáldsöguna Hjartahreinir ævidagar Úlfs. „Ég fékk smá reynslu af bókamarkaðnum þá og sá hvernig hlutirnir ganga fyrir sig hér á landi,“ segir hún en útskýrir að hún hafi ekki haft neina sérstaka reynslu af netviðskiptum en rekið sitt eigið örfyrirtæki á sviði útgáfumála.
Ösp leitaði til forlaganna og selur nú bækur þeirra flestra, hún er bæði með nýjar og notaðar bækur en nýbreytni er að hægt sé að kaupa notaðar bækur gegnum vefverslanir hér á landi. „Ég sendi síðan hvert á land sem er og um allar jarðir. Hér á landi hefur landsbyggðin til dæmis tekið þessu mjög fagnandi,“ segir Ösp. Nú er hún með um 8.000 notaðar bækur á lager og hefur skráð inn um þúsund, hennar bíður því töluvert verkefni við að uppfæra gagnagrunninn og þá ætlar hún einnig að setja inn bækur forlaganna. „Hjá Haraldi íkorna verður hægt að nálgast allt sem er í prentun á Íslandi,“ útskýrir Ösp.
Viðtökurnar hafa verið rólegar það sem af er sem er ekkert skrítið að sögn Aspar enda hefur hún ekki auglýst þessa þjónustu mikið. „Ég hef varið orkunni í að byggja upp kerfið. Eins og allir vita er bóksala langhlaup en ekki spretthlaup.“
Notendur vefverslunarinnar geta síðan keypt inn með kreditkorti eða millifært greiðslur sínar í heimabanka en á síðunni má gera góð kaup bæði í notuðum og nýjum bókum en bækur útgefnar árið 2006 fást þar með að minnsta kosti tuttugu prósenta afslætti. „Þegar ég var að prófa mig áfram með kerfið komst ég að því að margir vildu losna við kreditkortarukkanirnar og geta staðgreitt,“ segir Ösp. Skáldsögurnar og stórvirkin eru vinsælust hjá henni núna enda mikill gjafatími fram undan. „Margir eru líka að lauma með einni og einni notaðri bók handa sér líka,“ bætir hún við.
Nafngiftin vekur nokkra furðu og útskýrir bóksalinn að langt sé síðan það kom til. „Nafnið er fengið úr víðfrægu jóladagatali Sjónvarpsins sem sýnt var fyrir nokkrum árum og fjallaði um Klæng sniðuga og Harald íkorna. Ég hélt að enginn myndi taka mark á fyrirtæki sem héti Klængur sniðugi en leist vel á Harald íkorna.“
Síðuna má finna á slóðinni www.haraldur.is **- khh**



**ÖSP VIGGÓSDÓTTIR** „Bóksala er langhlaup en ekki spretthlaup.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ PÁLL BERGMANN


BT
MEDION V12 RAZOR
með 22" skjá
22"
WIDE
SCREEN
VAXTALAUST
1.GREIÐSLA 1.MARS
MEDION
6249IS
MEDION V12 CORE2 RAZOR
Intel® Core 2 Duo E6300
nVidia GeForce 7600GS -256 MB
- DVI-I/D-SUB/HD TV-out/incl.
HDTV
- composite cable / passive heat
sink - w/ HDCP
500 GB 7200 rpm SATA 8MB
Cache (2x250GB)
2048 MB DDR2-RAM PC4300
(533MHz)
LightScribe DVD Skrifari Dual
Layer
LAN 10/100 Mbit
IEEE1394/Firewire - DV Ready
Sjónvarpskort og Fjarstýring
Medion Media Bay
Lyklaborð og Mús
Designed for Windows® XP
Windows Vista™ Capable
Ókeypis uppfærsla af Windows Vista stýrikerfinu fylgir! - Væntanlegt í Febrúar 2007
FYLGIR
Prentar-skannar-ljósritar
FYLGIR
14.999
5.843**
Core 2 Duo
-Fyrir kraftinn
500GB harður diskur
-Fyrir gögnin
GeForce 7600 GS
-Fyrir leikina
2GB minni
-Fyrir vinnsluna
Sjónvarpskort
-Og fjarstýring
DV Ready
-Fyrir tökuvélina
5.843
**Tölvu- og tækjalán 36 mán.
15.799
Vaxtalaust 12 mán.
189.588
Staðgreitt
CANON EOS 400D OG CANON PRENTARI
-NÚ MEÐ TVEIMUR LINSUM OG BATTERÍGRIPI
Canon
Hin geysivinsæla Canon EOS 400D
Arftaki vinsælustu SLR myndavélar í heiminum er
komin í BT
Í pakkanum:
1GB minniskort
18-55mm Canon linsa
55-200mm Canon linsa
Lóðrétt grip (batterígrip)
og ótrúlega fjölhæfur prentari fra Canon
Prentar-skannar-ljósritar
FYLGIR
21.988
-Canon Pixma 160
prentar-skannar-ljósritar
-1GB minniskort
1 GB
CompactFlash
Canon
EOS
400D
DIGITAL
10 Megapixlar
Rykvörn á myndflögu
Stærri skjár og betra viðmót
12.999*
12.999
Vaxtalaust 12 mán.
155.988
Staðgreitt



# Happdrætti Bókatíðinda

Útdrætti er lokið í happdrætti Bókatíðinda og hafa eftirtalin númer verið dregin út:

| | |
|---|---|
| 1. des. | 90691 |
| 2. des. | 88144 |
| 3. des. | 95685 |
| 4. des. | 106130 |
| 5. des. | 22269 |
| 6. des. | 11721 |
| 7. des. | 56451 |
| 8. des. | 47200 |
| 9. des. | 14990 |
| 10. des. | 27358 |
| 11. des. | 527 |
| 12. des. | 61088 |
| 13. des. | 66802 |
| 14. des. | 10799 |
| 15. des. | 25279 |
| 16. des. | 68 |
| 17. des. | 72121 |
| 18. des. | 30281 |
| 19. des. | 74492 |
| 20. des. | 794 |

Vinningsnúmer næstu daga verða birt hér á síðunni.

BBC WORLD SERVICE
91

## NÝJAR BÆKUR

Handbókin Ertu að skilja? er ætluð feðrum í skilnaðarhugleiðingum og er fyrsta bók sinnar tegundar sem gefin er út á Íslandi. Höfundur bókarinnar er Garðar Baldvinsson en hann hefur umfangsmikla reynslu af viðtölum og ráðgjöf fyrir feður og karla varðandi skilnað og starfaði til að mynda sem formaður Félags ábyrgra feðra. Forlagið GB útgáfa gefur bókina út.




Háskólaútgáfan og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur gefa út Umskiptin, Die Verwandlung, eftir Franz Kafka í tvímála útgáfu á íslensku og þýsku. Umskiptin eru ein frægasta bók sem rituð hefur verið á þýska tungu. Nýja íslenska þýðingu gerðu Ástráður Eysteinsson og Eysteinn Þorvaldsson en áður hafði Hannes Pétursson þýtt söguna, gefið henni heitið Hamskiptin og gaf Menningarsjóður hana út árið 1960. Ástráður og Eysteinn rita einnig ítarlegan inngang að bókinni sem opnar textann frá sjónarhóli þeirra sem þýðenda og fræðimanna. Í bókarauka má finna verkefni og spurningar fyrir nemendur og annað áhugafólk sem vill spreyta sig á þeim hugleiðingum sem verkið býður upp á. Ritstjórar ritraðar Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur eru Gauti Kristmannsson og Ásdís R. Magnúsdóttir.




Vestfirska forlagið gefur út 99 vestfirskar þjóðsögur: gamanmál að vestan. Er þar tekinn upp þráður Gísla Hjartarsonar á Ísafirði sem safnaði vestfirskum þjóðsögum um árabil og gaf út ritröðina 101 ný vestfirsk þjóðsaga og vísar nafnið til samhengisins við þær fyrri. Í bókinni eru fjölmargar skemmti- og grínsögur enda eru margir þeirrar skoðunar að Vestfirðingar séu nokkuð sér á báti í hinni íslensku mannlífsblöndu. Eins og fyrri daginn eru ónafngreindir heimildamenn að baki sumum saganna en jafnframt hafa verið tíndar saman sögur eða sögubrot úr sjaldséðum ritum.




Ljóðabókin Órans vængir eftir Garðar Baldvinsson geymir ljóð frá liðnum árum um börn, ástina, listina og lífið. Listilegt vald höfundar á tungumálinu nýtur sín í einföldum og margslungnum myndum í ljóðunum. Bókin er sjötta ljóðabók höfundar sem í fyrra gaf út bókina Höfðaborg en er einnig þekktur fyrir þýðingar sínar og fræðastörf. Útgefandi er GB útgáfa.




# Glansfægður ferill




**BÆKUR**
**Jean Babtiste Charcot**
Heimskautafari, landkönnuður og læknir
Serge Kahn
Þýðing Friðrik Rafnsson
JPV útgáfa
★★★
Saga merkilegs manns, vandlega unnin en skortir sárlega séríslenskt efni um endalok hans.

Íslensk útgáfa ræðst í að taka þátt í frönsku prenti á ríkulega myndskreyttu verki um franskan vísindamann sem fórst við Ísland en hefur markað sér sess í landfræðirannsóknasögu Frakklands. Þýðingarsjóður studdi útgáfuna.

Verkið er fallega unnið, vel um brotið. Þýðandinn á stundum erfitt með að koma yfirbyggðum stíl frönskunnar á íslenskt mál (sneri ég mér til afa míns og sagði við hann: „Temdu mig.“ Og hann tamdi.“).

Það er sjálfsögð og eðlileg hylling Frakka um merkan vísindamann. Vísindaáhugi Frakka á norðurhöfum skilaði okkur miklu á sínum tíma en stóð af nýlendustefnu franskra og var grundaður á vilja til að komast yfir aðstöðu og auðævi annarra landa. Þessu lítur höfundur vandlega framhjá.

Bókin er enda glæsilegur vitnisburður um feril og frægð þessa franska manns. Textinn gefur fátt uppi annað en glansfægða mynd af ferli hans, en þetta er skemmtilesning studd fjölda mynda, faglega unnin bók á meginlandsvísu. Prentuð í Feneyjum.

Útgefandinn íslenski hefur kosið að bæta hana með inngangi frú Vigdísar Finnbogadóttur og skeytt aftan á kápuna myndum af líkum í fjöru, manninum sem bjargaðist frá strandi skipsins Pourquoi-Pas hér við land og myndun frá hinni víðkunnu kveðjuathöfn í Landakoti. Þetta séríslenska efni er annars ekki í bókinni sem er furðulegt. Af öllu því ítarefni í viðaukum, nákvæmum áhafnarskrám og stoppistöðvum á ferð Charcot um heiminn, ótal ljósmyndum og teikningum, hefur útgefanda og höfundi ekki verið kunnugt um það mikla magn ljósmynda sem hér er til frá minningarathöfninni þegar sá eini sem af komst gekk einn á undan 22 líkkistum á vögnum. Hann birtir ekki sögufræga mynd Finnboga Rúts Valdimarssonar af líkunum í fjörunni. Enda er kaflinn um strandið og sjóslysið örstuttur, nánast ekki gerð grein fyrir hvað olli hafvillum Charcots sem leiddu til strandsins í Straumnesi.


VÍSINDAMAÐURINN CHARCOT

En ef litið er alveg hjá þessum galla á verkinu er það afar fróðleg lýsing á ferli Charcots. Það er samið til að setja hann í samhengi allra þeirra sem fórnuðu lífi sínu til landkönnunar og hafkönnunar: honum er stillt við hlið hinna síðustu í heimskautarannsóknum, þessara stóru: Nordenskjold, Amundsen, Peary, Cook, Andreé, Nobile og Byrd. Okkur þætti rétt að hafa Vilhjálm Stefánsson þar með, en höfundur verksins þekkir ekki til hans.

Bókin er sérdeilis skemmtileg fyrir áhugamenn um sögu heimskautarannsókna og landkönnuða yfirleitt. Sagan sú er spennandi sérsvið sem auðvelt er að hverfa í og ekki skortir örlagaríka atburði á þeim slóðum. Þar standa menn andspænis hrikalegum öflum náttúrunnar og tapa flestir, mega sín einskis.

Eins og Charcot.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

# Málaferli um rokk

Bandaríski tónleikahaldarinn Bill Graham var fyrirferðarmestur tónleikahaldara vestanhafs frá 1966 og rak stór hús bæði á austur- og vesturströndinni. Af þeim voru Fillmore East og West þekktust, en einnig Winterland. Hann var frumkvöðull í að taka íþróttahús undir rokktónleika og hætti ekki fyrr en krabbinn lagði hann að velli 1991. Sökum yfirburðastöðu var honum í lófa lagið að gera freklegar kröfur til listamanna sem hann réði og var sú alvarlegust að allir tónleikar hans voru teknir upp. Engin komst undan þeirri klásúlu í samningunum. Undir það síðasta var hann reyndar tekinn til við að láta kvikmynda tónleika sína líka.

Öllum ber saman um að frekjan í Graham hefur skilað glæsilegasta upptökusafni sem til er frá upphafi rokksins. Þegar hann lést voru erfingjar hans lítilþægir þegar þeir seldu safnið sem fyllti stórt vöruhús fyrir fimm miljónir dala. Því fylgdi með ótrúlegt safn af alls kyns prentefni: silkiþrykkt veggspjöld frá öllu tímabilinu, miðar, prógrömm, bolir og ljósmyndir. Safnið er einstakt í sögu dægurlagatónlistar okkar tíma og fyrir tveimur árum þegar búið var að skrá allt safnið sem geymir tugþúsundir gripa tók eigandinn að selja úr safninu á vefsíðunni Wolfgangs Vault. Þar er alla daga aðgengilegt úrval úr upptökum úr safninu – ókeypis.

Á mánudag var eigandanum stefnt fyrir að dreifa tónlist ókeypis um net. Grateful Dead Productions, Carlos Santana og félagar úr Led Zeppelin og The Doors eru meðal þeirra sem standa að málssókninni sem var lögð fram í rétti í Norður-Kaliforníu. Kæran lýtur að dreifingu á tónlist til að styðja við sölu á öðrum framleiðsluvörum.


**TÓNLIST** Bill Graham átti ekki lítinn þátt í að koma Janis Joplin á stjörnuhimininn en hljóðritanir með henni og Big Brother má heyra á vefsíðunni en Graham hét Wolfgang Grajonca og var fæddur í Berlín.

Fróðlegt verður að sjá hvernig málaferlin enda en þau gætu styrkt réttarstöðu og höfundarrétt túlkandi listamanna sem eru víða um heim í sókn til varnar höfundarrétti sínum.

Þeir sem eru áhugasamir um að heyra í straumi hljóðritanir frá Wolfgang´s Vault geta leitað á netinu: www.wolfgangsvault.com. Þegar þetta er ritað er Elvis Costello að syngja I´am not angry frá tónleikum í júlí 1978. **- pbb**



# 25% afsláttur

## af völdum jólafatnaði

Opið til kl. 22:00
öll kvöld til jóla



**Loðtrefill** 999.-
svartur, hvítur



**Lúffur** 999.-
svartar, brúnar, hvítar



**Leðurhanskar** 2.499.-
svartir, brúnir

Einungis selt í Skeifu, Kringlu og Smáralind.



**Töskur** verð frá 1.499.-
í úrvali




Einungis selt í Skeifu, Kringlu og Smáralind.



**Sparitöskur** verð frá 1.999 kr
í úrvali

Einungis selt í Skeifu, Kringlu, Smáralind og á Akureyri.



TILBOÐ 3.999 kr
Verð áður 4.999.-

**Skór**
svartir, brons, st. 36-41



**Skór** 2.999 kr
svartir, st. 36-42



**Skór** 3.999 kr
svartir, brons, st. 36-41

Gildir til 29. desember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




ÓÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR

Kammersveitin Ísafold ásamt Huldu Björk Garðarsdóttur sópran og Ágústi Ólafssyni barítón flytja verk eftir Mahler. Hljómsveitarstjóri: Daníel Bjarnason

6. janúar kl. 17.00 í DUUS - húsum í Keflavík

7. janúar kl. 20.00 í Íslensku óperunni

Miðaverð kr. 2.000 - Námsmenn: 2 fyrir 1

SpKef

FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake´s Progress e. Stravinsky - Nánari upplýsingar á www.opera.is

Frumsýning fös. 9. feb. kl. 20 - nokkur sæti laus - 2. sýn. sun 11. feb. kl. 20

3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20 - FÁAR SÝNINGAR - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX

Þorláksmessa í Óperunni - Óperukareokí

Davíð Ólafsson, óperusöngvari, heldur uppi fjörinu - Húsið opnar kl. 20

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



Gjafakort í miðasölu og á www.leikhusid.is

**Stóra sviðið kl. 20:00**

**STÓRFENGLEG!** eftir Peter Quilter
Lau. 6/1, lau. 13/1 lau. 20/1, lau. 27/1.

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Fös. 29/12 **kl. 20:00 uppselt**, lau. 30/12 **kl. 14:00 uppselt** og **kl. 17:00 uppselt**, lau. 6/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 7/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus** og **kl. 20:00**, lau. 13/1 **kl. 14:00 nokkur sæti laus**, sun. 14/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, lau. 20/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 21/1 **kl. 14:00 nokkur sæti laus**.

**BAKKYNJUR** eftir Evripídes
Frumsýning 26/12 **uppselt**, 2. sýn. mið. 27/12 **örfá sæti laus**, 3. sýn. fim. 28/12 **örfá sæti laus**, 4. sýn. fim. 4/1 **örfá sæti laus**, 5. sýn. fös. 5/1 **örfá sæti laus**, 6. sýn. fim. 11/1 **örfá sæti laus**, 7. sýn. fös. 12/1 **nokkur sæti laus**, 8. sýn. fim. 18/1.

**Smíðaverkstæðið kl. 20:00**

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.
Lau. 6/1, lau. 13/1 **nokkur sæti laus**, lau. 20/1
**Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.**

**Kúlan**

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 6/1 **kl. 11:00 uppselt, kl. 12:15** og **kl. 14:00**, sun. 7/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00**, lau. 13/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 14/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00 uppselt.**

**Leikhúsloftið**

**LEITIN AÐ JÓLUNUM** eftir Þorvald Þorsteinsson
Fös. 22/12 kl. 13:00 **uppselt**, lau. 23/12 kl. 13:00 **uppselt.**

**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.**
**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.**

„KLUKKUSTUND Í ÓSKILUM INNIHELDUR GRÍÐARLEGA ORKU.“
ÓFAGRA VERÖLD

GJAFAKORT

FRÁBÆR JÓLAGJÖF
FÁST Í MIÐASÖLU BORGARLEIKHÚSSINS

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ




**SÓLVEIG ÞÓRÐARDÓTTIR** Syngur kannski eins og eitt lítið jólalag.

# Notalegt í Hljómalind

Dúett Sólveigar Þórðardóttur leikur á Kaffi Hljómalind í kvöld kl. 22. Dúettinn leikur ýmis popplög í bland við frumsamin lög og djassstandarda og kannski eins og eitt lítið jólalag. Með Sólveigu leikur Ragnar Örn Emilsson á gítar.

Stefnir tónlistarfólkið að því að skapa sem notalegasta stemningu á kaffihúsinu og er aðgangur að tónleikunum ókeypis.

# Hauslausir spámenn



**VANHELGUÐ TRÚARTÁKN VALDA DEILUM**

Sviðsetning þýsku óperunnar í Berlín á Ideomeno eftir Mozart heldur áfram að valda deilum. Í leikstjórn Hans Neufeld var konungurinn Idomeneo látinn taka afhöggvin höfuð úr poka af Múhammeð, Kristi og Búdda og allt varð vitlaust. Nú eru gestir á verkið beðnir um að tæma töskur sínar áður en þeir sjá sýninguna en um tíma var hún tekin af sýningarskrá. Óttast menn nú hermdarverk í óperunni þýsku. - pbb






# Kötturinn hugumstóri

Eins og allir vita hefur kötturinn níu líf. Kettir eru hins vegar misduglegir að nota sín líf og eiga sumir viðburðalausa ævi og fara í mesta lagi óvarlega yfir götu stöku sinnum án þess að tjón hljótist af á meðan aðrir eru fljótir að klára fyrstu lífin sín. Kötturinn Mosi hlýtiur að teljast í seinni hópnum. Ekki nóg með að hann hafi hlotið varanlega fötlun á kettlingsaldri og hafi lítið gagn af annarri framloppunni, heldur lenti hann í ævintýrum á Holtavörðuheiði sem fáir kettir og engir menn hefðu lifað af. En Mosi er nú orðinn ódauðlegur eftir að eigendur hans festu söguna á mynd og blað í sögunni af Mosa og hugprýði hans sem kom út fyrir þessi jól. Ljósmyndabækur fyrir börn eru óvenjulegar því yfirleitt eru barnabækur skreyttar teikningum eða málverkum en þar sem Mosi birtist ljóslifandi á síðum bókarinnar er auðveldara að trúa sannleikanum í sögunni. Og það er sennilega aðalsmerki þessarar bókar. Vissulega er sagan af ævintýrum Mosa á Holtavörðuheiðinni afsprengi ímyndunarafls höfunda því enginn er til frásagnar um þau en það að Mosi er raunverulegur köttur gerir það að verkum að ævintýri hans verða enn meira spennandi. Sagan af Mosa á eflaust eftir að heilla marga lesendur sem kannski leggja leið sína í Vesturbæinn til að berja þessa raunveruleikahetju augum.

**Brynhildur Björnsdóttir**




**BÆKUR**

**Sagan af Mosa og hugprýði hans**

Halldór Guðmundsson/Anna Björnsdóttir
AD útgáfa

★★★

Sagan af Mosa er falleg og skemmtileg ljósmyndabók fyrir alla sem gaman hafa af kisum.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

DESEMBER

17 18 19 **20** 21 22 23

**Miðvikudagur**

### SÝNINGAR

- 09.00 Í Hallgrímskirkju stendur yfir sýningin **Mynd mín af Hallgrími** þar sem 28 íslenskir listamenn sýna andlitsmyndir sínar af sálmaskáldinu. Sýningarstjóri er **Jón Reykdal** en Listvinafélag kirkjunnar stendur fyrir henni.
- 11.00 Yfirlitssýning á verkum **Drafnar Friðfinnsdóttur** stendur yfir í **Listasafni Akureyrar**. Dröfn lét mikið að sér kveða í íslensku listalífi og haslaði hún sér völl í einum erfiðasta geira grafíklistarinnar, tréristunni. Opið alla virka daga nema mánudaga 12-17.
- 11.00 **Rúna (Sigrún Guðjónsdóttir)** sýnir í **Hafnarborg**. Á sýningunni Ofið úr þögninni sýnir Rúna verk unnin á pappír með akrýl, olíukrít, pastel og bleki; einnig eru þar myndir unnar á steinleir. Á sama stað sýnir ljósmyndarinn Spessi verk sín á sýningunni Locations sem ber sama titil og væntanleg bók hans. Sýningarnar standa til 30. desember.
- 11.00 Sýningin **Frelsun litarins/Regard Fauve** í **Listasafni Íslands** sýnir verk frönsku expressjónistanna frá upphafi 20. aldar. Sýningin kemur frá **Musée des beaux-arts í Bordeaux í Frakklandi**, 52 verk eftir 13 listamenn, þar á meða meistarana Renoir og Matisse. Sýning á verkum **Jóns Stefánssonar** listmálara má sjá í sal 2 en hann var nemandi Matiesse.
- 13.00 Myndlistarmennirnir **Kristján Már, Jón Óskar** og **Bjarni Sigurbjörnsson** sýna í **Amina** Gallerí við Ingólfssræti.
- 14.00 Myndlistarmennirnir **Sirra Sigrún Sigurðardóttir**, **Hekla Dögg Jónsdóttir**, **Ásdís Sif Gunnarsdóttir** og **Daníel Björnsson** sýna í Kling & Bang gallerí við Laugavegi 23. Sýningin heitir **Ljósaskipti-Jólasýning Kling og Bang** og stendur til 28. janúar.

### BÆKUR

- 12.15 Rithöfundarnir **Árni Þórarinsson** og **Páll Kristinn Pálsson** lesa úr spennusögu sinni **Farþeganum** á upplestrarröð **Þjóðmenningarhússins**, **Jólahrollinum**.
- 18.00 Rithöfundarnir **Eiríkur Guðmundsson** og **Steinar Bragi** árita bækur sínar í **Bókabúð Máls og menningar**, **Laugavegi 18**.

### UPPÁKOMUR

- 18.00 **Þóranna Dögg Björnsdóttir** nostrar við hlustir gesta **Gel Gallerís** við **Hverfisgötu** og leikur persónuleg hljóðverk milli 18-20.
- 11.00 **Bjúgnakrækir** mætir í **Þjóðminjasafnið** og skemmtir börnunum. Á **Torgi** safnsins stendur einnig yfir sýning sem nefnist Sérkenni sveinanna en þar geta börnin áttað sig á því sjálf hvað hin skrítnu þjóðlegu **jólasveinanöfn** þýða.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.




# Með söguna á sálinni

Önnur skáldsaga Sölva Björns Sigurðssonar, Fljótandi heimur, er frumleg blanda af ástarsögu, glæpasögu og vísindaskáldskap með viðkomu í heimsbókmenntunum – annarleika Kafka, hellakenningu Platóns og ekki síst í hugarheimi Haruki Murakami sem teljast verður ein af persónum verksins. Í bókinni heldur Sölvi Björn áfram á sinni höfundarbraut, í síðasta verki sínu tókst hann á við Dante og pakkaði honum nútímalega saman af reykvískum djöfulleik og nú heiðurinn Murakamis.

Sölvi Björn fléttar sögu sína af hagleik og gerir áhrifamátt japönsku „költ-hetjunnar" að einu aflanna sem knýr söguvirki hans áfram. Sagan gerist á tveimur sviðum þar sem annað planið er fantasískt – þar gerist sagan í leigðri undirmeðvitund Murakamis og hins vegar í Reykjavík síðustu aldamóta og í vestfirskum dal. Íslensku litbrigðin eru eftirtektarverð því einhvern veginn tekst höfundi að gera staðhættina næsta alþjóðlega.

Aðalpersónan og sögumaður verksins, ungi bókmenntafræðineminn Tómas, svipar til persóna Murakamis – hann er einrænn, leitandi og með alls kyns konur á sálinni og á hælum sér. Tómas kynnist sokkabuxnafyrirsætunni Saiko sem er dulúðug í meira lagi og með fortíðina á bakinu. Þegar hún hverfur á dularfullan hátt æsast leikar og Tómas bregður sér í hlutverk spæjara því líkt og fyrirmyndir hans hjá Murakami er hann hugrakkur þrátt fyrir að vera óframfærinn.

Fljótandi heimur er saga af blekkingum og glæp þótt hann komi ekki í ljós fyrr en seint og um síðir. Ógnin er samt alltaf undirliggjandi, ekki síst vegna fantasíukaflanna þar sem aðalpersónan reikar viskímarineruð milli véfréttalegra stúlkna í mýrum og skógum, þarf að flýja Verkamenn og og kemst í kynni við Drykkjaþýðandann og Stíflarann. Þessir kaflar sögunnar geyma einkar forvitnilegar hugleiðingar um möguleika skáldskaparins og áhrifamátt hans í stærra samhengi en þær hafa einnig sterkar samtímavísanir.




**BÆKUR**
**Fljótandi heimur**
Sölvi Björn Sigurðsson
Mál og menning
★★★★
Áhrifamikil, frumleg og nútímaleg saga sem tekst á hugrakkan hátt á við bókmenntirnar og samtímann.

Í „raunverulegri" köflunum rekur Tómas kynni sín af Saiko í þátíð. Samband þeirra kemur miklu róti á huga hans, þau deila dálæti á bókum, þar á meðal á sögu Murakamis, Norwegian Wood, en saklausi landsbyggðarstrákurinn er heillaður af hörkulegu yfirborði stúlkunnar sem síðar reynist viðkvæm og tætt. Líkt og í sögum Murakamis eru samskipti kynjanna í ójafnvægi og þau eiga erfitt með að finna hvort öðru stað. Fall Tómasar felst síðan í því að komast að hinu sanna, leitin er óumflýjanleg en vitneskjan er líkt og oft áður það sem maður vildi síst öðlast.

Styrkur þessarar sögu er spennandi flétta og djörf hólmganga við nýja bókmenntahefð. Hún er einnig til vitnis um ákveðinn tíðaranda, vísar í valdbeitingu, sjálfseyðingarhvöt og veruleikaflótta nútímafólks í bland við klassískar syndir svo sem græðgi, hroka og losta. Persónusköpunin er vel heppnuð nema ef helst mætti nefna fjölskylduna í Skerjafirðinum sem mér fannst ótrúverðug, það hefði mátt vinna betur með persónu Hallgríms, skólabróður Tómasar, því hann er einfaldlega of fyrirsjáanleg andstæða aðalpersónunnar. Móðirin kemur líka eins og skratti úr ofvöxnum sauðarlegg því grimmdina skortir síst í söguna og fannst mér henni ofaukið. Aðrar aukapersónur, t.d. vinkonan Helena og vísindamaðurinn Okada, eru betur heppnaðar þó máski hefði mátt auka veg þeirra.

Það er þó ekki annað hægt en að hrífast af þessum úthugsaða sagnaheimi bókarinnar, hún hvetur mann til þess að taka fleiri bækur úr hillum og er sjálf vel þess virði að lesa aftur.

**Kristrún Heiða Hauksdóttir**

# Trallala!

Kafteinn Ofurbrók er eitt magnaðasta fyrirbæri sem skotið hefur upp kollinum í barnabókum undanfarin ár og þar munar ekki síst um að flippaður húmor bókanna brúar dýpstu kynslóðabil svo glæsilega að ungir jafnt sem rígfullorðnir geta skemmt sér konunglega yfir vitleysunni.

Prakkararnir Georg Skeggjason og Haraldur Hugason bera ábyrgð á fáránlegu ofurhetjunni Kafteini Ofurbrók, sem flýgur vígreifur gegn hverri ógn í nærbrókum og rauðri skikkju og syngur „trallala!" en í fyrstu bókinni dáleiddu þeir fúla skólastjórann sinn hann Kára með þeim afleiðingum að hann breytist við einn fingursmell í káta ofurkappann.

**Óheppilegur hugsanaflutningur**

Þessi bók, sem er sú sjöunda sem kemur út um brókarhetjuna á íslensku, segir síðari hluta sögunnar um líftæknilega horskrímslið þar sem aðdáendur Kafteinsins skildu við hann fyrir ári. Þá ógnuðu ógeðsleg horskrímsli heimabæ drengjanna en í byrjun nýju bókarinnar bægir Ofurbrókin hættunni frá.

Vandræði Georgs og Haraldar eru þó síður en svo öll þar sem tæknifikt leiðinlega nördsins Sófusar sénis verður til þess að heilastarfsemi skólastjórans flyst yfir í koll nördsins og öfugt.

Ástandið er óviðunandi og drengirnir grípa til örþrifaráða sem eiga eftir að draga svakalegan dilk á eftir sér.

**Barnalegt eðalgrín**

Bókin sver sig í ættt við fyrri verk Davs Pilkey um Ofurbrókina en með nýjum vinklum á borð við tímaflakk og hugsanaflutning kveður um leið við nýjan tón og fyrir vikið er þessi sjöunda bók ein sú hressasta í flokknum, ef ekki sú skemmtilegasta. Sem fyrr er allt löðrandi í barnalegum kúk- og pisshúmor sem er settur fram með svo miklum galsa og léttleika að hann hittir beint í mark þannig að það er hætt við að lesendur skelli upp úr nánast á hverri síðu.

Endirinn er svo sem betur fer galopinn þannig að dyggir aðdáendur Ofurbrókarinnar geta þegar farið að láta sig hlakka til þar sem Kafteininn á enn helling inni og lætur vonandi sjá sig aftur fyrr en síðar.

**Þórarinn Þórarinsson**




**BÆKUR**
**Kafteinn Ofurbrók og líftæknilega horskrímslið**
**Seinni hluti**
Dav Pilkey
JPV
★★★★
Ofurbrókin bregst ekki og mætir hér til leiks í sjötta sinn í drepfyndnu ævintýri sem er líklega besta bókin hingað til. Þó að allt sé þetta staðlað þá fer höfundurinn með söguna út í enn sýrðari víddir en áður.

Jóladansleikur
MILLJÓNAMÆRINGANNA


Milljónamæringarnir verða í hátíðarskapi á jóladansleik þeirra í Súlnasal Hótel Sögu annan í jólum, 26. desember.
Húsið opnar kl. 22. Miðaverð 2.200 kr. Miðasala í Súlnasal frá kl. 13 samdægurs. Upplýsingar í síma 525 9950.
Söngvarar eru: Bogomil Font, Páll Óskar, Bjarni Arason og Raggi Bjarna.
PIPAR • SÍA • 60911
Upplýsingar í síma 525 9950
og á hotelsaga@hotelsaga.is
Radisson SAS
SAGA HOTEL, REYKJAVIK

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# Heragi við tökur á fréttaannál

Fréttamenn Stöðvar tvö skiptu skrifstofunni út fyrir glæsileg húsakynni Hótel Borgar í byrjun vikunnar, þar sem tökur á fréttaannál stöðvarinnar stóðu yfir. „Við erum að taka upp kynningarnar í fréttaannálnum. Það gengur ljómandi vel, hægt en örugglega,“ sagði Sigmundur Ernir Rúnarsson fréttastjóri þegar Fréttablaðið grennslaðist fyrir um framvindu mála.

Fréttamennirnir klæddust þó aðeins öðruvísi fötum en venjulega og skörtuðu herbúningum. „Við klæðum okkur upp í anda stærstu fréttar ársins, sem að okkar mati var þegar herinn fór,“ sagði Sigmundur. „Þar fyrir utan er þetta náttúrlega gamall draumur hvers karlmanns; að komast í almennilegt átfitt,“ bætti hann við. Hann sagði samstarfskonur sínar þó ekki síður ánægðar með búningana. „Ég held að þær séu alveg að finna sig,“ sagði Sigmundur Ernir. Stemningin sem fylgir klæðnaðinum virðist hafa smitað út frá sér, því Sigmundur sagði heraga ríkja við tökurnar. „Baldur Hrafnkell Jónsson, einn kunnasti og besti kvikmyndatökumaður okkar, pískar okkur áfram,“ sagði hann. - sun



**Í ANDA STÆRSTU FRÉTTAR ÁRSINS** Fréttalið Stöðvar tvö skartaði herbúningum við tökurnar í tilefni af brottför hersins á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**JUSTIN TIMBERLAKE** Heppinn aðdáandi mun syngja með goðinu sínu á Grammy-verðlaunahátíðinni.

# Hver syngur með Justin?

Leit stendur yfir að ungum og ósamningsbundnum tónlistarmanni sem á að syngja með Justin Timberlake á Grammy-verðlaunahátíðinni sem verður haldin í Los Angeles 11. febrúar.

Þeir sem vilja syngja með goðinu eiga að skila inn sextíu sekúndna myndskeiði af söng sínum við eitt af þeim níu lögum sem Timberlake hefur valið.

Tilkynnt verður um hvaða þrír komast í úrslit á næsta ári og verða þeir viðstaddir Grammy-verðlaunahátíðina. Á meðan á henni stendur verður sigurvegarinn kallaður fram og mun hann troða upp með Timberlake.

# Hátíð í bæ hjá fínum listunnendum

**Fjöldi fólks var viðstaddur opnun á sýningunni Frelsun litarins í Listasafni Íslands síðastliðinn föstudag. Sýningin kemur frá Musée des Beux-Ars í Bordeaux í Frakklandi og ber nafnið Regard Fauve á frönsku, en hún er hingað komin vegna menningarhátíðarinnar Pourquoi pas? – Franskt vor á Íslandi, sem frönsk og íslensk stjórnvöld standa að. Verk eftir málara á borð við Renoir, Matisse, Vallotton og Bonnard prýða nú veggi listasafnsins og því ekki nema von að listunnendur hafi flykkst að. Sýningin stendur yfir til 25. febrúar á næsta ári og markar upphaf þessa franska vors.**



**FRÍÐUR FLOKKUR KVENNA** Sigríður Dúna Kristmundsdóttir sendiherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Sigríður Snævarr, fyrrum sendiherra, skemmtu sér vel í samkvæminu. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**MARGT UM MANNINN** Opnunin var vel sótt, eins og sjá má, en sýningin stendur yfir þar til í lok febrúar á næsta ári.



**FANGELSUN LITARINS?** Kristján Már, María Ellingsen og Þorsteinn J. Vilhjálmsson voru kannski ekki sérlega litrík í klæðaburði, en litu þó út fyrir að njóta sýningarinnar.



**HRAFNHILDUR SCHRAM OG ÁGÚSTA SIGFÚSDÓTTIR** Hrafnhildur og Ágústa nutu sýningarinnar, enda um nokkra frægustu málara listasögunnar að ræða.



**SKRAFAÐ UM LISTINA** Frú Vigdís Finnbogadóttir ásamt Oliver Le Bihan, framkvæmdastjóra Musée de Beux-Ars í Bordeux, þaðan sem sýningin kemur.




# Britney bætir á sig

Slúðurblöðin fylgjast með hverju skrefi Britneyjar Spears enda hefur poppprinsessan verið æði dugleg við að koma sér á forsíður blaðanna með undarlegri hegðun sinni að undanförnu. Móðir söngkonunnar er sögð hafa beðið hana oft og mörgum sinnum um að koma heim til Louisiana og ná áttum á ný eftir skilnað sinn við Kevin Federline. Bestu vinir hennar eru áhyggjufullir vegna náinna tengsla hennar við Paris Hilton og Lindsay Lohan sem báðar eru þekktar fyrir allt annað en siðsamlega hegðun og telja að partídýrin tvö hafi slæm áhrif á Spears.

Vinir Britneyjar greina nokkur aukakíló á henni og lét einn kunningi hafa eftir sér að þau hlytu að vera ansi fljót að koma miðað við það líferni sem söngkonan stundaði um þessar mundir. „Hún stóð sig svo vel að ná af sér kílóunum eftir að hafa eignast Jayden í september,“ sagði náinn vinur Britneyjar í samtali við The Sun. „Hún hætti að borða ruslfæði og drekka gos þegar hún skildi við Federline og kroppurinn komst aftur í sitt gamla form,“ hélt vinurinn áfram en bætti síðan við að partílífernið væri hins vegar augljóslega farið að láta á sjá. „Hún fer út að drekka með Paris og á eftir fara þær vinkonurnar á hamborgarastað. Síðan er bara farið að drekka aftur,“ sagði hinn ónafngreindi vinur við The Sun.

Samkvæmt breska götublaðinu er farið að hlakka í Federline því á meðan Spears lætur mynda sig án nærbuxna og henda sér út af strippbúllum styrkist málstaður hans. Dansarinn ætlar að krefjast forræðis yfir sonum þeirra og hyggst láta Spears borga sér dágóða summu en söngkonan er vellauðug þrátt fyrir ungan aldur. „Annaðhvort fær Federline töluvert frá Britney eða einhver bókaútgefandi borgar honum svimandi háar upphæðir fyrir lýsingar hans á sambúð sinni við Britney,“ sagði einn heimildamaður The Sun. „Hann ætlar ekki að láta þetta happ úr hendi sleppa og hyggst greina frá öllu, lyfjamisnotkun söngkonunnar og kenndum hennar til kvenna. Hvort það verður í réttarsalnum eða í formi bókar verður síðan að koma í ljós “ bætti heimildamaðurinn við. „Federline telur sig eiga auðvelt með að sýna hversu vanhæf móðir Spears er og gæti beitt ýmsum brögðum til að fá sitt fram.“

Þrátt fyrir allt fjaðrafokið í kringum Britney og hegðun hennar virðist það ekki hafa áhrif á tónlistarframleiðendur sem bíða í röðum eftir að fá að vinna með henni. The Sun telur því líklegt að ef Britney slakar á skemmtanalífinu og tekur sig saman í andlitinu muni hún fljótt komast aftur í fremstu röð.



**BRITNEY SPEARS** Er hér á körfuboltaleik með systur sinni, Jamie Lynne Spears, en poppprinsessan er sögð hafa bætt á sig nokkrum aukakílóum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



**FEDERLINE** Dansarinn ætlar ekki að gefa neitt eftir og hyggst láta reyna á hvort kaupsáttmáli hans og Spears standist.


ÓTRÚLEG BYRJUN
ÞÖKKUM VIÐSKIPTAVINUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR
15. desember 2006. Birt með fyrirvara um breytingar og villur
OPIÐ Í DAG 10-19
Jóla Opnunartímar
Til jóla 10:00-19:00
24.des lokað
OPNUM Í DAG
TREND INTERNET SECURITY 2007
• Örugg vírusvörn
• Öflug vírusleitarvél
• Betri vörn gegn spyware
• Stýring á heimaneti
• Stöðvar upplýsingaþjófnað
• Varnar þráðlausum innbrotum
2.990
ÓTRÚLEGT OPNUNARTILBOÐ
TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

# Met í frumsömdum jólalögum á X-mas

Árlegir styrktartónleikar X-ins 977, X-mas 2006, fara fram í níunda sinn á Nasa við Austurvöll í kvöld. Þetta árið rennur allur aðgangseyrir til BUGL, Barna og unglingageðdeildar Landspítalans.

Fram koma: Brain Police, Dr. Spock, Skakkamannage, Reykjavík!, Toggi, Lay Low, Pétur Ben, Sprengjuhöllin, Dikta, Future Future, Noise, Ultra Mega Teknóbandið Stefán og Wulfgang.

Að sögn Þorkels Mána Péturssonar hjá X-inu hefur útvarpsstöðinni tekist að safna nokkrum milljónum á undanförnum árum með X-mas. Hann segir að BUGL þurfi nauðsynlega á peningum að halda, þar sem stofnunin sé fjársvelt eins og flestar heilbrigðisstofnanir hér á landi.

Þorkell Máni bætir því við að nýtt met verði sett í frumsömdum jólalögum á tónleikunum í kvöld. „Þarna verða fjögur til fimm frumsamin jólalög. Skakkamanage verður til dæmis með lagið Coste Del jól,“ segir hann og lofar skemmtilegum tónleikum. Þessir tónleikar eru það eina skemmtilega við jólin, enda er það eina sem við hlökkum til varðandi jólin er að komast í frí,“ segir hann.

Miðaverð á X-mas 2006 er 977 kr og rennur hver einasta króna til Barna- og unglingageðdeildar Landspítalans. Kynnir verður Gunnar Sigurðsson. Húsið opnar kl. 20.00.



**MÁNI** Þorkell Máni Pétursson býst við skemmtilegum tónleikum í kvöld.



**PÉTUR BEN** Tónlistarmaðurinn Pétur Ben er einn af þeim sem spila á X-mas í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN





Sjálfstætt lofthreinsi og rakatæki

Hreinsar loftið í gegnum vatn og gefur frá sér raka. Margar teg. ilmefna. Einnig lyktareyðir sem fjarlægir t.d. tóbakslykt og matarlykt.

Hrein þjónusta ehf

Dalbraut 3, 105 Rvk

567 7773 - Kvöld og helgar s. 897 2800




**Í GÓÐUM HÓPI** Joseph Barbera ásamt Scooby-Doo, Fred Flinstone og Barney Rubble, þremur af vinsælustu teiknimyndapersónum þeirra félaga. Myndin var tekin 1996 eftir að Barbera hlaut heiðursverðlaun fyrir magnaðan starfsferil sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Faðir Tomma og Jenna látinn

**Joseph Barbera, annar af höfundum teiknimynda á borð við Tomma og Jenna, The Flinstones, Jóga björn og Scooby-Doo, er látinn, 95 ára gamall.**

Barbera stofnaði fyrirtækið Hanna-Barbera ásamt félaga sínum William Hanna á sjötta áratugnum eftir að þeir höfðu unnið saman að Tomma og Jenna fyrir MGM-kvikmyndafyrirtækið.

„Joe mun lifa áfram í gegnum verk sín,“ sagði Barry Meyer, formaður Warner Brothers. „Persónurnar sem hann skapaði með félaga sínum heitnum, William Hanna, eru ekki bara teiknaðar ofurstjörnur heldur einnig stór hluti af bandarískri dægurmenningu.“

### Svarnir óvinir

Barbera ólst upp í Brooklyn í New York og ætlaði fyrst að vera bankastarfsmaður. Fljótlega fóru teikningar hans að vekja athygli og komst hann í kynni við Hanna. Þróuðu þeir saman Tomma og Jenna og næstu sautján árin gerðu þeir teiknimyndir um þessa svörnu óvini. Alls hlutu þeir sjö óskarsverðlaun og fjórtán tilnefningar fyrir vikið.

### Köttur og mús enn og aftur?

„Þegar við byrjuðum feril okkar sagði fólk: „Köttur og mús? Það enn og aftur,“ sagði Barbera í viðtali árið 1993. „Fólk sagði að allir væru búnir að gera þetta, t.d. með köttinn Felix, köttinn Ignatz og auðvitað Mikka mús. En mér fannst þú ekki þurfa talmál til að skilja umfjöllunarefnið, sama í hvaða landi þættirnir væru sýndir. Allt sem þú þyrftir væru köttur og mús og allir myndu vita hvað myndi gerast.“



**TOMMI OG JENNI** Kötturinn Tommi og músin Jenni eru einar vinsælustu teiknimyndapersónur allra tíma.

### Flinstone á besta tíma

Eftir að þeir félagar stofnuðu Hanna-Barbera árið 1957 sköpuðu þeir fjölda skemmtilegra teiknimynda á borð við The Flinstones, Huckleberry Hound og The Jetsons. Þættirnir um Flinstone-fjölskylduna varð fyrsta teiknimyndaröðin til að vera sýnd á besta tíma í sjónvarpi, auk þess sem hver þáttur var lengri en teiknimyndir höfðu verið fram að því.

### Scooby-Doo slær í gegn

Næstu áratugi á eftir framleiddu Hanna og Barbera þrjú hundruð teiknimyndaraðir, þar á meðal Scooby-Doo, sem fjallar um stóran hund sem leiðir hóp táninga í leit að draugum. Teiknimyndin hóf göngu sína árið 1969 og gekk við miklar vinsældir í sautján ár, sem er met í teiknimyndaheiminum.

Eftir lát Hanna árið 2001 starfaði Barbera áfram sem aðstoðarframkvæmdastjóri hjá Warner Brothers við framleiðslu teiknimynda.

# Lágfleygur dreki

Hollywood hefur þann sið að hamra járnið á meðan það er heitt og eftir vinsældir Hringadróttinssögu var aðeins tímaspursmál hvenær ævintýrin um drekaknapann Eragon yrðu færðar upp á hvíta tjaldið. Sagan hefur helst unnið sér til frægðar að höfundur þeirra, Christopher Paolini, var kornungur þegar hann skrifaði þá fyrstu og er enn ekki kominn af unglingsaldri.

Hér segir frá ljóshærða sveitapiltinum Eragon sem elst upp hjá frænda sínum eftir að móðir hans hverfur á braut. Dag einn finnur hann drekaegg sem klekst út í hans umsjá; Eragon tilheyrir sumsé hinni fornu stétt drekariddara, sem hinn illi Galbatorix taldi sig hafa gert út af við. Undir handleiðslu hins vitra Broms ákveða sálufélagarnir Eragon og Safíra drekasnót að leita skjóls hjá andspyrnuhreyfingu sem kallar sig Verðina en hermenn Galbatorixar, með seiðskrattann Durza fremstan í flokki, fylgja fast á hæla þeirra.

Paolini er augljóslega mikill aðdáandi Stjörnustríðs og Hringadróttinssögu og engu líkara en að hann hafi viljað spara fólki ómakið að kynna sér ævintýrin tvö í hvort í sínu lagi og spyrt þau saman í eitt. Myndin hrópar því beinlínis á samanburð og reynist töfrum sneydd-ur pollur við hlið djúpsjávа. Atburðarásin er nákvæmlega sú sama og í fyrstu myndinni um Loga geimgengil og nokkrum orka- og nazgúlalíkjum er sáldrað yfir til að herða á sprettinum. Þótt epíkin sé



trist stendur formúlan reyndar fyrir sínu að því leyti að atburðarásin heldur lengst af dampi. Drekinn Safíra er býsna vel gerður og það besta við myndina en að ósekju hefði mátt tempra gelgjustælana í Eragon. Samband þeirra tveggja er ekki upp á marga fiska sem endurspeglast meðal annars í stirðbusalegum samtölum, en yngri áhorfendur í leit að afþreyingu láta það varla á sig fá.

Jeremy Irons leikur Brom, hálfgerðan bastarð milli Aragorns og Obi-Wan Kenobi. Irons skilar sínu af áhugalausri fagmennsku, honum er líka oft og tíðum vorkunn þar sem hann þylur páskaeggjaspakmælin yfir unglingnum. John Malkovich leikur Galbotorix eins og honum einum er lagið skulum við segja en það er aðeins meiri völlur á Robert Carlyle í hlutverki Durza, þótt leikstjórinn geri sér far um að láta seiðskrattann draga sem mestan dám af Palpatine keisara úr Stjörnustríði.

Hér er vissulega aðeins um ræða fyrsta hlutann af þremur og því rétt að spyrja að leikslokum en miðað við startið má spretturinn vera ansi harður ef Eragon á að komast á verðlaunapall.

**Bergsteinn Sigurðsson**

**ERAGON**

**Leikstjóri: Stefen Fangmeier**

Aðalhlutverk: Edward Speleers, Jeremy Irons, Sienna Guillory, John Malkovich og Robert Carlyle.

★★

Niðurstaða: Drekinn kemst vissulega á flug en er langt því frá fulltíða, langfleygur eftir því og ber ekki fleiri en tvær stjörnur með góðu enn sem komið er.

# Besta ævisagan

Starfsfólk bókaverslana / Kastljós

„… afar **líflega skrifuð** og af mikilli þekkingu … bókina les maður spjalda á milli **af mikilli ánægju.**“

★★★★½

Illugi Jökulsson / Blaðið

Kastljósið Bókmenntaverðlaun 2006 Starfsfólk bókaverslana

„… svipmikið verk um svipmikla menn …“

★★★★

Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttablaðið

Metsölulisti Félagsvísindastofnunar 11. desember – Ævisögur og endurminningar: 3. sæti

Íslensku bókmenntaverðlaunin – Tilnefning

1. prentun uppseld
2. prentun uppseld
3. prentun komin

„… unaðslega skemmtileg.“

Guðmundur Ólafsson / vefritmaritið Stjórnmál og stjórnsýsla

„… skemmtileg og fróðleg bók og höfundi til mikils sóma.“

Benedikt Jóhannesson / heimur.is

„Snilldarbók.“

Sigurður G. Tómasson / Útvarp Saga

„Afskaplega forvitnileg … djörf hugmynd … stórmerkileg bók skrifuð af mikilli íþrótt.“

Egill Helgason / Silfur Egils

„Bókmenntasöguleg tíðindi … afar eiguleg bók … mjög vel skrifað verk … og fræðimennska þess vönduð.“

Soffía Auður Birgisdóttir / Morgunblaðið

„Það er ekki hægt að kvarta meðan svona bækur eru skrifaðar.“

Kolbrún Bergþórsdóttir / viðtal á Rás 2




OFVITINN ÚR SUÐURSVEIT OG SKÁLDIÐ Á SKRIÐUKLAUSTRI

Hér er dregin upp mynd af skáldunum Þórbergi Þórðarsyni og Gunnari Gunnarssyni sem aldrei hefur áður sést.

JPV ÚTGÁFA

Bræðraborgarstíg 7
101 Reykjavík
Sími 575 5600
www.jpv.is




**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| ERAGON | kl. 3.20, 5.40, 8 og 10.20 B.I. 10 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 3.20, 5.40, 8 og 10.20 |
| THE HOLIDAY | kl. 8 og 10.45 |
| CASINO ROYALE | kl. 5, 8 og 10.50 B.I. 14 ÁRA |
| HNOTUBRJÓTSPRINSINN ÍSL. TAL | kl. 3.20 |
| HÁTÍÐ Í BÆ | kl. 3.40, 5.50 og 8 |
| SKÓGARSTRÍÐ ÍSL. TAL | kl. 3.40 |
| BORAT | kl. 10.10 B.I. 12 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 5.40 B.I. 12 ÁRA |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| ERAGON | kl. 6, 8.20 og 10.40 B.I. 10 ÁRA |
| CASINO ROYALE | kl. 6 og 9 B.I. 14 ÁRA |
| HNOTUBRJÓTSPRINSINN ÍSL. TAL | kl. 6 |
| HÁTÍÐ Í BÆ | kl. 5.50 |
| MÝRIN W.ENGLISH SUBTITLES | kl. 8 og 10.10 B.I. 12 ÁRA |
| BORAT | kl. 8 og 10 |

**Borgarbíó** SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| ERAGON | kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 10 ÁRA |
| THE HOLIDAY | kl. 5.40 og 8 |
| SAW III | kl. 10.30 B.I. 16 ÁRA |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

midi.is BÍÓ.IS – allt á einum stað




## FRÉTTIR AF FÓLKI



Stærstu aðdáendasíðu leikkonunnar **Christinu Ricci**, www.christinaricci.info, hefur verið lokað. Eigandi og umsjónarmaður síðunnar, sem gengur undir nafninu Dodger, segist nýlega hafa komist að því að Ricci finnist ekkert athugavert við að klæðast pelsum, en leikkonan birtist nýverið á forsíðu tímaritsins W íklædd hreindýrsfeldi. Þar sem Dodger þessum finnst ýmislegt athugavert við að klæðast feldi og er lítt hrifinn af fólki sem það gerir hefur hann lokað síðunni sem hefur verið í loftinu í ein átta ár. Í staðinn er þar hlekkur á heimasíðu PETA og mynd af kópi sem horfist í augu við dauðann.



**Lindsay Lohan** er blá og marin eftir kennslustundir sínar í súludansi. Leikkonan æfir nú nektar- og súludans af kappi vegna hlutverks síns sem nektardansmær í myndinni I Know Who Killed Me. Hún segir þjálfunina þó vera erfiðari en hún átti von á, og kveðst vera blá og marin á böðum lærum. Leikkonan og partíljónið segist nú bera mikla virðingu fyrir nektardansmeyjum, hún hafi hreinlega ekki skilið hversu erfiður dansinn er.



Söngvarinn **Justin Timberlake** var nýverið kynnir í skemmtiþættinum Saturday Night Live og tók eins og venja er þátt í nokkrum atriðum, eða sketsum, í þættinum. Eitt þessara atriða ferðast nú óritskoðað manna á milli á Netinu, og er það óþægilega hallærislegt tónlistarmyndband um jólagjöf ársins. Gjöfin útleggst á ensku „dick in a box“ og er, mikið rétt, kynfæri söngvarans í fallegum jólapakka handa kærustunni. Það verður ekki annað sagt en að **Cameron Diaz**, unnusta Timberlake, sé stálheppin.












| | | |
|---|---|---|
| VALIANT M/- Ísl tal | kl. 13:00 | Leyfð |
| JÓNAS M/- Ísl tal | kl. 14:45 | Leyfð |
| ÁSTRÍKUR & KLEÓPATRA Ísl tal | kl. 16:40 | Leyfð |
| JÓNAS M/- Ísl tal | kl. 18:30 | Leyfð |

GÓÐA SKEMMTUN! GLEÐILEG JÓL




www.haskolabio.is










| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| DÉJÁ VU | kl. 6:15 - 9 - 10:30 | B.i.12 | NATIVITY STORY | kl. 5:50 - 8 | B.i.7 |
| BOSS OF IT ALL | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | B.i.12 | MÝRIN | kl. 8 - 10:10 | B.i. 12 |
| THE US VS. J.. | kl. 5:50 - 8 | B.i.12 | THE DEPARTED | kl. 10:10 | B.i. 16 |
| SANTA CLAUSE 3 | kl. 5:50 | Leyfð | | | |

HAGATORGI • S. 530 1919










SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| DÉJÁ VU | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | B.i.12 | FLUSHED AWAY M/-Ensk tal | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | Leyfð |
| DÉJÁ VU VIP | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | | SANTA CLAUSE 3 | kl. 3:40 - 5:50 - 8 | Leyfð |
| DEAD OR ALIVE | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | B.i.12 | THE GRUDGE 2 | kl. 10:10 | B.i. 16 |
| SAW 3 | kl. 8:15 - 10:40 | B.i.16 | BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal. | kl. 3:40 | Leyfð |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal | kl. 3:40 - 5:50 | Leyfð | | | |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| DÉJÁ VU | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | B.i.12 | |
| THE HOLIDAY | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | B.i.7 | |
| DEAD OR ALIVE | kl. 10:20 | B.i.12 | DIGITAL |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal. | kl. 3:30 | Leyfð | DIGITAL |
| FLUSHED AWAY M/-Ensk tal | kl. 8:10 | Leyfð | |
| BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal | kl. 3:30 | Leyfð | |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| ERAGON | kl. 5:50 - 8 | B.i. 12 |
| THE HOLIDAY | kl. 10:10 | Leyfð |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |
| DÉJÁVU | kl. 8 - 10:30 | B.i. 12 |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| DÉJÁ VU | kl 8 - 10:20 | B.i.12 |
| DEAD OR ALIVE | kl. 6 - 8 - 10 | B.i.12 |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |

www.sambioin.is 575 8900 www.sambioin.is


# Fönn sigurvegari

Hljómsveitin Fönn frá Selfossi bar sigur úr býtum í Jólalagakeppni Rásar 2. Sveitina skipa lagahöfundurinn Benedikt Valberg Helgason og Guðleifur Werner Guðmundsson en auk þess fengu þeir Benna, trommara Ísafoldar, og Kristján Grétarsson gítarleikara lánaða við flutninginn á sigurlaginu sem ber nafnið Gjöfin.



**SIGURVEGARAR** Benedikt Valberg Helgason og Guðleifur Werner Guðmundsson með hluta sigurlaunanna, ásamt Óla Palla og félögum á Rás 2.

Alls bárust sextíu lög í keppnina í ár og tíu þeirra voru valin af dómnefnd til að keppa til úrslita. Hlustendur gátu hlustað á lögin á Popplandsvefnum og greitt uppáhaldslaginu sínu atkvæði. Yfir 30.000 atkvæði bárust frá íslensku þjóðinni.

Þetta var í fjórða sinn sem keppnin var haldin og sigurlög undanfarinna ára hafa lifað góðu lífi á spilunarlistum Rásarinnar í desember. Kung fú og Þórey Heiðdal fluttu fyrsta sigurlagið, Gemmér jól, árið 2003. Árið eftir vann hljómsveitin Hvítir mágar með laginu Uppáhaldshátíðin mín. Í fyrra var það svo Magnús Ingi Sveinbjörnsson sem átti Jólalag Rásar 2, Jólanótt.

Siguvegarinn þetta árið hlaut að m.a. að launum tíu hljóðverstíma í Sundlauginni hjá Sigur Rós í Mosfellsbænum, flugferðir með Flugfélagi Íslands og 100 nýjar plötur.

# Semur kántríplötu

Barry Gibb, fyrrum meðlimur Bee Gees, ætlar að feta í fótspor átrúnaðargoðs síns, Johnny Cash, og gefa út kántríplötu.

Gibb keypti í janúar á þessu ári hús sem Cash átti í Nashville í Tennessee. Bjó Cash þar í 35 ár með eiginkonu sinni June Carter Cash. „Við viljum að þetta verði okkar annað heimili. Ég myndi vilja koma hingað og semja lög. Ég ætla að semja kántríplötu. Þannig er ég í raun og veru,“ sagði Gibb.

Roy Orbison bjó í næsta húsi við Cash þar til hann lést árið 1988 og telur Gibb að það hjálpi til við að skapa rétta andrúmsloftið á svæðinu. „Þvílíkur innblástur, að þetta tónlistarandrúmsloft hafi verið hérna í 35 ár. Við bara urðum að kaupa þetta hús,“ sagði hann.



**BARRY GIBB** Fyrrverandi meðlimur Bee Gees er með kántríplötu í smíðum.

# Nýtt lag frá Arcade Fire

Hljómsveitin The Arcade Fire hefur sent frá sér lagið Intervention sem verður að finna á næstu plötu sveitarinnar, Neon Bible.

Plötunnar hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu en hún er væntanleg í mars eða apríl á næsta ári. Síðasta plata The Arcade Fire, Funerals, vakti mikla athygli á sveitinni og hitaði hún m.a. upp fyrir U2 á Vertigo-tónleikaferð sveitarinnar.

The Arcade Fire mun spila á sínum fyrstu tónleikum árið 2007 í lok janúar í St. John´s-kirkjunni í London.



**ARCADE FIRE**




PÓSTURINN
allur pakkinn

Komdu tímanlega

með jólakortin og -pakkana

Síðasti öruggi skiladagur

á jólakortum og -pökkum innanlands

er miðvikudagurinn

20.12.

Finndu pósthúsið næst þér á www.postur.is

## > Skilaði sér ekki í mark

Skíðakonan Dagný Linda Kristjánsdóttir frá Akureyri náði ekki að ljúka keppni í gær þegar hún tók þátt í brunkeppni heimsbikarsins á skíðum. Mótið fór fram í Val d'Isere í Frakklandi snemma í gær og var Dagný ein af fjórum stúlkum sem féllu en alls 53 komust í mark. Á lokaæfingunni fyrir mótið sem fram fór á mánudag varð Dagný í 49. sæti en þá varð Anja Pärson frá Svíþjóð fljótust. Pärson endaði síðan í fjórða sæti í sjálfri keppninni, Lindsay Kildow frá Bandaríkjunum hlaut brons, Renate Götschl frá Austurríki varð í öðru sæti en sigurvegari var hin bandaríska Julia Mancuso sem varð 43/100 úr sekúndu á undan Götschl.



**sport**

sport@frettabl

SIGÞÓR JÚLÍUSSON KR-INGUR: HEFUR EKKI GETAÐ SPILAÐ FÓTBOLTA EFTIR SLYS Í HÁLKUNNI

# *Rann í tröppum og verður frá í mánuð*



Sigþór Júlíusson, hinn reyndi leikmaður KR, hefur ekki getað æft með liðinu að undanförnu eftir að hann rann í hálku fyrir utan heimili sitt. „Það er nú ekki algengt að menn á mínum aldri lendi í svona meiðslum. Ég var að drífa mig á æfingu þegar ég rann í tröppunum úti fyrir framan bílinn minn. Ég skall með bakið í tröppuna og það blæddi innvortis. Af þessum sökum var ég rúmliggjandi í nokkra daga og var frá æfingum í eina og hálfa viku en síðan gat ég byrjað að hlaupa. Hins vegar get ég ekki byrjað í fótbolta fyrr en á næsta ári," sagði Sigþór.

Nú í sumar spilaði Sigþór mjög vel með KR-ingum eftir að hafa komið til liðsins í byrjun ágúst frá uppeldisliði sínu, Völsungi á Húsavík. Hann lék með Valsmönnum í fyrra og tilkynnti síðan að hann hefði ákveðið að leggja skóna á hilluna. Hann tók þá síðan aftur upp til að spila fyrir Völsung í 2. deildinni þar sem hann fann sig vel. Þegar KR-inga vantaði leikmann fengu þeir Sigþór undir lok félagaskiptagluggans en hann varð Íslandsmeistari með liðinu fyrir nokkrum árum.

Oft er mikið rætt um stífar æfingar KR-inga síðan Teitur Þórðarson tók við þjálfun liðsins. „Undirbúningstímabilið hefur verið mjög gott og ég held að allir séu sáttir við það. Við erum komnir í nokkurs konar jólafrí núna en þurfum þó að hreyfa okkur í því, við fengum áætlun frá Teiti og æfum flesta daga. Þessar æfingar sem við erum í eru alls ekki eins slæmar og einhverjar sögur fara af. Það voru þrjár morgunæfingar í viku í fyrra en núna er bara ein á viku. Við æfum sjö sinnum í viku en erum mikið í fótbolta og það er bara mjög gaman að þessu," sagði Sigþór.

KR hefur farið hamförum á leikmannamarkaðnum að undanförnu og fengið til sín Atla Jóhannsson, Óskar Örn Hauksson, Jóhann Þórhallsson, Pétur Marteinsson og fleiri leikmenn. „Allir þessir nýju leikmenn hafa verið að koma vel inn í þetta. Við þurfum að halda okkur í standi um jólin því við erum að fara á mjög sterkt mót í febrúar þar sem við verðum í tvær vikur og leikum gegn Rosenborg og fleiri liðum," sagði Sigþór Júlíusson.

Íslensk körfuboltadómgæsla:

## Sigmundur fór í speglun í gær

**KÖRFUBOLTI** Sigmundur Már Herbertsson, FIBA-dómari, lagðist undir hnífinn um hádegið í gær samkvæmt vefsíðu Körfuknattleikssambandsins. Sigmundur er með rifinn liðþófa í hægra hné og jafnvel í því vinstra líka. Hann fór í speglun á hægra hné í gær og gæti þurft að fara í speglun á vinstra hné í byrjun janúar. Sigmundur hefur verið kjörinn besti dómari úrvalsdeildarinnar undanfarin tvö ár.

Þessi meiðsl Sigmundar hafa haft sín áhrif og þurfti hann meðal annars að sleppa því verkefni að dæma leik CAB Madeira og Pallacanestro Ribera sem fór fram 14. desember síðastliðinn. Sigmundur hefur tilkynnt FIBA Europe að hann verði frá vegna meiðsla út janúar. Von er á tilnefningum frá FIBA Europe á næstu dögum. - egm

Íslenska kvennalandsliðið:

## Tekur þátt í móti á Algarve

**FÓTBOLTI Íslenska kvennalandsliðið mun taka þátt í móti á næsta ári sem ber heitið Algarve Cup en þetta kemur fram á vefsíðu KSÍ. Þetta mót er fyrsta verkefni Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar og Guðna Kjartanssonar með liðið og er þáttur í undirbúningi liðsins fyrir undankeppni Evrópumótsins sem hefst í lok maí. Íslensku stelpurnar verða í C-riðli Algarve Cup með Ítalíu, Portúgal og Írlandi. Leikið verður í riðlinum 7., 9. og 12. mars en hinn 14. mars verður leikið um sæti. Tvö efstu lið riðilsins leika gegn liðum úr A- og B-riðlum.** - egm

U-18 ára lið karla í körfu:

## Átján manna hópur valinn

**KÖRFUBOLTI** Einar Árni Jóhannsson, þjálfari landsliðs karla í körfubolta skipað leikmönnum átján ára og yngri, hefur valið átján manna æfingahóp sem kemur saman milli jóla og nýárs. Er það liður í undirbúningi liðsins fyrir Norðurlandamót sem fer fram í maí næstkomandi.

### HÓPURINN

| | |
|---|---|
| Ari Gylfason | FSu |
| Atli Rafn Hreinsson | Snæfelli |
| Baldur Þór Ragnarsson | Þór Þorl. |
| Björgvin Valentínusson | FSu |
| Elías Kristjánsson | Njarðvík |
| Haraldur Valdimarsson | Val |
| Hjalti Friðriksson | Val |
| Hjörtur Hrafn Einarsson | Njarðvík |
| Kjartan Ragnarsson | Val |
| Magni Ómarsson | Keflavík |
| Ólafur Ólafsson | Grindavík |
| Páll Fannar Helgason | Val |
| Pétur Þór Jakobsson | KR |
| Rúnar Ingi Erlingsson | Njarðvík |
| Snorri Páll Sigurðsson | KR |
| Þröstur Leó Jóhannsson | Keflavík |
| Örn Sigurðarson | Haukum |

# Ábyrgðin hvílir á ÍR en ekki KSÍ

**Áfrýjunardómstóll ÍSÍ úrskurðaði á þriðjudaginn að Þór/KA skyldi vera dæmdur 3-0 sigur í leik liðsins gegn ÍR sem lauk með 2-2 jafntefli hinn 10. september. Þór/KA leikur því í Landsbankadeild kvenna í sumar.**

**FÓTBOLTI** Mál Þórs/KA og ÍR var í þriðja skiptið tekið fyrir í mánuðinum og í þetta sinn í Áfrýjunardómstóli ÍSÍ. Var niðurstaðan sú að Þór/KA skyldi dæmdur sigur í leik liðsins gegn ÍR hinn 10. september síðastliðinn og þar af leiðandi mun Þór/KA leika í Landsbankadeild kvenna næsta tímabil en ekki ÍR eins og niðurstaðan var eftir leiki liðanna í haust.

Forsaga málsins er sú að Þór/KA og ÍR áttust við í aukakeppni um eitt laust sæti í Landsbankadeild kvenna. Leikið var heima og að heiman og vann ÍR samanlagt, 3-2.

Þór/KA kærði úrslitin á grundvelli þess að markvörður ÍR, Berglind Magnúsdóttir, hefði ekki verið löglegur leikmaður með ÍR. Dómstóll KSÍ féllst á kröfuna en Áfrýjunardómstóll KSÍ vísaði henni frá. Skaut því Þór/KA málinu til Áfrýjunardómstóls ÍSÍ, sem komst að fyrrgreindri niðurstöðu sem er endanleg.

Kæra Þórs/KA snerist um að Berglind hefði áður en hún gekk til liðs við ÍR leikið með tveimur félögum á almanaksárinu og mætti því ekki leika með því þriðja fyrr en á nýju almanaksári, eins og reglur KSÍ og reyndar FIFA einnig kveða á um.

Málsvörn ÍR byggir á því að leikmaður sé löglegur með viðkomandi félagi um leið og keppnisleyfi sé gefið út fyrir hann.

KSÍ gaf út keppnisleyfi fyrir Berglindi eftir að ÍR sendi inn undanþágubeiðni fyrir hana. Hinn 19. september dró KSÍ keppnisleyfið til baka og Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ, sagði að um mistök af hálfu sambandsins hefði verið að ræða.

Hins vegar segir í dómsorði Áfrýjunardómstóls ÍSÍ að ábyrgðin í málinu liggi ávallt hjá ÍR en ekki hjá KSÍ.

„Í gr. A. 5. í [reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna, innsk. blm.] segir að tilkynning um félagaskipti sé jafnframt yfirlýsing um að allir undirritaðir skuldbindi sig til að hlíta gildandi reglugerðum KSÍ um félagaskipti og samning og stöðu félaga og leikmanna," segir í niðurstöðunni. Ekki sé um villst að Berglind hafi leikið með tveimur félögum á árinu og því sé það á ábyrgð þeirra sem undirriti undanþágubeiðnina að ganga úr skugga um að félagaskipti viðkomandi leikmanns standist allar reglur KSÍ.

Þar að auki segir í dómsorðinu að ekki hafi komið fram í undanþágubeiðninni um hvaða leikmann hafi verið að ræða.

„Af því leiðir að í samþykki félagaskiptanefndar KSÍ fyrir að veita stefnda umbeðna undanþágu fólst það eitt að fallist var á að vegna aðstæðna stefnda væru uppfyllt skilyrði ákvæðisins til að verða við beiðninni."

Niðurstaðan sé því ótvíræð. „Sú skylda hvíldi á stefnda […] að ganga úr skugga um að leikmaðurinn fullnægði skilyrðum reglugerðarinnar […] áður en sótt var um keppnisleyfi fyrir hann enda var það forsenda þess að leikmaðurinn væri löglegur í leik með félaginu," segir í niðurstöðu dómsins. Berglind hafi því verið ólöglegur leikmaður með ÍR og beri því að dæma Þór/KA 3-0 sigur í leiknum.

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is



**UMDEILD FÉLAGASKIPTI** Berglind Magnúsdóttir varði mark ÍR í leikjunum gegn Þór/KA í haust en Áfrýjunardómstóll ÍSÍ telur að hún hafi verið ólöglegur leikmaður í liði ÍR og dæma skuli Þór/KA sigur í fyrri leik liðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Viðbrögð forráðamanna knattspyrnudeilda ÍR og Þórs/KA:

## Mikil vonbrigði fyrir ÍR-inga

**FÓTBOLTI** Eins og gefur að skilja eru viðbrögð forráðamanna knattspyrnudeilda ÍR og Þórs/KA misjöfn eftir niðurstöðu Áfrýjunardómstóls ÍSÍ í máli félaganna. Þar var Þór/KA dæmdur 3-0 sigur í leik liðanna um laust sæti í Landsbankadeild kvenna.

Már Árnarson er formaður meistaraflokksráðs kvenna hjá ÍR og gat hann ekki tjáð sig um dóminn þar sem hann ætti eftir að lesa niðurstöðuna.

„En þetta eru gríðarlega mikil vonbrigði fyrir okkur. Við teljum okkar hafa farið eftir reglum KSÍ í þessu máli og fylgt leiðbeiningum þess í einu og öllu," sagði Már.

Unnsteinn Einar Jónsson, formaður knattspyrnudeildar Þórs, fagnaði hins vegar dómnum og sagði hann vera í samræmi við sinn málstað.

„Það er skýrt tekið fram í reglum KSÍ að þeir sem undirrita beiðni um félagaskipti undirgangast að framfylgja lögum og reglum KSÍ. Það er stóra málið í þessu," sagði Unnsteinn. „Engu að síður þýðir þetta að KSÍ þarf að skoða sína innri starfsemi og verklagsreglur í kringum þessi mál."

ÍR-ingar tefldu fram Berglindi Magnúsdóttur í leikjum Þórs/KA og ÍR um laust sæti í Landsbankadeild kvenna. ÍR hafðu fengið undanþágubeiðni sína fyrir Berglindi samþykkta hjá KSÍ en hún hafði þegar leikið með tveimur félögum á almanaksárinu og má því ekki leika með því þriðja fyrr en á nýju almanaksári KSÍ. Segir í niðurstöðu dómsins að Berglind hafi af þeim sökum verið ólöglegur leikmaður, hvort sem hún hafi verið með keppnisleyfi eður ei.

Unnsteinn segir að ÍR-ingar hafi vitað af þessari reglu.

„Í málsvörn þeirra fyrir dómstóli KSÍ kom fram að þeir vissu af þessari reglu og sögðu að þeir héldu að þeir væru að sækja um undanþágu frá henni líka. Þeir vissu alla tíð að hún væri að fara að spila með sínu þriðja félagi."

Niðurstaðan hefur mikil áhrif fyrir starf Þórs/KA, segir Unnsteinn. „Það skiptir miklu máli að vera í efstu deild upp á að halda leikmönnum. Einnig fyrir það uppbyggingarstarf sem við erum að vinna hér. Það er mikilvægt að stelpurnar hafi að einhverju að stefna."

Hann segir einnig að liðið hafi mikla yfirburði gagnvart öðrum liðum á svæðinu sem það hefði annars leikið með í 1. deild kvenna.

„Það var ekki öruggt hvort við hefðum fengið að spila í suðurriðlinum eins og við vildum. Við þekkjum styrkleika liðanna hér fyrir norðan og það væri engum til framdráttar að vinna þær með stórum mun, aftur og aftur. Menn læra ekki mikið af því að valta yfir andstæðinginn trekk í trekk." - esá



**MICHAEL OWEN** Skoraði fjögur mörk í frægum 5-1 sigri Englendinga á Þjóðverjum í München. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Þýska landsliðið:

## Fyrstu gestirnir á Wembley

**FÓTBOLTI Þýska knattspyrnusambandið segir að þýska landsliðið verði fyrsti mótherji Englands á nýjum Wembley-leikvangi þann 22. ágúst 2007. Þetta hefur enska knattspyrnusambandið ekki staðfest en á vefsíðu þýska sambandsins segir að leikurinn muni hefjast kl. 19.30 að staðartíma.**

**„Við getum ekki tilkynnt neitt og eru engar áætlanir um að gera það í nánustu framtíð."** - esá



**DROGBA** Hefur spilað frábærlega á tímabilinu. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Didier Drogba bjartsýnn:

## Höfum klárlega það sem þarf

**FÓTBOLTI** **Sálfræðistríðið milli Manchester United og Chelsea, tveggja efstu liða ensku úrvalsdeildarinnar, fer stigmagnandi með hverjum deginum. Markahrókurinn Didier Drogba lætur sitt ekki eftir liggja eftir að hafa skorað stórglæsilegt sigurmark Chelsea í 3-2-sigri á Everton um helgina. Eftir að hafa verið undir í leiknum náði Chelsea að snúa honum sér í vil undir lokin og náði Drogba að tryggja meisturunum sigurinn með því að skora fram hjá Tim Howard, sem er lánsmaður frá United.**

**„Þetta er líklega fallegasta mark sem ég hef skorað. Ég er allavega viss um að þetta sé mikilvægasta markið. Við getum alltaf náð að vinna leiki sama hve lítið er eftir. Ef einhver var í vafa um að við höfum það sem þarf til að vinna deildina held ég að við höfum svarað því. Ég held að leikmenn Manchester United viti það líka. Um tíma á sunnudag bjuggust þeir við að ná átta stiga forskoti en það er nú bara tvö stig,“ sagði Drogba.**

- egm

Áhugavert að sjá hverjir kusu hvaða leikmenn sem þá bestu í heimi:

# Fabio Cannavaro setti Thuram í fyrsta sætið

**FÓTBOLTI** Það eru landsliðsþjálfarar og landsliðsfyrirliðar sem kjósa besta knattspyrnumann heims hjá FIFA en sem kunnugt er bar Ítalinn Fabio Cannavaro sigur úr býtum í kjörinu. Zinedine Zidane varð annar og Ronaldinho þriðji. Þegar einstaka atkvæði eru skoðuð kemur margt áhugavert í ljós.

Eyjólfur Sverrisson valdi Zidane bestan, Cannavaro varð annar hjá Eyjólfi og Gianluigi Buffon þriðji. Eiður Smári Guðjohnsen landsliðsfyrirliði valdi Ronaldinho bestan, atkvæðið í annað sætið var ógilt og Cannavaro lenti í þriðja hjá Eiði Smára.

Cannavaro sjálfur var með atkvæðisrétt í kjörinu og hann kaus fyrrverandi félaga sinn hjá Juventus, Lilian Thuram, bestan. Þetta er í annað sinn sem Cannavaro kýs samherja sinn en hann kaus Zlatan Ibrahimovic í fyrra. Patrick Vieira varð annar hjá Ítalanum og Samuel Eto´o þriðji. Vieira var nú ekki að greiða Cannavaro fyrir greiðann því ítalski varnarmaðurinn komst ekki á blað hjá Vieira, sem kaus Eto´o bestan, Buffon næstbestan og svo varð Deco þriðji hjá Vieira.



**KOMDU HÉRNA FÉLAGI** Besti knattspyrnumaður heims, Fabio Cannavaro, hefur mikið álit á liðsfélögum sínum en annað árið í röð valdi hann samherja sem besta mann heims. Hann sést hér glaður með Thuram. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

John Terry, fyrirliði enska landsliðsins, setti Cannavaro í fyrsta sætið, Kaká í annað og Thierry Henry í það þriðja. Raúl, fyrirliði spænska landsliðsins, setti Cannavaro félaga sinn í fyrsta sætið, Samuel Eto´o í annað og Kaká fékk síðasta atkvæði Spánverjans. Edwin van der Sar, fyrirliði Hollands, gaf markverðinum Jens Lehmann stig er hann setti hann í þriðja sætið. Cannavaro var bestur hjá honum og Eto´o annar.

Meðal sérkennilegra atkvæða má geta þess að fyrirliði Aserbaídsjan valdi Cristiano Ronaldo sem besta knattspyrnumann heims. Rigobert Song, fyrirliði Kamerún, segir að Miroslav Klose sé besti knattspyrnumaður í heimi og undir það tekur Ruslan Sydykov, fyrirliði Kirgisistan.

Það má síðan leiða líkur að því að langt sé síðan Valasine Dalaphone, fyrirliði Laos, sá alvöruleik því hann valdi Luis Figo sem besta knattspyrnumann heims. - hbg



**CARLOS VALDERRAMA** Einn frægasti kólumbíski leikmaður sögunnar er hér á HM 1998 en hann er nú hættur. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Heimsmeistarakeppnin 2014:

## Kólumbía vill halda keppnina

**FÓTBOLTI** Kólumbía ætlar að berjast um að fá að halda heimsmeistarakeppnina 2014. Keppnin verður í Suður-Ameríku samkvæmt nýju kerfi FIFA og hingað til hefur ekkert land þaðan ákveðið að veita Brasilíu samkeppni um að fá að halda hana. Nú hefur knattspyrnusamband Kólumbíu hins vegar stigið fram en þjóðin átti að halda HM 1986. Hætta varð við þá áætlun vegna fjárhagsörðugleika en mótið fór fram í Mexíkó í staðinn.

Líklegast er þó talið að keppnin eftir átta ár verði haldin í Brasilíu. Suður-Ameríkukeppnin fór fram í Kólumbíu 2001 en þá hrósuðu heimamenn einmitt sigri. Sú keppni var lengi í hættu vegna öryggisatriða en Sepp Blatter, forseti FIFA, segir að engin þjóð fái að halda HM sem eigi það ekki fullkomlega skilið. - egm





**MATERAZZI** Var næstum farinn frá Inter fyrir tæpu ári. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Marco Materazzi:

# Ætlaði mér að fara frá Inter

**FÓTBOLTI** Marco Materazzi, varnarjaxlinn umdeildi, segist hafa ætlað að fara frá Inter í janúar á þessu ári þar sem hann hafi verið hræddur um að missa sæti sitt í landsliðinu. „Ég var undir feldi í janúar, það gekk ekki vel hjá mér með Inter og ég var eiginlega búinn að ákveða það að ég þyrfti að fara. Það var ekkert að samskiptum mínum við Roberto Mancini, þvert á móti, ég vildi ekkert fremur en að spila á HM,“ sagði Materazzi.

Svo fór á endanum að hann lék lykilhlutverk þegar Ítalía vann sigur á HM. „Mancini sagði mér að ég væri mikilvægur fyrir liðið. Marcello Lippi (landsliðsþjálfari) sagði mér einnig að vera áfram og hafa engar áhyggjur,“ sagði Materazzi. - egm

Karl-Heinz Rümmenigge:

# Við söknum Ballacks ekki

**FÓTBOLTI Karl-Heinz Rummenigge, einn æðsti maður hjá þýska félaginu Bayern München, segir að enginn söknuður ríki hjá liðinu í garð miðjumannsins Michaels Ballack. Hann er harðorður í garð Ballacks og segir þá gagnrýni sem liðið hefur orðið fyrir undanfarið vera nákvæmlega eins og á síðasta leiktímabili þegar þýski landsliðsmaðurinn var í herbúðum liðsins.**

**„Ég neita því ekki að Ballack skoraði nokkur mikilvæg og eftirminnileg mörk fyrir okkur en komið hefur í ljós að brottför hans hefur ekki haft neina úrslitaþýðingu fyrir liðið. Þeir sem halda því fram að við söknum þess að hafa ekki Ballack ættu að minnast þess að nákvæmlega sama gagnrýni var til staðar síðasta tímabil.“** - egm

Nigel Reo-Coker:

# Fékk hatursbréf

**FÓTBOLTI** Fyrirliði West Ham, Nigel Reo-Coker, fékk í síðustu viku hatursbréf frá stuðningsmanni félagsins sem kenndi honum persónulega um að Alan Pardew, stjóri liðsins, hefði verið rekinn. Alan Curbishley var svo ráðinn og stýrði West Ham til sigurs gegn toppliði Manchester United um helgina þar sem Reo-Coker skoraði eina mark leiksins.

„Það sauð upp úr hjá einum ungum manni,“ sagði Tony Finnigan, umboðsmaður Reo-Cokers. „Ég sagði honum að henda bréfinu og einbeita sér að leiknum, sem væri gegn einu sterkasta félagsliði Evrópu.“ - esá

Allen Iverson:

# Á leið til Denver

**KÖRFUBOLTI Tveggja vikna löngum vangaveltum um framtíð Allens Iverson virtist lokið í gærkvöldi þegar bandarískir fjölmiðlar greindu frá því að hann væri á leið til Denver Nuggets.**

**Hermdu sömu heimildir að í staðinn fengi Philadelphia 76ers Andre Miller, Joe Smith og tvo valrétti í 1. umferð nýliðavals NBA á næsta ári. Ekki væri útilokað að einn eða tveir láglaunaleikmenn færu einnig til félagsins, allt í skiptum fyrir Iverson.** - esá

NFL búið að dæma í máli Terrells Owens:

# Slumman kostaði tvær og hálfa milljón króna

**NFL** Vandræðagemsinn í NFL-deildinni, Terell Owens, var í gær sektaður um tvær og hálfa milljón íslenskra króna fyrir að hrækja framan í andstæðing í miðjum leik. Atvikið átti sér stað um síðustu helgi er félag Owens, Dallas Cowboys, lagði Atlanta Falcons.

Owens játaði eftir leikinn að hafa hrækt framan í DeAngelo Hall, varnarmann Falcons, en hann slapp með refsingu á vellinum þar sem dómararnir sáu ekki atvikið. Owens er búinn að áfrýja dómnum en lítil ánægja er með hans hegðun innan raða Cowboys og líklegt að verði brugðist..

„Við sættum okkur ekki við svona framkomu,“ sagði harðjaxlinn Bill Parcells sem þjálfar Dallas. „Það má vel vera að við refsum honum á okkar hátt en við munum ekki greina neinum frá því hvernig við myndum refsa honum.“

Þar með er ljóst að Owens fer ekki í bann eins og Hall vildi sjá gerast. Hann sagði sekt ekki breyta neinu enda ætti Owens miklu meira en nóg af peningum. - hbg



**TERRELL OWENS** Ábyrgur fyrir dýrustu hráku í sögu NFL-deildarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Vil alls ekki missa af leiknum gegn Liverpool

**Lionel Messi er óðum að ná sér eftir ristarbrot sem hefur haldið honum á hliðarlínunni síðan í nóvember. Hann missti af leikjum Barcelona gegn Chelsea og vill alls ekki missa af ferðinni á Anfield í 16-liða úrslitum Meistaradeildarinnar.**

**FÓTBOLTI** Argentínska undrabarnið Lionel Messi hefur ekki spilað með Evrópumeisturum Barcelona síðan í nóvember, þegar hann ristarbrotnaði í 3-1 sigurleik gegn Real Zaragoza. Messi var fyrr í vikunni valinn besti ungi leikmaður heims en hann er nú að vinna í því að jafna sig eftir aðgerð. Messi er aðeins nítján ára en hann segir erfitt að fylgjast með samherjum sínum úr stúkunni og er farið að kitla í lappirnar. Hann hefur nú sett stefnuna á að vera orðinn tilbúinn í slaginn fyrir viðureign Börsunga gegn enska liðinu Liverpool í febrúar.

„Ég held að það sé gott að setja mér það markmið að verða orðinn tilbúinn fyrir fyrri leikinn gegn Liverpool. Ég vil alls ekki missa af honum og tel mig eiga góðan möguleika á að spila hann. Ég er ekkert að stressa mig neitt vegna meiðslanna og veit það vel að maður má ekki flýta sér of mikið. Ég reyni að eyða eins miklum tíma og hægt er til að bati minn verði fullkominn. Ég gat ekki leikið gegn Chelsea en ég tel að Barcelona þurfi á hjálp minni að halda í leikjunum gegn Liverpool, þeir verða alls ekki auðveldir,“ sagði Messi.

Hann telur að leikstíll Liverpool geti reynst erfiður fyrir sitt lið. „Þeir spila á Englandi en það er þó spænskur bragur á þjálfaranum og sumum leikmönnum. Þetta verður sérlega erfiður leikur fyrir Barcelona. Öll liðin sem eru komin áfram í keppninni eru mjög góð en ég tel að Liverpool, Lyon og Barcelona séu erfiðust viðureignar. Ég held samt að Liverpool hafi samt þó nokkrar áhyggjur fyrir þessa viðureign þar sem við erum núverandi Evrópumeistarar og það skapar ótta,“ sagði Messi.

Hann segir að von sín sé að liðið ferðist til Liverpool með góða stöðu og leiði þá í einvíginu um að komast áfram í næstu umferð. „Það yrði frábært að ná að sigra svona 2-0 eða 3-0 í fyrri leiknum. Það er líka mjög mikilvægt að við fáum ekki mark á okkur á Camp Nou til að forðast það að lenda í vandræðum á Anfield,“ sagði Messi, sem hefur vakið mikla athygli fyrir frammistöðu sína í sóknarleik Barcelona en hann er yngsti leikmaður sem skorað hefur fyrir félagið í deildarleik. Honum hefur oft verið líkt við goðsögnina Diego Armando Maradona.

Barcelona tapaði fyrir Internacional í úrslitaleik heimsmeistarakeppni félagsliða um síðustu helgi en stórt skarð var höggvið í sóknarleik liðsins þegar Messi og markaskorarinn Samuel Eto´o meiddust báðir illa á svipuðum tíma. Eiður Smári Guðjohnsen hefur því leikið stærra hlutverk í liði Börsunga á tímabilinu en margir bjuggust við.

elvargeir@frettabladid.is



**LIONEL MESSI** Framtíðarmaður hjá argentínska landsliðinu og spænska stórliðinu Barcelona sem hann er samningsbundinn til 2014. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



**ANFIELD Í GÆR** Leikurinn var blásinn af vegna mikillar þoku sem lagðist yfir leikvanginn. NORDIC PHOTOS/GETTY

Liverpool-Arsenal:

# Frestað vegna þoku á Anfield

**FÓTBOLTI Leik Liverpool og Arsenal í fjórðungsúrslitum ensku deildabikarkeppninnar var frestað vegna mikillar þoku sem lagðist á Anfield, heimavöll Liverpool, í gær.**

**Rafael Benitez, stjóri Liverpool, var þó ekki sáttur við að leiknum skyldi hafa verið aflýst. „Ég held að við hefðum getað spilað. Þetta kom mér á óvart því í morgun vorum við að æfa við miklu verri aðstæður,“ sagði Benitez. „En það er ekki hægt að breyta ákvörðuninni. Hana verður að virða þótt maður sé ekki sammála.“**

**Ekki var ákveðið í gærkvöldi hvenær leikurinn gæti farið fram en Arsene Wenger, stjóra Arsenal, þótti afar ólíklegt að hann færi fram í kvöld.** - esá

Lemgo vann Göppingen:

# Logi með átta

**HANDBOLTI** Einn leikur fór fram í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta í gær þegar Lemgo tók á móti Frisch auf Göppingen. Heimamenn unnu auðveldan sigur, 38-26, og var Logi Geirsson markahæsti leikmaður vallarins með átta mörk. Ásgeir Örn Hallgrímsson skoraði fjögur mörk og átti þeir báðir góðan leik.

Fyrir leik voru bæði lið með nítján stig í 7.-8. sæti en Lemgo færðist með sigrinum upp í það sjötta. Magdeburg er í sjöunda sæti, stigi á eftir Lemgo, en á tvo leiki til góða. - esá

Eggert Magnússon horfir til ungra og efnilegra leikmanna í Danmörku:

# West Ham vill samstarf við Herfølge í Danmörku

**FÓTBOLTI** Greint hefur verið frá því í dönskum og enskum fjölmiðlum undanfarna daga að enska úrvalsdeildarfélagið West Ham og Herfølge í Danmörku eigi í viðræðum um að koma á samstarfi félaganna á milli. West Ham er í eigu Íslendinga og mun Eggert Magnússon, stjórnarformaður félagsins, vera upphafsmaðurinn að þessum viðræðum.

Fulltrúar frá West Ham fara til Danmerkur í janúar til Herfølge sem leikur í dönsku 1. deildinni. Ef verður af samstarfinu munu efnilegir leikmenn hjá danska félaginu eiga greiða leið inn í West Ham.

„Þetta snýst um hvort og hvernig við getum komið hvor öðrum til góða,“ sagði Per Rud, yfirmaður íþróttamála, við vefmiðilinn Bold.dk á mánudag. „Samstarf við West Ham í framtíðinni mun gefa félaginu tækifæri á að gera samninga við unga og efnilega leikmenn. Í kjölfarið getum við sent þá til Englands eftir að þeir hafa æft hér í Danmörku.“

Rud segir að West Ham þyki Danmörk spennandi kostur og að Herfølge sé þekkt fyrir að ala upp sterka leikmenn.

Slíkt samstarf er alls ekki óþekkt í knattspyrnuheiminum og ekki ólíklegt að West Ham muni í framtíðinni leita til íslensks knattspyrnufélags. KR hefur til að mynda átt í samstarfi við Millwall sem kom hingað til lands síðastliðið sumar og lék hér tvo æfingaleiki. Þá hefur ÍBV átt í samstarfi við Crewe á Englandi. - esá



**TVEIR GÓÐIR** Eggert Magnússon, stjórnarformaður West Ham, les upp tilkynningu þegar ráðning Alans Curbishley og Mervyns Day, aðstoðarmanns hans, er kynnt. NORDIC PHOTOS/GETTY


BT
32" LCD veggsjónvarp
HD ready -Fyrir framtíðina
3D comb Filter -Bætir myndina
8ms svartími -Fyrir sportið
Stafrænt HDMI-Tengi
PC tengi-Fyrir tölvuna
Skerpa 1:1200 -Fyrir betri mynd
32"
VAXTALAUST
1.GREIÐSLA 1.MARS
MEDION
Stækkaðu í 37"
5.669
**Tölvu- og tækjalán 36 mán.
12.499
Vaxtalaust 12 mán.
149.988
Staðgreitt
Rugl verð
99.999
Veldu þér heimabíó með 5.000 kr. afslætti með sjónvarpi
3.727
**Tölvu- og tækjalán 36 mán.
8.333
Vaxtalaust 12 mán.
99.999
Staðgreitt
HEIMABÍÓ
330 RMS Wött
SCHT340
PANASONIC HEIMABÍÓ
Fjölkerfa
JPEG, MP4, DivX6
5 hátalarar + Bassahátalari
Panasonic
2.499
Vaxtalaust 12 mán.
29.988
Staðgreitt
TÖKUVÉL
Panasonic
Vinsælasta vélin
NVGS27B
PANASONIC
30x aðdráttur
2.5" Litaskjár
Pure Colour Engine
Virkar sem vef-myndavél
3 spólur og taska fylgir
FYLGIR 7. 596
2.999
Vaxtalaust 12 mán.
35.988
Staðgreitt
MYNDAVÉL
SONY
Carl Zeiss linsa
DSCW50
Sony CyberShot W50
6 Megapixlar
2,5" Skjár
3x optical aðdráttur
"Anti-blur" ISO1000
High Sensitivity
512 MB minniskort
FYLGIR 6. 999
2.499
Vaxtalaust 12 mán.
29.988
Staðgreitt
PANASONIC 32" LCD
32"
32.000 VERÐLÆKKUN
HD ready -Fyrir framtíðina
3D comb Filter -Bætir myndina
8ms svartími -Fyrir sportið
Stafrænt HDMI-Tengi
PC tengi-Fyrir tölvuna
Skerpa 1:1200 -Fyrir betri mynd
VAXTALAUST
1.GREIÐSLA 1.MARS
167.988
Veldu þér heimabíó með 5.000 kr. afslætti með sjónvarpi
6.277
**Tölvu- og tækjalán 36 mán.
13.999
Vaxtalaust 12 mán.
167.988
Staðgreitt

Stephon Marbury með sigurkörfu New York Knicks undir blálokin í fyrrinótt:

# Slagsmálaliðin unnu leiki sína í NBA

**KÖRFUBOLTI** Mikið hefur verið fjallað um slagsmálin sem brutust út í leik New York Knicks og Denver Nuggets í NBA-deildinni bandarísku um síðustu helgi. Í þeim leik var tíu leikmönnum vísað út úr húsinu og fengu þeir samtals 47 leikja bann. Carmelo Anthony hjá Denver fékk þyngstu refsinguna, fimmtán leikja bann, fyrir lúalegt hnefahögg. Þrátt fyrir að vera fremur fáliðuð unnu bæði New York og Denver leiki sína í deildinni í fyrrinótt.

Sérstaklega var spennan mikil þegar New York tók á móti Utah Jazz en þar var Stephon Marbury hetjan og skoraði sigurkörfuna um leið og lokaflauta leiksins gall. New York vann 97-96 sigur eftir framlengdan leik. „Síðustu dagar hafa verið erfiðir fyrir okkur eftir atvikið á laugardaginn. Við vorum staðráðnir í að sýna stuðningsmönnum okkar það í þessum leik að við værum tilbúnir að berjast áfram þótt á móti blési,“ sagði David Lee, leikmaður New York, sem var án fjögurra leikmanna sem tóku út bann. Marbury var stigahæstur í leiknum með 29 stig.

Denver fékk Washington Wizards í heimsókn og landaði sigri, 117-108. Með þrjá leikmenn í banni, þar á meðal Anthony, þurftu aðrir að taka af skarið og þar var Earl Boykins fremstur í flokki. Hann skoraði 29 stig í leiknum og þar af komu fimmtán í fjórða leikhlutanum þar sem hann reyndist einstaklega mikilvægur. „Það er gott að það sé þó eitthvað jákvætt sem kemur út úr þessari martröð. Þarna gafst tækifæri fyrir Boykins til að sýna hvers hann er megnugur,“ sagði George Karl, þjálfari Denver, eftir leikinn.

Gilbert Arenas, leikmaður Washington, segir að Denver leiki betur án Anthony. „Aðrir leikmenn leggja sig meira fram og þeir láta boltann ganga betur á milli sín. Þrátt fyrir að hafa misst þessa leikmenn hafa þeir enn gott lið, eru með baráttuglaða leikmenn sem leggja sig alla fram,“ sagði Arenas en Denver lagði mikla áherslu á að stöðva hann í leiknum.

- egm



**MARBURY** Skoraði 29 stig fyrir New York í fyrrinótt, þar á meðal sigurkörfuna undir blálokin. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

# HM-hópurinn valinn í dag

**Alfreð Gíslason, landsliðsþjálfari í handknattleik, mun í dag tilkynna hópinn sem fer á HM í Þýskalandi í næsta mánuði. Fastlega er búist við því að Alfreð tilkynni endanlegan 16 manna hóp í stað þess að vera með æfingahóp.**

**HANDBOLTI** Mikil spenna er farin að myndast fyrir vali Alfreðs Gíslasonar á landsliðshópi Íslands sem fer á HM í Þýskalandi í næsta mánuði. Alfreð hefur hingað til farið þá leið að velja strax þá sextán leikmenn sem hann ætlar með á mót í stað þess að velja stóran æfingahóp og skera síðan niður er nær dregur móti.

Fréttablaðið er á því að Alfreð muni tilkynna sextán manna hóp í dag og spá blaðsins má sjá í töflunni sem fylgir fréttinni. Við spáum því að Roland Valur Eradze fari á HM þótt hann sé ekki í toppstandi og geti ekki æft eins vel og helst væri kosið. Ástæðan er einfaldega sú að hann er besti markvörður landsins og það þótt hann sé meiddur. Þess vegna fer hann með.

Hann hefur einnig varið vel upp á síðkastið og ætti að nýtast í Þýskalandi þótt hann verði ekki alltaf í byrjunarliðinu. Við spáum því einnig að Hreiðar Guðmundsson verði til taks ef eitthvað komi upp á en Björgvin Páll mun fá tækifæri á þessu móti enda framtíðarmarkvörður liðsins.



**ÞUNGT HUGSI** Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari hefur eflaust legið undir feldi síðustu daga og íhugað hvaða menn hann eigi að velja fyrir HM. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### SPÁ FRÉTTABLAÐSINS

**Landsliðshópur Alfreðs Gíslasonar:**

| | |
|---|---|
| Birkir Ívar Guðmundsson | Lubbecke |
| Roland Valur Eradze | Stjarnan |
| Björgvin Páll Gústavsson | Fram |
| Guðjón V. Sigurðsson | Gummersbach |
| Arnór Atlason | FCK |
| Logi Geirsson | Lemgo |
| Snorri Steinn Guðjónsson | Minden |
| Ragnar Óskarsson | Ivry |
| Ólafur Stefánsson | Ciudad Real |
| Einar Hólmgeirsson | Grosswallstadt |
| Alexander Peterson | Grosswallstadt |
| Ásgeir Örn Hallgrímsson | Lemgo |
| Róbert Gunnarsson | Gummersbach |
| Sigfús Sigurðsson | Ademar Leon |
| Vignir Svavarsson | Skjern |
| Sverre Jakobsson | Gummersbach |
| **Á hliðarlínunni:** | |
| Hreiðar Levý Guðmundsson | Akureyri |
| Markús Máni Michaelsson | Valur |
| Einar Örn Jónsson | Minden |
| Guðlaugur Arnarsson | Gummersbach |

Við spáum því einnig að Alfreð velji Loga Geirsson í hópinn. Hann getur leyst stöðu miðju, skyttu og hornamanns og það með sóma. Markús Máni er því utan hóps samkvæmt okkar spá. Hann er hins vegar fyrsti maður inn fari svo að Logi, Arnór eða Snorri Steinn meiðist og geti ekki farið á HM en þeir hafa allir átt í einhverjum vandræðum með meiðsli.

Ásgeir Örn Hallgrímsson er í hægra horninu ásamt Alexander Peterson en Ásgeir hefur leikið mikið í horninu með Lemgo í vetur. Peterson er reyndar meiddur í augnablikinu en á að verða klár um áramótin. Hristi hann ekki af sér meiðslin opnast leið inn fyrir Einar Örn Jónsson.

Ragnar Óskarsson kemur síðan inn sem varamaður fyrir Snorra Stein en Alfreð virðist hafa meiri trú á Ragnari en forverar hans. Ragnar gæti hæglega verið jókerinn hans Alfreðs á þessu móti en margir eru á því að hann hafi aldrei fengið sanngjarnt tækifæri. Kannski kemur það núna?

Guðlaugur Arnarsson er einnig á hliðarlínunni hjá okkur enda er Sverre Andreas Jakobsson nýbyrjaður að spila á nýjan leik og ef hann meiðist á ný er líklegt að Guðlaugur leysi hann af, rétt eins og hann gerði hjá Gummersbach.



ÍÞRÓTTALJÓS

HENRY BIRGIR GUNNARSSON
henry@frettabladid.is



**PHIL NEVILLE** Stendur með samherja sínum Andy Johnson. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Phil Neville, fyrirliði Everton:

# Tóm þvæla í Jose Mourinho

**FÓTBOLTI** Phil Neville, fyrirliði Everton, hefur komið liðsfélaga sínum Andy Johnson til varnar. Jose Mourinho, stjóri Chelsea, ásakaði Johnson um leikaraskap eftir viðureign liðanna síðasta sunnudag. Í kjölfarið sendi Everton út sameiginlega yfirlýsingu með leikmanninum þar sem enska knattspyrnusambandið var hvatt til að rannsaka þessi ummæli frá Mourinho, sem væru niðrandi fyrir Johnson og Everton.

„Jose Mourinho hefur engan rétt til að segja svona þvælu um okkar leikmenn. Andy Johnson stundar ekki leikaraskap og ég held að Mourinho ætti að skoða upptökur frá atvikinu og líta síðan í eigin barm,“ sagði Neville. Atvikið sem hann talar um var þegar Johnson féll í teignum í viðskiptum sínum við markvörðinn Hilario um helgina. „Mourinho ætti að einbeita sér að sínu liði,“ sagði Neville.

- egm



**RÖBER** Náði góðum árangri með Herthu Berlín. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Þjálfaramálin hjá Dortmund:

# Röber ráðinn

**FÓTBOLTI Jürgen Röber, fyrrverandi þjálfari Herthu Berlín, var í gær kynntur sem nýr þjálfari hjá Borussia Dortmund og gildir samningur hans út júní á næsta ári. Ottmar Hitzfeld var fyrsti kostur en neitaði að taka við liði Dortmund að nýju. Röber þjálfaði Partizan Belgrad en hætti þar 11. maí eftir að liðið olli vonbrigðum, þá hefur hann einnig verið við stjórnvölinn hjá Wolfsburg og Stuttgart. Hann kom Herthu Berlín í Meistaradeildina fyrir nokkrum árum.**

**Dortmund rak hinn hollenska Bert van Marwijk á mánudaginn eftir að liðið tapaði 2-1 fyrir Bayer Leverkusen um helgina og situr það nú í níunda sætinu með 22 stig þegar tímabilið er hálfnað.**

- egm



**ADRIANO** Í leik gegn Messina um helgina. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Vandamál í herbúðum Inter:

# Adriano mætti ekki á æfingu

**FÓTBOLTI** Brasilíski sóknarmaðurinn Adriano lét sig vanta á æfingu Ítalíumeistara Inter á mánudaginn án útskýringa. Félagið gaf ekki út yfirlýsingu vegna málsins en ítalskir fjölmiðlar segja að leikmaðurinn hafi verið að stunda diskótek í Mílanó á sunnudagskvöld. Spurning er hvort þetta verði kornið sem fylli mælinn en samband leikmannsins við þjálfarann Roberto Mancini hefur ekki verið eins og best verður á kosið.

Fyrr á tímabilinu var þessi 24 ára leikmaður sendur heim til Brasilíu í frí til hvíldar. Zlatan Ibrahimovic, Hernan Crespo og Alvaro Recoba hafa allir verið að spila mjög vel og Inter hefur unnið níu deildarleiki í röð. Manchester United var orðað við Adriano í sumar en þrátt fyrir að hafa misst Ruud van Nistelrooy hefur liðinu ekki gengið illa að finna netmöskvana og þá kemur Henrik Larsson til liðsins í janúar.

- egm

Mál Owens Hargreaves:

# Dyrnar að opnast?

**FÓTBOLTI** Þýska félagið Bayern München hefur í fyrsta sinn viðurkennt að það gæti selt Owen Hargreaves til Manchester United í janúar. Hingað til hefur Bayern staðið fast á því að ætla að halda þessum enska landsliðsmanni, sem stóð sig vel á HM í sumar.

Sir Alex Ferguson, stjóri United, reyndi að fá leikmanninn fyrir núverandi leiktímabil en þeir þýsku vildu ómögulega láta hann af hendi. Sjálfur hefur Hargreaves farið á skeljarnar og beðið um að fá að fara til United og nú loks virðast forráðamenn félagsins vera eitthvað að láta undan.

„Það getur farið svo að við látum Owen fara ef við finnum leikmann í hans stað. Við erum í harðri baráttu í Meistaradeildinni þar sem við mætum Real Madrid og ekki viljum við veikja lið okkar fyrir þá leiki.

Við viljum verða enn betra lið og þá megum við ekki láta þennan leikmann af hendi án þess að finna leikmann í hans stað. Við erum fótboltafélag en ekki banki,“ sagði Uli Höness, einn af hæstráðendum hjá þýska liðinu.

Verður gaman að sjá hver lendingin verður í þessu máli, sem er eitt það leiðinlegasta og langdregnasta á síðari tímum.

- egm



**OWEN HARGREAVES** Hefur sjálfur lýst því yfir að hann vilji spila fyrir Manchester United. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

HENSON

# Krakka gallar

í miklu úrvali

Þægilegir og endingargóðir
gallar fyrir káta krakka.
Fallegir litir,
stærðir frá 2ja -14 ára
**verð kr. 5.990**





MARAÞON
Kringlunni - Sími 581 1323

## > Jodie Foster



**Fæddist 19. nóvember 1962 í Los Angeles. Jodie byrjaði ung að leika og er þekkt fyrir hlutverk sitt sem barnung vændiskona í myndinni Taxi Driver en hún var einungis fjórtán ára þegar hún lék í þeirri mynd. Jodie hefur fengið Óskarinn tvisvar sinnum, fyrir myndirnar The Accused og Silence of the Lambs. Jodie leikur aukahlutverk sem snarbiluð nunna í myndinni „The Dangerous Lives of Altar Boys“ sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld.**

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** FREYR BJARNASON HORFIR Á ENSKU MÖRKIN

# *Allt í föstum skorðum hjá Bjarna*

Frasar Bjarna Fel í þættinum Ensku mörkin í Sjónvarpinu á mánudagkvöldum eru fyrir löngu orðnir sígildir. Þetta eru setningar sem hann hefur gert frægar í gegnum árin í umfjöllun sinni um enska boltann.

Frasar á borð við: „Það er næsta víst“, „gamla kempan“ og „var þetta vítaspyrna? - dómarinn segir nei“, hafa yljað manni lengi um hjartarætur og eru orðnir einkennismerki Bjarna.

Rétt eins og enski boltinn á laugardögum var fastur liður í lífi manns í gamla daga er þátturinn Ensku mörkin orðinn það líka. Allt er í föstum skorðum í lýsingunum en vitaskuld hefur vit Bjarna á fótboltanum mikið að segja líka.

Stundum mætti vitið á boltanum nefnilega vera meira hjá sumum íslenskum þulum. Margir sem ég þekki hafa kvartað yfir því hversu auðvelt þulirnir eigi með að tala um eitthvað allt annað en leikinn sjálfan og þegar þeir tali um leikinn vanti að það komi eitthvað viturlegt upp úr þeim. Annað er uppi á teningunum hjá ensku þulunum sem tala af reynslu og viti um hverja einustu sendingu, móttöku og skot eins og ekkert annað í heiminum skipti máli. Þannig á það að vera og vonandi er þetta það sem koma skal hér heima.



**BJARNI FELIXSON** Bjarni Fel hefur fjallað um enska boltann í áratugi með góðum árangri.



## EKKI MISSA AF



▶ **21.20** Afterlife STÖÐ 2



▶ **14.00** Fiorenrina-AC Milan SKJÁR SPORT



▶ **00.55** American Dad SIRKUS



▶ **22.00** Sideways STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.40** Rize! SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**9.00 Heimsbikarinn - upphitun**
**9.25 Alpasyrpa (1:16)**
**9.50 Alpasyrpa (2:16)**
**10.15 Alpasyrpa (3:16)**
**10.45 Heimsbikarmótið í alpagreinum (1:16)** Bein útsending frá keppni í risasvigi karla í Hinterstoder í Austurríki.
**17.00 Jóladagatalið - Stjörnustrákur** Ævintýri eftir Sigrúnu Eldjárn. Leikstjóri er Kári Halldór og aðalhlutverk leika Guðfinna Rúnarsdóttir, Kristjana Pálsdóttir og Sigurþór Albert Heimisson. Dagskrárgerð: Jón Egill Bergþórsson.
**17.10 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.55 Táknmálsfréttir**
**18.05 Disneystundin**
**18.06 Sígildar teiknimyndir (14:42)**
**18.15 Herkúles (14:28)**
**18.45 Jóladagatalið - Stjörnustrákur** e.
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Bráðavaktin (18:22)** (ER XII)Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**21.00 Nigella og jólamaturinn**
**21.35 Úlfaþytur í úthverfi (4:8)**
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Íþróttakvöld**
▶**22.40 Dansinn dunar** (Rize)
**0.05 Kastljós**
**0.45 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00 Scooby Doo 2: Monsters Unleashed**
**8.00 Kangeroo Jack**
**10.00 Triumph of Love**
**12.00 A View From the Top**
**14.00 Scooby Doo 2: Monsters Unleashed**
**16.00 Kangeroo Jack**
**18.00 Triumph of Love**
**20.00 A View From the Top**
▶**22.00 Sideways** (Hliðarspor)
**0.05 The Dangerous Lives of Alter Boys** Bönnuð börnum.
**2.00 The Last Shot** Bönnuð börnum.
**4.00 Sideways** Bönnuð börnum.

## STÖÐ 2

**6.58 Ísland í bítið**
**9.00 Bold and the Beautiful**
**9.20 Í fínu formi 2005**
**9.35 Oprah (80:145)**
**10.20 Ísland í bítið (e)**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.40 Neighbours**
**13.05 Valentína**
**13.50 Amazing Race**
**14.35 How I Met Your Mother**
**15.00 Osbournes 3 (4:10)**
**15.25 Oliver Beene (11:14) (e)**
**15.50 Sabrina - Unglingsnornin**
**16.13 Shoebox Zoo**
**16.38 Cubix**
**17.03 Könnuðurinn Dóra**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Íþróttir og veður**
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Simpsons (15:21)**
**20.05 Eldsnöggt með Jóa Fel** Hinn eini sanni Jói Fel er mættur enn og aftur og ætlar þessi fjölhæfi bakarameistari að matreiða gómsæta rétti eldsnöggt og með ofureinföldum hætti. Góðir gestir mæta í heimsókn og eru svo lánsamir að fá að bragða á kræsingum Jóa.
**20.35 Oprah**
▶**21.20 Afterlife - NÝTT (3:8)** Alison fær spurningar frá föður varðandi barnahlustunartæki sem virðist hvísla hlutum að barninu hans. Hún er sannfærð um að um sé að ræða atburð af andlegum toga en móðirin er á öðru máli. Sjálf fær Alison snertingu frá anda móður sinnar og á Robert erfitt með að trúa því sem er að gerast. Bönnuð börnum.
**22.10 Strong Medicine (16:22)**
**22.55 Grey´s Anatomy (6:22)**
**23.40 The Closer (4:15)**
**0.25 Crossing Jordan (12:21)**
**1.10 Eleventh Hour** (Á elleftu stundu)(3:4)
**2.20 Afterlife (2:6)**
**3.10 Afterlife - NÝTT (3:8)**
**4.00 Ísland í bítið e**
**5.35 Fréttir og Ísland í dag**
**6.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**12.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**
**18.00 Insider (e)**
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Seinfeld**
**20.00 Entertainment Tonight**
**21.00 Sirkus Rvk** Ásgeir Kolbeinsson er snúinn aftur með nýjan og betri þátt ásamt nýjum þáttastjórnendum. Ásgeir og co. eru að fylgjast með því sem er að gerast í menningarlífi Reykjavíkur. Áhersla er lögð á nýja staði, spennandi uppákomur, opnanir og frumsýningar; það nýjasta í tískunni, tónlist, kvikmyndum og almennt í afþreyingarlífinu. Það er Ásgeir sem er umsjónarmaður þáttarins en núna hefur hann fengið til liðs við sig þrjár konur: Eva Dögg markaðskona - sér m.a. um tískutengt efni í þættinum en hún er menntuð í tískufræðum og starfar við markaðsmál hjá Smáralind. Helena lögfræðinemi fjallar m.a. um skemmtilegar uppákomur og heilsutengt efni. Ragnhildur Magnúsdóttir útvarpskona fjallar m.a. um afþreyingu fyrir alla, tónlist og óhefðbundin áhugamál.
**21.30 Ghost Whisperer (22:22)** Melinda Gordon er ekki eins og flestir aðrir en hún hefur þá einstöku hæfileika að ná sambandi við þá látnu. Aðalhlutverk: Jennifer Love Hewitt.
**22.20 Pepper Dennis** Pepper Dennis er metnaðarfull fréttakona sem þráir ekkert heitar en að verða fréttaþulur í vinsælasta fréttatíma Chicago borgar. En því miður fyrir hana þá er búið að ráða í stöðuna. Það sem gerir málin enn verri fyrir Pepper er að sá sem fékk stöðuna, Charlie, er gæinn sem hún vaknaði við hliðina á einn morguninn.
**23.10 Insider**
**23.35 Weeds (10:12) (e)**
**0.05 Seinfeld**
**0.30 Entertainment Tonight**
▶**0.55 American Dad (e)**
**1.20 Supernatural (1:22) (e)** Bönnuð börnum.
**2.05 Supernatural (2:22) (e)** (Wendigo) Bönnuð börnum.
**2.50 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**7.00 6 til sjö (e)**
**8.00 Rachael Ray (e)**
**8.50 Dýravinir - Lokaþáttur (e)**
**14.50 Innlit / útlit (e)**
**15.50 Venni Páer (e)** Ný, íslensk gamansería.
**16.20 Beverly Hills 90210**
**17.05 Rachael Ray**
**18.00 6 til sjö** Guðrún Gunnarsdóttir og Felix Bergsson taka á móti góðum gestum.
**19.00 Everybody loves Raymond (e)**
**19.30 The King of Queens (e)**
**20.00 Love, Inc.**
**20.30 Out of Practice** Bráðfyndin gamansería frá framleiðendum Frasier um stórfurðulega fjölskyldu þar sem nánast allir eru læknar en eiga fátt annað sameiginlegt.
**21.00 America's Next Top Model VII** Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Þrjár heppnar fyrirsætur taka þátt í tískusýningum ásamt stúlkum úr fyrri þáttaröðum. Ein stúlka veikist og þarf að fara á spítala.
**22.00 The Real Housewives of Orange County** Mögnuð raunveruleikasería þar sem fylgst er með lífi fimm húsmæðra í ríkasta bæjarfélagi Bandaríkjanna. Það er kanínufaraldur í hverfinu og Jo ræður Shane til að veiða litlu sætu kanínurnar. Kimberly er hvött til að fá sér nýjan og flottari bíl og dóttir Vicki og vinkonur hennar fara í skemmtisiglingu þar sem fjörið ræður ríkjum.
**23.00 Everybody loves Raymond**
**23.30 Jay Leno**
**0.15 Close to Home (e)** Lögfræðidrama af bestu gerð.
**1.10 Da Vinci's Inquest (e)**
**2.00 Beverly Hills 90210 (e)**

## SKJÁR SPORT

**7.00 Að leikslokum (e)**
▶**14.00 Fiorentina - AC Milan (frá 16. des)**
**16.00 Aston Villa - Bolton (frá 16. des)**
**18.00 Roma - Palermo (frá 17. des)**
**20.00 Charlton - Liverpool (frá 16. des)**
**22.00 Everton - Chelsea (frá 17. des)**
**0.00 Wigan - Sheff. Utd. (frá 16. des)**
**2.00 Dagskrárlok**




KÆST SKATA
KÆST TINDASKATA
SALTFISKUR, HÁKARL

Lúðusneiðar aðeins 990 kr. pr. kg.

Stærsta og flottasta fiskborð landsins

HVAÐ KOSTAR FISKURINN ÞAR SEM ÞÚ VERSLAR?

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
Opið alla laugardaga 11-14

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.05

### ELDSNÖGGT MEÐ JÓA FEL



Jói Fel hefur verið í sannkölluðu hátíðarskapi alla aðventuna. Að þessu sinni býður hann leikurum og aðstandendum íslensku kvikmyndarinnar Börn upp á þrírétta máltíð sem samanstendur af sígildum réttum úr ólíkum áttum sem matreiddir eru úr fyrsta flokks íslensku hráefni. Í forrétt gerir hann nautacarpaccio með truffluolíu, appelsínum og furuhnetum. Í aðalrétt er fylltur kalkúnn með sósu og öllu tilheyrandi og í eftirrétt íslenskur skyrtoppur með jarðarberjasósu.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ „ENSKA DEILDABIKARNUM" Á SÝN KL. 19.35 Á SÝN.

Sýn sýnir í kvöld Enska deildabikarinn en þá eigast við lið Newcastle og Chelsea. Þetta verður ströng og löng barátta á milli þessara tveggja liða og mætast þau á heimavelli Newcastle, sem er St. James' Park. Sannur stuðningsmaður enska boltans ætti því ekki að missa af þessum leik. Strax á eftir kemur spænski boltinn á skjáinn og verður þá fylgst með leik Sevilla og Real Madrid.
Það verður því tryllt kvöld á Sýn í kvöld.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.05** Morgunvaktin **08.00** Fréttir **09.00** Fréttir **9.05** Laufskálinn **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Pipar og salt **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Útvarpssagan: Næturluktin
**14.35** Miðdegistónar
**15.00** Fréttir
**15.03** Hið ómótstæðilega jólabragð
**16.00** Fréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.00** Fréttir
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Vitinn
**19.30** Laufskálinn
**20.10** Stelpulitir
**21.00** Út um græna grundu
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.15** Glæta
**23.05** Fallegast á fóninn
**00.00** Fréttir **00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

## SÝN

**16.15 Enski deildabikarinn** (Liverpool - Arsenal) Útsending frá leik Liverpool og Arsenal í deildabikarkeppninni.

**17.55 Spænski boltinn** (Spænski boltinn 06/07) Útsending frá leik Sevilla og Real Madrid í spænska boltanum.

**19.35 Enski deildabikarinn** (Newcastle - Chelsea) Bein útsending frá leik Newcastle og Chelsea í ensku deildarbikarkeppninni. Ensku meistararnir fá hér verðugt verkefni því búast má við mikilli stemmningu á heimavelli Newcastle, St. James Park en stuðningsmenn Newcastle þykja þeir bestu á Englandi.

▶**21.35 Spænski boltinn** (Spænski boltinn 06/07) Útsending frá leik Sevilla og Real Madrid í spænska boltanum.

**23.15 Gillette Sportpakkinn** (Gillette World Sport 2006) Íþróttir í lofti, láði og legi. Magnaður þáttur þar sem allar íþróttagreinar eru teknar fyrir. Þáttur sem sýndur hefur verið í fjölmörg ár við miklar vinsældir.

**23.45 Enski deildabikarinn** (Newcastle - Chelsea) Útsending frá leik Newcastle og Chelsea í ensku deildabikarkeppninni.

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms skilaboð

## DR 1

**11.35** Dagens Danmark **12.00** Smagsdommerne **12.45** OBS **12.50** Fantastiske fortællinger **13.20** Genbrugsguld **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawsons Creek **15.00** Svada **15.30** Pigebandet Frank **16.00** Snurre Snup **16.05** Juniper Lee **16.30** Junior **17.00** Turen går til byen **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.55** Dagens Danmark **18.25** TV Avisen **18.30** Lægens bord **19.00** Sporløs **19.30** Cyklus **20.00** TV Avisen **20.25** Profilen **20.50** SportNyt **21.00** Velkommen hos familien Rozes **22.25** Onsdags Lotto **22.30** Attention Mobning **23.30** Et forbudt talent

## NRK 1

**11.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Aust- og Vest-Agder **12.40** Fra Buskerud, Telemark og Vestfold **13.00** Siste nytt **13.05** Distriktsnyheter **13.20** Fra Oslo og Akershus **13.40** Fra Østfold **14.00** Siste nytt **14.05** Ian tar regien **14.30** Kim Possible **15.00** Siste nytt **15.03** Amigo **15.30** Fabrikken **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Grenseløs kjærlighet **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Fiffi og blomsterbarna **17.15** Den lille blå dragen **17.20** Magnus og Myggen **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Forbrukerinspektørene **18.55** Berulfsens fargerike **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Vikinglotto **20.45** House **21.30** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.10** Lydverket **22.45** Den tredje vakten **23.25** Det skjulte landet

## SVT 1

**11.05** Doobidoo **13.30** Det våras för Sheriffen **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Plus **16.30** Krokodill **17.00** Meg och Mog **17.10** Det är tur att jag ser ut... **17.15** Dra mig baklänges **17.30** Evas funkarprogram **17.45** Tracey McBean **18.00** Kärleksagenterna **18.30** Rapport **19.00** Packat & klart **19.30** Mitt i naturen **20.00** Entourage **20.30** Far From Heaven **22.15** Rapport **22.25** Kulturnyheterna **22.35** En uppstoppad hund **23.35** Sändning från SVT24



HRÓSIÐ ...



*... fær Róbert Marshall, fyrir að efna loforð úr prófkjörsbaráttu sinni og ráða sig sem háseta á Heimaeyna, þrátt fyrir að hafa ekki verið á sjó í ein ellefu ár.*

# Dregur upp skakka mynd af BDSM

Umfjöllun fréttaskýringaþáttarins Kompás um Guðmund Jónsson, forstöðumann Byrgisins, hefur vakið mikla athygli. Í Kompás var Guðmundur sagður hafa tælt skjólstæðinga sína til kynlífsleikja sem oftast eru skilgreindir sem BDSM. Mörgum þótti heldur dökk mynd dregin upp af þessari gerð kynlífs.



Fréttablaðið hafði samband við Geir Guðmundsson, eins af stofnendum BDSM-félagsins á Íslandi, og sagðist hann vera sammála því að umfjöllun Kompáss hefði að einhverju leyti dregið upp skakka mynd af BDSM. „Félagið ætlar að funda í kvöld og það gæti farið svo að við sendum Kompás nokkrar „kurteislegar“ athugasemdir við umfjöllun þáttarins,“ útskýrir Geir. „Ef umræddur maður hefur verið að beita einhverjum þvingunum þá stangast það algjörlega á við það sem BDSM gengur út á því þar eru grunnstoðirnar öryggi, meðvitund og samþykki. Þeir sem ég hef rætt við í félaginu eru allir sammála um að ef einhverjum þvingunum hafi verið beitt er það hreint og klárt ofbeldi,“ heldur Geir áfram og segir að sér hafi fundist ákveðinn listi sem Guðmundur var sagður hafa lagt fyrir umræddar konur hafa verið gerður vafasamur. „Þetta er alþjóðlegur listi sem fólk skiptist á þannig að takmarkanir þess í kynlífinu komi í ljós,“ bætir hann við en áréttir engu að síður það sem áður hefur verið sagt, að ef einhverjum þvingunum hefur verið beitt eigi það ekkert skylt við BDSM.



Geir segir jafnframt að í hugum margra sé glæpurinn gerður stærri ef hann er bendlaður við svona hegðun. Sigmundur Ernir Rúnarsson, fréttastjóri Stöðvar 2, vildi lítið tjá sig um málið en sagði þá hafa kynnt sér BDSM og að allir helvíta menn vissu um hvað það snerist. - fgg



LÁRÉTT
2 plat 6 vörumerki 8 heldur brott 9 mánuður 11 óreiða 12 flatfótur 14 hnappa 16 hvað 17 þrot 18 geislahjúpur 20 kusk 21 titra.

LÓÐRÉTT
1 stefna 3 frá 4 garðplöntutegund 5 steinbogi 7 sálmabók 10 kæla 13 angan 15 frumeind 16 ull 19 til.

LAUSN
LÁRÉTT: 2 gabb, 6 ss, 8 fer, 9 maí, 11 rú, 12 ilsig, 14 talna, 16 ha, 17 mát, 18 ára, 20 ló, 21 róa.
LÓÐRÉTT: 1 ismi, 3 af, 4 bergnál, 5 brú, 7 saltari, 10 ísa, 13 ilm, 15 atóm, 16 hár, 19 að.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1 Straumur-Burðarás.
2 Róbert Marshall.
3 Dennis Rodman.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



RADÍUSBRÆÐUR Stíga aftur á svið eftir langt hlé og endurvekja hin gömlu og góðu Radíuskvöld á Hverfisbarnum.

RADÍUSBRÆÐUR: SNÚA AFTUR EFTIR LANGT HLÉ

# Ekki lengur hallærislegir

„Það er orðið svo langt síðan að ég verð bara að klóra mér í hausnum til að reyna muna hvenær þetta gerðist síðast,“ segir Davíð Þór Jónsson en hann og Steinn Ármann Magnússon ætlar að endurvekja hina sögufrægu Radíusbræður og efna til Radíuskvölds á Hverfisbarnum í kvöld. Hann viðurkennir hins vegar að félagarnir ættu ekki að eiga í miklum erfiðleikum með að stilla saman strengi, þeir hafi verið að koma fram í lokuðum samkvæmum, bæði saman og hvor í sínu lagi, undanfarin ár.

Radíuskvöldin nutu mikilla vinsælda á fyrri hluta níunda áratugar síðustu aldar en Davíð segir þá ekki líta á sig sem risaeðlur. „Það er komin fram ný kynslóð af fólki sem hefur aldrei séð okkur, þekkir hins vegar grínið og vill fá sjá það með berum augum,“ útskýrir Davíð en vildi þó ekki meina að þeir væru safngripir sem dregnir væru fram á tyllidögum. „Ísland er náttúrulega fyndið land, það er farið að tala um mann sem frumherja um þrítugt og „has-been“ fyrir þrjátíu og fimm ára aldurinn,“ segir Davíð og hlær. „Mér leið vissulega eins og risaeðlu fyrir einhverjum fimm til sjö árum því allt sem verður vinsælt á Íslandi verður um leið hallærislegt en lifnar síðan aftur við að nokkrum árum liðnum,“ útskýrir hann.

Davíð taldi nokkuð öruggt að nýtt efni fengi að fljóta með því gamla en viðurkenndi að honum kæmi það yfirleitt mest á óvart sjálfum hvað kæmi upp úr sér á sviði. „Við ætlum að hittast í hádeginu og renna aðeins yfir þetta,“ lýsir Davíð yfir.

Radíusbræður settu að margra mati ný viðmið í gamanmálum landans og muna margir eftir sjónvarpsþáttunum Limbó sem gerðu allt brjálað þegar þeir fóru í loftið sökum meints dónaskapar og klúrheita. Davíð segir þá aldrei hafa upplifað sig þannig að þeir væru að brjóta blað í íslensku gríni. „Reyndar sá ég umfjöllun um Radíuskvöldin í Öldinni okkar og það ásamt teiknaðri mynd eftir Sigmund sem birtist í Mogganum hlýtur að standa upp úr,“ segir Davíð. freyrgigja@frettabladid.is



TVÍHÖFÐI Meðal þeirra sem brutust fram á sjónarsviðið eftir að Radíus hafði gert allt brjálað í þjóðfélaginu.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Borðspilið Meistarinn þykir einstaklega vel heppnað og spennandi en það eru spilaglöðu sjónvarpshjónin **Logi Bergmann Eiðsson** og **Svanhildur Hólm** sem eiga mestan heiðurinn af því. Eitthvað virðist þó hafa klikkað í próförk spilsins því samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru æði mörg gáfumennin sem hafa reynt sig við Meistarann pirraðir á fjölda stafsetningarvillna á spurningaspjöldunum. Logi Bergmann virðist hins vegar vera einstaklega naskur á borðspil því hann kom einnig að Gettu Betur-spilinu sem kom út fyrir allnokkrum árum og naut mikilla vinsælda.



Strákarnir í hljómsveitinni Mínus eru komnir heim eftir að hafa tekið upp plötu í Los Angeles. Hou standur yfir fínpússun á upptökunum og á meðan velta **Krummi Björgvinsson** og félagar því fyrir sér hvað platan eigi að heita. Þeir munu ætla að halda sig við þá hefð að hafa mannsnafn í titlinum, samanber síðustu plötu sem hét Halldór Laxness. Ein af hugmyndunum nú er að skíra plötuna Flugstöð **Eiríks Haukssonar**, eða Eric Hawk International Airport upp á útlensku. Þessi hugmynd fékk enn frekari hljómgrunn innan sveitarinnar þegar fyrsti maðurinn sem þeir hittu í Leifsstöð við komuna heim var sjálfur Eiríkur Hauksson. - fgg/hdm



JÓLA-HUMAR
VERÐ FRÁ 1290KR/KG
ÞORLÁKMESSU SKATA,
HÖRPUDISKUR, TIGRISRÆKJUR
HAFIÐ FISKIPRINSINN
Þú getur alltaf treyst á prinsinn
Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi •
s: 554 7200 • www.hafid.is
FISKBÚÐIN Vík
Fiskbúðin Vík ehf. • Hringbraut 92 • 230 Keflavík

# Rammíslensk rödd ráðherrans

„Já, hélstu kannski að einhver væri að herma eftir mér?“ spyr Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra.

Margir þeir sem fylgdust með heimildarmynd Egils Eðvarðssonar um ferð Frummanna til Bandaríkjanna, til að taka upp plötu sína, í Ríkisútvarpinu á mánudagskvöld, ráku upp stór eyru þegar þulurinn tók til máls. Kunnugleg rödd en úr allt öðru samhengi. Svo kunnugleg að ekki fór á milli mála hver las. Þar var Guðni lifandi kominn.

„Já, þeir vildu rammíslenska rödd til að túlka ferðalag Frummanna vestur um haf. Þeir leituðu bara til mín og ég vildi gera þetta fyrir þá. Þjóðarsnillingar miklir og ég lét á þetta reyna.“

Guðni segist vera aðdáandi Stuðmanna, reyndar var ekki betur að heyra en Guðna þætti þessi spurning hin sérkennilegasta.

„Þetta eru snillingar. Eilífðarsnillingar. En, já, þetta er frumraun mín á þessu sviði,“ segir Guðni.

Ráðherra gerir ekki ráð fyrir því að hann muni leggja þularstörf fyrir sig í framtíðinni þótt vel hefði til tekist.

„Jújú, það er kannski ágætt að eiga einhverja öryggisbáta. Ég gat ekki neitað þessum ágætu drengjum um að verða við þessari furðulegu bón. En mér fannst þetta skemmtilegt verkefni.“

Textinn sem Guðni las var tekinn upp í Efstaleiti. Og ekki höfðu þeir Frummenn fyrir því að bjóða ráðherra borgun fyrir starfið.

„Nei, þeir nefndu ekki peninga. Og ég spurði ekki um peninga.“ - jbg



GUÐNI ÁGÚSTSSON Frumraun hans í þularmennskunni tókst afbragðs vel þótt ekki geri hann ráð fyrir að leggja þetta fyrir sig í framtíðinni.

## FYRSTUR Í PLATÍNU, 17.000 EINTÖK SELD!

# TIL HAMINGJU BJÖRGVIN







Björgvin Halldórsson er fyrsti tónlistarmaðurinn í ár til að fá platínuplötu. 17.000 eintök hafa selst síðan platan kom út 25. nóvember og ekkert lát er á sölunni.

Við óskum ástsælasta söngvara þjóðarinnar til hamingju með afburðaárangur og hlökkum til áframhaldandi samstarfs á 40 ára starfsafmæli Björgvins á næst ári.

**2.499kr.**

3.499kr.

**Geislaplata og DVD mynddiskur saman í veglegum pakka**

**TRYGGÐU ÞÉR EINTAK**

30 ÁRA
SKÍFAN Í 30 ÁR

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



SÉRBLAÐ FYLGIR
Europris
FRÁBÆR TILBOÐ!




**BAKÞANKAR**

GUÐRÚNAR ÁSMUNDSDÓTTUR

## *Jólagæska*

Okkur langar öll að vera svo góð við einhvern á jólunum. Þegar við húsmæðurnar horfum yfir heimilin fagurlega skreytt, sextán sortir í boxum, frystikistan troðfull af dýrlegasta hráefni í veislumat þá langar okkur svo til að fleiri en fjölskyldan fái að njóta herlegheitanna. En það er bara svo mikill vandi að vera jólagóður.

**ÉG** á vin, sem heiti Guðmundur, hann býr einn með tvo ketti og er svo upplagt skotmark fyrir jólagóðleik. En þegar ég hringi og býð honum í mat á aðfangadagskvöld, þá svarar hann með ljúfu nei-i, en hins vegar langi hann að bjóða mér í heimsókn til sín um jólin, hann sé búinn að taka til í hreysinu, fara í Hagkaup og kaupa jólasmákökur.

**EFTIR** að vera búin að forsmá þetta jólaheimboð hans í fjögur ár, ákvað ég að bregða mér til hans á jóladag. Og hvílíkur jóladagur! Kókómalt í bollum, jólakaka úr Björnsbakaríi, Frónkex með osti og toppurinn á öllu saman var að ég fékk að velja mér jólapakka úr stakkstæði af pökkum sem komið var fyrir í einu horninu í stofunni hans.

**GUÐMUNDUR** sagðist alltaf kaupa jólagjafir og eiga ef einhverjum dytti í hug að heimsækja hann yfir hátíðarnar. Eftir mikil heilabrot valdi ég mér harðan pakka úr stæðinu.

**YFIR** kókómaltinu fórum við að tala um daginn og veginn. Guðmundur sagðist skammast sín í hrúgu yfir framkomu Íslendinga við flóttamenn. Tók hann dæmi um atburð sem hafði átt sér stað tveim árum áður að vori til.

**SMYRILL** hafði komið til Seyðisfjarðar og einhver duglegur starfsmaður þar á bryggjunni sagði frá því í sjónvarpsfréttum, að hann hefði fyrir fádæma skarpleik og góða athyglisgáfu séð glitta í skallann á einhverjum aumingjanum sem hefði verið að reyna að lauma sér inn í landið og þegar að var gáð reyndust þetta þrír ræflar frá óviðurkenndu landi. Var brugðið við skjótt þar á bryggjunni og mönnunum skipað að koma sér aftur í Smyril og síðan stímdi skipið út fjörðinn, en örvænting þessara flóttamanna sem ekki voru í náð á „köldu landi ísa“ var slík að einn þeirra henti sér fyrir borð og reyndi að synda í land, en var fljótlega slæddur upp úr sjónum af röskum manni úr áhöfn Smyrils.


www.icelandexpress.is/gjafabref

Jólagjöf sem veitir góðar minningar

Jólagjafabréf Iceland Express slær alltaf í gegn!

Vantar þig jólagjöf handa einhverjum sem á allt, en þig langar samt að gleðja sérstaklega mikið?

Jólagjafabréf Iceland Express er skemmtileg gjöf sem veitir þeim sem þér er annt um loforð um góðar minningar og gefur spennandi fyrirheit á nýju ári. Kostirnir eru ótvíræðir:

Viðtakandinn getur látið drauma sína rætast og ráðið sjálfur hvert hann fer – til London, Parísar, Kaupmannahafnar, Berlínar, Billund, Stokkhólms, Alicante, Frankfurt Hahn, Gautaborgar, Óslóar, Friedrichshafen, Eindhoven eða Basel.

**Bókaðu vel heppnaða jólagjöf á www.icelandexpress.is**



Innifaldar í gjafabréfinu eru flugferðir báðar leiðir með sköttum til eins af 13 áfangastöðum Iceland Express. Bókunartímabil jólagjafabréfsins er frá 26. desember 2006 til 1. febrúar 2007 og eftir það gildir gjafabréfið sem inneign í tvö ár. Jólagjafabréfið gildir í flug á tímabilinu 15. janúar til 1. júlí 2007. Sætaframboð er takmarkað.

Jólagjafabréf:
19.900 kr. Báðar leiðir með sköttum

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600
www.icelandexpress.is

Iceland Express

Fiton/SÍA FI18659



